

19

SÝNISBÓK
ÍSLENSKRAR
ALÞÝÐUMENNINGAR

FÁTÆKT OG FÚLGA

[ÞURFA-
LING-
ARNIR
1902]

JÓN ÓLAFUR ÍSBERG OG
SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON

Fátækt og fúlga

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

GEFIN ÚT AF MIÐSTÖÐ EINSÖGURANNSÓKNA
Í SAMVINNU VIÐ SÖGUFÉLAG

RITSTJÓRAR

Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

19. bindi

JÓN ÓLAFUR ÍSBERG OG
SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON

Fátækt og fúlga

Þurfalingarnir 1902



REYKJAVÍK 2016
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR 19

JÓN ÓLAFUR ÍSBERG OG
SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON

Fátækt og fúlga

Þurfalingarnir 1902

REYKJAVÍK 2016



Sögufélag styrkir útgáfu Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar

Alþingi styrkti útgáfu þessarar bókar

*Hluti Sigurðar Gylfa Magnússonar í bókinni
er unninn með styrk
frá Rannsóknarsjóði Íslands (númer 141237–051),
Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands
og í stöðu prófessors í menningarsögu við Háskóla Íslands*

*Bókin er gefin út af
Miðstöð einsögurannsókna við Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands*

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2016

© Davíð Ólafsson, Már Jónsson,

Sigurður Gylfi Magnússon og Jón Ólafur Ísberg

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson og Helgi Hilmarsson

Prófarkalestur: Vala Ágústa Káradóttir

Prentumsjón: Litlaprent

U201607

ISBN: 978-9935-23-115-4

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þröm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883–1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729. Már Jónsson tók saman (2002).
7. Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stífl 1846–1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (2004).
8. Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman (2004).
9. Sigurður Gylfi Magnússon, Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi (2004).
10. Guðs dýrð og sálnanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639–1674. Már Jónsson tók saman (2005).
11. Sigurður Gylfi Magnússon, Sjálfssögur. Minni, minningar og saga (2005).
12. Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar. Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698–1720. Már Jónsson og Skúli S. Ólafsson tóku saman (2006).
13. Eftir skyldu míns embættis. Prestastefnudómar Þórðar biskups Þórðarsonar árin 1675–1697. Már Jónsson og Gunnar Örn Hannesson tóku saman (2008).
14. Anna Hinriksdóttir, Ástin á tímum ömmu og afa. Bréf og dagbækur Bjarna Jónssonar kennara, sveitarhöfðingja og samvinnumanns í Húnaþingi á öndverðri 20. öld (2009).
15. Dagbók Elku. Alpýðumenning í þéttbýli á árunum 1915–1923 í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu. Hilma Gunnarsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2012).
16. Guðný Hallgrímsdóttir, Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsögunarannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu (2013).
17. Árni Kristjánsson og Sigurður Gylfi Magnússon, Bóndinn, spendýrin og fleiri undur alheimsins. Alfræðiverk fyrir alpýðu sem Jón Bjarnason frá Þórormstungu í Vatnsdal vann á árunum 1845–1852 (2014).
18. Sterbúsins fémunir framtöldust þessir. Eftirlátnar eigur 96 Íslendinga sem létust á tíma-bilinu 1722–1820. Már Jónsson tók saman (2015).

Efni

I. hluti

Aðfaraorð forseta Alþingis, Einar Kristinn Guðfinnssonar	11
Formáli	13
Jón Ólafur Ísberg	
Í nafni velferðar: Alþingi og þróun fátækramála	15
A. Inngangur	15
B. Millipinganeftin	17
C. Skýrslurnar	22
D. Efni, innihald og ástæður styrkja	24
E. Nýir tímar?	25
F. Málfr	27
G. Skrásetjarar	27

II. hluti

Sigurður Gylfi Magnússon	
Sögur af fátæku fólki og þurfalingsnum árið 1902	37
A. Inngangur – Fátækt fólki	37
B. Ólíkar samfélagslegar áherslur	42
C. Formleg staða fátækra og umfjöllun um málefni þeirra á Alþingi	49
D. Lífróður – frásagnir af fólki í nauðum statt	59
E. Almennar þjóðfélagsmæður um fátækt	100
F. Þurfalingsarnir 1902 – gagnagrunnurinn	114
G. Snara fátæktarinnar?	126
H. Niðurstöður – Fátækt land	138
I. Eftirmáli – Ferðalag tilfinninganna	143

III. hluti

Þurfalingsarnir 1902 – skrár hreppstjóra	153
--	-----

Viðhengi I:

Skýrsla um þurfamenn og munaðarlaus sveitarbörn, fátæktar- framfæri þeirra, aldur og ástand fardagaárið 1901–1902 með hliðsjón til sveitareikninganna 1895–1899 eptir Guðjón Guðlaugsson	???
Summary	???
Heimildaskrá	???

I. hluti

Aðfaraorð forseta Alþingis Einars Kr. Guðfinnssonar

Það rit sem hér kemur út minnir okkur á hversu miklar heimildir um sögu lands og þjóðar er víða að finna í skjalasöfnum landsins; heimildir sem hafa aðeins að litlum hluta verið rannsakaðar og lítið hefur verið unnið úr. Þetta gildir ekki síður um skjalasafn Alþingis en önnur opinber söfn. Vitaskuld er það svo að verulegur hluti þeirra gagna sem Alþingi vinnur með hefur í gegnum tíðina verið opinber og birtur í *Alþingistíðindum*. Engu að síður er í skjalasafni Alþingis einnig að finna ýmis merk gögn sem ekki hefur verið tilefni til að prenta í *Alþingistíðindum*; gögn sem þó hafa oft legið til grundvallar skoðunum og ákvörðunum þingmanna, meðal annars álitsgerðir, bréf og bænaskrár.

Í þessu riti er einmitt stuðst við slík óprentuð gögn í skjalasafni Alþingis. Þau gögn varða störf millipínganefndar sem Alþingi fól landsstjórninni árið 1901 að koma á fót til að endurskoða fátækralöggjöfina í heild sinni. Nefndin vann mikið starf og aflaði sér yfirgripsmikilla gagna um stöðu fátækramála á Íslandi. Hún skilaði frá sér frumvarpi til fátækralaga árið 1905, sem samþykkt var sem lög, en margt í vinnugögnum nefndarinnar hefur aldrei komið fyrir almenningssjónir. Þar verður að telja merkilegasta samantekt þá sem nefndin lét vinna um alla sem þáðu fátækrastyrk í sveitar- og bæjarfélögum landsins og ástæður þess að mati sveitarstjórnar. Sú ítarlega samantekt kemur núna út á prenti í fyrsta skipti og segir okkur mikla sögu og veitir okkur innsýn í þjóðfélagsástandið á Íslandi fyrir rúmum 100 árum. Þar má meðal annars lesa skýringar sveitarstjórnarmanna á ástæðum þess að fólk þiggur sveitarstyrk. Þau gildishlöðnu orð sem þar eru víða notuð væru sannarlega ekki góð latína í dag og þættu fordómafull í meira lagi. Þau endurspeglar hins vegar samfélag og tíðaranda þess tíma og bregða um leið birtu á þær miklu breytingar og framfarir sem hafa orðið. Ísland var á þessum tíma sárfátækt, án stofnana til að takast á við afleiðingarnar og hafði hvorki fjárhagslega né félagslega burði til þess. Þau gögn sem nú koma fyrir almenningssjónir ber að lesa í því samhengi en hafa takmarkað gildi ein og sér.

Það er því mikill fengur að því sem Jón Ólafur Ísberg ritar um starf milli-þinganefndarinnar og tilurð þeirra gagna sem hér eru birt. Að sama skapa varpar Sigurður Gylfi Magnússon skýru ljósi á fátækt á Íslandi fyrir og eftir aldamótin 1900. Útgáfa þessa mjög svo fróðlega rits er að mínu mati mikilvægt framlag til aukinnar þekkingar á sögu okkar og það er sérlega ánægjulegt til þess að vita að gögn úr skjalsafni Alþingis skuli hafa nýst til þess verks.

Formáli

Á Alþingi Íslendinga er að jafnaði unnið fjölbætt starf við undirbúning mála sem koma á dagskrá þess frá einum tíma til annars. Margt af því efni kemur aldrei fyrir almenningssjónir en skilar sér með ýmsu móti inn í lög og reglugerðir sem þingið afgreiðir. Þannig hefur þetta verið frá öndverðu og fyrir bragðið liggur í skjalasafni Alþingis mikið af efni sem er líklegt til að varpa ljósi á störf þingsins og stöðu samfélagsins á hverjum tíma. Von okkar höfundanna er að bókin muni vekja athygli á sögu þingsins og því merkilega starfi sem þar hefur verið unnið allt frá því á nítjándu öld.

Margir komu við sögu við vinnslu bókarinnar. Okkur langar til að þakka eftirtöldum aðilum fyrir margvíslega aðstoð á meðan á samningu verksins stóð. Fyrst skal nefna Sólveigu Ólafsdóttur sagnfræðing en hún aðstoðaði Sigurð Gylfa Magnússon á margvíslegan hátt við efnisöflun og var sú aðstoð ómetanleg. Vala Ágústa Káradóttir las alla fyrstu próförkina yfir og Sverrir Sveinsson og Helgi Hilmarsson brutu bókina um; Helgi sá um skrána sjálfa en Sverrir um texta bókarinnar. Alda Lóa Leifsdóttir hannaði að vanda bókarkápuna og Jörundur Guðmundsson og hans fólk hjá Háskólaútgáfunni stóð að útgáfunni af alkunnri fagmennsku. Ber þar sérstaklega að nefna ritstjórana Egil Arnarson og Sigríði Harðardóttur, en hún þaullas handritið í lokagerð. Öllu þessu fólki þökkum við liðveisluna og einnig starfsfólki Alþingis.

Vinna við skrána hefur verið í höndum Jóns Ólafs og samstarsfólks. Rut Hermannsdóttir skráði meginhluta af skýrslum milliþinganefndarinnar og dr. Sigurður Jónsson yfirfór skrárnar, leiðrétti og samræmdi rithátt. Þá gerir Jón Ólafur, sem skrifar fyrri inngangskafila bókarinnar, grein fyrir því hvernig verkið varð að bók. Þeirri meginreglu hefur verið fylgt að birta beinar tilvitnunar stafréttar nema annað sé tekið fram.

Sigurður Gylfi hefur notið styrkja frá Rannsóknarmiðstöð Íslands (Rannís) og Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands við rannsóknina. Hann hefur einnig fengið tækifæri til að ræða efni verksins innan háskólasamfélagsins og vill nota tæki-

færið til að þakka þeim sem tóku þátt í þeim samræðum fyrir góðar tillögur og gagnrýni. Ritstjórum Sýnisbóka íslenskrar alþýðumenningar eru einnig færðar þakkir, þeim Má Jónssyni, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, og Davíð Ólafssyni, adjunkt í menningarfræðum við sama skóla.

Bókinni sem hér liggur fyrir er ætlað að draga fram hið merkilega starf Alþingis og alþingismanna um leið og tekinn er til umfjöllunar sá málaflökkur sem setti hvað mestan svip á störf þingsins á nítjándu öld og langt fram eftir þeirri tuttugustu. Óhætt er að segja að enn sé verið að glíma við stöðu þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa farið halloka í samfélaginu og engar líkur eru á að sú umræða taki enda á næstu misserum eða árum. Við aðstandendur bók- arinnar viljum þakka yfirstjórn Alþingis fyrir að styðja útgáfuna og sýna í leið- inni þá framsýni að stuðla að því að sá hluti starfsins sem unninn er á þinginu, og fer oft ekki hátt, fái notið sín í verki eins og þessu. Við erum sannfærðir um að útgáfa af þessu tagi veiti ekki aðeins innsýn í störf þingsins heldur hvetji aðra fræðimenn til að vinna með gögn úr hinu merkilega skjalasafni Alþingis í framtíðinni.

Reykjavík, 1. maí 2016

Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gyfi Magnússon

Jón Ólafur Ísberg

Í nafni velferðar

Alþingi og þróun fátækramála

A. Inngangur

Í skjalasafni Alþingis eru geymdar merkar heimildir um sögu lands og þjóðar. Þingskjöl og umræður um þingmál hafa verið gefin út frá upphafi í *Tíðindum frá Alþingi Íslendinga* og síðar *Alþingistíðindum* en fjölmörg gögn, þ.á m. álitsgerðir, bréf, bænaskrár o.fl. frá almenningi, félagasamtökum og opinberum aðilum, sem oft liggja til grundvallar skoðunum og ákvörðunum þingmanna eru geymd í skjalasafninu. Þessi gögn hafa lítið verið notuð en varpa oft og tíðum skýru ljósi á afstöðu höfunda þeirra til þeirra mála sem eru til umfjöllunar í þinginu. Þar koma einnig fram mikilsverðar upplýsingar um einstök mál og afstöðu fólks sem þekkja þau af eigin raun.

Í þessu riti eru birtar skýrslur frá hreppsnefndum um þurfamenn árið 1902 en hugtakið þurfamaður var notað um alla þá sem fengu fjárhagslegan stuðning til framfærslu frá sínu sveitarfélagi.¹ Árið 1901 var samþykkt á Alþingi að skipa millipínganefnd til að endurskoða fátækralöggjöfina í heild. Meðal þess sem nefndin gerði var að krefja hreppstjóra landsins um skrá yfir alla þurfamenn (gifta, einhleypa, börn þeirra og munaðarlaus börn) í hverjum hreppi. Skýrslurnar voru teknar saman síðari hluta árs 1902 og miðuðust við fardaga það ár, þ.e. um mánaðamótin maí-júní. Í skýrslunum, sem varðveittar eru í skjalasafni Alþingis, kemur fram nafn viðkomandi, aldur, fæðingarhreppur, staða, upphæð og ástæður styrks en hreppstjórnunum var gert að merkja við tilgreindar ástæður, til dæmis elli, sjúkdómur, drykkjuskapur og svo framvegis. Auk þess skrifuðu þeir eigin athugasemdir sem eru allrar athygli verðar. Þessar skýrslur veita gríðarlega mikilvægar upplýsingar um hagi þurfamanna og ástæður þess að fólk þurfti að leita á náðir sveitarfélagsins um framfærslu. Þá er ekki síður mikilvægt að kynnast viðhorfum yfirvalda til þurfalinganna eins og þau birtast í athugasemdum

1 Skjalasafn Alþingis. „Millipínganefnd í fátæktarmálum 1901–1905. Y–20 og Y–22.“

hreppstjórnarmanna. Engum blóðum er um það að fletta að verk nefndarinnar skipti miklu máli fyrir þróun framtíðarskipunar á íslensku velferðarkerfi tuttugustu aldar.

Gögn nefndarinnar hafa lítið verið notuð í fræðirannsóknnum en skýrsla sem einn nefndarmanna, Guðjón Guðlaugsson, vann upp úr gögnum og prentuð var sem fylgiskjal með „Tillögum að frumvarpi til fátæktarlaga árið 1905“ er vel kunn.¹ Gísli Ágúst Gunnlaugsson birti viðamikla ritgerð um starf nefndarinnar og helstu niðurstöður hennar, sem byggðist á skýrslu Guðjóns.² Þá er gerð rækileg grein fyrir umfjöllun og lagasetningu Alþingis í þessum málaflokki í riti Jóns Blöndal og Sverris Kristjánssonar, *Alþingi og félagsmálin*.³

Fyrir margt löngu kynntist ég skjalasafni Alþingis lítillaga en rannsóknir mínar höfðu ekki leitt mig þangað sérstaklega. Þegar ég hóf störf hjá Alþingi árið 2006 vaknaði áhugi minn á að kanna ýmis mál nánar. Í greinargerðum með frumvörpum og svörum ráðherra var oft og tíðum mikið efni að finna sem ég sá að sagnfræðingar höfðu ekki nýtt í rannsóknir sínar. Þá sá ég í skjalasafninu gögn sem mér þótti ástæða til að kanna nánar og koma á framfæri. Ég fékk til dæmis tækifæri til að skoða skjalakassana þar sem gögn millipínganefndar um fátæktarmál 1901–1905 eru geymd og velti þá þeim möguleika fyrir mér að gefa skýrslurnar út þannig að frumheimildin væri aðgengileg fyrir þá sem hefðu áhuga á þessum málum. Það var ekki auðhlaupið að því að takast þetta verkefni á hendur en með stuðningi yfirstjórnar Alþingis var sótt um aðild að verkefninu „Sumarstörf“ hjá Vinnumálastofnun vorið 2012. Í því fólst að stofnanir réðu starfsmenn í tvo mánuði yfir sumarið og greiddi Vinnumálastofnun laun þeirra en viðkomandi stofnun launatengd gjöld og annan kostnað sem hlytist af vinnu þeirra. Ráðinn var starfsmaður til að skrá rafrænt skýrslur millipínganefndarinnar og tókst að ljúka innslætti á um 70% verksins þá um sumarið. Þegar hlé varð á þingstörfum milli jóla og nýárs 2012 lauk ég innslætti en ljóst var að töluverð vinna var eftir við leiðréttingar og samræmingu á verkinu. Haustið 2013 tók dr. Sigurður Jónsson, fyrrv. starfsmaður Alþingis, að sér að yfirfara verkið, lesa úr því sem ekki hafði skilist, leiðrétta og samræma rithátt þannig að verkið yrði birtingarhæft.

- 1 Guðjón Guðlaugsson, *Skýrsla um þurfamenn og munaðarlaus sveitabörn, fátækraframfæri þeirra, aldur og ástand fardagaárið 1901–1902, með hliðsjón af sveitareikningum 1895–1899*. Fylgiskjal I (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1905). Birt sem viðauki í þessari bók.
- 2 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Millipínganefnd í fátæktarmálum 1902–1905: Þróun framfærslumála 1870–1907.“ *Saga* 16 (1978), bls. 75–150.
- 3 Jón Blöndal og Sverrir Kristjánsson, *Alþingi og félagsmálin*. *Saga Alþingis* IV (Reykjavík, 1954).

Í upphafi var einungis gert ráð fyrir að birta skýrslurnar á vef Alþingis en eftir nánari athugun kviknaði sú hugmynd að leita til Sigurðar Gylfa Magnússonar, prófessors í menningarsögu við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands, um útgáfu heimildarinnar, en hann er einn þriggja ritstjóra ritraðarinnar Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar sem Háskólaútgáfan gefur út. Hann varð strax áhugasamur um að birta efnið og fjalla í leiðinni um fátækt á Íslandi fyrir og eftir aldamótin 1900 í yfirgripsmiklum kafla sem var ætlað að leiða lesendur að efni bókarinnar. Rökin fyrir slíkri umfjöllun voru þau að mikilvægt væri að skoða aðstöðu fátæks fólks í upphafi tuttugustu aldar og þær hugmyndir sem samtímamenn höfðu um þennan þjóðfélagshóp.

Fyrir liggur að störf nefndarinnar veita mikilvæga vitneskju um hvernig Alþingi og alþingismenn höguðu störfum sínum á þessum tíma og hvaða áhrif það starf hafði á uppbyggingu hins unga nútímasamfélags. Síðast en ekki síst er með þessari útgáfu vakin athygli á merkjum heimildum um sögu lands og þjóðar í skjalasafni Alþingis en þær heimildir hafa lítt verið notaðar, eins og áður sagði.

B. Millipínganefndin

Alþingi samþykkti árið 1901 að skipa millipínganefnd í fátæktarmálum.¹ Verkefni hennar var að safna saman í eina heild fátæktar- og sveitarstjórnarlöggjöf landsins og endursefja hana með þeim breytingum sem þurfa þótti. Leggja átti frumvörp og tillögur nefndarinnar fyrir þingið 1903.

Árið 1901 voru í gildi lög um fátæktarmál sem að stofni til voru frá árinu 1834 en þau höfðu leyst af hólmi ákvæði Grágásar og Jónsbókar sem gilt höfðu um aldir.² Helstu ákvæði laganna voru þau að allt flakk var bannað og sporna átti við tómtúsum, þ.e. búsetu án landbúnaðar sem var yfirleitt við sjávarsíðuna. Fæðingarhreppur manns var framfærslusveit, þ.e. ef einstaklingur þurfti aðstoð sveitarfélagsins þá var það skylda þess hrepps þar sem viðkomandi fæddist að veita hana. Ef fólk bjó samfelld í fimm ár – síðar lengt í tíu ár – í öðru sveitarfélagi án þess að njóta opinbers framfæris fékk það sveitfesti þar. Ef viðkomandi þurfti á styrk að halda innan fimm ára missti hann sveitfesti og hægt var að flytja hann í hans fæðingarhrepp sem bar að annast hann. Konur fengu við giftingu sveitfesti eiginmanns og skilgetin börn þeirra einnig en óskilgetin börn fylgdu sveitfesti móður sinnar. Mjög litlar breytingar voru gerðar á þessum lögum þar til ákveðið

1 *Alþingistiðindi* 1901. A. bls. 214–217. B. bls. 581–611. C. nr. 33, 61, 186, 232, 360.

2 Jón Blöndal og Sverrir Kristjánsson, *Alþingi og félagsmálin*, bls. 10–18.

var að endurskoða þau. Árið 1872 var gefin út tilskipun um sveitarstjórnir þar sem kveðið var á um hlutverk þeirra og stjórnsýslu.¹ Helstu verkefni þeirra voru niðurfjöfnun útsvara, fátækraframbærsla, sem áður hafði verið í höndum hreppstjóra og sóknarprests, fjallskil, grenjaleit og fleiri verkefni sem miðuðust við samfélagshætti þess tíma.

Á síðustu áratugum nítjándu aldar kom fram á Alþingi að nauðsynlegt væri að endurskoða fátækralöggjöfina í heild, jafnframt því sem aukinn skilningur var á stöðu og högum þurfamanna í samfélaginu, eins og rætt verður í kaflanum hér á eftir. Fyrir Alþingi 1901 komu þrjú mál tengd fátækraframbærslunni sem snertu mikilvæga þætti fátækralaganna og spunnust um þau miklar umræður.² Það sjónarmið sigraði að lokum á Alþingi að skipa bæri millipínganefnd til að endurskoða fátækralöggjöfina í heild og var tillaga þess efnis samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Ár 1902 föstudaginn 22. ágúst komu saman í Reykjavík Páll Briem R. af Dbr. amtmaður yfir Norðuramtinu og Austuramtinu, Jón Magnússon landshöfðingjaritari og Guðjón Guðlaugsson hreppstjóri á Kleifum. Páll amtmaður Briem lagði þá fram svohljóðandi kommissori fyrir nefndarmenn, útgefið 27. janúar s.á. af landshöfðingjanum af Íslandi samkvæmt konungsráðgjafi 13. nóvember næst á undan birtum með bréfi ráðgjafans fyrir Ísland 14. s.m.:

Landshöfðinginn yfir Íslandi kunngjörir: Með allra hæstum úrskurði 13. nóvbr. f.á. er fyrirhugað, að setja skuli samkvæmt ályktun alþingis 1901 þar um þriggja manna nefnd til þess:

að safna saman í eina heild fátækra og sveitarstjórnarlöggjöf landsins og endursemja hana með þeim breytingum er þurfa þykir,

– að láta uppi álit sitt um, hvort eigi væri heppilegt, að landsjóður legði ellihrumu alþýðufólki, sem eigi hefur þegið af sveit, ellistyrk til móts við og í sambandi við styrktarsjóði handa alþýðufólki,

– að láta uppi tillögur sínar um hvort ekki muni ráðlegt, að landsjóður styðji stofnun ábyrgðarsjóðs, er veiti alþýðumönnum tækifæri til að tryggja sér ellistyrk.

Með því að hátígn konunginum í framannefndum úrskurði ennfremur allramildilegast hefur þóknast að fallast á, að ég skipi menn í nefnd þessa, hef ég skipað, eins og ég hér með skipa:

- 1 „Tilskipun um sveitarstjórnir 4. maí 1872.“ *Tíðindi um sjónarmálefni Íslands*. III 1870–1875 (Kaupmannahöfn, 1875), bls. 394–432.
- 2 „Frumvarp til laga um niðurfærslu á gjaldi til fátækra af fiskalla á helgum dögum.“ *Alþingistíðindi* 1901. A. bls. 217–216. B. bls. 611–613. C. nr. 109, 187, 474, 517. „Tillaga til þingsályktunar um að sjá farboða ómögum sjóðruknaðra manna (og frumvarp um sama efni).“ *Alþingistíðindi* 1901. A. bls. 226–239. B. bls. 613–614. C. nr. 113. „Frumvarp til laga um breytingar á opnu bréfi 1848.“ *Alþingistíðindi* 1901. B. bls. 555–585. C. nr. 37, 91.

Pál amtmann Briem R. af Dbr. sem formann, Jón landshöfðingjaritari Magnússon og Guðjón hreppstjóra Guðlaugsson á Ljufustöðum, til þess að taka sæti í þeirri umræddri nefnd og ber þeim að ljúka verki sínu svo tím- anlega að frumvörp og tillögur nefndarinnar um þessi málefni verði lögð fyrir alþingi 1903.

Skrifari nefndarinnar var kosinn Jón Magnússon. Nefndin ákvað að byrja fundi sína 1. septbr. 1902, og starfa að minnsta kosti til 22. s.m. Fundarstað- ur var ákveðinn bráðabirgðabústaður formannsins í húsinu nr. 7 við Banka- stræti í Reykjavík. Ákvað svo formaður fund mánudaginn 1. septbr. 1902 kl. 11 fyrir hádegi.

1. fundur.

Ár 1902 mánudaginn 1. septbr. hélt nefndin fund á ákveðnum stað og tíma. Formaður gat þess að hann og Guðjón hreppstjóri Guðlaugsson hefðu komið saman kl. 12 á hádegi 25. ágúst næst áður og hefðu þeir þá rætt um fátæktarmálið, sérstaklega um sveitafestistímann.

Nefndin tók til íhugunar, hversu víðtækan hún skyldi hafa verkahring sinn. Samkvæmt því, er komið hafði fram á alþingi 1901, áleit nefndin sjálfsagt að taka til íhugunar, auk fátæktarlaganna sjálfra og sveitarstjórnarlaganna, ákvæði um að menn tryggðu sér lífeyri, er þeir yrðu ófærir til vinnu og líffé (handa ekkjum sínum og börnum) eftir sinn dag. Ennfremur áleit nefndin nauðsynlegt að taka til íhugunar framfærslu vitfiringa, kennslu heymar- og mállausra barna og annarra barna, sem veikluð eru á sál eða líkama, svo og yfirlit með tökubörnum og vanhirtum börnum.

Formaður lagði fram eftirnefnd frumvörp, er hann hafði samið:

1. Frumvarp til laga um eftirlaun hinnar íslensku þjóðar.
2. Frumvarp til laga um lífsábyrgðir fiskimanna á þilskipum.
3. Frumvarp til laga um úthlutun styrks af styrktarsjóðum handa alþýðu- fólki.

Frumvörp þessi afhenti formaður hinum nefndarmönnum til athugunar. Nefndin ákvað að taka um sinn til íhugunar fátæktarlögin og hafa hin dönsku lög frá 1. ágúst 1891 til fyrirmyndar og að byrja á næsta fundi á því að lesa þau og ræða. Forðmaður ákvað fund næsta dag kl. 11. f.h.¹

Nefndin fundaði nokkuð reglulega í september. Fundirnir voru haldnir í Bankastræti 7, en einu sinni hittist hún í Alþingishúsinu. Það var föstudag- inn 19. september og „ráðstafaði sveitar og bæjarreikningum og athugaði þá lítið eitt.“ Síðasti fundurinn í þessari fundalotu var mánudaginn 22. septem- ber og segir svo í fundargerð: „Athugaðar voru í próförk fyrirmyndir fyrir

1 Fundargerðarbók millipinganeftarinnar. Skjalasafn Alþingis Y-21 (ónúmeraðar síður).

skýrslum um þurfamenn og munaðarlaus börn. Formaður lýsti því, að með því að Guðjón hreppstjóri Guðlaugsson hefði skýrt frá því að hann yrði að fara heimleiðis daginn eftir, væri þessi fundur hinn síðasti, er nefndin héldi að sinni. Síðan ákvað formaður að nefndin skyldi aftur koma saman á Akureyri eftir komu strandferðaskipsins þangað frá Reykjavík í apríl næstkomandi, eða um miðjan mánuðinn.“

Það varð bið á því að nefndin hittist að nýju og þegar það gerðist var einn nefndarmanna, Páll Briem, látinn:

Ár 1904, mánudaginn 19. desbr. komu nefndarmennirnir Jón skrifstofustjóri Magnússon og Guðjón kaupfélagsstjóri Guðlaugsson saman til þess að taka aftur til starfa við fátæktar- og sveitarstjórnarmálið. Fundur sá, er ákveðin var og skyldi halda á Akureyri eftir komu strandferðarskipsins þangað í apríl 1903 fórst fyrir sökum þess að formaður nefndarinnar, sem hafði verið hættulega veikur haustið áður (1902) og framan af vetrinum, óskaði eftir því að fundinum yrði frestað. Síðan var um það rætt, að hafa fund sumarið eða haustið 1903 eftir þing, en nefndarmaðurinn Guðjón Guðlaugsson var þá eigi við látinn, og varð það svo afráðið að halda ekki fund fyrr en seinni part ársins 1904, og halda þá áfram, þangað til nefndin hefði lokið störfum sínum. Samkvæmt þessu ákvað formaður nefndarinnar, að hún skyldi koma saman í desember 1904. Formaður og skrifari nefndarinnar eru báðir búsettir í Reykjavík og var ákveðið að fundurinn skyldi haldinn þar. Fyrirætlunin var að nefndin byrjaði störf sín viku af desbr., því að þá var búist við að þriðji nefndarmaðurinn Guðjón Guðlaugsson yrði kominn (með Laura 6. desbr.) af Ísafirði, en hann hrepti svo mikil illviðri á leiðinni heimanað frá Kleifum við Steingrímsfjörð á Ísafjörð, að hann náði ekki þangað fyrr en Laura var farin; varð því að taka sér flutning með landpósti og kom hingað 13. desbr. um kvöldið, en þá hafði formaður nefndarinnar tekið sótt þá (lungnabólgu) er leiddi hann til bana 17. þ.m. Þannig er orðið það skarð í nefndina er varla verður fyllt, er Páll amtmaður Briem er látinn, sem fyrir margra hluta sakir var færastur hérlandra manna til að vinna að því verki, er nefndin hafði með höndum. Hinir tveir nefndarmennirnir komu sér saman um, að vinna tveir einir að störfum nefndarinnar til nýjárs, sérstaklega að þeim málefnum, sem nefndin hafði áður komið sér saman um aðalatriði þeirra, en fara þess á leit við stjórnarráðið, að nýjum manni væri bætt við nefndina eftir nýjár. Nefndarmenn fóru lítið eitt yfir skýrslur þær um þurfamenn úr Suðuramtinu og Vesturamtinu, er nefndin hafði óskað eftir. Ákveðið var að hafa fundi framvegis á hverjum vikudegi kl. 5 eftir hádegi í stjórnarráðsbyggingunni I. skrifstofu. Nefndarmaður Guðjón Guðlaugsson tók með sér til yfirlesturs frumvarp um eftirlaun og frumvarp um lífsábyrgð sjómanna þau, er Páll heitinn Briem hafði samið, og nefndin samþykkt. Ákveðið var að rannsaka milli funda skýrslur um þurfamenn, þær er nefndinni hafa borist.

Peir Jón og Guðjón hittust á sex fundum frá 19. til 29. desember þar sem frumvarpið að fátækralögum var rætt. Þar var m.a. sérstaklega fjallað um – eins og fram kemur í fundargerð – „framfærsluskyldu stjúpforeldris gagnvart stjúpbörnum, og komist að þeirri niðurstöðu til bráðabirgða, að rétt væri að taka upp í fátæktarlögin fyrirhuguðu nánari ákvæði um framkvæmd á framfærsluskyldu föður óskilgetins barns gagnvart því, og að ekki mundi hjá því komist að taka upp í lögin ákvæði um það, að stjúpforeldri væri skylt að brauðfæða stjúpbarn sitt, meðan hjónabandi milli þess og foreldris barnsins væri eigi slitið að lögum.“

Þann 16. janúar 1905 kom nefndin saman til fundar í Stjórnarráðshúsinu kl. 17.00 og þá var mættur nýr nefndarmaður, Magnús Andrésson, prófastur á Gilsbakka og þingmaður Mýramanna. Jón varð formaður nefndarinnar en Magnús ritari. Fundir voru haldnir nokkuð reglulega eftir þetta á sama stað og tíma fram til 11. apríl og alls urðu þeir 63. Umræðuefnið var alltaf það sama, þ.e. frumvarp til fátækralaga. Á fundi þriðjudaginn 21. febrúar var einnig rætt „upphaf á frumvarpi til sveitarstjórnarlaga, er skrifari nefndarinnar, Magnús Andrésson, hafði samið.“ Á næstu fundum voru þessi tvö mál rædd enn frekar. Á fundi mánudaginn 6. mars voru „lesnar upp tillögur um frumvarp til laga um stofnun geðveikrahælis á Íslandi eftir Guðmund héraðslækni Björnsson.“ Fundargerðir næstu funda eru svipaðar. Þar er rætt um málin, þau athuguð og skoðuð og að lokum eru athugasemdir samþykktar. Á fundi föstudaginn 17. mars var „álitsskjalið í fátæktarmálum undirritað.“ Á næstu fundum var einkum rætt um frumvarpið til sveitarstjórnarlaga, um stofnun geðveikrahælis og hvað yrði um „jafnaðarsjóðsgjaldið“ ef amtsráðin yrðu lögð niður. Ekki kemur fram formleg afgreiðsla nefndarinnar varðandi þessi mál önnur en sú að á fundi, fimmtudaginn 6. apríl, lásu nefndarmenn yfir fyrstu próförk að sveitarstjórnarfrumvarpinu. Síðasti fundur nefndarinnar var haldinn þriðjudaginn 11. apríl og þar voru menn enn að ræða jafnaðarsjóðsgjöldin.

Nefndin skipti þannig með sér verkum að Jón Magnússon tók að sér að semja frumvarp til fátækralaga ásamt greinargerð en Páll Briem hafði áður lagt grunn að því frumvarpi. Magnús Andrésson samdi frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum og hann yfirfór einnig frumvarp um geðveikrahæli sem Guðmundur Björnson héraðslæknir í Reykjavík hafði samið og skrifaði greinargerð með hvoru tveggja. Guðjón Guðmundsson yfirfór allar skýrslur sem nefndinni höfðu borist, það er þær sem hér eru birtar, gerði útdrætti úr þeim og skrifaði skýrslu.¹ Skýrsla þessi var prentuð

1 Guðjón Guðlaugsson, *Skýrsla um þurfamenn og munaðarlaus sveitabörn, fátækraframfæri þeirra, aldur og ástand fardagaárið 1901–1902.*

sem fylgiskjal í álit nefndarinnar. Að loknum störfum sínum sendi nefndin Stjórnarráðinu frumvörpin ásamt ítarlegum álitsgerðum.

C. Skýrslurnar

Pegar unnið var að álitsgerð með væntanlegu frumvarpi haustið 1902 kom í ljós að ýmsar tölulegar upplýsingar vantaði. Þess vegna ákvað nefndin að útbúa eyðublöð og senda öllum sveitar- og bæjarfélögum landsins, með milligöngu amtmanna, þar sem óskað var eftir nákvæmum upplýsingum um alla þurfamenn, upphæð sveitarstyrkja og ástæður þess að mati sveitarstjórnar að viðkomandi væri þurfandi. Nefndin lagði einkum til grundvallar í starfi sínu skýrslur sveitarstjórna um þurfamenn, aldur þeirra og ástand fardagaárið 1901–1902, það er þær skýrslur sem hér eru birtar. Þá var einnig óskað eftir skýrslum sýslumanna um flækinga og fleira. Tillögur og ábendingar bárust nefndinni frá einstaklingum, félagssamtökum og sveitarfélögum og ýmsar ályktanir funda og félaga um málið. Þá voru frumvörp um fátækramálefni sem komið höfðu fram á Alþingi undangengna áratugi athuguð auk þess sem nefndin lét þýða dönsk, norsk og sænsk fátæktarlög.

Skýrslurnar um þurfamennina eru mjög mikilvæg gögn þar sem þær geyma skrá yfir alla þurfamenn á landinu fardagaárið 1901–1902, heimili þeirra og aldur, upphæð styrks og orsakir styrkþarfar að mati sveitarstjórnar. Samkvæmt skýrslunum voru þurfamenn alls 2186 talsins en í raun voru þeir 6098 eða 7,8% landsmanna og talan 2186 er einungis heildartala úthlutaðra styrkja. Maður með konu og börnum var talinn einn þurfamaður. Fjölskylduþurfamenn voru 1091, fjöldi eiginkvenna þeirra 666, börn þeirra 3246, einhleypir þurfamenn 977 og munaðarlaus börn 118.¹ Hér eru þó ótaldir þeir einstaklingar sem voru á framfæri annarra án þess að sveitarsjóður kæmi þar nærri. Þar var um að ræða lögboðna skyldmennaframfærslu og ólögbundna framfærslu skyldmenna eða óskyldra einstaklinga. Ekki er vitað hversu umfangsmikil hún var en hún virðist þó hafa verið nokkuð algeng ef marka má frásagnir fólks frá fyrri tíð. Þetta er mikill fjöldi og sú staðreynd að 7,8% landsmanna hafi verið á opinberu framfæri sveitarsjóða, voru 15,5% árið 1703 og 4,6% árið 1801, sýnir að samfélagið þjónaði ekki öllum.²

- 1 Nánari upplýsingar um fjölda þurfamanna og flokkun þeirra, sjá Guðjón Guðlaugsson, *Skýrsla um þurfamenn og munaðarlaus sveitabörn, fátækraframfæri þeirra, aldur og ástand fardagaárið 1901–1902*.
- 2 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Millipínganefnd í fátæktarmálum 1902–1905“, bls. 75. Þessar tölur stemma ekki alveg við það sem birt er í *Hugskinnu*. Sjá Guðmundur Jónsson og

Fyrir utan þær gagnlegu tölfræðiupplýsingar sem koma fram í skýrslunum um þurfamennina þá eru athugasemdir hreppstjórnarmanna allrar athygli verðar. Athugasemdir þeirra um ástæður þess að viðkomandi þurfamaður hafi þegið af sveit eru merkilegar heimildir um viðhorf velbúandi manna til þurfalinga. Sumir hreppstjórnarmenn skrifa hlutlausan texta um ástæður þess að viðkomandi er þurfamaður á meðan aðrir spara ekki stóryrðin í garð þessa fólks. Athygli er vakin á því að nokkur börn eru kennd við móður sína eða eru ekki fedruð. Það verður að bíða betri tíma að rannsaka með hvaða hætti ófedruð börn fengu föðurnafn á þessum tíma en lítilsháttar athugun bendir til þess að öll þau börn sem kennd voru við móður sína í þessum skjölum voru síðar, í manntölum, kennd við föður.

Nefndin óskaði einnig eftir upplýsingum um „flækinga eða þurfamenn, er þiggja af sveit sakir leti, þrjósku, siðleysis eða öðrum þvílíkum ástæðum.“ Ástæður þessarar fyrirspurnar virðast hafa verið hugmyndir um að setja á stofn einhvers konar „vinnuhæli“. Þetta má ráða af svörum sýslumanna en þeir söfnuðu þessum gögnum saman og það kemur einnig fram í skýrslu Guðjóns Guðlaugssonar.¹ Á blöðunum var m.a. spurt hvort það væri „heppilegt að setja þurfamanninn inn í vinnuhús ef það væri til?“ Af svörum sýslumanna má ráða að flækingar á sveitarstýrk hafi verið fáir á landinu, eða samtals 14, en nokkrir taka það fram að þeir séu taldir með í skýrslunum um þurfamennina. Þar sem engir voru flækingar töldu sýslumennirnir „vinnuhæli“ ekki heppilega lausn, ef þeir nefndu hugmyndina á annað borð, en þar sem útbúin var sérstök skrá yfir flækinga töldu sýslumennirnir „vinnuhælið“ fýsilegan kost. Það vekur athygli að ekkert er fjallað um flækinga eða „vinnuhæli“ í fundargerðarbókinni né heldur er þar fjallað um bréf sem nefndinni bárust. Bréfin eru ekki mörg en þar eru gerðar ýmsar athugasemdir við gildandi fátækralöggjöf og væntanlegar breytingar. Tilögur bréfitara miða yfirleitt að því að halda sem flestu í föstum skorðum og jafnvel að herða eftirlit með fólki.²

Magnús S. Magnússon, *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland* (Reykjavík, 1997), bls. 137, tafla 2.15, og bls. 211, tafla 3.4. Þar segir að niðursetningar og flakkarar hafi verið 14,3% árið 1703 og ómagar hafi verið 4,6% árið 1801. Ómagar eru taldir 2.330 árið 1901, eða 2,9% af heildarmannfjölda. Svo virðist sem skilgreiningar á orðunum niðursetningur, ómagi og þurfamaður séu ekki fyllilega sambærilegar.

- 1 Guðjón Guðlaugsson, *Skýrsla um þurfamenn og munaðarlaus sveitabörn, fátækraframfæri þeirra, aldur og ástand fardagaárið 1901–1902*, bls. 34–35.
- 2 Ýmis skjöl nefndarinnar 1901–1905. Skjalasafn Alþingis Y–21. (Öll bréfin í skjalasafninu eru handskrifuð nema tvö bréf frá sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu, Páli Einarssyni, sem eru vélrituð.)

D. Efni, innihald og ástæður styrkja

Nefndin óskaði eftir upplýsingum um ástæður fyrir styrkpörf og eru tilgreindar fimm ástæður, það er geðveiki, sjúkdómur, ráðleysi, drykkja og annað en auk þess var gert ráð fyrir athugasemdum hreppstjórnarmanna, eins og áður sagði. Ljóst er að hreppstjórnarmenn voru í fæstum tilfellum hæfir til að sjúkdómsgreina fólk þannig að mark sé á takandi. Engu að síður koma fram athyglisverðar upplýsingar um ástæður þess að viðkomandi þurfa aðstoð frá sveitarfélaginu. Þar eru einnig athugasemdir sem bera fyrst og fremst vitni um afstöðu hreppstjórnarmanna til þeirra sem minna mega sín í samfélaginu. Flestir þurfamenn voru eldra fólk sem var þrotið að kröftum og gat ekki lengur unnið fyrir sér og afkomendur þeirra voru heldur ekki aflögufærir. Sjúkdómar og heilsuleysi voru einnig algengar ástæður og þá eru einnig sérstaklega nefnd andleg vanheilsa, drykkjuskapur og ráðleysi og leti. Oftar en ekki tengdust þessi einkenni með einum eða öðrum hætti og oft mátti lítið út af bregða svo að heimili lentu ekki í vandræðum. Barnaómegð var ástæða styrkveitinga hjá þeim sem áttu undir högg að sækja af ýmsum ástæðum, eins og ekkjum, en einnig hjá fólki sem ekki uppfyllti hefðbundin skilyrði um veikindi eða vinnu. Segja má að helstu ástæður styrkveitinga hafi verið barnaómegð, ellihrumleiki og veikindi af ýmsu tagi og þegar lítið er til athugasemda virðist sem fábreytt samfélag sé helsti þröskuldurinn, það er úrræðaleysi innan ríkjandi samfélagshátta.

Fátækrastrykurinn gat verið með ýmsum hætti og var veittur á tvo vegu. Annaðhvort var hann lagður til þeirra heimila sem þurfamenn höfðu verið settir niður á eða hann var lagður til heimilis þurfamannsins sjálfs, væri hann búandi. Var styrkurinn ýmist í formi klæðnaðar, matar eða peninga. Þurfamenn sjálfir höfðu víðast lítil sem engin áhrif á úthlutun fátækrastrykja eða önnur framkvæmdaatriði framfærslunnar.

Hinar raunverulegu orsakir fátækraþyrðarinnar mátti að töluverðu leyti rekja til þjóðfélagsgerðar þessa tíma þar sem hluti landsmanna bjó við örbirgð og var settur undir vernd en jafnframt vægðarlítill afskipti sveitarstjórna. Réttindaleysi þurfamanna var nær algert. Það mátti svipta þá fjárforræði, þeir máttu ekki kvænast nema að fengnu leyfi og fjölskyldur þeirra mátti leysa upp og flytja hvern og einn þangað sem sveitarstjórninni þóknadist. Þeir urðu í raun að lúta vilja sveitarstjórna í einu og öllu og höfðu hvorki kosningarétt né kjörgengi. Þeir urðu eins konar utangarðsmenn í þjóðfélaginu og lítið var niður á þá.

Kostnaður vegna fátækraframfærslu var um 40% af heildarútgjöldum sveitarsjóða á árunum 1901–1905 en skiptist misjafnt á sýslur landsins og

gat verið mjög þungur á einum stað en óverulegur á öðrum. Á árunum 1906–1910 lækkaði þetta hlutfall niður í um 20% af heildarútgjöldum. Á árunum 1901–1905 voru útgjöld sveitarsjóðanna til menntamála einungis um 6% en hækkuðu í 11% á árunum 1906–1910, þ.e. eftir að skólaskylda var innleidd.¹ Þessar tölur gefa góða hugmynd um hversu umfangsmikil fátækraframfærslan var um aldamótin og óneitanlega var hún þung byrði á gjaldendum og sveitarsjóðum. Fátækraútsvarið var í raun þyngsti beini skatturinn á gjaldendum. Það er líklegt að hin miklu útgjöld til fátæktarmála hafi átt þátt í því neikvæða viðhorfi sem allur þorri manna hafði til þurfamanna og þau komu einnig í veg fyrir að sveitarfélögin gætu ráðist í framkvæmdir á öðrum sviðum.² Það er því skiljanlegt að ýmsir hafi kvartað og krafist þess að fátækralöggjöfin yrði endurskoðuð með það fyrir augum að dregið yrði úr fátækraþyrðinni.

E. Nýir tímar?

Könnun nefndarinnar á fjölda og högum þurfamanna brýtur blað í íslenskrí sögu sem umfangsmesta rannsókn sem fram til þess tíma hafði verið gerð á stöðu og högum afmarkaðs hluta þjóðarinnar. Frumvarp nefndarinnar til fátækralaga var lagt fram 5. júlí 1905 og samþykkt sem lög frá Alþingi eftir miklar umræður en með minniháttar breytingum 26. ágúst sama ár. Konungur staðfesti lögin 10. nóvember en þau tóku ekki gildi fyrir en 1. janúar 1907.³

Pótt fátækralögin fælu ekki í sér neina stökkbreytingu frá fyrri lögum þá voru með þeim sett mjög skýr ákvæði um réttarstöðu þurfamanna og aukin áhersla var lögð á að tryggja að þeir væru hvorki beittir órétti né sættu illri meðferð. Starf millipínganefndarinnar átti vafalaust mikinn þátt í að móta mannúðleg viðhorf í garð þurfamanna, auka skilning á stöðu þeirra og högum og mikilvægi félagsmálalöggjafar fyrir þjóðarheildina. Frumvarp nefndarinnar ásamt álitsgerð er merk heimild um vinnubrögð hennar og sjónarmið. Í álitsgerðinni segir meðal annars: „Jafnan eru í mannfjelaginu börn, sem enn hafa eigi fengið krafta til að vinna, gamalmenni, sem eru þrotin að kröftum, og sjúklingar, sem eigi þola að vinna. Og auk þessara eru ávallt til nokkrir aðrir menn, þeir er sökum skorts á hæfileikum, eða sökum

1 *Hagskinna*, bls. 740 (tafla 15.6).

2 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Millipínganefnd í fátæktarmálum 1902–1905“, bls. 120–122.

3 „Fátæktarlög nr. 44/1905. Frumvarp, þingskjöl og umræður.“ *Alþingistíðindi* 1905 A, bls. 218–237, nr. 129, 199, 215, 240, 476, 518, 530, 565, 595. B. bls. 1427–1488.

einhverra annara óhagkvæmra atvika fá eigi aflað sjer þess, er eigi má án vera. Þannig eru jafnan til ómagar og þurfamenn.“¹

Helstu ákvæði laganna voru þau að fátækrastrykur skyldi veittur öllum þeim sem ekki gátu séð sér og sínum farborða af ýmsum ástæðum. Sveitfesti var bundin við 10 ára dvöl í hreppi eftir 16 ára aldur og þeginn sveitarstrykur var skuld við sveitarsjóð. Bannað var að bjóða upp framfærslu þurfamanna til að ná fram sem lægsta verði og prestar áttu að fylgjast með því að þurfamenn væru ekki beittir harðrétti. Dvalarsveit átti að veita fátækrastryk en átti endurkröfurétt á $\frac{2}{3}$ hlutum hans af framfærslusveitinni. Þetta þýddi að sveitarstjórnir reyndu allt hvað þær gátu til að losna við utansveitarómaga. Ef þurfamaður fór á sjúkrahús að læknisráði átti framfærslusveit hans að kosta dvölinu að ákveðnu marki en landssjóður að greiða umframkostnaðinn, þó ekki nema fyrir tvo þurfamenn úr sama byggðarlagi í senn. Í lögnum voru og mjög nákvæm ákvæði um framfærsluskyldu ættmenna og um heimildir sveitarstjórna til að knýja menn til að sinna framfærsluskyldu sinni. Þurfamenn voru sem fyrr sviptir stjórn-málaréttindum og fjárforræði.²

Þó svo að fram hafi komið mannúðlegra viðhorf til þurfamanna en áður hafði tíðkast var lögð áhersla á siðferðislega skyldu fólks til að afla sér lífs-nauðsynja. Tekið var fram að samfélaginu bæri skylda til að ala önn fyrir þeim sem á einhvern hátt gátu það ekki sjálfir en tryggja yrði að aðgangur að almannafé væri ekki of greiður þannig að þeir sem ekki nenntu eða vildu ekki vinna sjálfir fengu endalausa framfærslu.

Grundvallarbreytingar í lagasetningu er varðar fátækt fólk urðu ekki fyrr en á fjórða áratug tuttugustu aldarinnar, til dæmis með lögum um alþýðutryggingar, en fram að þeim tíma litu ýmsar mikilvægar breytingar dagsins ljós.³ Skýrslur nefndarinnar sýna ágætlega þann veruleika sem blasti við í árdaga tuttugustu aldarinnar og starf nefndarinnar dregur vel fram þann metnað sem Alþingi lagði í að undirbúa þingmál sem skipti þjóðina miklu máli.

1 „Tillögur um frumvarp til fátækralaga; frá nefnd þeirri, er skipað hefur verið skv. konungs-úrskurði 13. nóvember 1901 til þess að íhuga og koma fram með tillögum um fátækra- og sveitarstjórnarmál“, bls. 14.

2 Jón Blöndal og Sverrir Kristjánsson, *Alþingi og félagsmálin*, bls. 71–74.

3 „Lög um alþýðutryggingar nr. 26/1936.“ Sjá einnig Jón Blöndal og Sverri Kristjánsson, *Alþingi og félagsmálin*, bls. 38–92.

F. Málfar

Skýrslurnar eru skrifaðar upp orðrétt og haft var að leiðarljósi að hreyfa sem minnst við textanum, birta hann eins og hreppsnefndarmenn skiluðu honum til nefndarinnar. Auðvitað þurfti að samræma ýmis atriði og var þar í fyrsta lagi leitast við að fara að gildandi rétttritarreglum. Þannig var gamli rithátturinn *je* færður í nútímahorf *é* og *y* sett í staðinn fyrir *i*, en allur gangur var á hvort var notað. Ritháttur sagnmyndarinnar *hefir* var samræmdur í *hefur*. Orðaröð og setningaskipan fékk að standa óbreytt og greinarmerkjasetning að mestu leyti. Þó var skotið inn kommu eða punkti þar sem það gat auðveldað lestur og skilning á textanum. Þau fáu dæmi um flámæli sem fundust í textanum fengu að standa til minningar um þá mál-breytingu sem með samstilltu átaki „menntakerfisins“ tókst að kveða niður upp úr miðri síðustu öld.

Allur háttur var á því í gögnunum hvort heimilisfang einstaklinga, bæj-arnöfnin, væru í nefnifalli eða þágufalli. Ákveðið var að samræma ritháttinn og hafa þau í þágufalli en „gömlum“ ritmyndum nafnanna leyft að halda sér á stundum til vitnisburðar um eldri rithátt. Þá var einnig stuðst við skrá póststjórnarinnar yfir bæi á Íslandi um rithátt bæjarnafna.¹

G. Skrásetjarar

Millipinganefndin krafði hreppsnefndir um upplýsingar um þurfamenn og fékk þær úr öllum hreppum. Flestir hreppsnefndarmenn skrifa undir með nafni og dagsetningu, stundum skrifa fleiri en einn undir en aðrar skýrslur eru óundirritaðar. Hér er listi yfir alla hreppa landsins og þá sem skrifa undir. Þetta eru mennirnir sem báru ábyrgð á að upplýsingarnar væru réttar og það eru þeirra viðhorf sem koma fram í athugasemdum um styrkþeg-ana:

Aðaldælahreppur

Akrahreppur

Akureyri

Andakílshreppur

Arnarneshreppur

Auðkúluhreppur

Austur-Eyjafjallahreppur

Gísli Björnsson Stóru Akrar – 26. október 1902

K. Jónsson Akureyri – 11. október 1902

Hjörtur Snorrason

Guðm. Magnússon Ytra-Brekukot –

4. desember 1902

Gísli Ásgeirsson Álptamýri – 2. desember 1902

1 *Bæjartal á Íslandi 1915* (Reykjavík, 1915).

Austur-Landeyjahreppur

Álftaneshreppur

Álftavershreppur

Árneshreppur

Ásahreppur

Áshreppur

Barðastrandarhreppur

Beruneshreppur

Bessastaðahreppur

Biskupstungnahreppur

Borgarfjarðarhreppur

Borgarhafnarhreppur

Borgarhreppur

Bólstaðarlíðarhreppur

Breiðdalshreppur

Breiðuvíkurbhreppur

Bæjarhreppur (Strand)

Bæjarhreppur (A-Skaft)

Dyrhólahreppur

Eiðahreppur

Engihlíðarhreppur

Eyjahreppur

Eyrarbakkaheppur

Eyrarhreppur

Eyrarsveit

Fáskrúðsfjarðarhreppur

Fellahreppur (Strand)

Fellshreppur (Skag)

Fellshreppur

Fellsstrandarhreppur

Fjallahreppur

Flateyjarhreppur

Fljótisdalshreppur

Jón Hallsson Smiðjuhóll – 25. nóvember 1902

Bjarni Einarsson – 24. nóvember 1902

Jón Hannesson Þórormstunga – 20. nóvember 1902

B. Símonarson Brjánslæk – 21. nóvember 1902

Einar Þórarinnsson, Sig. Þorleifsson,

Þorv. Björnsson Þiljuvellir – 12. nóvember 1902

Páll Einarsson Skrifstofa Gullbr.- og Kjósarsýslu –
14. janúar 1905

B. Bjarnason – 15. febrúar 1903

Pétur Jónsson, Björn Klemensson, Sigurður

Sigurðurðsson – 5. júní 1902

Einar Friðgeirsson Borg – 25. nóvember 1903

Brynjólfur Bjarnason Þverárdal –
6. nóvember 1902

Benóní Jónasson – 28. febrúar 1903

Benidikt Jónsson – 22. nóvember 1902

Guðni Þorbjarnarson – 15. desember 1902

Þórarinn Benediktsson, Guttormur Pálsson, Jóhann
Sigfússon Árgeirsstaðir – 4. nóvember 1902

Á. Á. Þorkelsson Geitaskarð – 5. nóvember 1902

Ásgeir Þórðarson Hrútsholt – 23. desember 1902

Pétur Guðmundsson – 5. júní 1903

B. Jónsson Kirkjubóli – 3. desember 1902

Sveinn Sveinsson Háls – 30. janúar 1903

Eiríkur Þórðarson Vattarnes – 27. desember 1902

Ólafur Jónsson Skeggjastaðir – 22. október 1902

Arnór Árnason Fell – 16. febrúar 1903

Sveinn Árnason Fell – 10. nóvember 1902

Sigurður Jensson – 17. nóvember 1902

Guttormur Vigfússon Geitgerði –
15. nóvember 1902

Fljótshlíðarhreppur	
Fremri-Torfustaðahreppur	Guðm. Gíslason Hraunkot – 14. nóvember 1902
Garðahreppur	
Gaulverjabæjarhreppur	Guðmundur Þorkelsson – 18. júlí 1903
Geiradalshreppur	Ólafur Eggertsson, Björn Bjarnarson, Samson Gunnlaugsson – 19. nóvember 1902
Geithellnahreppur	Jón Finnsson Hof í Álftafirði – 12. nóvember 1902
Glæsibæjarhreppur	Eggert Davíðsson – 6. desember 1902
Gnúpverjahreppur	Valdimar Briem, Vigfús Guðmundsson, Jón Ólafsson – 10. júní 1903
Grafningshreppur	Kolbeinn Guðmundsson, Jón Sveinbjörnsson – 3. mars 1903
Grindavíkurhreppur	Erl. Oddsson í desember 1902
Grímseyjarhreppur	Matthías Eggertsson Miðgarðar – 2. ágúst 1904
Grímsneshreppur	Ásmundur Eiríksson – 16. maí 1903
Grunnavíkurhreppur	Kjartan Kjartansson Staður í Grunnavík – 14. nóvember 1902
Grýtubakkahreppur	Vilhjálmur Þorsteinsson – 9. desember 1902
Gufudalshreppur	
Hafnahreppur	Ketill Ketilsson Kotvogi – 17. desember 1902
Haganeshreppur	P. Þorsteinsson Vík – 3. nóvember 1902
Haukadalshreppur	Árni Jónson Jörvi – 20. nóvember 1902
Hálsahreppur	Nikulás Gíslason, Jóhannes Jóhannesson, Þorbjörn Sveinbjarnarson – 15. desember 1902
Hálshreppur	Geirf. Tr. Friðfinnsson Garður – 21. nóvember 1902
Helgafellssveit	Sigurður Jónsson Arnastaðir – 30. nóvember 1902
Hjaltastaðahreppur	
Hlíðahreppur	Eiríkur Magnússon – 12. nóvember 1902
Hofshreppur (A-Skaft)	
Hofshreppur (Skag)	Hreppsnefndin – 18. nóvember 1902
Holtahreppur	
Holtshreppur	Hermann Þorsteinsson Reykjarhóll – 15. nóvember 1902
Hólahreppur	Jón Sigurðsson Skúfsstaðir – 10. nóvember 1902
Hólshreppur	Hálf dán Örnólfsson, Jóhann Bjarnason, Jón Jónsson, Magnús Bárðarson, Árni Árnason Meirihlíð – 15. desember 1902
Hrafnagilshreppur	D. Jónsson – 29. nóvember 1902
Hraungerðishreppur	Eggert Benediktsson – 15. júní 1903

Hraunhreppur	Ólafur Guðmundsson Hjörsey – 28. nóvember 1902
Hrófbergshreppur	Jón Finnsson Hólmavík – 8. febrúar 1903
Hrunamannahreppur	Ágúst Helgason – 28. júní 1903
Húsavíkurhreppur	Jóh. Jóhannesson Ytri Tungu – 22. nóvember 1902
Hvalfjarðarstrandarhreppur	Bjarni Bjarnason – 26. nóvember 1902
Hvammshreppur (Dala)	Porgils Friðriksson
Hvammshreppur (V-Skaft)	Halldór Jónsson, Egill Gunnsteinsson, Klemens Klemensson – 12. desember 1902
Hvanneyrarhreppur	H. Guðmundsson – 27. nóvember 1902
Hvítársíðuhreppur	Jón Pálsson Fljótstunga – 20. nóvember 1902
Hvollhreppur	
Hörðudalshreppur	
Hörgslandshreppur	Bjarni Jónsson – 20. nóvember 1902
Innri-Akraneishreppur	Oddgeir Ottesen – 21. nóvember 1902
Ísafjörður	
Jökuldalshreppur	Einar Þórðarson Hofteigur – 23. október 1902
Kaldrananeshreppur	
Kelduneshreppur	
Ketildalahreppur	Benedikt Kristjánsson Kirkjuból – 5. nóvember 1902
Kirkjubólshreppur	
Kirkjubæjarhreppur	Helgi Þórarinnsson
Kirkjuhvammshreppur	Tr. Bjarnason Kothvammur – 12. nóvember 1902
Kjalarneshreppur	Þórður Guðmundsson, Halldór Jónsson Neðsti Háls – 6. desember 1902
Kjósarhreppur	Þórður Guðmundsson, Halldór Jónsson Neðri Háls – 6. desember 1902
Kolbeinsstaðahreppur	
Landmannahreppur	
Laxárdalshreppur	
Leiðvallarhreppur	Markús Jónsson – 31. desember 1902
Leirár- og Melahreppur	T.P. Sivertsen Höfn – 9. desember 1902
Ljósavatnshreppur	Sigurður Jónsson – 17. nóvember 1902
Loðmundarfjarðarhreppur	Jón Þorsteinsson Klippstaðir – 12. nóvember 1902
Lundarreykjadalshreppur	Vigfús Pjetursson, Magnús Einarsson, Tómas Þorsteinsson Gullberastaðir – 15. desember 1902
Lýtingsstaðahreppur	Árni Eiríksson Reykir – 20. október 1902

Miðdalahreppur	Jóhannes L.L. Jóhannsson Kvennabrekka – 5. nóvember 1902
Miðneshreppur	Sigurður Ólafsson – 12. desember 1902
Miklaholtshreppur	Ól. Jón Jónsson Stakkhamar – 19. nóvember 1902
Mjóafjarðarhreppur	Pinghóll – 27. október 1902
Mosfellshreppur	Halldór Jónsson – 6. desember 1902
Mosvallahreppur	Bóas Guðbj. – 21. nóvember 1902
Múlahreppur	
Mýrahreppur (Ísa)	Fr. Bjarnason, Kristinn Guðlaugsson Núpur – 24. nóvember 1902
Mýrahreppur (A-Skaft)	Þorleifur Pálsson – 28. október 1902
Nauteyrarhreppur	
Neshreppur innan Ennis	Helgi Árnason Ólafsvík – 12. desember 1902
Neshreppur utan Ennis	Gísli Stefánsson Keflavík – 14. desember 1902
Nesjahreppur	
Njarðvíkurhreppur	Jón Guðmundsson – 10. nóvember 1902
Norðfjarðarhreppur	Jóhann Eyjólfsson Sveinstunga – 1. desember 1902
Norðurárdalshreppur	Kristján J. Einarsson Fljótshlíð – mars 1903
Óspakseyrarhreppur	
Presthólahreppur	
Rangárvallahreppur	
Rauðasandshreppur	Ólafur Jóhannesson Vatneyri – 18. desember 1902
Reyðarfjarðarhreppur	Guðm. Ásbjarnarson Eskifjörður – 28. febrúar 1903
Reykdælahreppur	Helgi Hjálmarsson, Steingrímur Jónsson – 22. nóvember 1902
Reykholtsdalshreppur	Einar Magnússon Steindórsstaðir – 8. desember 1902
Reykhólahreppur	Þorgeir Þorgeirsson Höllustaðir – 10. desember 1902
Reykjarfjarðarhreppur	Halldór Gunnarsson Skálavík – 19. nóvember 1902
Reykjavík	Halldór Daníelsson
Rípurhreppur	Sigurjón Markússon Eyhildarholt – 15. nóvember 1902
Rosmhvalaneshreppur	Páll Einarsson Skrifstofa Gullbr.- og Kjósarsýslu – 14. janúar 1905
Sandvíkurhreppur	Símon Jónsson – 4. janúar 1903
Sauðaneshreppur	
Sauðárhreppur	B. Sölvason Ingveldarstaðir – 26. nóvember 1902

Saurbæjarhreppur (Dala)	M. Guðlaugsson Hvammsdalur – 23. október 1902
Saurbæjarhreppur (Eyjaf)	Árni Hólm – 13. desember 1902
Seltjarnarneshreppur	Ingjaldur Sigurðarson – 16. desember 1902
Selvogshreppur	Þorbjörn Guðmundsson – 29. október 1903
Seyðisfjarðarhreppur	Björn Þorláksson – 21. október 1902
Seyðisfjörður	
Seyluhreppur	Sigurður Jónsson Litlaseyla – 20. nóvember 1902
Skafartunguhreppur	Bjarni Einarsson – 24. nóvember 1902
Skarðsstrandarhreppur	
Skeiðsstaðahreppur	Björn L. Blöndal Hvammur – 21. nóvember 1902
Skeggjastaðahreppur	
Skeiðahreppur	Jón Jónsson – 16. júní 1903
Skilmannahreppur	Sigurður Þórðarson, Sigurður Sigurðarson
	Litli Lambhagi – 28. nóvember 1902
Skorradalshreppur	Guðmundur Guðmundsson – 24. nóvember 1902
Skógarstrandarhreppur	Ólafur Jóhannesson Ólafsey – 20. nóvember 1902
Skríðdalshreppur	Stefán Þórarinnsson – 29. nóvember 1902
Skríðuhreppur	Jóhannes Jóhannesson Hraun – 1. desember 1902
Skútustaðahreppur	Árni Jónsson, Pjetur Jónsson, Steinþór Björnsson,
	Helgi Jónsson Skútustaðir – 10. nóvember 1902
Sléttuhreppur	Brynjúlfur Þorsteinsson Slétta – 8. nóvember 1902
Snæfjallahreppur	Kolbeinn Jakobsson Unaðsdalur – október 1902
Staðarhreppur (Húna)	G. Einarsson Óspaksstaðir – 21. desember 1902
Staðarhreppur (Skaga)	
Staðarsveit	Þorgils Guðmundsson Hraunhöfn –
	8. desember 1902
Stafholtstungnahreppur	Sigurður Jónsson, Jónas E. Jónsson –
	26. nóvember 1902
Stokkseyrarhreppur	Jón Jónsson – 15. júní 1903
Stykkishólmur	Ingólfur Jónsson Stykkishólmur –
	3. desember 1902
Suðureyrarhreppur	Suðureyri – 22. desember 1902
Suðurfjarðahreppur	
Súðavíkurhreppur	Halldór Gunnarsson Súðavík – 19. nóvember 1902
Svalbarðshreppur	
Svalbarðsstrandarhreppur	Jakob Björnsson, Árni Guðmundsson,
	Ásgeir Stefánsson – 25. nóvember 1902
Svarfaðardalshreppur	
Sveinsstaðahreppur	Jón Kr. Jónsson Mársstaðir – 29. nóvember 1902

Svínavatnshreppur	Jónas B. Bjarnason Sólheimar – 9. desember 1902
Táknafjarðarhreppur	Þorsteinn Árnason, Guðmundur Hallsson, Kristján Kristjánsson Kvígyndisfell – 21. október 1902
Torfalækjarhreppur	Þórarinn Jónsson Hjaltabakki – 20. nóvember 1902
Tunguhreppur	Einar Jónsson Kirkjubær – 11. nóvember 1902
Vallahreppur	Nikulás Guðmundsson Arnkelsgerði – 29. nóvember 1902
Vatnsleysustrandarhreppur	Guðm. Jónsson – 12. desember 1902
Vestmannaeyjar	Sigurður Sigurfinnsson – 24. október 1902
Vestur-Eyjafjallahreppur	
Vestur-Landeyjahreppur	
Viðvíkurhreppur	Zófanías Halldórsson Viðvík – 10. nóvember 1902
Villingaholtshreppur	Sigfús Thorarensen – 26. júní 1903
Vindhælishreppur	Árni Jónsson – 13. nóvember 1902
Vopnafjarðarhreppur	Jón Jónsson – 3. nóvember 1902
Ytri-Akraneshreppur	R.P. Jónsson, S. Guðmundsson, Níels Magnússon, Einar Guðmundsson, Jón Sveinsson Akranes – 24. maí 1902
Ytri-Torfustaðahreppur	
Pingeyrarhreppur	Jóhannes Ólafsson – 28. nóvember 1902
Pingvallahreppur	H. Einarsson, Jón Thorstensen – 15. júní 1903
Þorkelshólshreppur	Gunnar Kristófersson Valdarás – 18. desember 1902
Þóróddsstaðahreppur	Páll Birgisson Ólafsfjörður – 20. nóvember 1902
Þverárhliðarhreppur	Þorst. Hjálmsón, Eggert Sigurðsson, Runólfur Runólfsson – 1. nóvember 1902
Þverárhreppur	B. Þorláksson Tjörn – 13. desember 1902
Ögurhreppur	Sigurður Þórarinnsson Vigur – 20. nóvember 1902
Ölfushreppur	Jón Jónsson – 16. maí 1903
Öngulsstaðahreppur	Hallgr. Hallgrímsson, Jónas Jónasson, Jón Arason Rífkelsstaðir – 1. nóvember 1902
Öxarfjarðarhreppur	

II. hluti

Sigurður Gylfi Magnússon

Sögur af fátæku fólki og þurfalingunum árið 1902

A. Inngangur – Fátækt fólk

Ísland á níttjándu öld var fátækt land. Það má segja að fátækt hafi verið landlæg meðal alþýðu landsins. Kjör langflestra landsmanna voru knöpp. Jafnvel þeir sem áttu meira undir sér en hinn venjulegi alþýðumaður bjuggu við þá stöðugu ógn að verða hnepttir í fátækragildu samtímans. Minnstu skakkaföll, eins og óáran eða dauði í fjölskyldunni, gátu riðið heimilunum að fullu. Þannig segir til dæmis Halldór Stefánsson frá örlögum sínum og fjölskyldu sinnar. Hann var fæddur á Desjarmýri 1877 og var eitt 12 barna foreldra sinna sem voru prestshjón.¹ Þegar hann var tíu ára varð faðir hans bráðkvaddur og ekkjan varð öreigi á sama augnabliki. Börnin fóru fyrst í stað í fóstur en að lokum náði ekkjan að safna flokknum saman og hefja búskap á nýjum stað. Ekki leið á löngu þar til börnin voru send út og suður á ný – meðal annars fóru þrjú til Vesturheims. Eins og af þessari sögu sést þá mátti oft litlu muna að heilu fjölskyldurnar lentu á sveitinni, eins og það var nefnt, eða að fólk þyrfti að fá formlega hjálp frá sveitungum sínum.

Sú saga var sögð af Friðriki Bjarnasyni (f. 1880) að hann hafi misst föður sinn sjö ára gamall, en hann druknaði 29 ára gamall, „... og brá móðir mín búi skömmu síðar, en var áfram í Götu, með okkur bræðurna þrjá, í litlu herbergi, en jörðin var leigð öðrum.“² Gata var á Stokkseyri en Friðrik segir svo frá kostum móður sinnar í sjálfsævisögu sinni: „Um þessar mundir var hagur móður minnar þröngur mjög, svo að hún varð að selja allt stórt og smátt, sem ekki var tekið upp í skuldir, svo sem orgel föður

1 Halldór Stefánsson, *Ævislóð og mannaminni. Ævisaga* (Reykjavík: Prentsmiðja Jóns Helgasonar, 1971), bls. 30–50. Már Jónsson sagnfræðingur flutti fyrirlestur um aðstæður fólks við Breiðafjörð: Már Jónsson, „„Þeim eru mislagðar höndur þeim herrum““, Bjargarskortur í Breiðafjarðareyjum undir lok 19. aldar.“ Fyrirlestur í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands sem bar heitið: „Hvað er fátækt?“ 25. september 2012.

2 Friðrik Bjarnason, *Minningar* (Akranes: Akranesútgáfan, 1957), bls. 5.

míns og nótnabækur, því að sveitarstyrks vildi hún ekki beiðast. En þó oft væri þröngt í búi á þessum árum, undum við bræður furðu vel hag okkar ...“ Með þessum hætti tókst fólki oft að þreyja þorrann og góuna og koma börnum sínum á legg eins og raunin varð í tilfalli Friðriks.

Í þessari bók verður fjallað um kjör fólks sem lenti í svipuðum hremmingum og þeim sem hér hafa verið nefndar. Rætt verður um formlega eða lagalega stöðu fátæks fólks á síðari hluta nítjándu aldar og hvernig alþingismenn ræddu um þennan þjóðfélagshóp þegar málefni hans bar á góma í í þinginu. Einnig verður dregið niður í almennri þjóðfélagsumræðu á tímabilinu eins og hún birtist í blöðum og tímaritum sem og frásögnum úr sjálfsævisögum líkt þeim sem vitnað var til hér að framan. Aðaláherslan verður þó á samantekt millipinganefndar um stöðu þurfamanna árið 1902. Gríðarleg efnissöfnun átti sér stað á vegum nefndarinnar meðal hreppstjóra landsins sem gerði það að verkum að óvenju góð yfirsýn fékkst um málaflokkinn í upphafi tuttugustu aldar. Skráin verður rannsökuð eins nákvæmlega og kostur er og meðal annars könnuð tengsl fátæktar og ætta; hvort fátækt hafi hugsanlega fylgt sumum ættum frekar en öðrum. Tekinn verður út valinn hópur fólks og hann leitaður uppi í uppskriftabókum sýslumanna með það í huga að kanna veraldlegar reytur þeirra sem koma þar við sögu þegar bú þeirra voru gerð upp vegna fátæktar. Beitt verður aðferðum einsögunnar (e. *microhistory*) með það í huga að skoða sérstaklega ákveðna einstaklinga og hvernig þeim reiddi af í þessu kerfi fátæktar sem alþýða landsins bjó við.¹

„Allt í einu bendir Fríða mér út á leitið og segir: „Parna koma mennirnir, sem ætla að kaupa tunnurnar hennar mömmu.“ Það fór að sjást til fleiri manna úr þremur áttum. Hreppstjórinn kom fyrstur manna. Hann leit yfir dótið og talaði eitthvað við mömmu, sem við ekki heyrðum. Þá var farið að selja tunnurnar og fleira.“² Svona segir Hafsteinn Sigurbjarnarson frá í sjálfsævisögu sinni af uppboði á eigum fjölskyldunnar eftir að faðir hans féll frá þegar Hafsteinn var sex ára gamall, en hann var fæddur árið 1895 í Kirkjuhvammshreppi í Húnavatnssýslu. Áður en að uppboðinu sjálfu kom varð hann vitni að samtali hreppstjórans, Eggerts frá Kothvammi, og móður sinnar stuttu eftir lát föður hans árið 1901:

Hún bauð honum inn, en hann kvaðst þurfa að tala við hana einslega og væri bezt að ljúka því af. Ég stóð fyrir aftan mömmu og hélt í kjólinn hennar.

- 1 Sjá eftirfarandi verk um þessa rannsóknaraðferð: Sigurður Gylfi Magnússon og István M. Szijártó, *What is Microhistory? Theory and Practice* (London: Routledge, 2013).
- 2 Hafsteinn Sigurbjarnarson, *Ævisaga Hafsteins Sigurbjarnarsonar Reykholti í Híðakaupstað. Skráð af honum sjálfum* (Reykjavík: Leiftur, 1974), bls. 20.

ar. Feimnin var minn fylgifiskur framan af ævinni. En hvert orð sem þau töluðu þarna saman grópuðust svo í minni mér, að mér finnst þau hljóma fyrir eyrum mér enn í dag. Þá mælti hreppstjórinn: „Eins og þér er kunnugt, athugaði fóðureftirlitsmaðurinn heybirgðir þínar og taldist honum svo til, að þú hefðir hey fyrir skepnur þínar fram yfir sumarmálin. Það er því ákveðið, að uppboð á eigum þínum fari fram fljótlega eftir sumarkomuna, og verði þá um leið leyst upp heimilið. Börnum þínum verður komið fyrir, og er þér leyfilegt að halda eftir einni hirzlu, rúmfötum í eitt rúm og einni skepnu, sem þú mátt ráða hver er.“ Ég þekkti ekki málróf mömmu, þegar hún mælti: „Það hefur ekki farið fram hjá mér, að ég hef neyðzt til að þiggja af sveit, og er ég undir búin að allt sé af mér tekið annað en börnin. Þau á ég sjálf, og þeim sleppi ég ekki.“ Það varð mikið málþóf milli þeirra út af börnunum. Hreppstjórinn kvað það alla sjá, að hún gæti ekki séð fyrir þremur börnum eftir að allar eigur hennar hefðu verið teknar upp í skuld, og ekki væri betra að fara að leyfa henni að hafa börnin eitthvað fram á árið og fara að koma þeim fyrir á miðju ári. Hann krafðist þess, að hún gerði grein fyrir því með hvaða hætti hún hygðist geta séð fyrir börnunum. Hún kvað það koma í ljós síðar. Þegar þau hættu að pexa út af okkur börnunum og hann var búinn að kveðja mömmu, spurði ég hana grátandi, hvort þessi maður ætlaði að taka okkur.¹

Saga Hafsteins er óvenjuleg í þeim skilningi að hann lýsir samskiptum móður sinnar og yfirvaldsins með afar greinilegum hætti, rétt rúmlega sex ára gamall. Einhverjir kunna að draga í efa sannleiksgildi frásagna af þessu tagi en ég er ekki í þeim hópi. Ég hef rökstutt það á öðrum stað að frásagnir frá æskuárum höfunda sjálfsbókmennta geti verið ótrúlega nákvæmar þar sem fólk búi til ákveðna mynd af hverju lífsprepi sem það gengur í gegnum, mynd sem fylgi þeim síðan út allt lífið. Fólk „búi þannig til einstaklinginn“, dragi fram mynd af sjálfu sér sem verður hluti af sjálfsmynd þess. Frásagnir af einstökum dramatískum þáttum hvers lífspreps verða uppistaðan í þeirri mynd sem þannig verður til. Sagan sem hér er sögð er heldur ekki langsótt, enda má halda því fram að þúsundir Íslendinga hafi svipaða sögu að segja og Hafsteinn í kringum aldamótin 1900. Saga þessa hóps verður sögð hér í bókinni frá ýmsum hliðum.

Heimildirnar sem geyma þá sögu eru ríkulegar. Hina persónulegu nálgun byggir ég meðal annars á rannsóknum á tæplega ellefu hundruð útgefnum sjálfsbókmenntum (sjálfsævisögum, endurminningarritum, samtalsbókum og skáldævisögum), gagnagrunn sem ég vann með í bókunum *Framtíð-*

1 Hafsteinn Sigurbjarnarson, *Ævisaga Hafsteins Sigurbjarnarsonar*, bls. 19.

ardraumar (2004) og *Sjálfssögur* (2005).¹ Slíkar heimildir, og aðrar svipaðar, bjóða upp á ýmsar ólíkar nálganir við þetta áhugaverða og mikilvæga viðfangsefni, hvort sem þær eru opinberar eða persónulegar – allar opna þær okkur ákveðna sýn inn í líf fólks sem taldist til fátækasta hluta þjóðarinnar.

Sagan sem hér verður rakin á sér að sjálfssögðu nokkra forsögu í samfélagi nítjándu aldar á Íslandi. Ýmsar breytingar áttu sér stað á síðari hluta aldarinnar sem sköpuðu ný viðhorf til fátæks fólks. Helst má þar nefna búsetuþróun – myndun þéttbýlis – mótnun nýrra atvinnuvega, eins og sjávarútvegs, sem kallaði á töluverðan mannafla á afmörkuðum svæðum við sjávarsíðuna. Síðast en ekki síst má nefna fólksflutninga til Vesturheims.² Allt þetta kom nokkru róti á hugmyndir fólks um samfélagið og hvernig fátækasta hluta þess væri best borgið.³

Sömu sögu er í raun að segja frá löndunum í nágrenni Íslands, bæði á Norðurlöndunum sem og á Englandi. Hugmyndir fólks um fátækt á þessum svæðum tóku miklum breytingum á nítjándu öldinni. Heilmikil vinna var sett í gang við að finna hagfellda leið til að styrkja fátæka einstaklinga til

- 1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 9 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004) og Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur. Minni, minningar og saga*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 11 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005).
- 2 Ekki er hægt að telja upp öll þau rit sem ræða ofangreinda þróun en hér koma nokkur sem skipta máli: Aðalgeir Kristjánsson og Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Félags- og hagþróun á fyrri hluta 19. aldar,“ *Saga XXVIII* (1990); Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 1981); Magnús S. Magnússon, *Iceland in Transition. Labour and Socio-economic Change Before 1940* (Lund: Ekonomisk-historiska föreningen, 1985); Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930. Studies in the Relationship Between Demographic and Socio-economic Development, Social Legislation and Family and Household. Structures* (Uppsálir: Acta Universitatis Upsaliensis, 1988); *Burt – og meir en bjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar*. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 5 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001).
- 3 Gísli Gunnarsson, „Fátækt á Íslandi á fyrri öldum.“ *Ný Saga* 4 (1990), bls. 72–81; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Ómagar og utangarðsfólk. Fátækramál Reykjavíkur 1786–1907* (Reykjavík: Sögufélag, 1982); Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Millipínganefndin í fátækramálum.“ *Saga* 16 (1978), bls. 75–150; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fátækralöggjöfin og íslenska fjölskyldan á 19. öld.“ *Saga og samfélag* (Reykjavík: Sögufélag, 1997), bls. 85–101; Björn Teitsson, „Um fátækramál á Íslandi.“ *Söguslóðir. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni sjötugum* (Reykjavík: Sögufélag, 1979), bls. 31–44; Guðmundur Hálfðanarson, „Börn, höfuðstóll fátæklingans.“ *Saga* 24 (1986); Stefán Ólafsson, *Íslenska leiðin. Almennatryggingar og velferð í jöðljóðlegum samanburði* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999).

sjálfsbjargar.¹ En hvert land eða landsvæði fór sína leið til að koma mál-efnum lágstéttanna í hagfelldara horf. Bæði Guðmundur Jónsson prófessor í sagnfræði og Finnur Jónasson, sem nýverið lauk MA-prófi frá Háskóla Íslands og skrifaði ritgerð um öreiga og aðstöðu þeirra, benda á að gerður hafi verið greinarmunur á „ómaklegum“ þurfamönnum og „maklegum“.² Í samantekt um almennan anda samfélagsins sem knúði á um breytingar á Íslandi og annars staðar segir Finnur:

Viðhorf ráðamanna til fátæktar og þurfamennsku tóku breytingum við lok 19. aldar. Hinar nýju hugmyndir voru litaðar þeim viðhorfum að aðstoða ætti einstaklinga til að vinna að sjálfshjálpi og að gera ætti skýran mun á þeim þurfamönnum sem ættu enga sök á fátækt sinni og þeim sem voru í neyð vegna eigin bresta. Kröfum um endurskoðun fátækraframfærslulaga var mætt þegar sett var á fót millipínganefnd á Alþingi sem hafði að markmiði að rannsaka umfang fátækraframfærslunnar á Íslandi og leggja til endurbætur á gildandi löggjöf. Viðhorf millipínganefndarinnar til þurfamanna var það að þeim skyldi veitt aðstoð. En aðstoðin ætti ekki að vera meiri en það minnsta sem komist yrði af með. Viðtaka styrks skyldi einnig leiða til óþæginda fyrir viðtakandann til þess að fólk segði sig ekki á sveit nema brýn ástæða væri til þess. Af tölum millipínganefndar má sjá hversu lágt hlutfall þurfamanna á landinu öllu var styrkþurfi vegna eigin bresta og hve lítil þörf var á vinnuhúsum fyrir alforhertustu „slæpingja“ landsins.³

Saga aðstæðna í útlöndum verður ekki rakin hér nema sú sem tengist Íslandi og stöðu mála hér á landi á tímabilinu sem er til umræðu. Margt af því sem kom til tals á Íslandi á þessum tíma hélst í hendur við samskonar hugmyndir erlendis, laut sömu lögmálum þegar kom að kostnaði og því sem stjórnvöld töldu að þau gætu varið til þjóðþrifamála. Þó svo að merkja megi áhrif erlendis frá, sem Finnur gerir að umtalsefni í rannsókn sinni, þá tel ég að landlæg íhaldssemi bænda og eignamanna hafi ráðið ríkjum alla nítjándu öldina og vel fram á þá tuttugustu og náð að halda í skefjum þeim sem vildu sækja fram af krafti og bæta hag alþýðumanna í ýmsu tilliti. Þann hóp fylltu

1 Sjá til dæmis Gareth Stedman Jones, *An End to Poverty? A Historical Debate* (New York: Columbia University Press, 2004); Steven M. Beaudoin, *Poverty in World History* (London: Routledge, 2006).

2 Guðmundur Jónsson, „Hjálpi til sjálfshjálpar: Borgaralegar rætur velferðarríkisins á Íslandi.“ *Menntaspor. Rit til heiðurs Læti Guttormssyni sjötugum 5. apríl 2008* (Reykjavík: Sögufélag, 2008), bls. 371–393; Finnur Jónasson, „„Umkomuleysi öreiganna“: Mótun, framkvæmd og viðhorf til íslenskrar fátækralöggjafar frá 1907 til 1935.“ MA-ritgerð í sagnfræði við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands 2015.

3 Finnur Jónasson, „„Umkomuleysi öreiganna.““

einkum menntamenn sem höfðu numið í Kaupmannahöfn og ungt fólk sem sá nýja möguleika verða til, bæði við sjávarsíðuna og í Vesturheimi. Í þessu sambandi er fróðlegt að skoða umræðuna um menntamálin áður en mál-efni fátæktar verða tekin sérstaklega til greiningar og hvaða mynd hún tók á sig á tímabilinu. Til þessa ráðs er gripið þar sem menntamálaumræðan er nátengd almennum högum fólks af lægri stigum og því hlutverki sem ráðamenn töldu að hæfði fátæku fólki.

B. Ólíkar samfélagslegar áherslur

Kveikjan að því umróti sem varð í kringum mennta- og skólamálin var sá málatalibúningur margra skálda og menntamanna er hvatti fólk til að sækja fram á veginn og varð að nokkurs konar vakningu sem greip um sig fyrir miðja nítjándu öldina hjá háum jafnt sem lágum. Það er fróðlegt að skoða þá sögu, eins og ég gerði í bók minni *Menntun, ást og sorg* á sínum tíma, en saga menntamála kom mjög inn á framtíðarmöguleika almennings til lífs-bjargar og almenns þroska og var þannig nátengd meginefni fátækraumræðunnar.¹ Löngun til náms og þorsti eftir fróðleik hjá alþýðu manna fór ekki fram hjá þeim sem lifðu og hrærðust í þessu þjóðfélagi. Margir greinarhöf-undar sem hér verður vitnað í gerðu þetta að umtalsefni og hvöttu til þess að komið yrði til móts við þennan menntaáhuga. Hins vegar voru ekki allir á eitt sáttir um það þegar nær dró aldamótunum, að þessi hreyfing væri landinu til heilla. Einkar fróðlegt er að skoða þá togstreitu sem virðist hafa verið á milli nokkurra ólíkra sjónarmiða í samfélaginu í því augnamiði að undirbúa lesendur undir umræðuna um fátækramálin. Fulltrúar ofan-greindra sjónarmiða virðast hafa komið úr fjórum hópum sem létu mis-mikið í sér heyra um málið:²

- 1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasanfélagi 19. og 20. aldar*. Sagnfræðirannsóknir 13 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997), bls. 113–120. Framar í þessari bók er vísað beint í fjölmargar greinar og frásagnir frá samtímaheimildum sem hægt er að nálgast þar. Hér á eftir verður því farið sparlega í tilvísanir þessara heimilda nema ef nauðsyn krefur.
- 2 Það er ljóst að skipting af þessu tagi er nokkrum vandkvæðum bundin þar sem hóparnir voru á margan hátt svo nátengdir. Sjá umræðu um fulltrúa ólíkra hópa í þjóðfélaginu á nítjándu öld, meðal annars hjá Guðmundi Hálfðanarsyni í doktorsritgerð hans: *Old Provinces, Modern Nations: Political Responses to State Intergration in Late Nineteenth and Early Twentieth-Century Iceland and Brittany*. Cornell University í Bandaríkjunum, 1991, bls. 274–277. Því má bæta við að Guðmundur ræðir þetta víða í doktorsritgerð sinni. Sjá einnig Sigurð Gylfa Magnússon, *The Continuity of Everyday Life: Popular Culture in Iceland 1850–1940*. Doktorsritgerð frá Carnegie Mellon háskólanum í Bandaríkjunum, 1993, bls. 53–57.

Í fyrsta lagi var það almenningur sem svaraði kalli tímans á mjög afgerandi hátt, eins og með því að stofna lestrarfélög, dreifa handrituðum sveitablöðum, koma á fót alþýðuskólum í einhverri mynd og reyna á stundum að afla sér viðbótarmenntunar með ærnum tilkostnaði. Alls staðar var áhuginn mikill og keppst var um að fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum til eflingar landshögum. Framfarir voru alþýðu manna hitamál. Þessi hópur var ekki atkvæðamikill í opinberri umræðu en hins vegar voru ófáir einstaklingar sem töldu sig vita og skilja vilja þessa fólks og langanir, og hikuðu ekki við að koma hugmyndum á framfæri í þess nafni. Á sama tíma gætti ákveðinnar íhaldssemi hjá alþýðunni eins og svo mörgum í sveitasamfélaginu, meðal annars vegna þess að hún átti erfitt með að skilja rök þeirra sem vildu auka veg menntunar í landinu.

Í öðru lagi voru það málsmetandi bændur sem sannarlega hrifust í upphafi af hugmyndinni um aukna menntun sem væri til þess fallin að styrkja þjóðfrelsi landsins. Þegar að útfærslu þessara hugmynda kom á síðustu áratugum nítjándu aldar drógu þeir flestir fætuna. Þeir sáu öll tormerki á útpenslu menntakerfisins vegna kostnaðarins sem því var talinn fylgja eða töldu að menntun væri betur borgið í sama farvegi og hún hafði verið; á heimilunum. Þessi hópur lét mjög í sér heyra þegar á leið nítjándu öldina og einkum eftir að ljóst varð að sveitasamfélagið ætti á brattann að sækja í samkeppninni við þéttbýlið um ódýrt vinnuafl. Fulltrúar þessa hóps sátu bæði í sveitarstjórnum og á Alþingi og höfðu umtalsverð áhrif á gang mála.

Í þriðja lagi voru það fulltrúar hins menntaða hluta borgarastéttarinnar sem á síðustu áratugum nítjándu aldar var fámenn stétt en í örum vexti. Þeir töldu allar forsendur framfara byggjast á því að reistir væru skólar sem víðast, og að allur almenningur ætti að eiga kost á að sækja þá. Menntamennirnir sem létu málið til sín taka voru mjög áberandi í allri umræðunni fram yfir aldamótin, þeirra flokk fylltu margir af helstu andans mönnum þjóðarinnar og nokkrir þeirra komust til formlegra metorða í þjóðfélaginu.¹

Í fjórða lagi voru það valdhafarnir sem raunverulega tóku ákvarðanir um hvað væri landinu fyrir bestu í sambandi við menntamálin sem og flest önnur mál. Þetta var sundurleitur hópur embættismanna sem samanstóð af fulltrúum bænda og borgara. Þar tókust á hin landlæga íhaldssemi meginþorra manna og frjálslýndir straumar nokkurra menntamanna sem aðal-

1 Sjá umfjöllun um þennan hóp í bókinni *Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846–1904*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 7. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004).

lega höfðu numið í Kaupmannahöfn. Sú tilhneiging að fara hægt í sakirnar og steypa þjóðinni ekki í skuldir yfirskyggði löngun þeirra allra til að fleyta þjóðinni fram á veginn. Því voru þau skref sem stigin voru á seinni hluta nítjándu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu í mennta- og fræðslumálum bæði stutt og ómarkviss. Munurinn á ólíkum skólastigum var óljós í umræðu manna um skólamálin og því skildu aðgerðir stjórnvalda eftir sig bil milli óæðri og æðri menntunar sem ungu alþýðufólki reyndist nánast útilokað að brúa.

Þeir sagnfræðingar sem fjallað hafa um menntamál hafa gjarnan komist að þeirri niðurstöðu að þróun þessara mála hafi verið mikil framfarasaga. Að hluta til er hægt að taka undir þá skoðun í þeim skilningi að kveikjan að allri þessari umræðu um miðja nítjándu öld byggðist á þeirri löngun að gera betur, að sækja fram. En umræðan um útfærslu hugmyndanna og síðan framkvæmdin sjálf einkenndist frekar af hræðslu við breytingar og óttann við skuldirnar. Guðmundur Jónsson tekur undir þessa skoðun að hluta til í grein sem hann skrifaði í *Skírni* árið 1995. Hann bendir á að íhaldssemin hafi einkennt þjóðfélagið framan af nítjándu öldinni en þá hafi andi hinna frjálslyndu afla náð yfirhöndinni og eftir 1890 hafi hann ríkt í efnahagslegu tilliti.¹ Guðmundur styður mál sitt eftirfarandi rökum:

Sjálfstæðisbaráttan á efnahagssviðinu tók á sig ýmsar myndir. Stefna Alþingis í fjármálum fram undir fyrri heimsstyrjöld er ágætt dæmi um hvernig þjóðerniskennd gegnsýrði afstöðu manna til mikilvægra landsmála. Halli á landssjóði var litinn óhýru auga vegna þess að hann leiddi til skuldasöfnunar sem gat ógnað fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Opinberar lántökur voru bannorð af sömu ástæðum og það var ekki fyrr en árið 1908 að fyrsta opinbera lánið – Landsímalánið svokallaða – var tekið. Á fyrstu áratugum íslenskrar fjárfjórnar var því rekin sparnaðarstefna á þjóðernislegum forsendum, þar sem þing og stjórn lögðu kapp á að safna fjárlagaafgangi í sérstakan sjóð, viðlagasjóð ... Sjóðurinn óx og dafnaði fram yfir 1890 þar til framkvæmdaglaðir menn náðu yfirhöndinni á þingi.²

Guðmundur telur að Alþingi og framámenn í þjóðfélaginu hafi fljótlega mótað atvinnustefnu sem hafi einkennst af framförum og framsókn með virkri þátttöku ríkisins. Rök hans eru einnig svipuð þegar hann ræðir fátækramálin og þróun þeirra í áhugaverðri grein sem áður hefur verið vís-

1 Guðmundur Jónsson, „Þjóðernisstefna, hagþróun og sjálfstæðisbarátta.“ *Skírni* 169 (vor 1995), bls. 77–89.

2 Guðmundur Jónsson, „Þjóðernisstefna, hagþróun og sjálfstæðisbarátta“, bls. 76.

að til; sífellt fleiri tóku upp frjálslyndari hugmyndir þegar umræðan um fátækt bar á góma.¹

Þessi greining Guðmundar er áhugaverð í ljósi þess sem haldið hefur verið fram hér í þessum kafla. Þegar litið er á orðræðuna í sambandi við menntamál kemur áhugi á framförum fram á mjög afgerandi hátt, en sá áhugi var misjafnlega sterkur eftir hópum. Hér hefur því verið haldið fram að rök flestra bænda og þeirra sem í valdastólum sátu hafi einkenst af því sem kalla mátti „skilyrta framfarastefnu“. Framfarir voru það ef framkvæmdirnar þörfnuðust lítils fjármagns. Það fer ekkert á milli mála þegar umræðan um menntamálin er skoðuð að þessi hugmynd gegnsýrði alla hugsun manna.

Guðmundur Jónsson heldur því fram að árið 1890 hafi Alþingi tekið upp „afdráttarlausa frjálslyndisstefnu í efnahagsmálum“ og það kann að vera rétt en eitt er víst að þetta frjálslyndi einkenndi hvorki menntastefnuna né almenna umræðu um hana og efnisflokka eins og fátækramál á tímanum eftir 1890. Þvert á móti tvíefldust rökin gegn útpenslu skólakerfisins og því var gjarnan borið við að hún myndi aðeins hafa í för með sér enn frekari flóttu úr sveitum landsins. Í vissum skilningi má halda því fram að þessi rök hafi fengið mun formlegri farveg í upphafi tuttugustu aldar. Þar kom ýmislegt til: Umræðan um samspil vinnu og menntunar varð til dæmis mun beittari en áður var. Margir töldu að hér væri um úrslitaatriði fyrir sveitirnar að ræða ef stemma ætti stigu við flutningi fólks þaðan. Það yrði að tengja þessa þætti hversdagslífsins betur saman, en þó mátti litlu til kosta. Því lögðu ýmsir til að gripið yrði til allróttækra aðgerða sem kenndar hafa verið við þegnskylduvinnuna sem átti að vera allra meina bót. Hugmyndir fylgismanna þegnskyldunnar fólust meðal annars í því að kenna fólki að taka til hendinni og læra að meta gildi hennar, nokkuð sem margir töldu að skólarnir kenndu ekki. Þegnskylduhugmyndin var því ekki gripin úr lausu lofti heldur var hún niðurstaða ákveðinna rökræðna um skóla-, uppeldis- og fátækramál sem fram fóru á níjtjándu öld. Hún tengdist síðar hugmyndum ungmennafélaganna og starfi héraðsskólanna og fékk þar nokkurn framgang þó svo þjóðin hafi opinberlega hafnað henni.²

1 Guðmundur Jónsson, „Hjálp til sjálfshjálpar“, bls. 381–382.

2 Þá má og benda á augljós tengsl milli vinnuskólanna í þéttbýli og þegnskylduvinnunnar, en Ingólfur Á. Jóhannesson rekur þau í stuttu máli í sinni bók. Hann kemst síðan að eftirfarandi niðurstöðu um þegnskylduna: „Þegnskylduvinnuhugmyndin átti aldrei verulegan hljómgrunn með þjóðinni.“ Sjá Ingólfur Á. Jóhannesson, *Menntakeiði í mótun: Barna- og unglingafræðslan á Íslandi 1908–1958* (Reykjavík: Ingólfur Á. Jóhannesson, 1984), bls. 34. Það kom í ljós þegar hugmyndinni var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu á mjög afgerandi hátt árið 1916 en málinu var samt sem áður haldið vakandi fram á fjórða áratuginn. Það er hægt að taka undir

Ef staldrað er við stundarkorn og hugað að þessum tengslum þegn-skylduhugmyndarinnar, ungmennafélagshugsjónarinnar og stofnunar héraðsskólanna í lok þriðja áratugar tuttugustu aldar við umræðuna allan seinni hluta nítjándu aldar, blasir við sama grunnhugsunin í allri þessari löngu rökræðu um menntamálin. Byrjum fyrst á þegnskyldunni: Áhugamenn um hana töluðu eins og þjóðfrelsismennirnir um 1850 sem lögðu áherslu á þýðingu menntunar fyrir frelsi landsins; að hverjum manni bæri skylda til að leita eftir menntun til að geta axlað þá ábyrgð sem fylgdi frelsi þjóðarinnar. Þeir skipuðu sér hins vegar á bekk með þeim mönnum sem völdu íhaldsleiðina í menntamálum upp úr 1874, þegar taka þurfti afstöðu til útfærslu fræðslunnar; hún átti að kosta sem minnst og taka mið af verklegri þörf sveitanna.

Grunnhugmyndir þjóðfrelsismannanna og fylgjenda þegnskyldunnar kristölluðust á fyrstu áratugum tuttugustu aldar í ungmennafélagshugsjóninni og fengu síðan nýtt líf og öflugra en nokkru sinni fyrr með hugmyndunum um héraðsskólana og uppbyggingu þeirra.¹ Ef fyrst er litið á þátt ungmennafélagshreyfingarinnar við mótun menntamála á tuttugustu öld þá er ljóst að hún lagði sitt lóð á vogarskálarnar. Talsmenn hreyfingarinnar tóku upp röksemdirnar gömlu sem bændur á nítjándu öld höfðu hvað mest hampað um að menntun skyldi verða að mestu í formi sjálfsnáms. Það var einmitt eitt af lykilatriðum í hugmyndafræði hreyfingarinnar og í því augnamiði stuðlaði hún að félagsskap og fyrirlestrahaldi þeirri hugsjón til styrktar. Framfarahyggja ungmennafélagshreyfingarinnar, sem mjög var haldið á lofti á fyrstu áratugum tuttugustu aldar, laut því hinu aldna lögmáli

þá skoðun Ingólfs að þegnskylduhugmyndin hafi aldrei hlotið almennan hljómgrunn í landinu en hins vegar verður að undirstrika tengsl þegnskylduhugmyndarinnar við aðra umræðu í þjóðfélaginu um vinnu og menntun. Þá kemur í ljós að hún var aðeins einn liður í tillögum manna um að koma skikkán á menntun í landinu án þess að miklu þyrfti að kosta til.

- 1 Um áhrif ungmennafélagshreyfingarinnar hefur mikið verið ritað en þjóðernisleg hugmyndafræði einkenndi mikið hugsjónir meðlima hennar eins og kunnugt er. Sá andi kemur til dæmis skýrt í ljós í grein Guðmundar Hjaltasonar, „Ætlunarverk ungmennafélaganna“. *Skinfaxi* 1 (október 1909), bls. 2–3; 1 (nóvember 1909), bls. 9–10; 1 (desember 1909), bls. 17–19; 1 (janúar 1910), bls. 25–26; 1 (febrúar 1910), bls. 33–35; 1 (mars 1910), bls. 41–42; 1 (apríl 1910), bls. 49–51; 1 (maí 1910), bls. 57–58; 1 (júní 1910), bls. 65–66; 1 (júlí 1910), bls. 75–77; 1 (ágúst 1910), bls. 81–83; 1 (september 1910), bls. 89–90. Athygli ungmennafélaganna beindist eðlilega mikið að sveitunum og gjarnan var litið svo á að aðeins þar þrífist hin eina og sanna íslenska menning. Sjá einnig Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif jölpþjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830–1918* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006).

að hlutirnir væru aðeins til góðs ef litlu eða engu væri kostað til þeirra.¹ Það má því segja að hin íhaldssömu sjónarmið frá nítjándu öld, sem voru, eins og áður hefur verið bent á, mjög undir áhrifum frá þjóðernishyggjunni, hafi fengið nýtt líf á tuttugustu öld með tilkomu ungmennafélags-hreyfingarinnar. Í stað andstöðunnar við erlent vald (sem enn var nokkur í upphafi tuttugustu aldar) sneru fortölurnar nú mest að kaupstaðarþúum.² Hugmyndafræðileg tengsl á milli þjóðernishyggjunnar, íhaldsseminnar og hugsjóna ungmennafélaganna ollu því að skólamál sveitanna tóku hægfare breytingum fram á fjórða áratug tuttugustu aldar.

Á þessum tíma fór héraðsskólahugmyndin að taka á sig fullmótaða mynd. Ekki varð lengur undan því vikist, að álit margra, að kosta einhverju til skólahalds í sveitum. Sífellt fleiri tóku að hallast að þeirri skoðun að héraðsskólarnir myndu stöðva strauminn til þéttbýlisins. Sú hugmynd, sem teygði sig alla leið aftur á nítjándu öldina, að leggja ætti áherslu á nám í hagnýtum störfum sem tengdust landbúnaðinum fékk með héraðsskólalög-unum formlega staðfestingu.³ Umræðan um héraðsskólana var sérstaklega öflug á fyrstu áratugum tuttugustu aldar eins og áður sagði. Héraðsskólahugmyndin var meðal annars studd þeim rökum að börn í sveitum þyrftu mikið síður á formlegri menntun að halda en börn í þéttbýli og því væri réttlætanlegt að reisa héraðsskólana fyrir þá sem eldri væru til þess að þeir þyrftu ekki að hrökklast burt úr byggðarlaginu í leit að meiri menntun. Af þessum ástæðum misstu sveitir landsins ákveðið frumkvæði í þjóðlífinu. Margt annað kom þar til en þó virðist vera nærtækt að ætla að skortur á skipulagðri menntun í sveitum hafi farið að draga dilk á eftir sér þegar kom fram á tuttugustu öldina, en samfara þessari þróun í skólamálum minnkuðu heimilin og fræðslan þar og lífið í kringum kvöldvökurnar dofnaði. Allt bar hér að sama brunni. Sveitirnar misstu sífellt fleiri liðsmenn, en á meðan hikuðu þeir sem voru í forsvari fyrir þjóðina við að stíga skrefið til fulls og styrkja menntakerfi dreifbýlisins. Þar strandaði allt á kostnaðinum.

Þegar þessi umræða hefur verið rifjuð upp og greind er óhjákvæmilegt að spyrja: Varpar hún einhverju nýju ljósi á rannsóknir og þekkingu á fræðslumálum þjóðarinnar á tímabilinu? Hvað höfum við lært af þessari samantekt um stöðu menntunar í landinu? Oft er látið í það skína að þessi

1 Um þessar áherslur má lesa víða í skrifum ungmennafélagsmanna í blaðinu *Skinfaxa*. Sjá til dæmis Björn Guðmundsson, „Til U.F.M.“ *Skinfaxi* 6 (apríl 1915), bls. 37–39.

2 Ólafur Ásgeirsson fjallaði um þetta á eftirminnilegan hátt í bók sinni: *Iðnbylting hugafarsins. Átök um atvinnuþróun á Íslandi 1900–1940*. Sagnfræðirannsóknir 9 (Reykjavík, 1988).

3 Sigurður Gylfi Magnússon, „Fræðslumál sveitanna.“ Sem dæmi um þessa umræðu um héraðsskólana má nefna eftirfarandi grein, en höfundur hennar er ókunnur: „Hvað veldur fólks-eklunni?“ *Þjóðólfur* 66. árg., 18. desember 1919, bls. 37–38.

þróun hafi verið nær ósjálfráð og óhjákvæmileg; nývæðingu þjóðfélagsins hefðu engin bönd haldið. Oft má lesa á milli línanna, eins og í ritinu *Alþingi og menntamálin*, að þróun menntamála í landinu hafi verið ein samfelld sigurganga, þó svo að á stundum hafi menn tekist hressilega á um einstök atriði.¹

Hin opinbera umræða sem fram fór í blöðum og tímaritum á tímabilinu bar með sér talsverð átök sem voru um ýmis grundvallarmál er snertu almenn skilyrði fólks til að njóta lífsgæða á borð við menntun og betri efnahagslegra kosta. Átökin mótuðust af ólíkum viðhorfum málsmetandi manna til þátttöku almennings í þjóðfélaginu og við hvaða skilyrði fólk ætti að byggja upp lífsafkomu sína. Ætla má að þessi umræða hafi haft umtalsverð áhrif á þá sem fylgdust með almennri rökræðu um þjóðmál, en þeir voru margir á nítjándu öldinni. Eins og fram hefur komið lét hæst í þeim sem vildu fara hægt í sakirnar og þeirra rök voru að mestu ríkjandi allt frá áttunda áratug nítjándu aldar fram á þriðja eða fjórða áratug tuttugustu aldar. Þau voru klædd ólíkum búningum en nærðust á sömu hugsun: Að sýna aðhald í fjármálum. Þessi orðræða var hins vegar ekki sú eina sem haldið var á lofti.

Önnur sjónarmið fengu einnig að njóta sín. Það er því algjörlega útilokað að segja til um, út frá rannsóknum á blöðum og tímaritum, hvernig almenningur í landinu tók átökunum um mennta-, skóla- og fátækramálin. Sumir greinahöfundar létu að því liggja að alþýðan hefði haft mikinn áhuga á þessum málum og gert ýmislegt til að auka möguleika sína, til dæmis til mennta. En slíkum vangaveltum verður að taka með varúð þar sem þeir sem um þær fjölluðu höfðu oft ekki aðstöðu til að skilja hagi og hugsun alþýðufólks. Þar að auki kemur ekki fram í neinum smáatriðum hvernig sú löngun leystist úr læðingi, né hvort henni varð nokkurn tíma fyllilega svarað. Umræðan úr blöðum og tímaritum gefur því aðeins til kynna að skoðanir manna á málaflokkunum sem tengdust alþýðumönnum hafi verið skiptar nær allt tímabilið og að málefnið hafi náð athygli fólks af öllum stigum.

Ef hægt er að tala um að framtíðarsýn stjórnvalda hafi einkennst af „skilyrtri framfarastefnu“ þá er engu líkara en að stór hluti alþýðu hafi haft það sem kalla mætti „ótakmarkaða framfaraprá“, ef marka má ýmsa

1 Sjá Guðmund Finnogason, *Alþingi og menntamálin*. Saga Alþingis V (Reykjavík: Alþingis-sögufélag, 1956), bls. 97–118. Sem dæmi um þennan tón í ritinu má nefna umfjöllun um lögin frá 1880 en þar kemur eftirfarandi fram: „Umræður um nefndarálit sýna, að þingmönnum var ljós nauðsynin á þessari löggjöf, og var lokið lofsorði á það af fleirum en einum, að frumkvæðið kæmi frá bónda.“ Guðmundur Finnogason, *Alþingi og menntamálin*, bls. 98. Því má svo bæta við að lög þessi gengu furðu skammt í öllum kröfum en þó fá þau þá einkunn í ritinu *Alþingi og menntamálin* að þau hafi verið „til mikilla bóta“.

greinahöfunda frá þessum tíma. Ef þessi fullyrðing á við rök að styðjast vaknar eftirfarandi spurning: Hvernig stóð á því að ungt fólk hafði áhuga á framfaramálum og hvernig bar það sig að við hinar erfiðu aðstæður sem menginþorri fólks bjó við á þessu tímabili? Hér á eftir verður reynt að nálgast þessi álitamál frá ýmsum hliðum sem tengjast framfærslu fátæks fólks og lífssýn þess.

C. Formleg staða fátækra og umfjöllun um málefni þeirra á Alþingi

Athyglisvert verður að teljast að málefni fátækra, bæði í sambandi við almenna afkomu sem og menntamál, voru heilmikið í deigluinni á síðari hluta nítjándu aldar. Menn skiptust í tvo hópa á Alþingi Íslendinga, annars vegar þeir sem gerðu sér ljóst að þessi málaflokkur þyrfti endurskoðunar við og hins vegar þeir sem vildu engu breyta nema þá helst þannig að herða reglur um rétt þurfamanna. Reglulega voru bornar fram tillögur sem miðuðu að því að auka réttindi fátæks fólks. Skorað var í því sambandi á landsstjórnina að hlutast til um að samin yrðu ný lög um fátækramál sem gerðu ráð fyrir meiri og betri réttindum fátækra. Það er skemmst frá því að segja að slíkar tillögur voru jafnan felldar. Höfundar bókarinnar *Alþingi og félagsmálin* telja að þar hafi mestu ráðið „... að stjórn eða þing þóttist ekki geta annað þessu vegna kostnaðar.“¹ Sú var reyndar niðurstaðan í fjölmörgum öðrum málum; ég hef vísað til þessarar hugmyndafræði hér að framan sem „skilyrtrar framfarastefnu“ – hlutirnir máttu ekkert kosta!² Réð þar mestu landlæg íhaldssemi þeirra sem réðu, einkum þess hluta bændastéttarinnar sem eignirnar átti.

Guðmundur Jónsson sagnfræðingur hefur tekið saman helstu ráð sem bændasamfélagið notaði til að sporna gegn fátækt.³ Í fyrsta lagi voru öreigagiftingar stranglega bannaðar en slíkt ákvæði var hugsað til að koma í veg fyrir að fólk yrði fátæktinni að bráð; lausamennska, húsmennska og vistarskyldan voru sömuleiðis ráðstafanir sem voru hugsaðar með svipuðum hætti – hver fyrir sig laut ákveðnum lögum og reglum til að halda samfélaginu í föstum skorðum.⁴ Í öðru lagi kváðu lögin á um skyldufram-

1 Jón Blöndal og Sverrir Kristjánsson, *Alþingi og félagsmálin*. Saga Alþingis IV (Reykjavík: Alþingissögufnd, 1954), bls. 16.

2 Sigurður Gylfi Magússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 113–120.

3 Guðmundur Jónsson, „Hjálp til sjálfshjálpar“, bls. 372–375.

4 Um þessa síðustu þætti fjallar doktorsritgerð Vilhelms Vilhelmssonar á mjög upplýsandi hátt. Sjá Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk? Vald og andóf á Íslandi á tímum vistarbands*. Doktorsritgerð frá Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands 2015.

færslu skyldmenna sem og hjúa í veikindum. Í þriðja lagi var um að ræða fátækraframfærslu hreppanna þegar skyldmennirnir fundust ekki. „Hún var elsta og mikilvirkasta „velferðarstofnunin“ allt frá goðveldisöld fram á fyrstu áratugi 20. aldar,“ segir Guðmundur í grein sinni „Hjálpar til sjálfshjálpar“ sem hér hefur verið vísað til. Guðmundur bætir síðan við að „[f]ramfærslukerfið var skilgreint afkvæmi fátæktarsamfélagsins, mótað af harðri lífsbaráttu íbúanna.“ Guðmundur skýrir þetta enn frekar með eftirfarandi hætti þegar hann bendir á að fátækraframfærslan hafi verið,

fjármögnuð með fjórðungi tíundar sem lögð var á búandi menn í hverjum hreppi. Aðstoð hreppsins við fátæka var tvíþætt. Annars vegar framfærði hann ómaga sem fæddir voru innan hreppsins, og var hér aðallega um að ræða munaðarlaus börn, líkamlega eða andlega fatlað fólk og gamalmenni. Ómagar voru vistaðir hjá bændum í hreppnum og réðst framfærslutíminn af efnahag þeirra. Hins vegar veitti hreppurinn sveitarstyrk til búandi manna sem ekki gátu aflað sér og fjölskyldu sinni nauðsynlegs lífsviðurværis. Voru þeir kallaðir þurfamenn eða þurfabændur og var hér um að ræða ýmist kvænta menn með fjölskyldu, ekkjur og ekkla með börn eða einhleypar konur með börn. Svo virðist sem algengast hafi verið í venjulegu árferði að setja fátæklinga niður fremur en að veita fjölskyldum aðstoð.¹

Hér var því um að ræða margþætt úrræði sem fátækt samfélag hafði komið sér upp, bæði til að styrkja þá sem áttu undir högg að sækja og vernda þá sem betur stóðu fyrir frekari ánað.

Umræðurnar á þingi nær allan síðari hluta nítjándu aldar lituðust af þessum tveimur ólíku sjónarmiðum sem nefnd voru hér að framan; nauðsyn þess að taka tillit til þarfa þurfalinga eða herða kosti þeirra sem til hópsins töldust. Árið 1834 voru til dæmis gerðar breytingar á lögum um fátækramál sem fólu í sér nokkur afgerandi atriði. Þau helstu voru að a) förumennska var bönnuð, b) tómthúsmennska skyldi takmörkuð, c) frændaframfærsla var bundin við beinan legg (upp og ofan eins og sagt var), d) fæðingarhreppur hélt áfram að vera framfærslustaðurinn, e) til þess að því yrði breytt varð viðkomandi að hafa dvalið lengur en fimm ár á sama stað en þannig öðlast sá hinn sami sveitfesti, aðeins þó að hann eða hún hefði ekki þegið þar sveitarstyrk. Nokkur önnur atriði voru og nefnd en aðalatriðið var þó að blátt bann var lagt áfram við „öreigagiftingum“ sem náði til þeirra sem höfðu þegið sveitarstyrk eða höfðu notið aðstoðar sveitarfélagsins í einhverju formi.

1 Guðmundur Jónsson, „Hjálpar til sjálfshjálpar“, bls. 374.

Fram að þessum tíma höfðu afar litlar breytingar verið gerðar á fátækralögunum frá gildistöku Jónsbókar 1280. „Hreppstjóra-instrúxið“ (Instrúx fyrir hreppstjórnarmenn á Íslandi), sem svo var nefnt, var samið af Magnúsi Stephensen 1808 með það í huga að breyta skipun fátækramála og koma þeim í fastar skorður. Gísli Ágúst Gunnlaugsson sagnfræðingur taldi að um hafi verið að ræða fyrstu tilraun til að tryggja fátæku fólki mannsæmandi meðferð, nokkuð sem rekja má til nýrra viðhorfa frá upplýsingarstefnunni úti í heimi. Lögð var áhersla á að banna hreppaflutninga á þunguðum konum, að ómagar fengju viðeigandi aðhlynningu, bæði líkamlega og andlega, og fleiri ákvæði í svipuðum dúr.¹ Magnús samdi svo „Handbók fyrir hvern mann“ sem var ætlað að útskýra „Instrúxið“.

Nánast engin breyting var svo gerð á málaflokknum frá 1834 fyrir en eftir að starf millipinganefndar um fátækramál frá 1902 til 1905 lá fyrir. Þó voru á þessu tvær undantekningar: Árið 1848 var sveitfestitími lengdur í 10 ár og árið 1887 var samþykkt á þingi frumvarp um sveitarstyrk og fúlg. Aðalbreytingin þar var sú að litið var á sveitarstyrk (fúlg) sem skuld sem hægt væri að losa sig við og sveitarstjórnin gat tekið tryggingu fyrir þeirri skuld í eignum styrkþegans. Auðvitað voru samþykktar á Alþingi ýmsar tilskipanir sem tóku til þeirra stétta sem fátækt fólk tilheyrði, einkum tilskipanir um lausamennsku, tómthúsmenn, þurraþúðarmenn, húsfólk og vinnuhjú en þær verða ekki ræddar á þessum vettvangi.²

Þótt breytingarnar hafi verið hægfara, eða litlar sem engar, þá fór af stað gríðarlega mikil umræða um fátækramál í lok áttunda áratugar nítjándu aldar en sérstaklega eftir 1889, eins og áður hefur verið nefnt. Millipinganefnd reyndist þó vera stóra stökkið í þessum málaflokki eins og síðar verður vikið að. Gísli Ágúst Gunnlaugsson, sem fjallaði um störf hennar í ítarlegri grein í *Sögu* 1978, segir um stöðu þessa fólks:

Eins og þar kom fram [í skýrslu millipinganefndar] var réttindaleysi þurfa-
manna nær algert. Þeir nutu ekki stjórnmalaréttinda (kosningaréttar og
kjörgengis), svipta mátti þá fjárforræði, þeir máttu ekki kvongast nema að
fengnu leyfi sveitarstjórna, fjölskyldur þeirra mátti leysa upp og setja niður,
auk þess sem flytja mátti þá nauðungarflutningum á framfærslusveit sína,
svo dæmi séu tekin. Við þetta bættist, að þeir urðu í einu og öllu að lúta vilja
sveitarstjórna og fara í hverju þá viðunandi vist, sem sveitarstjórn ákvað.³

1 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Ómagar og utangarðsfólk. Fátækramál Reykjavíkur 1786–1907* (Reykjavík: Sögufélag, 1982), bls. 19–20.

2 Sjá í þessu sambandi doktorsritgerð Vilhelms Vilhelmssonar, *Sjálfstætt fólk?*

3 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Millipinganefndin í fátækramálum“, bls. 130–131.

Gísli Ágúst bendir á að tvennt hafi í raun ráðið úrslitum um félagslega stöðu þessa hóps fólks: Í fyrsta lagi hvaða atvinnustétt fólkið tilheyrði og í öðru lagi viðhorf samfélagsins til aðstæðna þess. Langflestir voru efnalitlir bændur, húsfólk, þurrabúðarmenn og lausamenn, auk þess sem í þessum hópi voru auðvitað niðursetningar og munaðarlaus börn. Til að komast út úr þessari stöðu þurfti töluvert átak; það að kaupa sig lausan frá vistarskyldunni kostaði sitt. Og Gísli Ágúst bætir við:

Þrátt fyrir ákvæði af þessu tagi voru þeir, sem til þessara atvinnustétta töldust, iðulega svo efnalitlir, að tiltölulega lítið þurfti út af að bera til að þeir lentu á vonarvöl. Efnalitlir bændur áttu það einkum á hættu, að barnaómegð og illt árferði kippti grundvellingnum undan búskap þeirra. Þeir sátu oft afrakstrarlitlar jarðir og höfðu eigi ráð á að vinna á þeim umfangsmiklar jarðarbætur. Auk þess hamlaði sú löggjöf, er gildi um leiguliða (Lög um bygging, ábúð og úttekt jarða, 1884), því beinlínis, að efnalitlir leiguliðar ynnu þær bætur á ábúðarjörðum sínum, sem þörf var á. Af þessu leiddi, að grasbrestur, hafísár, náttúruhamfarir eða tímabundin veikindi, gátu orðið þess valdandi, að stór hluti efnalítilla bænda yrðu að leita á náðir sveitastjórna með framfæri sitt.¹

Aðstæður fátæks fólks voru að þessu leyti nær vonlausar. Það sama átti einnig við um þurrabúðarmenn, húsfólk og lausafólk – allur þessi hópur bjó við afar þröngan kost og vann við störf sem voru stopul og oft árstíðabundin. Í það minnsta virtist fátæku fólki erfitt að finna þá fótfestu sem nauðsynleg var til að sjá sjálfu sér og sínum farborða.

Fyrir liggur að störf millipinganevndarinnar voru ekki byltingarkennd þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar á lögnum í kjölfar vinnu hennar. Það sem markar einkum tímamót er hin gríðarlega efnissöfnun nefndarinnar, þar sem teknar voru saman upplýsingar um stöðu fátækra í landinu um og upp úr aldamótunum sem birtar eru hér aftar í bókinni. Vissulega braut sú vinna í blað hvað varðar stöðu þessa málaflokks því þarna fengu í fyrsta skiptið haldgóðar vísbendingar um hver staða fátæks fólks í landinu væri. Staðreyndin var einfaldlega sú að 7,8% landsmanna hafði notið opinberra styrkja eða samtals 6098 einstaklingar. Þessi tala er fengin með því að skoða þá 2186 styrki sem voru veittir þetta árið. Fjöldi þeirra sem nutu styrkjanna voru fjölskyldur þurfamanna (eiginkonur og börn), alls 5003. Þurfalingar, eins og þeir voru nefndir, náðu þessum fjölda að einstæðingum meðtöldum.²

1 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Millipinganevndin í fátækramálum“, bls. 131–132.

2 Sjá skýrslu Guðjóns Guðlaugssonar sem birt er hér aftar í bókinni.

Til samanburðar má benda á að Björn Teitsson skoðaði tölur yfir þurfamenn á átjándu öld og fram kemur í greiningu hans að flestir hafi þeir verið 1703 eða 15,5% landsmanna. Hann byggir þær tölur á manntalinu sem þá lá fyrir og var meðal annars ráðist í að taka til að kanna stærð þessa þjóðfélagshóps.¹ Björn bendir á að þessi tala hafi farið niður í 4,6% í upphafi nítjándu aldar eða 1801. Hann skýrir muninn út frá tíðarfari á landinu áður en tölurnar voru fengnar sem og tíðni sótta. Björn telur að síðari talan bendi til þess að þá hafi fjöldi þurfamanna aldrei verið minni en hann dregur þá almennu ályktun að tölurnar hafi sveiflast mikið á milli ára og jafnvel byggðarlaga.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson bendir á að fjölmargir aðrir hafi notið beinna eða óbeinna styrkja í samfélaginu, einkum þeir sem voru á framfæri einkaaðila; það er þeir sem nutu lögboðinnar frændaframfærslu. Einnig má þar telja með ólögbundna framfærslu skyldra eða óskyldra einstaklinga. Ekki liggur fyrir hve stór sá flokkur hefur verið en talan 7,8% landsmanna er ein og sér sláandi. Hafa ber í huga að mjög stór hluti landsmanna, til viðbótar þeim sem að framan eru taldir, var í flokki fólks sem bjó við þær aðstæður að þurfa við minnstu áföll að leita eftir styrk til sinnar sveitar. Þegar allt kemur til alls þá var gríðarlega stór hópur sem bjó við fátækt í einni eða annarri mynd í upphafi tuttugustu aldar og enn stærri sá hópur sem átti á hættu að lenda í aðstæðum sem leiddu til fátæktar og efnahags- og félagslegra þrenginga af ýmsu tagi; að missa til dæmis sjálfstæði sitt, tengsl við fjölskyldumeðlimi sína og lífsviðurværi.

Gísli Ágúst tekur ágætlega saman hver voru helstu ákvæði nýju laganna um fátækramál þegar hann bendir á að tekið hafi verið fram í lögnum að

fátækrastrýkur skyldi veittur öllum þeim, er ekki gátu séð sér og sínum farborða sakir veikinda, fátæktar eða atvinnuskorts, eða af öðrum ástæðum. Sveitfesti var áfram bundin við 10 ára dvöl í hreppi eftir 16 ára aldur og þeginn sveitarstrýkur var álitinn skuld við sveitarsjóð, er þó mætti gefa upp, er 5 ár voru liðin frá því að maður þáði af sveit. Niðurboð á framfærslu þurfamanna voru bönnuð og sóknarprestar skyldu fylgjast með því, að þurfamenn væru eigi harðrétti beittir. Misbrestur á þessu efni skyldu sóknarprestar kæra fyrir lögreglustjórum, sem áttu að hafa eftirlit með fátækrastrjórn ... Færi þurfamaður á sjúkrahús að læknisráði, bar framfærslusveit hans að kosta dvölinn allt að 200 kr., en landssjóður að greiða umframkostnaðinn, þó ekki nema fyrir tvo þurfamenn úr sama byggðarlaga í senn.²

1 Björn Teitsson, „Um fátækramál á Íslandi“, bls. 42–43.

2 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Millipínganefndin í fátækramálum“, bls. 145–146.

Gísli Ágúst bendir einnig á að lögin hafi engu breytt um þá réttarskerðingu sem fátækt fólk sem þurfti að þiggja af sveit var beitt. Fjárforræði þess var tekið af því sem og öll stjórn málaréttindi og breyttist það ekki fyrr en árið 1935 með nýju fátæktarlögunum.¹

Þó að þessi málaflokkur hafi lítið þokast áfram með formlegum hætti á nítjándu öld og aðstæður fólks hafi verið jafn daprar og að framan greinir þá eru viðhorfin sem fram koma í umræðum þingmanna allrar athygli verð vegna þess að þar voru látnar í ljós skoðanir sem virtust hrópa á breytingar. Engum vafa er undirorpið að umræður á þingi á síðari hluta nítjándu aldar höfðu heilmikil áhrif á hvernig tekið var á málunum af millipínganefndinni í upphafi þeirrar tuttugustu. Af þeim ástæðum verður hér á eftir gerð grein fyrir ýmsum viðhorfum sem var haldið á lofti áratugina á undan í almennum umræðum á þingi. Líklegt er að þau skýri hina endanlegu niðurstöðu fátækramála sem birtist í frumvarpinu í upphafi tuttugustu aldar. Tekið skal fram að hér verður aðeins stiklað á stóru enda voru umræðurnar afar umfangsmiklar út alla nítjándu öldina.

Árið 1847 kom til tals á Alþingi sá árafjöldi sem þyrfti til að einstaklingar öðluðust sveitfesti í því byggðarlagi sem þeir bjuggu í.² Þar kom meðal annars fram vilji ýmissa þingmanna til að fella úr gildi þann rétt sem þurfamenn hefðu þá þegar öðlast, þannig að staða þeirra yrði látin ganga til baka. Þessu mótmæltu menn á borð við Pál Melsted: „... það væri frábrugðið öllum réttum lagareglum og lagasetningum, að vilja nú gjörsamlega afmá þann 5 ára hrepp, sem áður hefði gilt eptir löggjöfinni; og með því væri brotinn réttur á öllum þeim þurfamönnum, sem eptir henni hafa einhversstaðar unnið sér framfæri“ (118). Annar þingmaður, Assessor Johnsen, spurði hvaða réttlæti það væri að senda þurfamann hreppsflutningum, „... enda þó hann hafi unnið þar baki brotnu, staðið í öllum skilum, og áunnið sér hylli manna og velvild, að hann þá skuli hrekjast þaðan á fæðingarhreppinn, þar sem nú allir, eptir margra ára fjarveru, líta til hans hornauga“ (121–122). Þingmaðurinn lagði svo til að kannað væri hvernig framfærsluskyldan skiptist eftir hreppum, sérstaklega með tilliti til landfræðilegrar legu þeirra. Síðan var samþykkt að fara þess á leit við konung að hann breytti lögunum þannig að sveitfesti öðluðust menn eftir tíu ára búsetu í sama hreppi.

1 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Millipínganefndin í fátækramálum“, bls. 146.

2 Sjá „Frumvarp til opins brjefs um breytingu á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til þess að eignast sveit eftir reglugj. 8. janúar 1834.“ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* Vb. A 1–4; 17, 113–35, 151–55, 193. – Op. br. 6. VII. 48.

Árið 1877 lagði Arnljótur Ólafsson þingmaður fram frumvarp um atvinnufrelsi.¹ Rökstuðningur hans er athyglisverður því þar gerði hann skarpan greinarmun á frjálsu vinnuafli sem hann vildi að nyti algjörðs frjálsræðis og svo hinna sem höfðu þegið af sveit sem hann flokkaði sem „ónyttjunga og letingja“. Arnljótur hvatti þingheim til að losa um fjötra á húsmönnum og lausamönnum með þessum orðum: „Hjedað af skyldi ekkert harðara band vera á húsmönnum og lausamönnum en öðrum mönnum; þeir fjötrar, er lögin hefðu sett á atvinnufrelsi þeirra manna, skyldu eigi frammar vera til.“ Hann kvaðst vona það og treysta því, að deildin væri nú orðin svo frjálslynd, að þótt stjórnfrelsið væri eigi búið að standa lengur en þetta, þá geymdi hún samt þá frelsistilfinningu í brjósti sínu, að hún segði með sjálfri sér: „Nú er tími til kominn að af nema lög þessi, er um langan tíma hafa verið landi og lýð til minnkunar“ (401). Hann benti á, að þótt húsmenn og lausamenn hefðu ekki kosið þingmennina, þá mundu þingmenn þó vita, að sá frelsisneisti lifði í brjóstum manna þessara, að þeir mundu óska þess, að mega vinna fyrir sér á þann hátt, er þeir helst kysu.

Arnljótur hafði mörg orð um óréttlæti það sem blasti við þessum stéttum. Þórarinn Böðvarsson tók mjög í sama streng og Arnljótur þó svo að hann teldi erfitt að rata meðalveginn í þessu sambandi. Hann taldi til dæmis erfitt að sjá fyrir sér að hver sá sem þyrfti tímabundna hjálp sveitarfélagsins yrði sviptur öllum þeim réttindum sem lögin gerðu þá ráð fyrir vegna þess „að sá, sem sviptur væri frelsi sínu, mundi leggja árar í bát og biðja sveitarstjórnina að ráða úr, hvernig færi. Þessi ákvörðun yrði að líkindum til þess, að auka sveitarþyngslin úr hófi“ (402). Frumvarpið var felld við fyrstu umræðu.

Árið 1885 var lagt fram frumvarp sem ekki varð útrætt í það skiptið um að sveitarstjórnir mættu veðsetja allar eigur manna sem þáðu af sveit og hefðu forgang að eignum þeirra ef þeir greiddu ekki upp skuldina.² Aftur á móti var gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ef þurfamaður greiddi skuldina væri hann laus allra mála og fengi það upp á skrifað frá sveitarstjórninni. Þá var gert ráð fyrir að þurfamaðurinn yrði að taka alla þá vinnu sem honum væri boðin. Hann eða hún gætu ekki vikið sér undan því. Flutningsmaður frumvarpsins, Skúli Þorvarðarson, tók af allan vafa um hver væri tilgangur frumvarpsins, nefnilega „... að skilja frá aukinn rjett sveitastjórna gagnvart þurfamönnum, og hins vegar takmarkaðan rjett þurfamanna í tilliti til

1 „Frumvarp til laga um atvinnufrelsi og rjett sveitlægra manna.“ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1877 – II 400–402. Felld.

2 „Frumvarp til laga um takmörkun á fjárforræði þurfamanna, er þiggja sveitarstyrk.“ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1885 – C 267, 323; A 278, 307, 341; B 1168, 1286–89, 1300.

aðgangs að sveitarsjóðunum“ (A 278). Þá komu fram þær raddir í þinginu að alþýða manna vildi fá skýrar reglur um stöðu sína og að þingið hafi legið undir ámæli fyrir aðgerðaleysi.

Í þessari umræðu á Alþingi árið 1885 kom fram athyglisvert sjónarmið frá Eiríki Kúld sem var nokkuð annað en þau sem að framan hafa verið rakin:

Stefna frumv. er mjög ófrjálsleg, þar sem gert er ráð fyrir, að binda hendur þeirra, sem þó með sönnu má segja, að ekki eigi það fullkomlega skilið. Það fer nefnilega fram á, að sveitarstjórnin geti þröngvað mönnum til að fara í vist. Nú skulum við taka dæmi, að það sjeu fátæk hjón, sem sveitarstjórnin vill aðskilja, og skipa í vist, sínu á hvert heimili. Þetta er ekki samkvæmt því, sem vera ber, að sveitarstjórnin skuli geta aðskilið hjón, sem máské unnast hugástum, aðeins vegna fátæktar, og svipta þau þannig þeim rjetti, sem þeim ber, til að lifa saman, bæði eptir guðs og manna lögum. Því að hjón geta lifað saman í kristilegum kærleika, þó þau sjeu fátæk (B 1168).

Flestir þingmenn voru þó þeirrar skoðunar að málinu ætti að veita brautargengi. Í annarri umræðu vék Þorlákur Guðmundsson að þessari skoðun Eiríks Kúld með eftirfarandi orðum: „Það er ekki almennt, að sá hörkuandi ríki á Íslandi, að lög þessi mundu verða misbrúkuð svo, að þau kæmu niður á heiðarlegri fátækt; það mundi einungis verða óráðsmenn og letingjar, sem fyrir lögunum yrðu, og það eru þeir, sem þau eiga að miða á“ (B 1287). Það var loks Halldór Kr. Friðriksson sem hleypti öllu í bál og brand þegar hann sparaði þingheimi ekki glósurar. Hann endaði ræðu sína með eftirfarandi orðum: „Þetta frumvarp er svo ófrjálslegt, sem unnt er. Það fellur ef til vill í smekk sveitarstjórnanna; en í smekk þurfalinganna mun það aldrei falla“ (B 1288–1289). Broddurinn í máli Halldórs fólst einkum í því að styrkur sá sem veittur væri þeim sem á þyrftu að halda væri ekki lán, heldur bæri að líta á hann sem skyldu samfélagsins til að aðstoða þá sem ættu um sárt að binda. Halldór bætti svo við:

Jeg kannast ekki við, að það er orðinn hugsunarháttur allt of margra, að sveitin sje ekki of góð til að annast sig, og þeirri skaðlegu skoðun þarf að út rýma. Til þess eru tveir vegir. Annar er sá, að breyta hugsunarhættinum með því að vekja sómatilfinninguna; hinn vegurinn er sá, að enda þótt menn hjálpi, láti menn það þó vera svo af skornum skammti, að það sje þurfa-manninum hvöt til að hjálpa sjer sjálfur framvegis. Pennan veg hef jeg notað, og hefir hann komið mjer að góðu gagni. Enn sá vegur, sem frv. fer fram á, er sannarlega ekki sá rjetti vegur til að ljetta sveitarþyngslum (B 1239).

Jón Ólafsson tók þá til máls og hans viðhorf draga fram rök sem sannarlega voru dæmigerð fyrir stóran hóp fólks sem lét í sér heyra á þessum tíma:

Að sveitastjórnunum sje gefin heimild til að skilja hjón, get jeg ekki sjeð að sje svo mjög ófrjálst; að minnsta kosti er það alveg nauðsynlegt, ef ávöxturinn af sambúð þeirra er, eins og opt vill verða, aðeins sá, að hlaða niður börnum, sem öll lenda á sveitinni. Það er ekkert frelsi í því, að láta þá, sem eru sjálfbjarga, liggja undir takmarkalausum skatta-á-löguvaldi þeirra sem ekki nenna að bjarga sjer, eða geta bjargað sjer. Það er nóg, að ósjálfbjargamaðurinn getur heimtað forlagseyri henda sjer og sínum af sveitinni, þótt hann fái ekki líka einkaleyfi til að búa henni til nýja ómaga árlega með barnagetnaði. Sá, sem ekki getur fram fært börn af eiginn rammleik, hefur engan siðferðislegan rjett til að geta börn. Ósjálfbjarga menn hafa engan siðferðislegan rjett til að æxlast (B 1293–1294).

Frumvarpið var síðan samþykkt með fimmtán atkvæðum gegn fjórum og afgreitt til landshöfðingja sem lög frá Alþingi.

Árið 1891 var tekin fyrir þingsályktunartillaga vegna fátækramálanna sem var felld.¹ Flutningsmaður tillögunnar, Jens Pálsson, hafði greinilega mikla samúð með þurfamönnum og taldi afar brýnt að endurskoða þessi 60 ára gömlu lög. Indriði Einarsson, sem einnig tók til máls, taldi að fátækralögin og allar aðstæður fátæks fólks hefðu ýtt undir fólksflutninga af landinu:

Hvað kemur til, að menn flytjast hópum saman úr sveitum, og keppa eptir því, að komast í þurrabúð í sjóplássum? Af hverju nema því, að þeir treysta sjer betur til að hafa ofan af fyrir sjer og hyski sínu þar, en heima fyrir, og þá þegar hann er búinn að vera þar eitt eða tvö ár, þá tekur sveitarstjórnin eða bæjarstjórnin í taumana, og hrekur hann heim á sína sveit, sem hefir það í för með sjer, að af þessum hrakningi er hann orðinn svo fátækur þegar heim kemur, að hann kemst ekki lengur hjá því að fá styrk; af þessu leiðir aptur það, að sveitarþyngsli vaxa ár frá ári og knýr það menn af landi burt til Ameríku svo þúsundum skiptir (B 1596–1597).

Indriði lagði áherslu á að löggjöfin væri endurskoðuð því hann taldi „... að fátækralöggjöfin, eins og hún nú liggur fyrir, sje blettur á íslenzkri löggjöf, bæði í þjóðmegunar- og siðferðislegu tilliti“ (B 1598). En félagar þessara tveggja á þingi voru annarrar skoðunar. Árni Jónsson vildi til dæmis afnema

1 „Tillaga til þingsályktunar útaf fátækramálum.“ *Alþingistíðindi* 1891 C 429; B 1583 – Felld. Sjá einnig „Frumvarp til laga um flutninga þurfamanna.“ *Alþingistíðindi* 1895 C 167; B 158, 1614, 1644, 1723. Ekki útrætt en efnið og umræðan í sambandi við þetta frumvarp var á mjög líkum nótum og við þingsályktunartillöguna frá 1891.

rétt fólks til að fá sveitarstyrk og taldi vænlegast að það treysti bara á guð og góða menn. Hann sneri eiginlega upp á rök þeirra Indriða og Jens Pálssonar með eftirfarandi hætti: „Á þessum mannúðartímum er engin hætt á, að menn sjeu látnir velta út af úr eynd og sulti. Jeg verð að álíta það skaðlegt, að hverjum einum sje þannig lögheimilað að heimta styrk, hvernær sem björg þrýtur fyrir honum allt frá vöggu til grafarinnar, hvernig sem hann hefir spilað úr kröptum sínum og fjármunum. Það elur upp í mönnum kæruleysi og jafnvel metnað yfir, að eiga þessa eða hina sveitina. Jeg vil loka þessum breiðu hreppsdyrum, afnema þennan rjett og láta menn heldur treysta á mannúð og drenglyndi, þegar þá dagaði uppi“ (B 1600).

Óhætt er að segja að þingmenn hafi skipst í þessa tvo hópa sem hér hafa verið dregnir fram; þeir sem vildu styðja fátæka til bjargar og hinir sem vildu hemja útgjöld sveitarstjórnanna. Heldur virðist það viðhorf hafa verið ríkjandi sem Þorlákur Guðmundsson reifaði í sinni þingræðu: „Menn verða að játa það, að margir eru fátækir og þurfamenn vegna leti og ómennsku; þeir leita til sjávarins af því, að þeir halda að þeir þurfi að hafa þar minna fyrir lífinu; þeir ala þar upp börn í leti og ómennsku og lifa á annara sveita; þetta er lítið rjettlæti, og engin ástæða sýnist til að hlynna að því, að slíkir menn fái að vera sjálfum sjer ráðandi“ (B 1610). Þingmaðurinn hafði greinilega horn í síðu fólksins sem bjó við sjávarsíðuna og í Reykjavík – taldi að þar þrífist ómennskan hreinræktuð. „Það er mannmergðin,“ bætti Þorlákur við, „sem eyðileggur atvinnuvegin, því að þó vel fiskist á einhverjum bletti um stund, þá er fjöldinn svo mikill um það, að fiskurinn er á skömmum tíma urinn upp eða flæmdur burtu“ (B 1610). Rök af þessu tagi hrifu og þingsályktunartillagan var felld.

Árið 1897 var lagt fram frumvarp til laga sem hafði það nýmæli fram að færa að hver sá maður sem hafði dvalið eitt ár í einhverjum hreppi eða bæjarfélagi skyldi hafa þar rétt til framfærslu ef hann hefði ekki þegið sveitarstyrk fimm ár á undan í öðru sveitarfélagi.¹ Almennt má segja að þetta og önnur ákvæði frumvarpsins hafi miðað að því að draga úr hinum illræmdu sveita- eða hreppaflutningum. Hér voru sem sagt lagðar fram tillögur sem töldust heldur róttækar. Mikil umræða varð um málið og skiptist þingheimur eins og áður í tvo hópa, með og á móti. Enn var höggvið í sama knérunn árið 1899 og þar kom fram í máli framsögumanns frumvarpsins eftirfarandi: „Aðalmergurinn í breytingum meirihlutans er sá, að koma í veg fyrir hina miklu hrakninga og hinn illræmda undirróður hreppsnefnda með að

1 „Frumvarp til laga um breyting á og viðauka við reglugj. um fátækramál – efni 8. jan. 1834.“ *Alþingistíðindi* C 476 (Nál. og frv. C 383–388); A 361, 408, 476; B 1571, 1768. – Felld.

hrekja þurfamenn úr einum hrepp í annan“ (1514–1515).¹ Þarna undir lok aldarinnar virðist það sjónarmið hafa rutt sér talsvert til rúms að fátækt fólk hafi með vinnuframlagi sínu í ákveðnum hreppi unnið sér rétt til að dvelja þar með þeim skyldum sem því fylgdi, burtséð frá því hver fæðing-arhreppur þess væri.

Á þessum tímapunkti var umræðan um öll þau frumvörp sem lögð voru fram afar umfangsmikil og tók oft mikið rúm og tíma frá þingstörfunum. En lokalausnin var svo skipan millipinganefndar í fátækramálum sem var falið að afla meiri og nákvæmari upplýsinga um málaflökkinn til þess að hægt væri að ráðast í nauðsynlegar breytingar á honum. Þeirri umræðu voru gerð skil hér að framan og einnig verður komið inn á hana síðar í þessum hluta verksins.

D. Lífróður – frásagnir af fólki í nauðum statt

Örlög foreldra Hafsteins Sigurbjarnarsonar voru rakin hér að framan. Hið sláandi samtal móður hans og hreppstjórans sat í drengnum sex ára gömlum. Nú vill svo til að varðveist hafa gögn skiptaréttarins frá sýslumanni sem segja frá þeim verðmætum sem tilheyrðu fjölskyldunni, jafnt eignum og skuldum – uppskrift af búskiptum. Hvort tveggja gefur ágæta innsýn í eigur þessa fátæka fólks, einkum ekkjunnar sem stóð á þessum erfiðu tímamótum, því sem næst allslaus og við það að missa börnin frá sér:²

Ár 1902, þriðjudaginn 16. desbr. var skiptarjettur Húnavatnssýslu settur að Breiðabólstað í Vesturhópi og haldinn af hinum reglulega skiptaráðanda sýslumanni Gísla Ísleifssyni, með undirrituðum vottum; var þá tekið fyrir:

Að skipta dánarbúi Sigurbjarnar sál. Hanssonar frá Vigdísarstöðum er andaðist 25. maí 1901.

Bú þetta er uppskrifað og virt af hreppstjóranum í Kirkjuhvammshreppi þann 8. júlí 1901 og mikið af munum þess var selt við opinbert uppboð 22. s.m.

Erfingjar dánarbúsins eru:

1. Ekkja hins látna, Ragnheiður Stefánsdóttir.
2. Skilgetin börn þeirra hjóna.
 - a. Ingibjörg 9 ára
 - b. Fríða 8 –
 - c. Hafsteinn 7 –

1 „Frumvarp til laga um breyting og viðauka við reglugj. um fátækramál – efni 8. jan 1834.“ *Alþingistíðindi* C 179; A 568–91; B 1513–49. – Felld.

2 ÞÍ – Skjalasafn sýslumanna. Sýslumaðurinn Blönduósi, ED1/9, skiptabók 1899–1920.

Fyrir hönd hinna ómyndugu er mættur samkvæmt skikkan skiptaráðanda herra hreppsnefndaroddviti Tryggvi Bjarnason í Kothvammi. Fyrir hönd ekkjunnar mætir einnig samkvæmt skikkan, þar sem hún þrátt fyrir aðvörun eigi er mætt sjálf, herra prestur Hálfðán Guðjónsson á Breiðabólstað.

Tekjur dánarbúsins er þessar:

1. Andvirði lausafjarmunda seldra	kr.	324,05
2. Inneign hjá kaupm. I. G. Møller	–	24,66
3. – – – – R. P. Riis	–	79,90
4. Úttekið af ekkjunni eftir virðingarverði	– –	156,48

Tekjur samtals kr. 585,10

Skuldir er á dánarbúinu hvíla:

1. Skiptakostnaður:	
a. skiptalaun	kr. 5,85
b. til skiptavotta	1,00
c. uppskrift og virðing	5,00
d. sölulaun	12,96
e. ferðakostnaður skiptaráðanda	10,00
f. átroðningur við skiptahaldið	5,00

kr. 39,81

2. Skuld til hjeraðslæknis Júl. Halldórssonar	36,00
3. – – Guðm. Guðmundssonar Vigdísarstöðum	5,80
4. – – Hólmf. Arnbjörnsdóttur, Stóra-Ósi	11,60
5. – – Jónasar Björnssonar, Reykjum	16,00
6. – – Sveins Guðmundssonar, Barði	90,00
7. – – Bjarna Bjarnasonar, Vigdísarstöðum	5,75
8. – – Signýjar Magnúsdóttur, s. st.	5,00
9. – – Jóns Skúlasonar, Søndum	5,75
10. – – Davíðs Jónssonar, Kirkjuhvammi	9,45

[kr.] // 225,16 [kr.] // 585,10

11. Skuld til Gunnl. Gunnlaugssonar,

Syðri Völlum	kr. 5,55
12. – – Sig. Árnasonar, Kirkjuhvammi	3,12
13. – – Melstaðakirkju	3,12
14. – – Sr. Þorv. Bjarnasonar, Melstað	3,12
15. – – Tryggva Bjarnasonar, Kothvammi	7,00
16. – – Verzlunar R. P. Riis	129,04
17. – – – – I. G. Møller	13,69

Skuldir samtals kr. 389,80

Verður þá afgangskuldum kr. 195,30

Búshelmingur ekkjunnar kr. 97,65

Falla þá til arfs kr. 97,65

sem skiptist í 4 jafna staði og gjörir í hvert lóð [] kr. 24,41^{1/4}. –

Búshelmingur ekkjunnar og arfalóð[] hennar samtals kr. 122,06^{1/4} reiknast af tekjulið nr. 4. Arfalóð hinna ómyndugu, Hafsteins og Fríðu kr. 48,82^{1/2} og kr. 11,75^{1/4} af arfalóði Ingibjargar greiðist einnig af sama tekjulið, eða af ekkjunni, sem einng hefur tekið á móti kr. 26,15 af innheimtumanni þeirrar greiðslu. Að öðru leyti tekur innheimtumaður búans að sjer að greiða hinar aðrar skuldir og kr. 12,66 af arfalóði Ingibjargar.

Var þá skiptum lokið og skipta Rjetti slitið.

Vottar:

G. Björnsson, J. Möller, Gísli Ísleifsson, Tr. Bjarnason, Hálf dán Guðjónsson

In fidem, Gísli Ísleifsson [sign]

Af framangreindri lýsingu sést að afrakstur lífsstarfs þessa fólks var ekki mikill og veganestið til framtíðar takmarkað fyrir þá sem eftir lifðu. Ekkjan barðist fyrir lífi sínu áfram og vann af kappi við að koma börnum sínum í örugga vist. Sjálf missti hún aldrei sjónar á þeim. Því lýsir Hafsteinn af mikilli nákvæmni í bók sinni og óhætt er að segja að frásögn hans sé bæði mjög ítarleg af baráttu móður sinnar og eigin hugarástandi þegar hann var sjálfur á annarra framfæri. Hennar keppikefli var að greiða sveitaskuldina upp og það tókst eins og greint verður frá hér á eftir. En áður en nakinn veruleiki þessarar fátæku fjölskyldu blasti við í vistum hjá vandalausum fólki sáu þau að baki eigum sínum á uppboði sem var skráð í bækur yfirvalda. Niðurstaðan var þessi:¹

Þann 11. sama mánaðar (júní) var hreppstjórinn enn staddur að Vigdýs-arstöðum til þess eptir ósk ekkjunnar R. Stefánsdóttur með ráð hreppsnefndarinnar, að fyrirmælum sýslumannsins, að selja við opinbert uppboð það af fjármunum framanritaðs dánar- og fjelagsbús sem hjer á eptir segir.

Uppboðið hafi fyrirfram verið auglýst í næstu hreppum. Selt var mót borgun í peningum að ¼ en að öðru leiti mót innskrift í verzlun Riis kaupmanns á Borðeyri. Borgunarfrestur var veittur til 20. okt næstkomanda. Innheimtur andvirðis hins selda tók að sjer oddvitinn herra Triggvi Bjarnason á Kothvammi.

Framfór svo uppboðið þannig:

1 ÞÍ – Skjalasafn sýslumanna. Sýslumaðurinn Blönduósi ED2/22 – fylgiskjöl.

	Hinir seldu munir	Verð kr	Kaupendur
1	Pjeturshugv. 1. partur	1,10	Baldvin Helguhvammi
2	– 2. partur	1,05	sami
3	Lögbergssögur (Rauðir hundar)	0,30	Sveinn á Barði
4	– í bandi	0,70	sami
5	– (Örvænting í myrkri)	1,00	sami
6	–	1,00	sami
7	– (í leiðslu)	0,95	sami
8	Vigfúsarhugv. og skræður	0,05	sami
9	Hjá mannætum Þjóðólfssögur	0,25	Daníel Tungukoti
10	Erfðaskrá –	1,30	Sveinn á Barði
11	Endurlausn síónsbarna	0,25	Stefán Sauðadalsá
12	Vormeldúks jakki	8,00	sami
13	nýjar vaðm. buxur bláar	7,00	sami
14	kamgarnsvesti	2,00	sami
15	reiðkápa forn	7,00	sami
16	vesti og buxur bætt	1,30	Bjarn Vigdýsarstöðum
17	blágrá vaðmáls skyrti	1,05	Davíð Kirkjuhvammi
18	önnur nýleg	1,60	Bjarni Sauðadalsá
19	nýjar nærbuxur	3,00	Jónas Reykjum
20	fornar do	1,80	Sveinn á Barði
21	grál. milliskirta	1,05	Davíð Dælir
22	tvist milliskirta	1,75	Eggert yngri Ánastaðir
23	mórauður trefill	0,35	Stefán Sauðadalsá
24	reiðsokkar	0,50	Daníel Tungukoti
25	nýir sjóvettlingar	0,55	Eggert yngri Ánastaðir
26	landvettlingar	0,40	Maríja Vigdýsarstöðum
27	sokkar, leistar og barðar []	0,65	sama
28	vaxkápa	4,10	Sigurður Kirkjuhvammi
29	buxur og vesti (garmar)	0,30	Eggert yngri Ánastaðir
30	sömuleiðis	0,35	sami
31	brúkleig rekkjuvoð	1,0	Helgi Litliós

	Hínir seldu munir	Verð kr	Kaupendur
32	ábreiða forn	1,25	Guðmundur Vigdýsarstöðum
33	stígvjelaskór	2,55	Gunnlögur Völlum
34	dönsk kysta gömul	3,15	Signý Vigdýsarstöðum
35	fiskilóð	5,00	Eggert yngri Ánastaðir
36	gamall olíulampi	1,10	Guðmundur Vigdýsarstöðum
37	tóbaksjárn og fjöl	0,75	Stefán Sauðadalsá
38	brúkl. torfljár	0,85	Gunnl. Völlum
39	hamar og naglbítur	0,40	sami
40	nýr melreiðingur með klifbera	3,75	Triggvi Kothvammi
41	sömuleiðis	3,80	Baldvin Helguhvammi
42	bandbeisli	0,55	sami
43	balbínu st. króna, spólurokkur	1,50	Arnbjörn Stóriós
44	nýleg vefjarskeið	4,00	sami
45	gamalt olíufat	2,10	Baldvin Helguhvammi
46	sömuleiðis	2,10	Guðmundur Vigdýsarstöðum
47	gömul tunna	0,55	Ingibjörg Grafarkoti
48	gamalt olíufat	2020	Daníel Tungukoti
49	lítill fata nýleg	1,10	Sveinn Barði
50	trog, bitta ausugarmur	1,35	Elín Ánastöðum
51	vatnsfata, kolla og kútur	0,50	Stefán Sauðadalsá
52	stór reiðsla gömul	2,10	Baldvin Helguhvammi
53	lítill pottur	1,00	Guðmundur Vigdýsarstöðum
54	hverfisteinn og kambagarmar	0,40	Ólafur Grafarkoti
55	olíudunkur	3,05	Guðmundur Vigdýsarstöðum
56	olíumaskína biluð	1,00	Sveinn Barði
57	gamall strokkur	0,50	Elín Ánastöðum
58	2 ljáir (spíkur)	0,50	Björn Gauksmýri
59	eitt orf gamalt	0,35	Davíð Dælum
60	1 hrífa gömul	0,30	Stefán Sauðadalsá
61	2 klórur	0,60	Bjarni Vigdýsarstöðum
62	brúkleg hölduskófla	2,10	Baldvin Helguhvammi

	Hinir seldu munir	Verð kr	Kaupendur
63	tvenn bandreipi	3,60	sami
64	tvenn lakari	1,55	Gunnlögur Völlum
65	kaðalreipa slitur	0,35	Triggvi Kothvammi
66	kassi með járnum	0,95	Bjarni Vigdýsarstöðum
67	trog og kolla	0,25	Sveinn Barði
68	partur af hrossaskinni	2,70	Ólöf Gauksmýri
69	hrigglengja af hrosshúð	1,55	Sigurður Kirkjuhvammi
70	önnur lengja	1,60	sami
71	bitta og sauðaklippur	1,55	sami
72	einir kláfar	4,10	Jósafat Almenningi
73	hnakkur brúklegur	14,70	Ámundi Dalkoti
74	heynál og meis	0,25	Sveinn Barði
75	gamalt kírband	0,55	sami
76	sömuleiðis	0,55	Guðmundur Vigdýsarstöðum
77	gömul kysta	1,60	Triggvi Kothvammi
78	spítarusl við fjóstótt	2,25	Signý Vigdýsarstöðum
79	skífa og fjalir við kofann	1,00	Guðmundur s.b.
80	tvö síðuborð þar	1,55	Helgi Litlaósi
81	skífa og borð líka þar	1,05	Arnbjörn Stóraósi
82	tíje []al við fjárhúsin	2,50	Gunnlögur Völlum
83	spítarusl þar	0,30	Helgi Litlaósi
84	útthey í fjárhústótt	6,55	Davíð Kirkjuhvammi
85	lítið moðrusl þar	0,25	Sveinn Barði
86	hey í fjóstótt	1,20	Bjarni Vigdýsarstöðum
87	svört kír fötluð kálflaus	71,00	Guðmundur Vigdýsarstöðum
88	kvíga þorrabær	40,00	Ólafur Grafarkoti
89	gráskjótt hryssa 3 vetra	58,50	Davíð Dælum
	Samtals	324,05	

Uppboðsvottar, B. Bjarnason og O. Ólafsson

Rjett afritað vottar, E. Helgason

Hér er greinilega allt tínt til og engu sleppt. Smáatriðin vekja athygli; spýtnarusl, „gamalt kírband“, tvenn bandreipi, „fornar nærbuxur“ og fleira í þeim dúr.

Eins og áður sagði tók við harður skóli hversdagslífsins bæði hjá móður og syni, oft sitt í hvoru lagi. Alltaf reyndi móðirin að fylgjast með ungunum sínum, vinna af kappi og borga með þeim þegar færi gafst en þau Hafsteinn voru að nafninu til saman í húsmennsku. Systur hans tvær voru fóstraðar hjá skyldmönnum. Þess á milli var Hafsteinn ráðinn tímabundið í vist á ýmsum bæjum þar sem honum var oft þrælað út. Keppikefli móður hans var að losna við að þiggja af sveit. Eftir fermingu hans fór hún með hann til hreppstjórans og borgaði upp skuldina við hreppinn. Á heimleið settust þau niður og tóku tal saman:

Þegar mamma hafði hlustað á frásögn mína sagði hún: „Ég veit það vel, að uppeldi þitt hefur verið öðruvísi en ég hefði kosið að það yrði. Ég get víst aldrei bætt þér það upp. Þú ert nú kominn yfir erfiðasta hjallann og vona ég að framtíðin bæti það upp, sem áfátt var við uppeldi þitt. Ástæðan til þess að ég bað Jóhannes að lofa þér að ganga með mér upp að Kothvammi var sú, að þú sagðir mér einu sinni að þér væri stundum strítt á því, að þú værir alinn upp á sveit. Nú ert þú bæði sjónar- og heyrnarvottur að því, að hreppskuldin er borguð, og er ég nú hér eftir frjáls sem ég hefði ekki þegið af sveit. Þú getur því hér eftir vísað til hreppsbókanna, ef einhver er að svívirða þig með því, að þú sért sveitarómagi.“¹

Hafsteinn bendir á að þeir sem gátu farið að eins og móðir hans hefðu „endurheimt sitt fyrra mannorð“ eins og hann kemst að orði. Hann bætir síðan við afar mikilvægu atriði sem tengist viðhorfum fólks til fátæktar þegar hann segir um þá sem borguðu til baka sveitaskuldina: „Og það þótti ganga glæpi næst að brýna fólk á því, sem orðið hafði fyrir þeim þungu örlögum að þiggja af sveit, eftir að hreppsskuldin var greidd. Dómur um fólk í þá daga snerist aðallega um, hvort það var duglegt eða óduglegt að hafa sig áfram. Og litid lágt á þá menn, sem urðu að vera upp á aðra komnir. Ekki var þá alltaf litið á kringumstæður sem vert var.“²

Þekkt er lýsing Tryggva Emilssonar í sjálfsævisögu sinni á bágunum kjörum alþýðumanna í upphafi tuttugustu aldar. Foreldrar hans gengu í hjónaband árið 1896 og þá var móðir hans í húsmennsku og faðirinn stundaði kennslu og vann sem búfræðingur víða um sveitir. Þau voru hins vegar

1 Hafsteinn Sigurbjarnarson, *Ævisaga Hafsteins Sigurbjarnarsonar Reykholti í Hlíðakaupstað. Skráð af honum sjálfum* (Reykjavík: Leiftur, 1974), bls. 116.

2 Hafsteinn Sigurbjarnarson, *Ævisaga Hafsteins Sigurbjarnarsonar*, bls. 123.

jarðnæðislaus og börnin voru orðin fjögur strax um aldamótin. Þá var faðir Tryggva boðaður á fund hreppsnefndar í Andakílshreppi en tafðist vegna þungrar færðar:

Af þessum töfum kom faðir minn síðla dags á fundarstaðinn og stóð á endum að hreppsnefndin stóð ferðbúin í bæjardyrum og voru þungir á brún vegna þess hve sá stefndi kom seint til mótsins. En þarna í bæjardyrum var föður mínum tilkynnt að þeir verðir laga og tilskipana þar í Andakílshreppi hefðu opin augu fyrir þeirri ómegð sem á foreldra mína hlóðst og þar sem ekkert mætti út af bera fyrir þeim fátæku manneskjum við að framfleyta sér og sínum þá væri það bókaður gjörningur hreppsnefndarinnar að vísa þeim hjónum með sín þrjú börn burt úr hrepp og héraði og lét oddvitinn í það skína að þeir embættismenn hreppsins hefðu lagalegan rétt að láta flytja hann og hans hyski norður til Akureyrar þar sem þessi búfræðingur átti sveitfesti. Að þessu upplesnu snaraðist hreppsnefndin út af bæjardyrum og hvarf hver til síns heima en bóndinn á bænum, sem var einn af þessum mönnum, kunni ekki við að bjóða sakamanninum í bæinn og rólti þegjandi inn sín göng og þótti föður mínum furðulegt hátterni þar sem þeir voru kunningjar fyrir. En embættisskyldan hvíldi þungt á herðum manna á þessum tímum þegar öreigi var á öðrum hverjum bæ.¹

Þessi fjölskylda hraktist sem sagt til Akureyrar þar sem foreldrunum fæddust átta börn á ellefu árum. Móðir Tryggva dó síðan árið 1908 af barnsförum, þá af sínu níunda barni. Mánuði síðar var nánast búið að leysa upp allt heimilið. Tryggvi lýsir síðan endalausum hrakningum sínum og systkinanna þar sem fátæktin varð hlutskipti þeirra allra langt fram eftir öldinni. Sláandi er til dæmis frásögnin af kjörum hans þegar hann var sendur í sveit nú ára gamall og þær tilfinningar sem bærðust í brjósti hans þegar hann þurfti að yfirgefa föður sinn: „Faðir minn var bláfátækur og hafði langan ómagahálsinn og því varð hann að létta á fóðrunum. Ég man það vel að ég gat ekkert sagt við föður minn, svo var ég kvíðinn og hræddur og þrunginn af harmi að verða nú líka að skilja við hann og fara til ókunnugs fólks, ég barðist við grátinn og þagði.“²

Ólína Jónsdóttir var fædd á Silfrastöðum í Skagafirði árið 1885. Foreldrar hennar voru vinnuhjú á bænum. Sjálf var hún send í fóstur á næsta bæ, til afa síns og ömmu sem bjuggu á Bólu. Eitt hið fyrsta sem hún man eftir sér tengdist andláti afans:

1 Tryggvi Emilsson, *Fátækt fólk. Æviminningar*, fyrsta bindi (Reykjavík: Mál og menning, 1976), bls. 48–49.

2 Tryggvi Emilsson, *Fátækt fólk*, bls. 80–81.

Afi og amma voru í hreppsskuld, og áður en kistulagt var komu hreppstjóri og annar mektarmaður til þess að skrifa upp það, sem til var. Þeir skrifuðu nú allt vandlega og virtu, sem vera bar og bjuggust síðan til ferðar. Amma fylgdi þeim til dyra, en segir, þegar komið er fram í bæjardyrnar, að hún hafi gleymt að framvísa búshlut, sem sé inni í kofa út úr bæjardyrnum og sé bezt, að þeir komi og verðleggi hann. Þeir fylgdu henni inn í kofann, hafa víst ekki vitað, hvað hann hafði að geyma. Amma segir þeim, að það sé fjöl-in undir líkinu, sem sé eftir að virða, og verði þeir nú að lyfta því upp til þess að verðleggja hana. Þeir svöruðu engu orði, en flýttu sér út og burt. Ömmu var þungt í skapi, og hafa líklega legið margar orsaker til þess.¹

Fróðlegt er að bera saman opinber gögn frá þessum atburði því varðveist hafa bæði dánarbúsuppgjörð og virðingarskráin sem Ólína er að öllum líkindum að vísa til. Óhætt er að segja að virðingarskráin veiti ótrúlega innsýn í veraldareigur fátæks fólks á tímabilinu.²

Ár 1888 þann 11. maí var hreppstjórinn í Akrahrepp til staðar á Bólu ásamt tilkvöddum virðingarmanni Þorvaldi Arasyni á Flugumýri, til þess að uppskrifa og virða bú hjónanna Magnúsar heitins Jónssonar og ekkju hans Guðrúnar Hallsdóttur. Magnús heitinn andaðist hjer á bæ 7. þ.m.

Erfingjar eru:

Ekkja hins látna, Guðrún Hallsdóttir
Börn þeirra hjóna

1. Margrjet, ekkja Pjeturs Jónssonar, Skollatungu
2. Þórey gipt Jónasi Hallgrímssyni í Flatatungu
3. Frímenn í Flatatungu 25 ára
4. Eiríkr í Bólu – 15 –

Kemur þá til uppskriftar

Tala	Hið virta	Kr. au
1.	Sálmabók og vigfúsarhugvekkur	0.10
2.	Smásögur Pjeturs biskups og tvö smárit	0.25
3.	Undirsæng með röndóttu boldangsveri	10.00
4.	Koddi með boldangsveri og lítill koddi verlaus	2.50
5.	Ábreiða og rekkvoð	4.00
6.	Yfirsæng	5.00
7.	Jakkagarmur	1.00

- 1 Ólína Jónsdóttir, *Ég vinja þín æska. Minningar og stökur* (Akureyri: Norðri, 1946), bls. 4.
- 2 Þí – Skjalasafn sýslumanna. Skagafjarðarsýsla ED2/29 – fylgiskjöl.

Tala	Hið virta	Kr. au
8.	Buxnagarmar og vesti	1.50
9.	do	1.50
10.	Yfirkápa gömul	2.00
11.	Skálmar ljelegar	0.25
12.	Sokkur og nærbuxnagarmar og leistur	0.50
13.	Stundaklukka	2.50
14.	Skápur í baðstofu	1.50
15.	Olíudunkur og skeifnarusl	1.00
16.	Prjónuð hetta, húfa og trefil	0.60
17.	Askur og spónn	0.35
18.	Skál og diskur	0.50
19.	Kaffi steinkvörn	0.25
20.	Rokkur og kambar	1.00
21.	Slaghamar	0.60
22.	Hefill og lítill hamar	0.30
23.	Tóbaksfjöl járn og snælda	0.50
24.	Lítið mjólkurtrog og sorptrog	0.50
25.	Kuggi í búri	2.00
26.	Tunnukerald	1.00
27.	Kistustrokkur og kolla	1.00
28.	Vatnsfata og kolla	0.30
29.	Strokkur	1.00
30.	2 litlar mjólkurfötur	0.25
31.	2 pottar	0.75
32.	Mjólkurfata og mjeltrog	0.45
33.	Mal[i]kvörn með stökk	4.00
34.	Kista lamarlaus og skrárlaus	2.00
35.	2 orf	0.60
36.	2 hrífur	0.40
37.	2 ljáir – annar brotinn	2.00
38.	do – verri	1.50
39.	2 ljábakkar	0.50
40.	Páll og flórspaði	1.00
41.	2 klifberar	1.25
42.	2 bandreipi	2.00
43.	1 bandreipi	1.00
44.	Reizla og skarexi	1.00
45.	Pálblað og torfljár	0.25
46.	28 lóð taglhár	1.00
47.	Hnakkur með tilheirandi og stangarbeizli	3.00
48.	2 hálfunnur gamlar	0.20

Tala	Hið virta	Kr. au
49. 2 þokar		0.75
50. 2 do garmar		0.10
51. 7 ær á 11 kr.		77.00
52. Svarkrossótt kýr 16 vetra		60.00
53. Gráskjótt hryssa 9 vetra fylfull		40.00
54. Skuld hjá Stefáni á Stekkjarflötum		49.00
	Samtals	293.30

Fleira kom ekki búinu til inntexta
 Gísli Þorláksson Þorvaldur Arason

Parna var sem sagt ekki fjölin að finna sem Ólína segir frá í bók sinni og trúlega hefur hún aldrei verið skráð eins og reyndar gefið er í skyn í frásögn hennar. En þegar dánarbúið var svo gert upp hálfu ári síðar var nákvæmlega ekkert til skiptanna fyrir eftirlifendur:¹

Ár 1889, mánudaginn 2. Desbrm. á skrifstofu sýslunnar að Gili var skiptarjéttir Skagafjarðarsýslu settir, haldinn af sýslumanni Jóhannesi Ólafssyni með undirskrif-uðum vottum og var þá tekið til skipta

Dánarbú Magnúsar Jónssonar, frá Bólu, er
 Dó 7. maí 1888.

Erfingjar eru:

- A. Ekkja hins látna, Guðrún Hallsdóttir
- B. Börn þeirra hjóna
 - 5. Margrjet, ekkja Pjeturs Jónssonar, Skollatungu
 - 6. Þórey gipt Jónasi Hallgrímssyni í Flatatungu
 - 7. Frímenn í Flatatungu 25 ára
 - 8. Eiríkr í Bólu 16 –

Búið er uppskrifað 11. maí 1888, og selt við uppboð 9. júní s.á. Uppskriftr og upp-boðsgjörðin var framlögð

	Tekjur búsins eru	Kr. au
Andvirði seldra muna	– – – –	192.25
Hjá Stefáni á Tyrfingsstöðum	– – – –	22.00
		// 214.25

1 ÞÍ – Skjalasafn sýslumanna. Skagafjarðarsýsla ED1/5. Skiptabók 1884–1910.

Skuldir og gjöld

				Kr.au
1.	Uppskriftar og virðingarkostnaður	–	–	5.00
2.	Uppboðskostnaður	–	–	9.90
3.	Skiptakostnaður mm	–	–	6.30
4.	Hallærissskuld	–	–	7.02
5.	Til síra Einars Jónssonar	–	–	12.64
6.	– – Jakobs á Víðimýri	–	–	9.00
7.	– Gísla á Víðivöllum	–	–	2.25
8.	– L. Popps	–	–	7.56
9.	– Jónasar Hallgrímssonar	–	–	6.00
10.	– Ólafs Hallgrímssonar	–	–	2.00
11.	– Ólafs Jóhannessonar	–	–	0.50
12.	– Gísla á Frostastöðum	–	–	1.68
13.	– Stefáns á Uppsölum	–	–	78.00
14.	– Akrahrepps	–	–	66.40
				214.25

Innheimtumaður uppboðsfjárins greiðir allar skuldir og gjöld af uppboðsfjenu og með skuldinni frá Stefáni á Tyrfingsstöðum.

Er svo skiptum þessum hjermeð lokið. Rjetti slitið
Jóh. Ólafsson

Vottar

Þorvaldur Arason Jón Jóhannesson
Stefán Sveinsson S. Markússon

Þessi upptalning á veraldlegum eigum afa og ömmu Ólínu, Magnúsar og Guðrúnar á Bólu, leiðir í ljós hversu knappar veraldlegar eigur fátæks fólks voru. Þarna er aðeins að finna hið allra nauðsynlegasta – enginn munaður eða íburður var hluti af þeirra lífi. Að langmestu leyti eru þetta fátækleg landbúnaðarverkfæri, mataráhöld og fatagarmar. Ein „stundaklukka“ er talin upp sem getur ef til vill talist til veraldlegra gæða sem ekki eru alveg nauðsynleg. Þó er erfitt að átta sig á stærð hennar eða lögun. Eitt er víst að verðmæt var hún ekki. Þegar Magnús fellur frá er Guðrún í raun skilin eftir sem öreigi, hún stendur algjörlega á núlli í sínu lífi samkvæmt debet- og kredit-kvarðanum. Þessi napri veruleiki verður ekki mikið skýrari en í þessum opinberu uppgjörum á högum þeirra hjóna á Bólu.

Varðveist hefur bréf sem tengist málinu sem hér hefur verið rakið að framan en það er skrifað af Einari Jónssyni bónda á Sauða í Borgarsveit, Skagafirði, til sýslumannsins Jóhannesar Davíðs Ólafssonar á Gili í Borg-

arsveit og síðar á Sauðárkróki. Bréfið er merkilegt fyrir þær sakir að það sýnir hvernig viðskipti gengu á milli manna og þá meðal annars vegna eigna hins látna, Magnúsar á Bólu:¹

Miklabæ 30. apr. 1889

Kæri vinur

Beztu þakkir fyrir síðast og allt og allt.

Stefán á Tyrfingsstöðum hefur fengið kröfubrjef frá þjer um 49 kr. til bús Magnúsar sál. Jónssonar í Bólu. Hann hefur beðið mig að tala við þig um þessa skuld.

Stefán keypti af Magnúsi hest í fyrra vor, nokkur áður en hann dó fyrir 60 kr. og var samningur þeirra, að Stefán borgaði hann með 5 ám er Magnús ætlaði að taka 12 kr. hverja og átti hann að borga 3 árnar til Stefáns á Uppsölum fyrir 3 byggingarær, sem Magnús hafði frá Stefáni; en 2 átti St. Tyrf. að borga Magnúsi. Í harðindunum í fyrra vor borgaði Stefán 1 ána þannig. Stefán ætlaði að fá byggingarær hjá Tobíasi í Holti. Enn þá bað Magnús Stefán að láta sig fá á þann hátt, að Tobías keypti ána og ljeti Magnús fá andvirðið í mat. Nú vildi Tobías ekki kaupa ána eða láta úr á hana, nema 11 kr. og samdist þá svo með Stefáni og Magnúsi, að Magnús skyldi taka ána á þennan hátt, að hann fengi aðeins 11 krónur hjá Tobíasi, en Stefán skyldi kvittast um 12 kr. í hestverðinu, nefnil. eitt ærverð, eins og um var samið. – Stefán hefur nú borgað Stefáni á Uppsölum 3 ær í fyrra eins og um var samið, og sendir þjer kvittun fyrir þær, sem hann biður þig að geyma þangað til þið finnist. Eptir því hefur hann borgað 4 ær og skuldar eina eða 12 krónum,

- 1 Þí – Skjalasafn sýslumanna. Skagafjarðarsýsla ED2/29 – fylgiskjöl. Persónur og leikendur í bréfinu eru eftirfarandi: Sýslumaður: Jóhannes Davíð Ólafsson. Fæddur á Stað, Reykhólahr., A-Barð. 26. október 1855. Látinn 26. mars 1897. Heimild: Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1962* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1976), bls. 11/166. Bréfitari: Einar Jónsson. Fæddur á Brúnastöðum í Fljótum, Skag. 28. ágúst 1822. Látinn á Sauðárkróki 5. október 1907. Bóndi á Sauða í Borgarsveit, Skag. Heimild: Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1962*, bls. 277. Stefán á Tyrfingsstöðum: Stefán Sveinsson. Fæddur á Bjarnagili í Fljótum, Skag. 5. apríl 1851. Látinn 5. apríl 1907. Jármsmiður á Siglufirði. Heimildir: *Skagfirskar æviskrár: tímabilið 1850–1890*, IV bindi, Friðrik Margeirsson og Hjalti Pálsson sáu um útgáfu (Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 1986), bls. 324. Stefán á Uppsölum: Stefán Sveinsson. Fæddur í Flatatungu á Kjálka, Skag. 10. mars 1836. 18. desember 1927. Bóndi á Uppsölum í Blönduhlíð, Skag. Heimildir: *Skagfirskar æviskrár: tímabilið 1850–1890*, III bindi, Friðrik Margeirsson og Hjalti Pálsson sáu um útgáfu (Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 1983), bls. 225. Tobías í Holti. Tóbías Eiríksson. Fæddur á Ípishóli á Langholti, Skag. 7. mars 1853. Látinn 19. apríl 1899. Bóndi í Geldingaholti á Langholti, Skag. Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1962*, bls. 87. *Skagfirskar æviskrár: tímabilið 1850–1890*, III bindi, bls. 67. Magnús í Bólu: Magnús Jónsson. Fæddur 20. júlí 1832. Látinn 7. maí 1888. Bóndi á Bólu og í Litladal í Blönduhlíð. *Skagfirskar æviskrár: tímabilið 1850–1890*, III bindi, bls. 101.

eptir samning þeirra Magnúsar. – Stefán er, held jeg, hrekkjalaus maður og ætla jeg, að þetta sje allt satt, sem hann segir. –

En svo vildi hann vita, ef þú þættist geta tekið þessa skýringu sína gilda, hvort hann mætti borga þessar 12 kr. í innskrift, eða einhverju öðru en peningum, því að hann er fátækur og á vísit ekki gott með peninga.

Að öðru leyti má þetta má ske bíða til samfunda.

-----||-----

Ekki unnt að verða við beiðni minni og safnaða[] hjer á þeim háu stöðum.

-----||-----

Með beztu kveðju og óskum gleðilegs sumars er jeg,

Þinn, Einar Jónsson

Þá hefur einnig varðveist nákvæm skýrsla um hverjir keyptu hvað af reytum þeirra Magnúsar og Guðrúnar á Bólu. Óhætt er að segja að sveitungarnir hafi ekki látið sitt eftir liggja þegar kom að því að rýma búðið. Skráin segir ótrúlega merkilega sögu um afdrif þess efnis sem hjónin skildu eftir sig:¹

Ár 1888 laugardaginn 9. júnímánaðar á Minniökrum var uppboðsrjettur veittur og haldinn af hreppstjóranum í Akrahreppi Gísla Þorlákssyni, til þess samkvæmt tilmælum sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu að selja bú þeirra Magnúsar sál. Jónssonar og ekkju hans Guðrúnar Hallsdóttur á Bólu. Uppboðsskilmálar dagsettir í dag, voru framlagðir, upplesnir og uppfestir, eptir þeim á uppboðsandvirðið að greiðast í innskrift við verzlun L. Popps á Sauðárkróki fyrir 31. október í haust til herra Þorvaldar Arasonar Flugumýri.

Fór svo uppboðið fram sem hjer segir:

Tala	Hið selda	Virðingarverð		Söluverð		Kaupendur
		Kr	au	Kr	au	
1	Sálmabók og Vigfúsarhugv.	0	10	0	25	Steingrímur Silfrastöðum
2	Smásögur Þjeturs og 2	0	25	0	10	Jónas Minniökrum
3	Jakkagarmur	1	0	0	45	Þorlákur Flugumýri
4	Bugsur og vezti	1	50	1	5	Árni Stóruökum
5	do do	1	50	1	40	Jóhann Vaglagerði
6	Yfirkápa gömul	2	0	0	80	Gísli Frostastöðum
7	Skálmur ljelegar	0	25	0	45	Danival Reykjum
8	Sokkar og nærbugsna-garmar	0	50	0	30	Jóhann Vaglagerði

1 ÞÍ – Skjalasafn sýslumanna. Skagafjarðarsýsla ED2/29. Eptirrit B. 10–89.

Tala	Hið selda	Virðingarverð		Söluverð		Kaupendur
		Kr	au	Kr	au	
9	Stundaklukkan	2	50	0	60	Guðrún Minniökum
10	Skápur í baðstofu	9	5	0	35	Jónas Minniökum
11	Olíudunkur og skeifnarusl	1	0	0	35	sami maður
12	Þrjónuð hetta, húfa og trefill	0	60	0	50	Jón Þorleifsstöðum
13	Askur og spónn	0	35	0	10	Símon Litladal
14	Steinkvörn	0	25	0	20	Jónas Minniökum
15	Slaghamar	0	60	0	30	Jónas Miðsitju
16	Hefill og lítill hamar	0	30	0	15	Pjetur Úlfsstöðum
17	Tóbaksfjöl járn og snælda	0	30	0	20	Símon Litladal
18	2 trog ljeleg	0	50	0	25	Albert Torfmýri
19	Kjaggi í búi	2	0	0	60	Stefán Uppsölum
20	Tunnukerald	1	0	0	25	sami maður
21	Kirstugarmur	1	0	0	25	Jónas Minniökum
22	Vatnsfata og kolla	0	30	0	10	Hallgrímur Víkurkoti
23	Strokkur	1	0	0	65	Jónas Minniökum
24	2 Mjólkurfötur litlar	0	25	0	5	Hallgrímur Víkurkoti
25	2 Pottar	0	75	0	70	Jón Þorleifsstöðum
26	Mal[i]kvörn með stökk	4	0	0	35	Jónas Minniökum
27	Kista lama og skráarlaus	2	0	0	80	Vagn Miðhúsum
28	do (verri)	1	50	0	40	Hallgrímur Víkurkoti
29	2 ljábakkar og orf	0	50	0	15	Jóhann Vaglagerði
30	2 Klifberar	0	25	0	20	Gísli Frostastöðum
31	2 Bandreipi	1	0	0	65	Pjetur Úlfsstöðum
32	1 Bandreipi	1	0	0	65	Stefán Uppsölum
33	Reisla	1	0	0	20	Jónas Minniökum
34	Pálblað og torfljár	0	25	0	75	Hallgrímur Víkurkoti
35	28 lóð taglhár	1	0	0	40	Þorlákur Flugumýri
36	Hnakkur með tilheiranda og beisli	3	0	2	15	Steingrímur Silfrastöðum
37	1 Hálfunna gömul	0	20	0	10	sjera Einar Miklabæ
38	2 pokar	0	75	0	80	sami maður
39	2 ær	20	0	25	20	Þorlákur Flugumýri

Tala	Hið selda	Virðingarverð		Söluverð		Kaupendur
		Kr	au	Kr	au	
40	2 do	20	0	24	20	sami maður
41	2 do	20	0	25	0	Steingrímur Silfrastöðum
42	1 do	10	0	13	20	Sigtryggur Syðribrekkum
43	Svartkrossótt Kýr	60	0	55	0	Stefán Uppsölum
44	Gráskjótt Hryssa 9 vetra	40	0	40	60	sami maður
45	Diskur	0	50	0	30	Jón Tómasson
	Samtals	210	25	202	25	

Uppboðinu slitið, Gísli Þorláksson, Stefán Eiríksson, Rögnvaldur Bjarnason
Rjett eptirrit staðfestir, Gísli Þorláksson

Það má heita merkilegt að nær allt smádótið sem tilheyrði búinu var selt nokkuð undir matsverði en ærnar fara á hærra verði en þær voru upphaflega metnar á. Það gerir það að verkum að verðmæti þeirra eigna sem tilheyrðu búinu er talið verið ögn meira en það reyndist svo vera eftir að uppboðinu lauk. Þarna er greinilegt að bændur í nágrenninu notuðu tækifærið sem bauðst og urðu sér úti um vörur sem þá vanhagaði um úr búi þessara fátæku nágranna sinna. Ítreka verður að búið virðist hafa verið afar rýrt af öllum lífsins gæðum og flestir hlutir hafa verið lítils virði.

Ómegð foreldra Ólínu var mikil og hún var því áfram í fósttri, nú hjá ókunnugu fólki þar sem hún dvaldi fram yfir fermingu. Þetta var á bænum Kúskerpi. Hún lýsir talsverðu harðræði á bænum þar sem eitt var þó látið yfir alla ganga. Aðhaldssemi réð þar ríkjum, einkum hjá Krístrínu húsmóð-ur á bænum: „Krístrún safnaði miklu smjöri allt árið, sérstaklega á sumrin, var mest af því selt, bæði fyrir sjómat og fleira. Við geymsluna súrnaði smjörið, og settist á það grænn farði, sem kallaður var gráði. Þegar selja skyldi smjörið, var gráðinn skafinn af því og skammtaður heimafólki, en ekki féll mér það grænmeti vel.“¹ Margt fleira kemur fram í þessari sjálfs-ævisögu sem dregur fram erfiða stöðu fátæks barns sem var fósrað fjarri foreldrahúsum.

1 Ólína Jónsdóttir, *Ég vija þín æska*, bls. 18.

Sögur af ómögum eru oft hrottalegar eins og þær eru sagðar í sjálfs-ævisögum og þannig frá fyrstu hendi. Sæmundur Stefánsson sem fæddist árið 1859 á Hvítársíðu dregur fátt undan í sinni frásögn. Foreldrar hans áttu þrjú börn saman en giftust aldrei: „Foreldrar mínir bjuggu ekki saman, sök-um þess, að þau voru fátæk. Drengirnir voru því allir fluttir á móðurhreppinn. Ég var þeirra yngstur og var fluttur þriggja náttu fátækraflutningi, sem kallað er, það er að segja: frá einum hreppstjóra til annars. Þegar ég kom að Bæ á Bæjarsveit, stóðu tærnar út úr reifunum, að því er kona hreppstjórans sagði mér síðar. Var þó kalsa veður og frost.“¹ Sæmundi var komið fyrir að bæ sem hann vill ekki tilgreina og dvaldi þar í átta ár sem ómagi, „... og eitt með hinu fyrsta, sem ég man er það, að ég gekk ávallt berfættur ... Ég var látinn borða úr aski, er ég held, að ég megi fullyrða, að aldrei hafi verið þveginn. Og það hygg ég, að hið versta úr matnum hafi lent í þessum aski. Sérstaklega er mér enn í dag minnistætt, hve mikið mér var skamtáð af grásleppuhretjum og úrgangsfiskmeti. Ég var aldrei látinn borða með öðrum.“² Og Sæmundur hélt áfram að lýsa aðbúnaði sínum og atlæti fólksins: „Ég man ekki betur, en að ég væri barinn því nær á hverjum degi í fjögur ár. Var ég orðinn þessum barsmíðum svo vanur, að ég var hættur að gráta, þótt ég væri hýddur með vendi. Vel má vera, að ég hafi átt þessar hýðingar skilið, en stundum þótti mér sem ég væri laminn að ósekju.“³

Það var ekki fyrr en aðkomumaður varð meðferðarinnar var að hús-bændurnir voru kærðir fyrir yfirvöldum og Sæmundur var þá fluttur á annan bæ. „Magnús hreppstjóri sagði mér seinna, að ég hefði ekki verið stærri en þriggja ára drengur og mjög horaður. En þá var ég orðinn átta ára, er þessi vistaskipti gerðust.“⁴ Hrakningar Sæmundar héldu áfram fram á fullorðins-árin og oft var hann boðinn upp á hreppskilum eins og alþekkt var í þá tíð. En fyrir kom að enginn vildi hann vegna þess hve veiklulegur hann var. Örlög hans urðu þau að hann fékk holdsveiki og var sendur á holdsveiki-spítalann árið 1901 þar sem hann fékk í fyrsta skipti tækifæri til að læra að

1 Sæmundur Stefánsson, *Æfisaga og draumar* (Reykjavík, 1929), bls. 7.

2 Sæmundur Stefánsson, *Æfisaga og draumar*, bls. 8.

3 Sæmundur Stefánsson, *Æfisaga og draumar*, bls. 9.

4 Sæmundur Stefánsson, *Æfisaga og draumar*, bls. 11. Svipaðar lýsingar af fátækraþrasli fólks má til dæmis lesa í sjálfsævisögu Hallgríms Jónssonar, *Saga stríðs og starfa: Æviminningar Hallgríms Jónssonar frá Dynjanda*. Erlingur Davíðsson bjó til prentunar (Akureyri: Skjaldborg, 1983); Geir Sigurðsson, *Minningar frá morgni aldar* (Reykjavík: Víkurútgefian, 1983); Jón St. Melstad, *Líðnir dagar. Stutt æviágrip* (Siglufjörður: Siglufjarðarprentsmiðja, 1964); Pétur Ólafsson, *Æviminningar Péturs Ólafssonar bónda á Hranastöðum. Skráð af honum sjálfum* (Akureyri: Jónas Pétursson og Kristbjörg Pétursdóttir, 1987).

lesa, þá kominn á fimmtugsaldur. Sæmundur bar svo beinin á Laugarnes-spítalanum eftir áralanga dvöl þar.

Guðlaugur Gíslason var fæddur 1908 og missti föður sinn þegar hann var náu ára gamall. Ekkjan stóð eftir með fjögur börn, tvö þeirra voru kominn í vist eða í nám, en tveir bræður – Guðlaugur og Jóhannes bróðir hans ellefu ára – voru eftir með móður sinni sem þá bjó í Vestmannaeyjum. Guðlaugur lýsir aðstæðum heima fyrir með þessum orðum:

Eitthvað mun sveitarstjórnin hafa haft áhyggjur af afkomu heimilisins því að ég minnst þess að oddviti hennar heimsótti móður mína, skömmu eftir að faðir minn var lagður á sjúkrahúsið, og varð ég áheyrandi að samtali þeirra. Hann mun þá hafa verið búinn að fá hugboð eða vitneskju um hvert stefndi með veikindi föður míns og impraði á því við móður mína hvort ekki væri rétt að leysa upp heimilið og koma börnunum fyrir hjá góðu fólki. Ég man að móðir mín reiddist mjög og afneitaði algerlega þessari hugmynd og sagði að það skyldi aldrei verða meðan hún stæði uppi við sæmilega heilsu. Þakkaði hún hreppstjóranum fyrir komuna en sagði honum að við myndum skrimta veturinn af. Hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af heimili sínu. Hún ætti þrjá bræður í bænum og eina systur, og þótt allt væru þetta barnmargar fjölskyldur, en efni hvergi mikil, myndu þau án efa líta til sín ef í nauðurnar ræki. Ég varð mög stoltur af móður minni fyrir þessa afstöðu hennar þó að mér væri alveg ljóst að með þessu setti hún okkur hreinlega á Guð og gaddinn, eins og það var orðað, og ég hef alltaf verið henni þakklátur fyrir þó að það kostaði að við værum meira og minna svöng allan fyrri hluta vetrarins, en aldrei vorum við þó hunguð.¹

Guðlaugur og Jóhannes bróðir hans náðu síðan að bjarga sér með furðulega snjöllum hætti þannig að þeir gátu lagt töluvert í bú móður sinnar. Þeir fóru á stj á eldsnemma á morgnana allan veturinn og veiddu upp þann fisk sem fór í sjóinn við löndun bátanna og lögðu inn í frystihúsið í Eyjum. Fjölskyldan náði þannig að bjarga sér úr sárustu fátækt og án þess að þurfa að þiggja af sveit.

Lárus J. Rist, sem fæddur var árið 1879, missti móður sína þegar hann var þriggja ára sem og unga systur sína. Sama ár missti faðir hans allan bústofninn vegna harðinda og Lárus var sendur til ömmu sinnar í fóstur í Leirársveit. Faðir hans var í lausamennsku en settist að lokum að á Akranesi sem tómthúsmáður. Þegar Lárus var fimm ára fór hann til föður síns sem bjó við mikla fátækt en hann deildi þá húsnæði með systur sinni sem þá var nýorðin ekkja. Bjargarleysið var á stundum algjört: „Þegar ekkert var

1 Guðlaugur Gíslason, *Guðlaugs saga Gíslasonar: Enduminningar frá Eyjum og Alþingi skráðar af honum sjálfum* (Reykjavík: Örn og Örlygur, 1983), bls. 13.

til handa okkur að borða, grét Anna stundum, en það mátti enginn sjá, og geri ég því kannski illa að vera að segja frá því nú. Ég held, að hún hafi grátið mest vegna þess að þurfa að fara til hreppsstjórans og biðja hann um hjálp.¹ Lárus fjallar mikið um fátæktina á Akranesi og heldur því fram að þar hafi allir róið á sama báti – fátæktin var almenn.

Faðir Lárusar vann hvar sem vinnu var að fá og reri til dæmis töluvert til fiskjar. Lárus segir svo frá viðhorfi sínu til þeirrar vinnu:

Faðir minn stundaði sjóróðra af kappi, þó að veiðin væri rýr á þeim árum, og honum félli landvinnan betur. Þá var það stundum, að það greip mig kvíði fyrir því, að hann mundi drukkna, er ég vaknaði á morgnana og varð þess var, að hann var horfinn úr rúminu frá mér, og frétti, að hann hefði róið. Slysfarir og drukknar voru þá svo tíðar, að sorgin fyllti svo gjörsamlega hugi fólksins, að vart var um annað rætt en slysfarir og afleiðingar þeirra. Að sjálfsögðu voru það dagnaðarmennirnir, sem völdust í sjóinn, en eftir sátu konurnar með börnin og gamalmennin.²

Um síðir vænkaðist hagur þeirra þegar fedgarnir fluttust norður til Eyja-fjarðar en samt var lífið ein stöðug barátta við að forðast fátæktina.

Karvel Ögmundsson, sem var fæddur árið 1903 á Hellu í Beruvík í Breiðavíkurhreppi, lýsir heimili sínu sem hrörlegu „... í sama stíl og flestir aðrir bæir á þeim tíma, þar sem fátækt ríkti.“³ Foreldrar hans eignuðust tólf börn og tvö dóu ung. Fátækt hrjáði fjölskylduna og vosbúð – kuldi, þrengsli og hungur. Á níunda aldursári var hann sendur í fóstur. Það var móðurbróðir hans sem tók við honum. Þegar fjölskylduna bar að garði var ekki ráðið hvaða barn færi í fóstrið. Þegar frændinn leit yfir hópinn benti hann á Karvel: „Síðan fór hann út til að gera að aflanum.“ Stuttu síðar kvöddust þau öll:

Ég flýtti mér inn í svefnherbergi, því út um þann glugga gat ég séð best á eftir mömmu og systkinum mínum þegar þau gengu inn eftir götunni. Ég lagði mig út að glugganum til að sjá þau sem lengst. Mér fannst eins og það kæmi einhver kökkur í hálsinn á mér. Ég reyndi því eins og ég gat að láta ekki tárin sjást. Ég læddist fram og mér tókst að stöðva þau. Ég gerði mér grein fyrir að ég væri farinn að heiman fyrir fullt og allt frá pabba, mömmu og systkinum, því yrði aldrei breytt. Ég var kominn í fóstur til vandalausra.⁴

1 Lárus J. Rist, *Synda eða sökkva. Endurminningar* (Akureyri, Sigurjón Rist, 1947), bls. 17.

2 Lárus J. Rist, *Synda eða sökkva*, bls. 17.

3 Karvel Ögmundsson, *Sjómannsævi. Endurminningar*, 1. bindi (Reykjavík: Örn og Örlygur, 1981), bls. 8.

4 Karvel Ögmundsson, *Sjómannsævi*, bls. 125.

Það voru dæmalausar tilfinningarnar sem brutust fram hjá börnum við þessi umskipti í lífi þeirra. Þó svo að Karvel væri ekki kominn til vandalausra, eins og hann heldur fram, þá var þetta frændfólk hans honum greinilega ókunnugt – sem vandalaust fólk.

Oft var einstæðingsskapurinn yfirþyrmandi. Sérstaklega voru börnin ein í heiminum þegar þau lentu í þökkabót á heimilum þar sem þeim var misþyrmt reglulega. Reinald Kristjánsson, sem var fæddur í Eyrarhúsum í Stóru-Laugardalssókn í Tálknafirði árið 1866, segir einmitt frá slíkri meðferð. Faðir hans dó þegar hann var fjögurra ára og þá var heimilið leyst upp og hann sendur í fóstur. Móðir hans dó þegar hann var sex ára og hann var beinlínis einn í heiminum á heimili þar sem ráðsmaðurinn á búinu misþyrmdi honum daglega með barsmíðum. Afleiðingarnar urðu þær að hann var með viðvarandi höfuðverk, svo svæsinn að hann var rúmliggjandi oft vikum saman. Frá þessu fólki komst hann að lokum eftir að hafa gengið á fund hreppstjórans og kvartað yfir meðferðinni. Seinna varð Reinald þekktur sem pósthlutningamaður á milli Ísafjarðar og Bíldudals en annars stundaði hann búskap og róðra og náði að koma ár sinni ágætlega fyrir borð með mikilli vinnu þótt fátæktin hafi aldrei verið langt undan.¹

Árið 1871 fæddist Ágúst Jósefsson á Akranesi þar sem faðir hans stundaði sjóróðra en fjölskyldan var fátæk og börnin fjögur. Systir Ágústs dó tveggja ára og eldri bræður hans voru strax sendir í fóstur. Faðir hans fórst í sjóróðri og eftir stóð móðir hans, algjörlega eignalaus. Árið 1880 fluttust þau til Reykjavíkur þar sem móðir hans vann öll tilfallandi störf sem buðust; þvotta, saumaskap og hreingerningar: „Móðir mín hafði aldrei áður komið til Reykjavíkur, og enga áttum við þar frændur eða aðra venzlamenn, sem hægt væri að leita til um hjálp eða liðveizlu ef í nauðu ræki. Hún var fjórtíu og sjö ára að aldri, og sæmilega heilsuhraust, og hefur því treyst á guð og lukkuna sér og mér til bjargar í lífsbaráttunni. Þótt ekki væri frá neinu góðu að hverfa á Akranesi, þá sýndi hún bæði einstakt áræði og þreklund þegar hún tók ákvörðunina um brottflutninginn þaðan.“²

Það þarf ekki að spyrja að því að barátta þeirra mæðgina var hörð og vægðarlaus. Ágúst setti aðstæður sínar og móður sinnar í áhugavert samhengi samtímans: „Sjómenn og verkamenn lifðu mjög fátæklegu og fábrotnu lífi. Margir áttu þó lítinn bæ og stóra lóðarspildu, og var sumt af lóðinni notað fyrir matjurtagarð, en hitt fyrir fiskreit, því flestir sjómenn

1 Reinald Kristjánsson, *Á sjó og landi. Ævisaga Reinalds Krisjánssonar pósts milli Ísafjarðar og Bíldudals, sögð af honum sjálfum*. Ingvaldur Nikulásson færði í letur (Reykjavík: Ólafur Erlingsson, 1932).

2 Ágúst Jósefsson, *Minningar og sviptmyndir úr Reykjavík* (Reykjavík: Leiftur, 1959), bls. 13.

verkuðu og þurrkuðu fiskafla sinn sjálfir með aðstoð skylduliðs síns. Auk þess tóku margir fisk hjá kaupmönnum til verkunar, og höfðu af því nokkrar atvinnutekjur: þetta var ákvæðisvinna, og viss krónutala greidd fyrir hvert skippund af fiskinum fullverkuðum.“¹ Fram kom í máli hans að kjör mæðginanna hafi verið afar bág á stundum en móðir hans hafi aldrei lagt í að leita til yfirvalda þar sem hún óttaðist að vera flutt fátækraflutningum á sína heimasveit. Húsnæði fátæks fólks í Reykjavík var kapituli út af fyrir sig. Ágúst lýsir einmitt afar hörðum aðstæðum árið 1918 í miðri spænsku veikinni: „Súð og veggir hrímuð um nætur, en allt rann út í slaga að deginum til vegna hitans frá eldfærunum. Svona var aðbúðin hjá okkur, og svona var víða ástatt í byrjun veikinnar. Jafnvel í bezt byggðu húsunum var kalt og ónotalegt, vegna þess að enginn maður fékkst til þess að kynda miðstöðvarkatlana. En ömurlegastar voru þó ástæðurnar hjá því fólki, sem bjó í gömlu kjallaraíbúðunum víðs vegar um bæinn, því að þar voru bæði veggir og gólf rennblaut, og svellaði yfir allt í mestu frostunum.“² Sjálfur fór hann að vinna strax og hann gat og náði um síðir að læra prentið með hjálp góðra manna. Sagan er á margan hátt merkileg baráttusaga alþýðufólks sem var búsett í Reykjavík á miklum uppgangstímum staðarins.³

Almennt tók fólk fátækt sinni af æðruleysi og stillingu. Hannes J. Magnússon sem fæddist 1899 ræddi mikinn sögulestur á heimilinu og bætti svo við: „Það var eins konar upphafning yfir allt hið daglega strit og stríð, sem kom í veg fyrir andlegan dauða. Það er engin ógæfa að vera fátækur, þurfa að heyja harða lífsbaráttu og vinna hörðum höndum, en hitt er ógæfa að láta fátæktina og baslið drepa í sér hverja fleyga þrá, hverja hugsun, sem leitar upp fyrir brauðstritið.“⁴ Annar sjálfsævisöguritari, Kristján Sigurðsson sem var fæddur 1883, var einn sjö systkina en foreldrarnir voru fátækir leiguliðar á Norðurlandi alla sína tíð: „Fátækum foreldrum sem börðust í bökkum var ekki alltaf vorkennt, þótt þau yrðu að sjá af börnum sínum í vist, strax og þau urðu fær til snúninga og smalamennsku, og þá ekki fremur, ef boð-

1 Ágúst Jósefsson, *Míningar og svipmyndir úr Reykjavík*, bls. 20.

2 Ágúst Jósefsson, *Míningar og svipmyndir úr Reykjavík*, bls. 119.

3 Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur hefur fjallað um þá sögu í tveimur bindum á afar upplýsandi hátt. Sjá Þorleifur Friðriksson, *Við brún nýs dags. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906–1930*. Sagnfræðirannsóknir 19 (Reykjavík: Efling stéttarfélag, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2007); Þorleifur Friðriksson, *Dagar vinnu og vona. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í kreppu og köldu stríði*. Sagnfræðirannsóknir 21 (Reykjavík: Efling stéttarfélag, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2007).

4 Hannes J. Magnússon, *Heiður hversdagslífsins. Nokkrar þjóðlífsmyndir frá upphafi 20. aldarinnar* (Akureyri: Norðri, 1953), bls. 237.

ið var að taka barn í fóstur. En alltaf gat þó brugðið til beggja vona um atlætið. Og um söknuð foreldra var lítið spurt.“¹ Þessi orð voru ekki mælt í tómarúmi því að systkinum Kristjáns var komið fyrir hverju af öðru hjá vandalausum. Sjálfur fór hann að heiman ellefu ára gamall.

Það er víst ekki ofsögum sagt að foreldrum hafi legið á að koma börnum sínum af sér og í vist. Fátækt þeirra margra knúði á um slíkar aðgerðir. Allnokkrar heimildir eru til um óskir foreldra til biskups þess efnis að börn þeirra fái að fermast í það minnsta ári fyrir en lög gerðu ráð fyrir svo þau geti farið að leggja eitthvað til búins sem fullvaxta vinnuhjú eins og rætt verður hér síðar í bókinni.

Sigurður Ólafsson var fæddur 1883 á Ytri-Hóli í Vestur-Landeyjum. Hann var vel gefinn og hafði löngun til náms, ef marka má sjálfsævisögu hans. Efni foreldra hans leyfðu ekki slíkt en þó gáfu þau honum „brottgönguleyfi“ eins og hann nefndi það. Hann ákvað að leita til prests sem foreldrar hans þekktu og fá álit hans á hugmyndinni um frekara nám. „Sagði hann, að skólanám á Latínuskólanum væri algert ofurefli fátækum pilti, sem engan ætti að, og þótt ýmsum hefði heppnast þetta, væri það í raun og veru ókleift hverjum þeim, sem félaus væri, nema hann væri jafnvígur á allar námsgreinar og afburða gáfaður ... En svo yrði ég að muna, að ég væri elztur af mörgum systkinum og foreldrar mínir þyrftu að halda á þeirri hjálp, sem ég gæti veitt þeim.“² Það fór því fyrir honum eins og mörgu öðru ungmenntinu að skólanám kom ekki til greina.

Í þeim rúmlega ellefu hundruð sjálfsævisögum, endurminningaritum og samtalsbókum sem gefin voru út á Íslandi frá upphafi og fram til ársins 2004 er mjög víða að finna lýsingar á lífi fólks með líku sniði og hér hafa verið dregnar fram.³ Ein þekktasta lýsingin hraut úr penna Magnúsar Hj. Magnússonar sem var eins og kunnugt er fyrirmynd Halldórs Kiljans Laxness að Ljósvíkingnum Ólafi Kárasyni í *Heimsíðsi*.

Sveitarómaginn, lausamaðurinn, barnakennarinn, þurrabúðarmaðurinn og tukthúslimurinn Magnús Hj. Magnússon hélt dagbók sína í nær aldarfjórðung og ákvað jafnframt að rita sjálfsævisögu sína, sem var hluti af hans handritasafni.⁴ Auk þess hélt hann ýmsum fróðleik til haga, nýjum og

1 Kristján Sigurðsson, *Þegar veðri slotar* (Reykjavík: Norðri, 1954), bls. 16.

2 Sigurður Ólafsson, *Sigur um stíðir. Sjálfsævisaga* (Reykjavík: Leiftur, 1962), bls. 25.

3 Sjá rannsóknir mínar á sjálfsbókmenntum á Íslandi í eftirtöldum bókum: Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar* og Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur*.

4 Sjá útgáfu dagbóka Magnúsar, ævisögu hans og ýmissa annarra gagna í bókinni *Kraftbirting-arhjómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Próm*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 2. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998).

gömlum, sem og eigin kveðskap. Hann gerði ekki mörg tilhlaup að verki sínu; lífið sjálft hafði algjöran forgang enda mátti oft lítið út af bera til þess að bjargir þrytu og búið stæði autt. Magnús var að bjarga frá gleymsku sögu fátæktarinnar, óréttlætisins ásamt menningarverðmætum á borð við sögur og rímur. Í þessu ljósi verður að meta texta Magnúsar; í honum felst tilfinning manns fyrir lífinu, manns sem lá mikið á hjarta.

Magnús byrjaði að halda dagbók árið 1893, en þá var hann 19 ára gamall, og hélt því áfram til ársins 1916 er hann féll frá, eða samfelldt í 24 ár.¹ Dagbókin er 4351 blaðsíða í 4to broti, mjög vel skrifuð og inniheldur nákvæmar lýsingar á daglegu amstri hans öll þessi ár, auk hugleiðinga hans og skáldskapar. Dagbókin er ekki aðeins áhugaverð vegna þess að Magnús hélt hana svo samviskusamlega; skráði skoðanir sínar, viðhorf og tilfinningar til manna og málleysingja, heldur einnig vegna þess að æviferill hans var alla tíð þyrnum stráður. Magnús stóð á vissan hátt á tímamótum hins gamla samfélags og þess nýja. Atriði úr ævi hans minna á siði og hætti sem koma nútímalesanda spánskt fyrir sjónir; sjálfsögð mannréttindi í nútímasamfélagi voru Magnúsi nánast óþekkt í lok níttjándu aldar og við upphaf þeirrar tuttugustu.

Á ungdómsárum Magnúsar hafði fóstura hans fengið greiðslur frá fæðingarhreppi hans vegna veikinda Magnúsar og umkomuleysis. Af þeim sökum var honum meinað um leyfi til að giftast síðar á ævinni fyrr en hann hefði greitt upp sveitaskuldina. Því marki náði hann aldrei þó svo að hún væri rétt um 354 krónur og bjó því í óvígðri sambúð til æviloka. Með konu sinni eignaðist hann sex börn. Aðeins tvö þeirra náðu fullorðinsaldri. Þrátt fyrir þetta allt birtist Magnús sem einstaklingur sem hafði þrá til að lifa heilbrigðu og eðlilegu lífi en fékk ekki notið þeirra lífsgæða vegna fordóma og skilningsleysis samferðamanna sinna gagnvart fátæku fólki. Þessi eilífa barátta Magnúsar fyrir að fá að lifa mannsæmandi lífi og opinská frásögn hans gerir dagbókina gulls ígildi. Magnús tók saman stutt sjálfsævisögu-ágrip sem spannar fyrri hluta ævi hans og nær því sem næst fram til þess tíma er hann hóf dagbókarskrifin níttján ára gamall.

Magnús Hj. var fæddur 6. ágúst árið 1873 á bænum Tröðum, sem var hjáleiga frá bænum Eyri í Seyðisfirði í Súðavíkurhreppi. Hann var sonur Hjalta Magnússonar lausamanns og Friðriku Kristjánsdóttur sem Magnús

1 Gott yfirlit yfir öll handrit Magnúsar er að finna í bók Gunnars M. Magnúss, *Skáldið á Pröm. Ævisaga Magnúsar Hj. Magnússonar* (Reykjavík: Íðunn, 1956), 378–381, en þar greinir hann nákvæmlega frá af hvaða tagi þau eru og skiptir þeim í nokkra flokka.

titlar saumakonu í sjálfsævisögu sinni og dagbókum.¹ Foreldrar hans voru bláfátækir og Magnús var fjórða barn þeirra, en eitt höfðu þau misst ungt: „Mun foreldrum mínum hafa þótt ég ekki vera neinn afússugestur, því strax og móðir mín fór að hressast, fóru þau að hugsa um að koma mér í burtu.“²

Foreldrar hans leituðu til föðurbróður Magnúsar, Þórðar Magnússonar bónda í Hattardal, og hann kom honum fyrir í Önundarfirði hjá frænda sínum Guðna Vigfússyni sem var bóndi á Efrihúsum undir Hesti og konu hans Margréti Bjarnadóttur. Margrét var tvígift og hafði eignast þrjá syni í fyrra hjónabandi og saman áttu þau Guðni eina dóttur. Þórður greiddi með Magnúsi meðlag en Magnús var aðeins sex vikna þegar hann var sendur í fóstur. Fjölskylda þessi átti eftir að verða mikill örlagavaldur í lífi hans.

Fóstri Magnúsar dó þegar hann var aðeins tveggja ára, „... og var það skaði minn að allra sögn“ en það orð fór af Guðna að hann hefði verið hið mesta ljúfmenni. Fóstru sinni lýsir Magnús á eftirfarandi hátt: „Fóstra mín var í meðal lagi há á vöxt, holdug og heldur fríð, þybbin í lund og ekki hreinlynd, hraust og óþrifin og hatursmáður allra bókmennta. Kristjana dóttir hennar var lík henni: þybbin í lund og nísk.“ Hér kemur fram sú tilhneiging Magnúsar að lýsa fólki umbúðalaust og draga fram skarpa drætti í fari þess og lunderni.

Hagir Magnúsar voru stríðir og kostur slæmur á bernsku- og æskuár-unum. „Strax og ég var eitthvað kominn á legg,“ segir hann í sjálfsævisögu sinni, „man ég eptir að farið var að hræða mig með ýmsu móti og leika mig illa á margan hátt.“ Heimilisfólkið var allfjölmennt en engu að síður var þar tæpast nokkur maður sem lagði gott til hans.

Árið 1884, þegar Magnús var ellefu ára, brá fóstra hans búi og fluttist til sonar síns á Hesti: „Foreldrar mínir vildu taka mig frá fóstur minni þetta vor (1884), og lána mig að Kroppstöðum, sem var allmerkur staður, til Jens bónda og Sigríðar Ljósmodur, konu hans. En ekki vildi fóstra mín sleppa mér og var það ólán mitt. Fóstra mín fór að Hesti, sem húskona til Jóhannesar sonar síns, og ég með henni.“ Lýsingar hans á Jóhannesi og öðru heimilisfólki eru vægast sagt ömurlegar og dregur Magnús þar ekkert undan. Áður hafði hann mátt líða fjandskap og hirðuleysi þess fólks sem ala átti önn fyrir honum en þegar Magnús fór að Hesti, „... sem aldrei skyldi verið hafa, því nú byrjaði hörmungartími fyrir mig, verulega sárgrætilegur undir-

1 Sjá nánar um ættir Magnúsar og uppruna í bókinni *Vigurætt. Ættir Íslendinga*. Niðjatal VI 2. Ritstjóri Þorsteinn Jónsson (Reykjavík, 1992), bls. 620–630.

2 Lbs 2238 4to – *Æfisaga Magnúsar Hjaltasonar*. Hér á eftir verður vitnað í sjálfsævisögu Magnúsar án þess að geta um sérstaklega neðanmáls nema ástæða sé til.

búningstími undir framtíð mína,“ tók fyrst steininn úr. Helsta ólán hans var húsbóndinn sjálfur, Jóhannes Kristjánsson: „Jóhannes bóndi var starfsmaður mikill en sífellt illur og mátti heita að hann hræddi hvern ungling vanda- lausan er nærri honum kom, svo mikill ótti stóð þeim af honum, tilgátuillur og lyginn en klæmdist aldrei og enginn þar á heimili. Þekktist ekki.“ Eitt af því sem fór verst með unglinga á þessum árum var lélegt fæði og á því fékk Magnús að kenna: „Eftir þessu voru aðrar veitingar Jóhannesar og konu hans, enda ófært talið hjá þeim að vera sökum nisku og ógerðar á annan hátt, og mætti þar margar sögur af segja.“ Löngu seinna eða árið 1895 leit- aði Magnús gistingar hjá vini sínum í nágrenni æskuheimilis síns og lét þá nokkur vel valin orð falla um þetta hyski sem alið hafði hann upp: „Mun ég lengi minnast Kjartans sem velgerðarmanns míns, bæði síðan ég var á Hesti á æskuárunum sem munaðarlaust aumingja barn, og svo síðan ég sté upp úr minni voðalegu, hörmulegu, kvalafullu, tæpra tveggja ára legu á Hesti, þegar ég hafði liðið hinar óútsegjanlegu þjáningar undir höndum níðinganna Jóhannesar og Jónínu á Hesti.“¹ Magnús sparar ekki lýsingar- orðin þegar hann gerir tilraun til að draga fram raunir sínar, enda hafði hann ástæðu til að kvarta.

Í dagbók sinni frá árinu 1903 lýsir Magnús á eftirfarandi hátt fósturu sinni og uppleidi hennar: „Á Hesti leið ég afar illt á andlegum og líkamlegan máta. Fóstura mín var vond við mig, húsbændurnir öllu verri og aðrir á heim- ilinu voru þar eptir.“² Þarna fann hann oft átakanlega fyrir einstæðingsskap sínum. Eftir eina raunina komst hann svo að orði í sjálfsævisögu sinni: „Ég fann þá fyllilega til, eins og líka opt síðan, hvað það er sárt að vera undir- okaður.“ Í desembermánuði árið 1907 gerði Magnús loks upp sakirnar við fósturu sína með eftirfarandi mati á innræti hennar og upplagi:

Í þ.m. andaðist fóstura mín, Margrét Bjarnadóttir undir Hesti í Önundarfirði, um áttætt ... Synir þeirra [hennar og Kristjáns Sæmundssonar] voru: 1. Sæmundur Ebenezer skipstjóri (d. fyrir 1884); hann var sagður líkur föður sínum og drengur góður; 2. Bjarni Hermann skipstjóri (d. 7. janúar 1905), yfirgangsseggur og óþokki, og 3. Jóhannes á Hesti, varmenni mesta, fól og illmenni við menn og skepnur ... Fóstura mín var alla æfi afar hraust, kæring- arlaus um hjú sín og óþrifin, ekki hreinlynd og lét sig engu skipta þó niðst væri á lítilmögnum þeim er hjá henni voru, svo sem þegar bústjóri hennar, Brynjólfur Davíðsson (síðar bóndi á Mosvöllum) sló mig höfuðhöggið með hnefanum veturinn 1884, en ég ber menjar þess til dauðans. Var sem hún þyrði ekki að minnast á slíkt enda enginn skörungur og rausnarkona var hún

1 Lbs 2217 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 12. maí 1895.

2 Lbs 2221 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 8. febrúar 1903.

ekki, en hún var þrautseig og þann eiginlegleika átti hún til dauðans. Hún var kona all-feitlagin svo fáar gjörðust slíkar, enda lifði hún engu kvalarlífi á búskaparárum sínum, át hún og synir hennar það bezta er til var og lokaði sig þá inni er hún sat að slíku. Engin var hún bókamanneskja, öðru nær; var jafnan viðkvæði hennar er minnst var á slíkt: „Það lifir enginn á bókum.“ Ekki launaði Jóhannes á Hesti móður sinni ofeldi sitt, því jafnan eptir að hann komst á legg gerði hann henni allt til skapraunar og níddist á henni og er minnst á það í Önfirðingaráttum mínum. Kona Jóhannesar á Hesti er Jónína Sveinsdóttir frá Hesti (í Önundarf.) hinn mesti kvennskratti.¹

Þessi eftirmæli bera með sér beiskju Magnúsar vegna örlaga sinna en hann harmaði jafnan að hafa lent hjá þessum illmennum, svo notuð séu hans eigin orð. Fóstra hans virðist hafa verið sinnulaus með öllu um hagi hans en notað hann sem tilfinningalegt skjól, án þess að endurgreiða það á nokkurn hátt. Síðar skýtur hann inn athugasemd í dagbók sína um afdrif Jóhannesar: „Jóhannes Kristjánsson í Ytri-Hjarðardal, áður óðalsbóndi á Hesti (undir Hesti) orðinn geðveikur, að sagt var; þykist hafa verið svo vondur maður. Það var seint hann sá það – ómennið.“²

Á Hesti undir Hesti leið Magnús síauknar sálarkvalir. Það sem verra var, hann var ákaflega þjáður líkamlega og ágerðist það eftir fermingu. Gunnar M. Magnúss kemst svo að orði um þetta tímabil í lífi Magnúsar: „Og hann gekk ekki heill til skógar. Sótti á hann höfuðveiki, slappleiki fyrir brjósti og þolleysi við vinnu. Þetta magnaðist mjög eftir ferminguna, og þegar hann var 17 ára, henti hann það slys, um veturnætur 1890, að hann hrataði niður baðstofustigann og hlaut illa byltu. Hjóp þá svo magnað tak fyrir brjóstið á honum, að hann varð að leggjast í rúmið og mátti sig naumast hreyfa á þriðja sólarhring.“³ Niðurstaðan var sú að Magnús var rúmfastur í tæp tvö ár við lítinn fögnuð húsbænda sinna. Fóstra hans ritaði bréf til yfirvaldanna, það er fæðingarhreppt hans, og benti á að fjölskyldan treysti sér ekki til að hafa hann á heimilinu nema til kæmi styrkur frá hreppnum. Var hann með öðrum orðum sagður á sveit og Gunnar M. Magnúss bendir á að þarna hafi örlög hans í raun verið ráðin: „Þótt undarlegt kunni að virðast, varð bréf þetta einskonar upphafsorð að útleigðardómi yfir hinum rúmliggjandi unga manni, – ævilöngum útleigðardómi frá réttindum í þjóðfélaginu, frá almennu frelsi og sjálfsákvörðunarrétti ... Mikil örlög voru ráðin með þessum fáu línum.“⁴ Hafa verður í huga að frá og með árinu 1887 var framfærsla sem

1 Lbs 2223 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. desember 1907.

2 Lbs 2231 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 1. nóvember 1913.

3 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Pröm*, bls. 56.

4 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Pröm*, bls. 60.

greidd var með einstaklingum eldri en sextán ára gömlum talin til skuldar við fæðingarhreppinn og undan henni losnaði fólk ekki nema það greiddi hana upp eða fengi hana niðurfellda af sveitarstjórninni.

Eins og fram hefur komið byrjaði Magnús að halda dagbók rétt fyrir árslok 1892, en í fyrstu færslu dagbókarinnar árið 1893 gefur hann lýsingu á lífi sínu á Hesti. Magnús dregur ekkert undan, frekar en fyrri daginn, og lýsingar hans á sjálfum sér og ástandi sínu eru tilkomumiklar:

Og þó þungt sé að verða vera kominn upp á aðra, á *beztu* aldri með miklum hæfileikum, þá er þó sitt hvað að vera hér, og mega bera sinn kross óáreittur, heldur en að vera í þeim stað sem manni er gert allt til kvalar og skapraunar í hverju atviki, til lífs og sálar, eins og mér var gert meðan ég var á Hesti, til að bæta á mína óútseggjanlega mikla heilsuleysis kvala kross, því það sýndist í, smáu og stóru, að því þar, sérstaklega Jónínu húsfreyjunni, væri rétt umhugað að ég sviptist lífinu á kvalafyllsta hátt, því þráfaldlega og *daglega* gerði hún mér til kvalar *sjálf*, og hvatti aðra til að særa mig, en í því var Jóhannes maður hennar aldrei *eins áþjállegur* þó hann afarvondur maður sé, og fái í hvívetna alstaðar vont orð.¹

Barlómur Magnúsar er nokkuð yfirdrífinn og sá grunur læðist að manni að hann mótist að einhverju leyti af atburðum sem gerðust nokkru eftir 1. janúar 1893, það er málaferlum þeim sem Magnús átti í við þessa fyrrum húsbændur sína. Í áður nefndri dagbókarfærslu 1. janúar 1893 ber hann sig saman við unga fólkið sem er að búa sig undir nýársskemmtun sem halda átti í sveitinni: „Þannig getur sá sem heilsuna hefur farið sem hann langar til, og tekið þátt í gleði lífsins, og notið sannarlegs yndis en ég sem stórpjáður drottins krossberari, verð að vera heima og bera mína miklu heilsuleysis birði, en guð gefi mér þrek til þess, kannske það geti þá orðið öðrum til fyrirmyndar sem neyðin umkringir, ef ég reyni að stríða sem bezt ég get, og ber mig vel.“²

Eins og áður sagði kærði Magnús húsbændur sína fyrir óþökkaskap og níð og ekki er ósennilegt að hann hafi byrjað dagbók sína meðal annars til að fá tækifæri til að rifja upp atburði liðinna ára, og festa þá á blað, þar sem hann ætlaði að lögsækja þetta fólk. En vegna málaferlanna dregur Magnús ekkert undan í lýsingum sínum og bætir oft við siðferðislegum ádeilum og tilfinningaþrungnu mati á eynd sinni. Þessa sama tóns gætir nokkuð framan af í dagbókinni og hverfur aldrei algjörlega, en þó má segja að hann

1 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 1. jan. 1893.

2 Lbs 2216 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 1. jan. 1893.

bæði breytist og dofni. Ég held þess vegna að það séu mistök að skrifa sögu Magnúsar sem sögu píslarvottarins í stað gerandans. Magnús var eftir allt saman sigurvegari á leikvelli lífsins vegna þess að hann átti sér draum sem aldrei dofnaði; hann orti til sólarinnar.

Magnús Hj. bar aldrei sitt barr eftir þá útreið sem hann fékk hjá fóstur sinni og hennar fólki. Samt sem áður stóð hann í stöðugri baráttu fyrir rétti sínum og líta má á dagbókarskrif hans og almenna skriftaráráttu sem leið sem hann hafi fundið til að rétta sinn hlut. Sú var einnig raunin með þá fjölmörgu sem ákváðu síðar á lífsleið sinni að stíga fram og segja sína sögu af fátækt og umkomuleysi.

Magnús Hj. Magnússon lést 30. desember 1916, þá 43ja ára að aldri, eftir þunga sjúkdómslegu. Í ágústmánuði árið 1917 var síðan haldið uppboð og allar eigur fjölskyldunnar boðnar upp. Hreppurinn fékk sitt, kr. 354,65. Síðar meir kom í ljós að enginn lagabókstafur var fyrir uppboði af þessu tagi og óheimilt mun hafa verið að bjóða upp eiginhandrit fólks.

Það er skemmst frá því að segja að dagbók Magnúsar fór á vergang; hún dreifðist trúlega um síðir til fjölmargra aðila og er það á vissan hátt táknrænt fyrir líf Magnúsar. Einkalíf hans var jafnan fyrir borð borið og eini samastaður hans – dagbókin, þar sem hann gat breitt úr sér að vild og viðrað dýpstu hugsanir sínar – var eftir dauða hans látin í hendur samferðamönnum hans, mönnum sem höfðu oft dæmt hann óvægilega og voru margir hverjir persónur í bók hans.

Nú vill svo til að opinber gögn hafa varðveist sem byggjast bæði á uppskriftarbók Suðureyrarhrepps frá maí 1917 og svo aftur uppboðsgögnum frá ágústmánuði sama ár. Hér á eftir ætla ég að birta skjal sem er samsett tafla með upplýsingum um nöfn hluta sem boðnir voru upp, virðingarverð, kaupverð og kaupenda á eigum Magnúsar Hj.:¹

1 Fyrra skjalið er eftirfarandi: Skjalasafnið Ísafirði, nr. 3424/732. Uppskriftabók fyrir Suðureyrarhrep 1913–1970. Þar kemur eftirfarandi fram: „Ár 1917 31. dag maímánaðar voru virtir og skrifaðir upp fjármunir d. bús Magnúsar Hjaltasonar S. eyri er andaðist 30. desember f. á. af virðingarmönnum Kr. A. Kristjánssyni og Jóhannesi Hannessyni ásamt hreppstjóra Þórði Þórðarsyni.“ Síðara skjalið er uppboðsgögn, sjá Skjalasafnið Ísafirði, nr. 3425/732. Uppboðsbók fyrir Suðureyrarhrep 1917–1967. Þar segir: „Samkvæmt skipun sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu dagsettri 15. júní þ.á. voru seldir við opinbert uppboð fjármunir dánarbús Magnúsar Hjaltasonar að viðstöddum vottum Guðna A. Guðnasyni og Þórði Þórðarsyni (yngri) laugardaginn 25. ágúst 1917.“

No	Munirnir	Virðing		No	Nöfn kaupenda	Söluverð	
		Kr	aur			Kr.	aur
1	Nokkur almanök	2	00	1	Þorvarður Brynjólfsson	1	60
2	Sakúntala	0	75	2	Lúðvík J. Emil	0	60
3	Grettisljóð	0	75	3	Lúðvík J. Emil	0	80
4	Sálmabók	0	10	4	Jóhannes Hannesson	0	25
5	Ættartala Kristj. Jónssonar og Kristjönu Þorsteinsdóttur	0	30	5	Kristján A. Kristjánsson	1	30
6	Ættartala M. Hjaltasonar	0	25	6	Halldór Guðmundsson	1	15
7	Missiraskipta offur	0	50	7	Þorvarður Brynjólfsson	1	30
8	Hvernig farið er með þarf.þjón. fl.	0	75	8	Albert Jóhannesson B	0	35
9	Hjúkrunarfræði	0	25	9	Þorvarður Brynjólfsson	0	50
10	Safn af málsháttum	0	50	10	Guðni A. Guðnason	1	50
11	11 árg. Lærdómslistafjel.	0	50	11	Þorvarður Brynjólfsson	1	50
12	Litli sögumaðurinn	0	75	12	Þorvarður Brynjólfsson	0	65
13	Eyrbyggja saga	0	50	13	Lúðvík J. Emil	0	85
14	Fyrirl. e. Pál Briem	0	25	14	Halldór Guðmundsson	0	35
15	Vegurinn til Krists	0	15	15	Guðni A. Guðnason	0	20
16	Lestrarkver 1830 R. Rask	0	25	16	Þorvarður Brynjólfsson	0	10
17	Fornsögupættir	0	60	17	Þorvarður Brynjólfsson	0	50
18	Lýsing landsins helga	0	50	18	Lúðvík J. Emil	0	10
19	Rithöfundatal 1884	0	20	19	Þorvarður Brynjólfsson	0	50
20	Íslandssaga Þ.B. 1880	0	25	20	Þorvarður Brynjólfsson	0	40
21	Handbók fyrir hvern mann	0	65	21	Albert Jóhannesson	0	05
22	Dæma[] skrifað	0	20	22	Kristján A. Kristjánsson	0	40
23	Huldar saga	0	30	23	Helgi J. Jónsson B	0	30
24	Vitrun saga	0	56	24	Guðni A. Guðnason	0	30
25	4 almanök innb.	1	50	25	Kristján A. Kristjánsson	0	70
26	1 almanak –	0	55	26	Kristján A. Kristjánsson	0	35
27	Nasreddin	0	35	27	Albert Jóhannesson B	0	30
28	[Um] Notkun manneldis í harðræðum J. Hj. 1878	0	20	28	Jóhannes Hannesson	0	45
29	Jón Espólín saga	0	75	29	Kristján A. Kristjánsson	0	85
30	Ræður Hjálmars á Bjargi 1820	0	45	30	Kristján G. Mariasson	0	85

No	Munirnir	Virðing		No	Nöfn kaupenda	Söluverð	
		Kr	aur			Kr.	aur
31	Úr Krukkspá nokkur blöð	0	10	31	Lúðvík J. Emil	0	10
32	Efnafræði	0	30	32	Þorvarður Brynjólfsson	0	50
33	Snorraedda	1	75	33	Kristján A. Kristjánsson	1	50
34	Hrakfallabálkur kvæði	0	10	34	Halldór Guðmundsson	0	10
35	Dómasafn 1873–74	0	25	35	Guðni A. Guðnason	0	10
36	Jarför[] J.S.[] Einarssd.	0	25	36	Þorvarður Brynjólfsson	0	25
37	Hugvekjusálmur	0	05	37	Jóhannes Hannesson	0	20
38	Hugvekjusafn gamalt	0	15	38	Jóhannes Hannesson	0	05
39	Grænland S. Breiðfj.	0	40	39	Jóhannes Hannesson	0	30
40	Kvöldvökur H.F. 1848 I.b.	1	50	40	Þorvarður Brynjólfsson	3	30
41	Ljóðmæli: Dauðastundin	0	20	41	Þórður Þórðarson	0	10
42	Tíðavísur 56, 1779–1834 J. Hj.	2	00	42	Halldór Guðmundsson	1	00
43	Tíðavísur 15, 1801–1815 Þ. J.	1	50	43	Kristján G. Mariasson	1	50
44	Ljóðmæli: Munaðarleysin	0	10	44	Kristján Guðmundsson B	0	20
45	Ljóðmæli: Þorl. Þórarinnsson	1	00	45	Albert Jóhannesson B	1	70
46	Símon Dalaskáld	0	50	46	Guðni A. Guðnason	0	15
47	– Ben Gröndal eldri 1833	0	45	47	Kristján Guðmundsson B	0	20
48	– ofl Sig Pjetursson 1844	2	00	48	Þorvarður Brynjólfsson	1	10
49	– Jón Thoroddsen 1814			49	Kristján Guðmundsson B	1	10
50	– smámunir mest S. Breiðf.	0	60	50	Ólafur Jónsson	0	70
51	– Hallgr. Pjetursson 1885	0	75	51	Kristján Guðmundsson B	0	35
52	Rímur: Sigurði Turnara ofl.	0	75	52	Friðbert Friðbertsson	0	20
53	Rímur: Fórusi svarta og sonum skrifaðar 1840	0	75	53	Guðni A. Guðnason	0	30
54	Kvæðasafn skrifað eftir ýmsa	0	50	54	Jón Einarsson	0	10
55	Rímur af Gustav og Valvesi	0	25	55	Albert Jóhannesson	0	30
56	– Ajax keisarasynti	0	10	56	Guðni A. Guðnason	0	05
57	– Slysfararíma ofl.	0	20	57	Jón Einarsson	0	30
58	– Gunnar á Hlíðarenda	0	80	58	Guðni A. Guðnason	0	60
59	– Úlfari sterka	0	50	59	Jóhannes Hannesson	0	30
60	Númaríma	0	55	60	Jón Einarsson	0	50
61	Skrymsliríma ofl.	0	25	61	Halldór Guðmundsson	0	25

No	Munirnir	Virðing		No	Nöfn kaupenda	Söluverð	
		Kr	aur			Kr.	aur
62	Rímur af Gesti Bárðarsyni ofl.	3	00	62	Kristján Guðmundsson B	1	20
62	Rímur: 3 rímnaflokkar eftir Magnús Magnússon í Magnússkógum eiginhandrit	11	00	62			
63	– Jóhönnuraunir 1829	0	75	63	Friðbert Friðbertsson	0	50
64	– Tvennar rímur Bólu-Hjálmars	0	40	64	Jón Einarsson	10	40
65	– Alþingisrímur	0	80	65	Helgi J. Jónsson B	0	45
66	– Fjalla-Eyvindur	0	45	66	Kristján Guðmundsson B	0	95
67	– Hálfadáni gamla	0	40	67	Guðni A. Guðnason	0	40
68	– Bernótus Borneyjarkappa ofl.	1	25	68	Jón Einarsson	0	35
69	– Gesti og Gnatus	0	25	69	Jón Einarsson	0	70
70	– Aristomenes og Gorgi	0	30	70	Jón Einarsson	0	10
71	– Þórði Hreðu ofl.	0	55	71	Jón Einarsson	0	25
72	– Fernar rímur	0	60	72	Þórður Þórðarson	0	30
73	– 3 rímur M. Hjaltason handrit.	2	00	73	Friðbert Friðbertsson	0	30
74	Angantýr og Hjálmar.	0	10	74	Guðni A. Guðnason	0	50
75	Sunnanfari 7. árg Óðinn 2. árg	1	00	75	Kristján Guðmundsson B	0	15
76	Skrifbók óskrifuð	1	00	76	Þorvarður Brynjólfsson	0	30
77	Saga af Húnum og Gotum (skrifuð) ofl.	0	75	77	Friðbert Friðbertsson	1	00
78	21 eintak Angantýr og Hjálmar 0/10	2	10	78	Guðni A. Guðnason	0	35
79	Rímur af Þórði Hreðu	0	50	79	Þórður Þórðarson	1	00
80	Kvæði eftir ýmsa	1	00	80	Kristján A. Kristjánsson	0	55
81	„Grána“[] ýmislegt í óbundnu máli, M. Hjaltas	1	00	81	Kristján A. Kristjánsson	3	00
82	„Frá heiðum til hafs“ ýmislegt óbundið mál, M. Hjaltas	3	00	82	Friðbert Friðbertsson	3	50
83	Stakar rímur (handrit)	0	25	83	Guðni A. Guðnason	0	10
84	Þorskfirðingurinn (handrit)	0	50	84	Guðni A. Guðnason	0	10
85	Fræðibálkur ofl.	0	25	85	Kristján A. Kristjánsson	1	00
86	Þorsteinn sál[] ifk	0	50	86	Kristján A. Kristjánsson	0	65
87	Hallfreðar saga	0	30	87	Þórður Þórðarson yngri	0	15

No	Munirnir	Virðing		No	Nöfn kaupenda	Söluverð	
		Kr	aur			Kr.	aur
88	Kjalnesinga –	0	25	88	Þórður Þórðarson yngri	0	10
89	Bárðar Snæfellsás ofl.	0	25	89	Þorvarður Brynjólfsson	0	30
90	Þáttur Grafar-Jóns og Staðarm.	0	20	90	Albert Jóhannesson	0	10
91	Skírnir 1896	0	30	91	Jóhannes Hannesson	0	10
92	Magnús Prúði (saga)	0	35	92	Þorvarður Brynjólfsson	0	80
93	Tímarit Bókmenntafjel. 1890	0	25	93	Kristján A Kristjánsson	0	10
94	Vígaztyrs saga	0	40	94	Þórður Þórðarson yngri	0	30
95	Bandamanna saga	0	25	95	Þórður Þórðarson yngri	0	10
96	Handavana ofl.	0	25	96	Jóhannes Hannesson	0	10
97	Dulrænar sögur	0	50	97	Jens Jónsson B	0	10
98	Blómsturvalla saga	0	25	98	Guðni A. Guðnason	0	30
99	Leiftur af fl.	0	55	99	Þorvarður Brynjólfsson	0	50
100	Morðbrjefa bækl. I–II–III	0	30	100	Jóhannes Hannesson	0	30
101	Böndin kvæði	0	40	101	Jóhannes Hannesson	0	20
102	Vetrarbrautin ofl.	0	30	102	Jón Einarsson	0	10
103	Páfadómur ofl.	0	45	103	Jón Einarsson	0	10
104	Vorblóm –	0	25	104	Þorvarður Brynjólfsson	0	10
105	Krókarefs saga ofl.	0	30	105	Guðmundur Geirmundsson	0	50
106	Trójumanna saga	0	45	106	Jóhannes Hannesson	0	10
107	Ljósvetninga –	0	40	107	Þórður Þórðarson yngri	0	10
108	Víglundar –	0	25	108	Þórður Þórðarson yngri	0	10
109	Finnboga saga	0	35	109	Þórður Þórðarson yngri	0	30
110	Annáll 19. aldar I–II	1	00	110	Þorvarður Brynjólfsson	1	10
111	Dýravinur 1916	0	50	111	Kristján A. Kristjánsson	0	45
112	Andvari	0	75	112	Jóhannes Hannesson	0	10
113	Þáttur af Fjalla Eyvindi	0	40	113	Jens Jónsson B	0	50
114	Nokkur almanök	0	50	114	Guðmundur Geirmundsson	0	10
115	Andvari ofl.	0	65	115	Ólafur Jónsson	0	30
116	Glúma og Ljósvetninga saga	0	75	116	Kristján A. Kristjánsson	0	30
117	Aldamótaljód M.J.	0	15	117	Jón Einarsson	0	20
118	Kvennamundur ofl.	0	10	118	Guðmundur Geirmundsson	0	40
119	Huld ofl.	0	25	119	Guðmundur Geirmundsson	0	20

No	Munirnir	Virðing		No	Nöfn kaupenda	Söluverð	
		Kr	aur			Kr.	aur
120	Náttúrufræði Pál Jóns.	0	10	120	Þorvarður Brynjólfsson	0	10
121	Rímur af Ármanni og Helgu ofl.	0	25	121	Jóhannes Hannesson	0	20
122	– af Fertran og Plató	0	30	122	Jóhannes Hannesson	0	30
123	– af Ingólfi Arnarsyni	0	35	123	Guðni A. Guðnason	0	10
124	– Bernótusi Borneyjar	0	35	124	Ólafur Jónsson	0	30
125	Ævar-Odds drápa	0	30	125	Kristófer Jónsson	0	60
126	– Flórusi og sonum hans ofl.	0	40	126	Jóhannes Hannesson	0	20
127	– Kjartani Ólafssyni skr.	0	20	127	Friðbert Friðbertsson	0	05
128	Hjálmar hugumstóra	0	30	128	Guðmundur Geirmundsson	0	20
129	Sæmundur fróði tímarit 1874	0	75	129	Þorvarður Brynjólfsson	0	30
130	Heilbrigðistíðindi (Jón Hjalt.)	1	00	130	Þorvarður Brynjólfsson	0	10
131	Bragfræði Helga Sigurðar	3	50	131	Kristján A. Kristjánsson	2	90
132	Um Siðabótina á Íslandi	0	50	132	Þorvarður Brynjólfsson	0	25
133	Mjallhvít ofl.	0	25	133	Jóhannes Hannesson	0	20
134	Kvæð[i] St. Ólafsson	0	20	134	Jens Jónsson B	0	20
135	Hávarðar saga	0	30	135	Þórður Þórðarson yngri	0	05
136	Kormáks –	0	35	136	Þórður Þórðarson yngri	0	25
137	Vopnfirðinga saga	0	20	137	Þórður Þórðarson yngri	0	05
138	Hallfreðar –	0	30	138	Þórður Þórðarson yngri	0	15
139	Safn til sögu Íslands ofl.	0	20	139	Kjartan Bjarnason	0	20
140	M. Jochumsson 70. ofl.	0	45	140	Kjartan Bjarnason	0	15
141	Rímur af Gunnl. Ormst.	0	15	141	Ólafur Jónsson	0	10
142	Almanak 1916	0	35	142	Magnús Eðvaldsson	0	40
143	Rímur af Pálesbr. [] frækna ofl.	0	50	143	Halldór Guðmundsson	0	50
144	Hitt og þetta eftir ýmsa (smákvæði)	0	25	144	Jón S. Jónsson B	0	40
145	Fæðingarár nokkurra Íslendinga	0	50	145	Þorvarður Brynjólfsson	0	20
146	Almanök 1842–47 skr.	0	25	146	Guðni A. Guðnason	0	05
147	Rímur af Valdimar og Sveini skr.	0	25	147	Jón S. Jónsson B	0	05
148	Birkiberar og Óðinn	0	35	148	Þorvarður Brynjólfsson	0	20
149	Bók með nýbyrjuðum æfiágrip. M.Hj.	1	50	149	Halldór Guðmundsson	1	00

No	Munirnir	Virðing		No	Nöfn kaupenda	Söluverð	
		Kr	aur			Kr.	aur
150	Dagbækur M. Hjaltasonar frá 1892–1916 1/50	36	10	150	Kristján A. Kristjánsson	41	0
151	Skápur um bækur	10	00	151	Kristján A. Kristjánsson	0	00
152	Skápur (lífill grænn)	0	75	152	Kristján G. Maríasson	0	45
153	Kistill (læstur)	2	00	153	Kristján A. Kristjánsson	1	10
154	Skyrta (bætt)	0	25	154	Magnús Guðmundsson B	0	15
155	Vasaklútur	0	10	155	Kjartan Bjarnason B	0	05
156	Nærbuxur (bætt)	0	75	156	Þórður Þórðarson	0	15
157	Skyrta (ný)	1	75	157	Þórður Þórðarson	1	00
158	Fatnaður (grár)	8	00	158	Jóhannes Albertsson	5	50
159	Vesti (garmur)	0	25	159	Þórður Þórðarson	0	15
160	Jakki (grár)	2	50	160	Friðbert Guðmundsson	1	00
161	– fódraður	2	50	161	Ólafur Jónsson	0	50
162	Olíuvinda	1	00	162	Þórður Þórðarson	1	10
163	Olíubuksur	0	75	163	Kjartan Bjarnason B	0	20
164	– –	0	75	164	Þórður Þórðarson	00	60
165	1 kaffikvörn með Boxi	0	70	165	Albert Jóhannesson B	0	40
166	Öxi og hamar	1	00	166	Halldór Guðmundsson	1	00
167	Sjóhattur	0	50	167	Friðbert Guðmundsson	0	05
168	Brúsi	0	25	168	Magnús Guðmundsson B	0	10
169	Hamar m/ skafti	1	00	169	Halldór Guðmundsson	0	80
170	Sög	0	55	170	Magnús Guðmundsson B	0	20
171	Skófla	1	25	171	Alexander Jóhannesson	1	50
172	2 spöndur	2	00	172	Magnús Guðmundsson	1	70
173	Pottur	2	00	173	Kristján G. Maríusson	2	10
174	Stóll	0	50	174	Magnús Guðmundsson B	0	60
175	Gluggi	0	25	175	Jóhannes Hannesson	0	70
176	Poki m/ hrísgrjónum 20 au	5	00	176	Guðni A. Guðnason	4	60
177	– m/ Haframjöli 25 au	7	00	177	Þórður Þórðarson	4	00
178	Kogari	2	50	178	Magnús Guðmundsson B	1	60
179	Fat emellerað	0	50	179	Magnús Árnason B	0	50
180	Kaffikanna	0	60	180	Þórður Þórðarson	0	25

No	Munirnir	Virðing		No	Nöfn kaupenda	Söluverð	
		Kr	aur			Kr.	aur
181	Ausa	0	70	181	Kristján G. Maríusson	0	25
182	Spaði	0	40	182	Magnús Árnason B	0	65
183	Skál emell.	0	30	183	Magnús Árnason B	0	65
184	3 diskar ljel.	0	30	184	Kristján G. Maríusson	0	25
185	2 pör kaffibollar	0	25	185	Magnús Árnason B	0	20
186	Leirskál	0	40	186	Kristján G. Maríusson	0	70
187	2 skeiðar	0	30	187	Magnús Guðmundsson B	0	30
188	Baklampi	0	75	188	Þórður Þórðarson	0	80
189	Borð	2	50	189	Ólafur Jónsson	1	70
190	Rúmstokkur	0	50	190	Jón S. Jónsson B	0	60
191	2 dýnur	2	00	191	Þórður Þórðarson	1	50
192	4 pokaræflar	0	75	192	Jóhannes Hannesson	1	00
193	Sementstunna tóm	0	25	193	Magnús Guðmundsson B	0	80
194	Húskofi m/ eldstó og andyri	150	0	194	Magnús Árnason	190	00
195	Peningar	39	15	195			

Það er margt mjög athyglisvert við þessa samantekt. Til dæmis virðist sem handrit sem er merkt númer 62 hverfi – í það minnsta er það ekki keypt þó svo að verðmæti þess hafi verið áætlað 11 krónur. Þetta er „Rímur: 3 rímnaflokkar eftr Magnús Magnússon í Magnússkógum eiginhandrit“ sem er langverðmætasta einstaka handritið sem var í eigu Magnúsar Hj. Af einhverjum ástæðum er það aldrei selt eða boðið upp á uppboðinu. Athygli skal einnig vakin á því að Kristján A. Kristjánsson, 31 árs gamall staðarmaður, kaupir allar dagbækur Magnúsar frá 1892 til 1916 á 41 kr. en þær höfðu verið metnar á 36 kr. Einnig kaupir hann bókaskáp á 10 kr. sem trúlega hefur hýst allar dagbækurnar. Kristján þessi var kaupmaður á Suðureyri og málsmetandi maður þar um slóðir. Ekki er ósennilegt að hann hafi síðar selt dagbækur Magnúsar sveitungum þeirra beggja, þó ekki séu til áreiðanlegar heimildir um það. Víst er þó talið að þegar þeim var loks safnað saman um síðir þá voru þær í eigu ýmissa manna í byggðarlaginu.

Þá kemur einnig fram að heildarsöluverðmæti uppboðsins hafi verið 397,10 kr. en þá átti eftir að draga frá skuldinar sem voru þessar:

Skuldir	
Suðureyrarhreppur:	
Útfararkostnaður	80,60
Vökulaun	4,00
2 ferðir eftir meðölum	8,00
Ógreidd sveitaskuld	78,57
Á. Ásgeirsson verzlun Suðueyri	180,64
Suðureyrar eigendur grunnskatt	2,80
	kr. 354,65

Pórður Þórðarson hreppstjóri [sign]	Uppskrift:
Til virðingarmanna	3,00
– hreppstjóra	2,00
– uppboðslaun	10,00
– Auglýsingar	1,00
– 2 afrit	1,00
Vottar	1,00
	kr. 18,00

Það er því óhætt að segja að lítið hafi verið til skiptanna þegar upp var staðið, eða heilar 25 kr!

Eins og áður sagði þá var það frekar kaldranalegur endir sem þessi saga Magnúsar fékk þegar nágrannar hans „tóku yfir“ hans persónulega líf eftir lát hans. Það var í það minnsta ekki mikið eftir fyrir „fylgikonu“ hans og börnin tvö sem eftir lifðu. Þegar dánarþú af þessu tagi eru skoðuð er engu líkara en að þau komi oft út á sléttu, að lítið sem ekkert sé til skiptanna. Á einhvern hátt er niðurstaðan sú að allt er selt og erfingjarnir sitja eftir með lítið sem ekkert á milli handanna.

Áður var þess látið getið að eigur þeirra hjónaleysanna hafi verið seldar hæstbjóðendum á uppboðinu í ágústmánudi 1917. Þeir kaupendur sem voru stórtækastir reyndust vera eftirfarandi aðilar:

1) Þorvarður Brynjólfsson – 25 uppboðsliðir (fæddur á Ísafirði 15. maí 1863, látinn 9. maí 1925). Fríkirkjuprestur í Vallanesi og Þingmúlasókn, síðar prestur á Stað í Ségundafríði, Ís., frá 1901 til dauðadags. Sýslunefndarmaður til fjölda ára.¹

No	Nöfn hlutanna	Virðingarverð		Söluverð	
1	Nokkur almanök	2	00	1	60
7	Missiraskipta offur	0	50	1	30
9	Hjúkrunarfræði	0	25	0	50
11	11 árg. Lærdómslistarfélags	0	50	1	50
12	Litli sögumaðurinn	0	75	0	65
16	Lestrarkver 1830 Rask	0	25	0	10
17	Fornsögubættir	0	60	0	50
19	Rithöfundatal 1884	0	20	0	50
20	Íslandssaga 1880	0	25	0	40
32	Efnafræði	0	30	0	50
36	Jarför [] J.S.[] Einarasdóttur	0	25	0	25
40	Kvöldvökur H.F. 1991. b.	1	50	3	30
48	– ofl. Sig Pjetursson 1844	2	00	1	10
76	Skrifbók óskrifuð	1	00	0	30
89	Bárðar Snæfellsás o.fl.	0	25	0	30
92	Magnús Púði (saga)	0	35	0	80
93	Leiftur af fl.	0	55	0	50
104	Vorblóm –	0	25	0	10
110	Annáll 19. aldar I–II	1	00	1	10
120	Náttúrufræði Pál Jóns.	0	10	0	10
129	Sæmundur fróði tímarit 1874	0	75	0	30
130	Heilbrigðistíðindi (Jón Hjalt.)	1	00	0	10
132	Um Siðabótina á Íslandi	0	50	0	25
145	Fæðingarár nokkurra Íslendinga	0	50	0	20
148	Birkiberar og Óðinn	0	35	0	20

1 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1962*, bls. 455.

2) Jóhannes Hannesson – 18 uppboðsliðir (fæddur 17. nóvember 1846, látinn 14. júlí 1929). Hreppstjóri í Botni í Súgandafirði.¹

No	Nöfn hlutanna	Virðingarverð		Söluverð	
4	Sálmabók	0	10	0	25
28	[Um] Notkun manneldis í harðræðum	0	20	0	45
37	Hugvekjusálmur	0	05	0	20
38	Hugvekjusafn gamalt	0	15	0	05
39	Grænland S. Breiðfjörðs	0	40	0	30
59	– Úlfari sterka	0	50	0	30
91	Skírnir 1896	0	30	0	10
96	Handvana ofl.	0	25	0	10
100	Morðbrjefa bækl. I–II–III	0	30	0	30
101	Böndin kvæði	0	40	0	20
106	Trjójumanna saga	0	45	0	10
112	Andvari	0	75	0	10
121	Rímur af Ármanni og Helgu ofl.	0	25	0	20
122	– af Fertran og Plató	0	30	0	30
126	– Flórusi og sonum hans ofl.	0	40	0	20
133	Mjallhvít o.fl.	0	25	0	20
175	Gluggi	0	25	0	70
192	4 pokaræflar	0	75	1	00

3) Kristján A. Kristjánsson – 17 uppboðsliðir (fæddur á Suðureyri í Suðureyrarhr., Ís., 28. janúar 1885, látinn 2. ágúst 1961). Kaupmaður á Suðureyri.²

No	Nöfn hlutanna	Virðingarverð		Söluverð	
22	Dæmi[] skrifað	0	20	0	40
25	4 almanök innb.	1	50	0	70
93	Tímarit Bókmenntafjel 1890	0	25	0	10
131	Bragfræði Helga Sigurðar	3	50	2	90

1 Þí – Manntalið 1910, sótt á www.manntal.is.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1962*, bls. 276/329, Íslendingabók, sótt á www.islendingabok.is, samstarfsverkefni Friðriks Skúlasonar ehf. og Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

No	Nöfn hlutanna	Virðingarverð		Söluverð	
5	Ættartala Kristj. Jónssonar og Kristjönu	0	30	1	30
26	1 almanak –	0	55	0	35
29	Jón Espólín saga	0	75	0	85
33	Snorraedda	1	75	1	50
80	Kvæði eftir ýmsa	1	00	0	55
81	„Grána“ [] ýmislegt í óbundnu máli	1	00	3	00
85	Fræðibálkur ofl.	0	25	1	00
86	Þorsteinn sál. [] ifk	0	50	0	65
111	Dýravinur 1916	0	50	0	45
116	Glúma og Ljósvefningasaga	0	75	0	30
150	Dagbækur M. Hjaltasonar frá 1892	36	00	41	00
151	Skápur um bækur	10	00	10	00
153	Kistill (læstur)	2	10	1	10

4) Þórður Þórðarson – 11 uppboðsliðir (fæddur á Suðureyri við Súganda-fjörð 8. nóvember 1875, látinn 23. nóvember 1964). Hreppstjóri og sím-stjóri á Suðureyri.¹

No	Nöfn hlutanna	Virðingarverð		Söluverð	
41	Ljóðmæli: Dauðastundin	0	20	0	10
79	Rímur af Þórði Hreðu	0	50	1	00
156	Nærbuxur (bætt)	0	75	0	15
157	Skyrta (ný)	1	75	1	00
159	Vesti (garmur)	0	25	0	15
162	Olíuvinda	1	00	1	10
164	–	0	75	00	60
177	– m/Haframjöli 25 au	7	00	4	00
180	Kaffikanna	0	60	0	25
188	Baklampi	0	75	0	80
191	2 dýnur	2	00	1	50

1 Manntalið 1930, sótt á manntal.is, Íslendingabók, sótt á www.islendingabok.is, samstarfs-verkefni Friðriks Skúlasonar ehf. og Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

6) Þórður Þórðarson yngri – 11 uppboðsliðir (fæddur 4. júní 1899, látinn í Stað í Súgandafirði 8. desember 1918).¹

No	Nöfn hlutanna	Virðingarverð		Söluverð	
87	Hallfreðar saga	0	30	0	15
88	Kjalnesinga –	0	25	0	10
94	Vígaztyrs saga	0	40	0	30
95	Bandamanna saga	0	25	0	10
107	Ljósvetninga –	0	40	0	10
108	Víglundar –	0	25	0	10
109	Finnboga saga	0	35	0	30
135	Hávarðar saga	0	30	0	25
136	Kormáks –	0	35	0	25
137	Vopnfirðinga saga	0	20	0	05
138	Hallfreðar –	0	30	0	15

Þannig endar þessi saga Magnúsar á frekar napran hátt, svo ekki sé meira sagt. En eitt er víst að þessi lokasyrpa í lífi hans eftir dauðann var mjög í þeim anda sem hann hafði kynnst í lifanda lífi. Í lok árs 1904 leitaði Magnús til dæmis til fátækraneftndar Ísafjarðar og fékk heldur kaldar kveðjur frá fulltrúa nefndarinnar er hann bar sig upp við hann, „... en svar hans var á þessa leið: „Hvað ætlar þú að finna mig? Geturu ekki kjaptað? – Nenntu að vinna – Farðu að draga grjót, þú ert fullhraustur. Mér kemur þú ekkert við, en hvert þú skrifar fátækraneftndinni, það ertú sjálfráður.““² Ekki er laust við að heyra megi til oddvitans á eigninni í *Heimsíjosi* Halldórs Kiljans Laxness þegar Ólafur Kárason gengur fyrir hann:

Hvern fjandann sjálfan vilt þú hér? spurði oddvitinn.

Skáldinu vafðist ævinlega túnga um tönn þegar hann var ávarpaður mjög hranalega. Hann fór þá vanalega að leita í huga sér að nógu blíðu og kristilegu svari, en vildi stundum ganga torveldlega að finna það.

Hvað er þetta, geturðu ekki kjaftað? spurði oddvitinn.

Ég hef orðið að liggja úti í nótt, sagði pilturinn í von um að hræra þetta kalda hjarta til vorkunnar yfir slíkri eynd. En oddvitinn svaraði: Þú hefur gott af því.

1 Manntalið 1910, sótt á manntal.is, Íslendingabók, sótt á www.islendingabok.is, samstarfsverkefni Friðriks Skúlasonar ehf. og Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

2 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: Nóvember 1904.

Ég var að hugsa um að biðja þig að veita mér einhverja ásjá, sagði skáldið.
Ásjá, já ég skal svei mér veita þér ásjá. Nentu að vinna. Farðu að draga grjótið. Þú ert fullhraustur. Mig varðar ekkert um þig.¹

Sömu sögu er að segja um framhald dagbókar Magnúsar; þar ræðir hann efni sem varð grunnurinn að sögu Halldórs, það er hin ömurlegu kjör lít-ilmagnans og afstöðu þeirra sem auðinn áttu til kröfu fátæklinga um mann-sæmandi líf. Viðbrögð fátækranefndarinnar og almenn kjör Magnúsar og fjölskyldu hans urðu honum, stuttu eftir fundinn með fulltrúa fátækranefnd-arinnar, tilefni til að ræða stöðu sína í heiminum og aðstöðu fátæks fólks almennt:

Talsverðar óspektir mátti nú kalla á Ísafirði, hinn nýi sýslumaður M. Torfa-son, gekk sem logi yfir akur um allan bæinn til að drífa það fólk í sundur – eða til að giptast, er bjó saman ógipt. Urðu sumir að borga, og gætu þeir ekki borgað strax, var tafarlaust tekið hjá þeim lögtak. Mátti því segja að algjört frelsisleysi og undirokun væri að fara sem óðast í vöxt þar sem elsk-endum var bannað að vera saman og þó þeir einhverra orsaka vegna eigi gætu gipzt.

Á seinni árum hefir hagar einstaklinganna, hinna efnalaus, einatt farið versnandi, auðkýfingarnir og yfirvöldin hafa stofnað þeim í pínandi nauð og vandræði, en þó er nú enn þá verra. Þeir sem ekki eiga húsráð og verða að liggja á liði annara með það og annað, eru því í sárustu nauðum, og þegar svo hörmulegasta heilsuleysi og matarskortur og klæða bætist ofan á, þá er lífið enginn leikvöllur í mínum augum, enda hef ég öll þessi ókjör við að búa; þætti mér því gaman að sjá einhvern með baggana mína og leika sér með þá eins og lamb; en hvert á ég að fara til að finna hann?

Nú ættum við hinir að bágstöddu að gjöra samtök, og þar sem enga mann-úð eða réttlæti er að finna, að brjótast áfram með ofbeldi og undiroka hina djöfullyndu embættismenn, er búa til lög að eins til að kvelja undirsáta sína – eða við ættum að flýa á fjöll, og lifa þar samkvæmt samvizku okkar og skynsemi.²

Vart er hægt að hugsa sér kröftugra ákall til samferðamanna sinna en það sem Magnús lætur hér í ljósi. Brýningar þessar bárust þó aldrei úr barka Magnúsar út í samfélagið nema sem ómur úr fjarska sem bergmálaði í daglegri framgöngu Magnúsar sjálfs. Rétt til gamans má geta þess að dag-

1 Halldór Kiljan Laxness, *Heimsíjós I*. Önnur útgáfa (Reykjavík: Helgafell, 1955), bls. 179.

2 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 25. nóvember 1904.

inn eftir segir Magnús frá því að framinn hafi verið þjófnaður í Bolungarvík og grunur hafi fallið á Ólaf nokkurn Kárason!

Magnús fékk boð frá bæjarfulltrúa Ísafjarðar í tilefni af erindi því sem hann lagði fyrir fátækranefndina. Aðalmaðurinn á bak við þá atburði var fósturbróðir hans, Bjarni Hermann Kristjánsson, sem lék Magnús grátt er hann dvaldi undir verndarvæng móður hans. Bjarni hafði engu gleymt og lét það í ljós er hann gerði boð eftir Magnúsi: „Neyddist ég til að gjöra það, og er ég var kominn þar, segir óþokkinn „Komdu hérna, svo þú getir heyrt hvað þú átt von á. Ef þið getið ekki klárað ykkur, verðið þið að skilja, og þá verður þú að fara til þinnar sveitar, og hún til sinnar. Svo hér er engrar hjálpar að vænta. Jeg fór með bréfið þitt upp á kontór, og sýslumaðurinn sagði að þetta væri rétt, þið eruð hér í ólöglegri húsmennsku og búið saman ógipt.“ Að svo mæltu þagnaði fúlmennið. Jeg var sem þrumu lostinn er ég hafði heyrt þessa ræðu. Sá ég enn glögggt að Bjarni Hermann Kristjánsson skipstjóri úr Önundarfirði var samur við sig: að hann var sami djöfullynti óþokkinn, er ég hafði reynt hann að á æskuárum mínum.“¹ Þær byrðar sem lagðar voru á herðar Magnúsi í æsku fylgdu honum alla ævi, eiginlega út yfir gröf og dauða.

E. Almennar þjóðfélagsumræður um fátækt

Óhætt er að segja að þau sjónarmið sem fram komu á Alþingi á síðari hluta nítjándu aldar hafi birst með kröftugum hætti í blöðum og tímaritum á sama tíma. Málefni fátæktar fá samt ólíkan hljóm á þeim vettvangi en á Alþingi og því er ómaksins vert að skoða hvað þar bar á góma hjá landsmönnum.

Árið 1897 skrifaði alþingismaðurinn Þorkell Bjarnason grein um fátækt í tímaritið *Andvara* og hafði þungar áhyggjur af stöðu mála. „Sveitarþyngslin hjer á landi eru það voðafang, sem almenningur finnur sig lítt fær-an að rísa undir, og er það síður en eigi gleðilegt, að þyngsli þessi virðast fremur aukast en minnka, enda hefir á seinni hluta þessarar aldar drjúgum aukizt á þau, er sýslunefndir voru settar á stofn og ljósmæðrum veitt laun úr landsjóði.“² Þetta verða að teljast nokkuð merkileg rök því ekki er annað að sjá en að þingmaðurinn sé að vísa til þess að tíðni ung barnadauða hafi mjög dregist saman á þessu tímabili, en hún féll úr 35% um miðja öldina niður í 12% á síðasta áratug hennar. Ljósmæður áttu trúlega einhvern þátt í þessari breytingu og ómegðin var líkleg til að aukast þegar hægt var að bjarga fleiri

1 Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 28. nóvember 1904.

2 Þorkell Bjarnason, „Um fátækramálefni.“ *Andvari* 22 (1897), bls. 72.

ungbörnum frá dauða á fyrsta aldursárinu.¹ Rök þingmannsins eru engu að síður langsótt, svo ekki sé meira sagt. En skoðum málið örlítið betur:

Davíð Scheving Thorsteinsson héraðslæknir kemur inn á almennar ástæður þess að ungbarnadauðinn var svo tíður í lok nítjándu aldar í skýrslu sinni til landlæknis árið 1898: „... þar sem rúmtakið er svo lítið innanhúss, að ekki mundi vera fyrir hvern mann nema örlítið brot af því rúmtaki, sem talið er minnst nægja fyrir manninn, og engin ventilation; þegar svo hér við bætist allra handa *beinlínis óþrif*, sem *eitra* þetta litla lopt, sem til var, – þá fer ekki að ganga neitt yfir mann þó maður heyri að 23 ungbörn á fyrsta ári deyi af 112, án þess að nokkur epidemi hafi gengið.“² Fram hafði komið fyrir í skýrslunni að ungbarnadauðinn hafi verið 20,4% þetta árið í héraðinu, en Davíð gaf einnig upp nákvæmar tölur um hvenær á fyrsta árinu börnin létust.

Því er gjarnan haldið fram, til dæmis í doktorsritgerð Ólafar Garðarsdóttur, prófessors á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, að ungbarnadauði hafi farið minnkandi vegna þess að mæður byrjuðu að gefa börnum sínum brjóst í æ ríkari mæli þegar leið á nítjándu öldina, helst vegna hvatningar ljósmæðra. Ég hef efasemdir um að þessi rök standist fyllilega, í það minnsta verður að benda á að þegar óprentaðar skýrslur héraðslækna eru skoðaðar blasir við sú staðreynd að stór hluti þeirra kvartar stöðugt yfir því að erfitt sé að fá mæður til sveita til að gefa börnum sínum brjóst. Þessar umkvartanir héldu áfram fram undir lok annars áratugar tuttugustu aldar.³

Guðmundur Scheving Bjarnason héraðslæknir Strandamanna kemst svo að orði árið 1907 um meðferð ungbarna, en hann á eftir að koma við sögu síðar í þessum kafla:

Meðferð ungbarna er hjer í sveit, sem víðast annarsstaðar á landinu, æði mikið ábótavant. Að sönnu munu börnin almennt betur þrífín hjer en fyrrum, og eins mun klæðnaður þeirra vera haganlegri nú, en þó vantar mikið á að vel sje. Tólfunum kastar samt fyrst þegar að næringu barnsins kemur.

1 Sjá bók Jóns Ólafs Ísbergs, *Lif og lækningar. Íslensk heilbrigðissaga* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2005). Sjá einnig: Ólöf Garðarsdóttir, *Saving the Child. Regional, cultural and social aspects of the infant mortality decline in Iceland, 1770–1920* (Umeå: Demographich Data Base, 2002).

2 ÞÍ – Skjalasafn landlæknis. Ársskýrslur lækna DI og II. 1898: 1–13. læknishéruð – Davíð Scheving Thorsteinsson: 4. læknishérað 1898.

3 Ekki er ráðrúm til að gera hér grein að neinu marki fyrir þessari fullyrðingu en hún er byggð á rannsókn minni á óbirtum ársskýrslum héraðslækna frá 1880 til 1920, varðveittum í Þjóðskjalasafni Íslands. Sjá ÞÍ – Skjalasafn landlæknis 1760–1946. Sjá einnig hvassa gagnrýni Jóns Ólafs Ísbergs á bók Ólafar, meðal annars á þetta tiltekna atriði: Jón Ólafur Ísberg, „Ólöf Garðarsdóttir, Saving the Child“. *Saga* XLI:1 (2003), bls. 214–219.

Með fáeinum undantekningum eru öll börn hjer nærð á pela. Yfirsetukonurnar hafa sagt mjer, að hjer um bil ómögulegt sje orðið að fá mæðurnar til að hafa börn sín á brjósti. Mæðurnar telja sig þá altot bundnar við barnið, og að þær geti þá ekki sinnt nauðsynlegum búverkum. Hin stórkostlega ekla á vinnukonum á hjer mikinn hluta að máli, og gjörir það að verkum, að konur bænda hafa naumast nokkurn tíma afgangs frá nauðsynlegustu bústörfum, og er þeim því mikil vorkunn. Þar sem nú börnin almennt nærast ekki á brjóstamjólk heldur á kúamjólkur blöndu, misjafnlega tilreiddri, þá er sízt að undra þó mörg þeirra sjeu stöðugt þjáð af meltingarkvillum, enda eru þeir hin algengasta dauðaorsök barna hjer, og þar næst, en þó stórrí skör neðar, kvæfsótt og aðrir brjóstsjúkdómar.¹

Vandann töldu flestir liggja í litlum skilningi yfirsetukvenna (ljósmæðra) á þýðingu brjóstagjafar en einnig, eins og fram kemur í máli Guðmundar Scheving Bjarnasonar, takmörkuðum tíma kvenna til að sinna börnum sínum. Annar héraðslæknir, Sigurður Sigurðsson, sem þjónaði Dalasýslu lýsir meðferð ungbarna á enn ítarlegri hátt í skýrslu sinni til landlæknis árið 1907:

Fæst af ungbörnum eru höfð á brjósti eingöngu. Árið 1905 útvegaði jeg mjer skýrslu um þetta efni hjá yfirsetukonunum, og kom það fram, að af 72 börnum, sem fæddust á tímabilinu frá nóvember 1904 til nóvember 1905, voru 9 á brjósti eingöngu, 31 á brjósti og „pela“, 28 á „pela“ eingöngu, og um 4 var óvíst. Það er óhætt að fullyrða, að hlutfallið er eins eða mjög svipað nú. Börn þau, sem eru á „pela“, fá kúamjólk og vatn, og er það hvortveggja soðið áður af langflestum, þó kemur það fyrir, að því er ekki hlýtt, og er furða, að það skuli ekki optar verða að fjörtjóni. „Pelinn“ og gúttaperkaspeninn² er einnig af mörgum ekki svo vel hirtur, sem vera ætti, og þykir það

- 1 Þí – Skjalasafn landlæknis. Ársskýrslur lækna DI og II. 1907: Reykjavík-Strandahér. – Guðmundur Scheving Bjarnason: Strandahérað 1907. Svo annað dæmi sé tekið úr öðru héraði má nefna heilbrigðisskýrslu úr Borgartjardarhéraði árið 1900, en læknirinn Jón Blöndal segir svo frá: „Meðferð á ungbörnum mun heldur vera að batna hjer þó hægt fari, en ekki hafa þó mæður nærri nógu almennt börn sín á brjósti og eru því meltingarkvillar á ungbörnum alltíðir hér enn. Þó mun nú svo komið að flestar mæður vilja ala börn sín upp á brjósti en hafa opt ekki lag á því að venja þau á brjostið og yfirsetukonurnar ganga ekki nógu röggsamlega fram í því að kenna börnum að sjúga og eiga fæstar brjóstglös, sem þó væri nauðsynlegt fyrir þær að hafa.“ Sjá Þí – Skjalasafn landlæknis. Ársskýrslur lækna DI og II. 1900: Reykjavík-Siglu-tjardarhéruð. – Jón Blöndal: Borgartjardarhérað 1900.
- 2 Það er mjög erfitt að lesa úr þessu orði í handriti en af samhenginu má ráða að þetta hafi verið einhvers konar snuð eða tútta sem sett var á mjólkurflösku og barninu var ætlað að sjúga. Samkvæmt orðsifjabók Ásgeirs Blöndal þá merkir *gúttaperka* gúmmíkennt efni. Sjá Ásgeir Blöndal, *Íslensk orðsifjabók* (Reykjavík: Menningarsjóður, 1989), bls. 289. Í texta Sigurðar er erfiðara að ráða í seinni lið orðsins en þó má ætla að það sé *speni*. Í *Kvennablaðinu* frá árinu

sumum óþarfi, og sumir láta áminningar um það sem vind um eyrun þjóta. Víða hef jeg og sjeð pelaspena tálgaða úr trje með boruðu gati í gegn um; þykja þeir hentugir af því að þeir endast vel; en þeir eru víst sjaldan soðnir í vatni; stöku sinnum þvegnir upp ... Mörgum þykir og allt undir því komið, að börnin fari að eta ýmsa fullorðinna manna fæðu sem mest, og er það opt gjört áður en börnin eru 1/2 árs. Meltingarsjúkdómar ungbarna eru tíðir hjer, og flýta þeir opt fyrir dauða þeirra ef annar sjúkdómur bætist við.¹

Af lýsingum af þessu tagi er auðvelt að skilja hvers vegna lífsmöguleikar ungbarna voru jafn litlir og tölurnar gefa til kynna. Þetta er sérstaklega athyglisverð lýsing þar sem hún er skráð á fyrsta áratug tuttugustu aldar. Ástandið var að öllum líkindum mun betra í þéttbýli enda var ekki eins auðvelt fyrir fátækt fólk að verða sér úti um kúamjólk þar, og því neyddust mæðurnar til að gefa börnum sínum brjóst.²

En snúum okkur aftur að grein Þorkels Bjarnasonar sem áður var getið. Þorkell rekur sig í gegnum fátækramálin frá öndverðu og hefur margt til málanna að leggja sem hefur nú þegar verið reifað í þessari bók. Hann sýnir fram á hvernig ómagaframfærslan hefur aukist á síðari hluta nítjándu aldar: „En gjöld til ómagaframfærslu hafa á seinni hluta þessarar aldar aukizt

1896 er örstutt grein eftir Guðlaugu M. Ársælsdóttur sem ber yfirskriftina „Ráð“. Hún er á þessa leið: „*Mæður!* Ef smábörn yðar eigi vilja taka brjóstið, þá ættuð þjer að eiga sogglös, taka af þeim gúttaperkakúluna, en láta í hennar stað gúttaperkapípu með samskonar munnstykki, eða þá úr horni; geta þá börnin legið róleg í vöggunni og drukkíð fyrirhafnarlaust mjólk frá brjósti móður sinnar, sem þau annars mäske ekki hefðu fengizt til. Jeg hef reynt þetta og gafst mjer það ágætlega.“ Sjá *Kvennablaðið* 2. ár, desember 1896, bls. 93.

- 1 ÞÍ – Skjalasafn landlæknis. Ársskýrslur lækna DI og II. 1907: Reykjavík-Strandahér. – Sigurður Sigurðsson: Dalahérað 1907.
- 2 Þetta kemur fram hjá mjög mörgum héraðslæknum sem sendu skýrslur sínar inn til landlæknis. Þá gerir Guðmundur Hannesson ungbarnadauðann að umtalsefni í prentaðri skýrslu sinni um heilbrigðismál á árunum 1911–1920. Samkvæmt þeirri skýrslu kemur fram að brjóstagjöf sængurkvenna í Reykjavík var því sem næst regla á meðan slíkt heyrði til undantekninga víða annars staðar á landinu. Sjá Guðmundur Hannesson, *Heilbrigðisskýrslur 1911–1920. Samið hefur eptir skýrslum hjeraðslækna. Landlæknirinn á Íslandi* (Reykjavík: Landlæknisembættið, 1922), bls. xcix–c. Þessi umfjöllun Guðmundar er á margan hátt merkileg. Hann leyfir sér að draga mjög víðtækar ályktanir um ástand heilbrigðismálanna í landinu af afar ófullkomnum skýrslum ljósmæðra um meðferð ungbarna. Hann er helst á þeirri skoðun að þjóðinni hafi farið mikið fram á fyrstu tveimur áratugum tuttugustu aldar hvað meðferð ungbarna varðar, en hér verður að draga þá fullyrðingu stórlega í efa. Óprentaðar skýrslur héraðslæknanna sýna að víða á landinu var meðferð ungbarna í sama fari og hún hafði verið alla nítjándu öldina og þá er einnig ástæða til að ætla að tölurnar frá Reykjavík séu ofreiknaðar hjá Guðmundi. Mér þykir ástæða til að benda á þessar niðurstöður mínar af rannsóknum á óprentuðum skýrslum héraðslæknanna þar sem þær varpa örliðu ljósi á vandann sem fylgir ritun heilbrigðissögunnar. Skýrslurnar eru ófullkomnar og þeir sem þær rituðu höfðu hagsmuna að gæta og lögðu því hugsanlega áherslu á að fegra útkomuna.

stórum, og ískyggilega. Árið 1854, sem landsmenn fengu verslunarfrelsi, var 36. hver maður á sveit. En 35 árum síðar eða 1889 er fátækraframfærslan orðin rjettum helmingi meiri. Þá er 18. hver maður sveitarþurfi. Ef þetta er ekki ískyggilegt, jafnvel voðalegt tákn tímann og talandi vottur þess, að efnahagur og viðleitni þjóðarinnar til hagsbóta fer eigi batnandi, heldur hitt, þá veit jeg ekki, hvert menn vilja sannanirnar sækja.“¹ Þorkell bendir á að mörgum verði á að kenna lögunum um þessar auknu byrðar samfélagsins. Hann vill hins vegar halda því fram að annað komi til: „1. Fátækt landsmanna og atvinnuleysi er ein aðalorsök til hinna miklu sveitarþyngsla. Vinnan verður sí og æ dýrkeyptari og hjúahald erfiðara og kostnaðarsamara.“²

Þorkell bendir á að þjóðfélagsgerðin hvetji ekki mikið til sjálfshjálpar. Börn séu nánast fangar fátæktar í eigin fjölskyldum og vinni þar langt fram á fullorðinsárin kauplaust eða kauplítill. Og hann bætir við að „... er þau giptast og fara að eiga með sig sjálf, og er þess ekki að vænta, að slíkt fólk eigi neitt verulegt til, þegar það byrjar sjálfsmennskuna, hvort sem það svo sezt að í húsmennsku eða tekur til búskapar. Af þessu hvorutveggja leiðir hinar allt of almennu öreigagiptingar.“³ Lítið þurfi út af að bregða til þess að þetta fólk kæmist á vonarvöl og öll þess ómegð sem oft er umtalsverð að áliti Þorkels. Hann er heldur ómyrkur í máli gagnvart hreppstjórum og hreppsnefndum og telur að þeir sem þar halda á málum kunni illa með vald sitt að fara. Vandann telur hann meðal annars felast í ákvæði laga um fæðingarhrepp – það ýti undir að hreppsnefndir axli ekki sína ábyrgð heldur færi hana yfir á aðra. Hann leggur síðan til allróttæka tillögu sem felst í því að í stað fæðingarhrepps komi heimahreppur þess sem sækir um styrkinn þegar um hann er sótt, það er að sá hreppur borgi sem sé heimavöllur fólks þegar það fari fram á aðstoð. Með þessu móti sé komið í veg fyrir að „sveitastjórnir geti eins beitt brögðum og nú“; enginn annar hreppur sé þannig í spilu en sá sem hýsi það fólk sem óskar eftir styrk. Höfundur greinarinnar bendir á að þessi tilhögun sé ekki gallalaus. Trúlega myndu sveitarstjórnir reyna að koma í veg fyrir að fátæklingar settust að við sjóinn og stofnuðu þar heimili. Yfirvöld þyrftu hins vegar að tryggja að slíkt væri ekki „um skör fram“, eins og þar segir.

En málið hafði áður verið á dagskrá. Eggert Ó. Briem skrifaði greinaflokk í *Norðarfara* 1884 þar sem hann fór yfir helstu þætti sveitarþyngslanna. „Sje það rjett á lítið, að uppeldi æskulýðsins sje aðalrót sveitarþyngslanna, þá hvílir sökin mestöll á þeirri kynsl, sem hefir uppalið og er að

1 Þorkell Bjarnason, „Um fátækramálefni“, *Andvari* 22 (1897), bls. 87.

2 Þorkell Bjarnason, „Um fátækramálefni“, bls. 90.

3 Þorkell Bjarnason, „Um fátækramálefni“, bls. 91.

uppala þá, er nú eru og árlega verða sveitarfélögunum til þyngsla. Fátt er ef til vill meir vanrækt en uppeldi barna, og fátt eða ekki er því meir umvarðandi. Virðist það bæði koma af hugsunarleysi (ljettúð) og skeytingarleysi eða menningarleysi foreldra og annarra, er það eiga að hafa í hendi.“¹ Höfundur greinanna sér þetta sem eina allsherjar illræmda hringrás sem fær hann til að álykta að best sé að stofna það sem hann kallar „uppeldisbú“ þar sem kennt er að ala upp börn og þá sérstaklega þau börn sem sveitarfélögin þurfa að koma nærri.

Rétt eftir miðja öldina nítjándu skrifaði annar höfundur í *Norðanfara* um málefni fátæks fólks og þó einkum þann vandræðagang sem fælist í öreigagiftingum. Það efni var sannarlega ofarlega á baugi á þessum tíma og íslensk bændastétt virðist hafa verið nokkuð sammála um mikilvægi þess að koma í veg fyrir þær eins og kostur væri: „Margir eru nú þegar farnir að sjá fram á hve mikil óblessun af þessu ráðleysi stafar, og hve miklum byrðarpunga það veldur búendum, að ala á sínum súra sveita allt það hyski sem rekast verður eins og fjenaður eða ófrjálsir menn frá einum hrepp á annan.“² Höfundur vitnar síðan í bænaskrá sem send var Alþingi 1859 og gagnrýnir þingið fyrir linkind í sambandi við þann málaflokk. Sá tónn átti eftir að heyrast oft á þessum árum en óhætt er að segja að öreigagiftingar og fátækt hafi verið samofin í rökræðum margra málshefjenda. Í lok aldarinnar voru þessi rök enn á lofti og þeim haldið fram af miklum ákafa af einum sem birti grein sína í *Fjallkonunni*. Höfundur hennar bendir á eftirfarandi í sambandi við öreigagiftingar: „... og hörmulegt er að vita til þess, að þeirri upphæð skuli hafa verið varið til að uppala, undantekningarlítið, vesalmenni, sem um ókomnar aldir verða sífell byrði á sveitarfélögunum, með því fyrirkomulagi sem nú er, og það er það, að persónur þessar mega hindrunarlaust giftast sínum líkum og auka kyn sitt, að eins ef þær ekki eru vitstola.“³

Athyglisvert er að sjá hve vel margir landsmenn voru heima í umræðum á þinginu enda voru *Tiðindi frá Alþingi* (síðar *Alþingistíðindi*) vinsæl lesning heima í baðstofunum en upplagstölur eru eiginlega með ólíkindum. Álitid er að upplagið hafi verið eftir hvert þing á bilinu 600 til 1000 eintök. Allir hreppar í landinu fengu ókeypis eintök send til sín og sömu sögu er

1 Eggert Ó. Briem, „Um sveitarþyngsli“. *Norðanfari* 23. ár, 37–38 (13. október 1884), bls. 73. Áður hafði hann birt greinar í sama blaði: *Norðanfari* 23. ár, 33–34 (20. september 1884), bls. 66–67; *Norðanfari* 23. ár, 35–36 (3. október 1884), bls. 70–71 og svo síðar: *Norðanfari* 23. ár, 39–40 (18. október 1884), bls. 77–78.

2 „Í upphafi skyldi endir skoða.“ *Norðanfari* 18.–19. ár (september 1884), bls. 35.

3 „Giftingar öreiga og óvita.“ *Fjallkonan* 12. ár, 12 (19. mars 1895), bls. 46.

að segja um þingmenn. Fullyrða má að þetta efni hafi því víða ratað og komist í hendurnar á mörgum. Enda eru frásagnir í sjálfsævisögum sem staðfesta að efni þeirra hafi verið lesið á kvöldvökum í baðstofunum í heyranda hljóði.¹

Í *Ejódviijanum* árið 1887 skrifaði maður sem sagðist vera þurabúðarmaður grein um þá sem bjuggu við slík kjör. Hann gerði að umtalsefni frumvarp sem hafði verið til umræðu í þinginu og gerði ráð fyrir verulegu takmörkunum á frelsi þurabúðarmanna. Höfundur telur að atvinnumálanefnd hafi komist að eftirfarandi niðurstöðu: „Hún ber þurabúðarmennskunni þennan vitnisburð, að „hún eigi meira og minna þátt í hinum voðalegu sveitarþyngslum um land allt, kaupstaðarskuldum og verzlunarástandinu, ali börn upp í iðjuleysi og ómennsku, og leggi grundvöllinn til æfilangrar vesældar, sem því miður opt leggist í ættir“!! Stór orð, en engar ástæður færðar fyrir, svo að sönnunargildi þessa sleggjudóms verður sára lítið.“²

Tveimur árum síðar lét Páll Briem til sín taka um fátækramálin í tímaritinu *Andvara*. Páll ræddi fyrst og fremst um skyldur samfélagsins við þegna sína. „Öllum sem þiggja steitarstyrk, er slengt saman. Afleiðingarnar eru hinar sömu fyrir þá, er verða þurfandi fyrir slys eða veikindi, og óráðsmennina, letingjana og drykkjurútana, sem standa jafnvel á lægra stigi í siðferðislegu tilliti, en margur afbrotamaður ... Það er siðspillandi, þegar letingjarnir og óráðsmennirnir geta jafnvel lifað náðugra og betra lífi, en þeir fátæklingar, sem vinna baki brotnu, til að hafa ofan af fyrir sjer og sínum, en hins vegar er það og særandi, þegar illa er farið með börn og sjúklinga, sem eru á sveitinni.“³ Þetta er athyglisverð skipting hjá Páli. nokkuð sem kom oft til tals en ef til vill ekki í jafn skipulögðu formi og þarna er að finna. Hann leggur því til að fátækrastryrknum verði skipt upp í þrjá flokka: Í fyrsta lagi telur hann að börn og sjúklingar eigi að vera í sérstökum flokki eða þeir sem verða þurfalingar af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Páll segir: „Þessir þurfalingar eru guðspakkamenn, og það er athugavert, hvort sveitarstyrkurinn ætti að hafa rjettindamissi í för með sjer fyrir nokkurn af slíkum mönnum.“⁴

1 Sjá til dæmis: Árni Gíslason, *Gullkistan. Endurminningar Árna Gíslasonar um fiskveiður við Ísaþjarðarajúp árin 1880–1905* (Ísafjörður, 1944), bls. 115. Sjá einnig: Sigurður Gylfi Magnússon, *The Continuity of Everyday Life: Popular Culture in Iceland 1850–1940*. Doktorsritgerð, Carnegie Mellon University, 1993, bls. 171.

2 „Þurabúðarmennska.“ *Ejódviijinn* 1. ár, 25 (8. september 1887), bls. 98.

3 Páll Briem, „Nokkur landsmál einkum fátækramálið og skattamálið“, bls. 17–18.

4 Páll Briem, „Nokkur landsmál einkum fátækramálið og skattamálið“, bls. 18.

Í öðrum flokki eru þeir sem kunna ekki fótum sínum forráð. Páll vill að þeir missi öll réttindi til að ráða yfir öðrum og glati einnig pólitískum réttindum. Þeir eigi að vera komnir upp á náð og miskunn sveitarinnar. Letingjarnir fylla svo þriðja flokkinn ásamt drykkjufólki og auðnuleysingjum. Þann hóp vill Páll hneppa í varðhald og koma í vinnubúðir með það í huga að þoka honum á rétta braut lífsins. Páll vill með öðrum orðum veita samfélaginu víðtækt vald yfir þeim sem lenda í fátækt vegna eigin lasta.

Árið á undan skrifaði séra Arnljótur Ólafsson alþingismaður mjög ítarlega grein í *Andvara* um ómagaframbærslu. Tilgangur greinarinnar var að skýra út hugsunina sem lá að baki lögunum um málaflokkinn. Þar greinir hann meðal annars frá því hvað felist í skylduframbærslu og sveitarframbærslu, þar sem sú fyrrnefnda sé grunnskyldan en hin síðari til vara. Jafnframt kemur fram að sveitarfélagið hafi mjög víðtæk völd til að koma þessum málum þannig fyrir að það kosti samfélagið sem allra minnst. Þar bendir Arnljótur meðal annars á eftirfarandi: „Samkvæmt 9. gr. reglugj. skal sveitarstjórnin „engan styrk veita þeim manni, er unnið getr fyrir nauðsynjum sínum, ef hann beitir kröftum sínum (þ.e. andlegum og líkamlegum hæfileikum) tilhlýðilega.“ Enn fremur „... skal þess einkum gætt, að þurfamaðurinn vinni svo mikið sem unt er fyrir sér sjálfr, og skal útvega honum vinnu sem kostur er á.“¹ Og Arnljótur bætir svo við: „Sveitarstjórnin skal og jafnan öðrum þræði hafa sér hugfast afleiðingar þær hinar skapsamlegu fyrir siðsemi og iðjusemi manna, er of auðfengum sveitastyrkr valdið getr.“²

Arnljótur telur að það sé við sveitarstjórnirnar sjálfar að sakast hafi þessi málaflokkur farið úr skordum þar sem lögin veiti þeim mjög víðtækt vald til að grípa til sinna ráða þegar þurfalingum fjölgar í sveitum umfram það sem eðlilegt geti talist. Merg málsins telur Arnljótur vera eftirfarandi: „Ómagi er þá hverr sá maður, er eigi megnar af sjálfsdáðum fram að færa sig og sína, og sé hann eigi skylduómagi annars manns né fái styrk hjá frændum sínum eður öðrum mönnum, er hann *sveitarómagi*. Þurfamaður heitir maður, er þarf styrk að fá í gustukaskyni eður af framfærslumönnum sínum eður sveitinni til framfærslu sér eður sínum.“³

Tónninn í mörgu sem kemur fram í umræðunum í blöðum og tímaritum undir lok nítjándu aldar, og reyndar fyrr, byggist á mjög markvissum skilningi á stéttarskiptingunni í samfélaginu. Arnljótur áttar sig auðvitað á þessu og til að styrkja röksemd sína ræðst hann í að greina helstu hópa og hvernig þeir skiptast niður á stéttirnar:

1 Arnljótur Ólafsson, „Um ómagaframbærslu“. *Andvari* 14 (1888), bls. 178.

2 Arnljótur Ólafsson, „Um ómagaframbærslu“, bls. 178.

3 Arnljótur Ólafsson, „Um ómagaframbærslu“, bls. 178.

Hægt er að greina húsmenn frá sveitabændum; öllu örðugra er að greina þurrabúðarmenn frá sveitarbændum, og enn örðugra er með berum og beinum orðum að draga glögg landamerki milli lausamanna af einni hálfu og húsmanna og þurrabúðarmanna af annarri. Einkenni húsmanns er, að hann er húsráðandi, en þó eigi húsbóndi eðr ráðandi heimilis, að hann hefir mötuneyti sér eðr þó fyrir sinn reikning, en er eigi á fæði hjá öðrum sem hjú eðr verkamaðr, og hafi hann þar að auki fleiri menn fram að færa en sjálfan sig, svo sem konu sína eðr hjú, þá er hann eflaust eigi lausamaðr, heldur húsmaðr til sveita og þurrabúðarmaður til sjávar, sé hann annars eigi heimilissvörðr og því sjávarbóndi. Orðið þurrabúðarmaðr þýðir í raun rétttri hvern þann sjálfeldismann við sjó, er eigi lifir við málnty, og er gagnsett orðinn grasbýlismaðr. Orðið þurrabúðarmaðr er því víðtækari merkingar en eldra orðið búðsetumaðr, þótt líklegt sé að bæði þessi orð vera eigi sömu merkingar. Búðsetumenn við sjó og húsmenn til sveita standa, svo að segja, mitt á milli húsbænda eðr húsfæðra og hjúa; þeir búa vanalega í leiguhúsi eðr leigubúð, sem heimahúsinu til eðr húsagarði, lít sem hjáleiga eðr réttara afbýli á sinn hátt heyrir undir heimajörðina eðr aðalbólið; þeir eru sjálfeldismenn eðr hafa fæði sér og eiga vinnu sína. Þannig eru þeir á eina hönd aðgreindir frá húsbændum og húsfæðrum, á aðra frá hjúum, verkamönnum og oftast frá lausamönnum, er eigi geta kallazt húsráðendur í eiginlegum skilningi, heldr eru fremr en svo á lausum kili, fara með dagakaup og eru dagkaupamenn. Úrskurður valdstjórnarinnar gefa nokkrar en þó allrýrar bendingar um þýðingu orðanna „húsmaðr“ og „þurrabúðarmaðr“. Þess má geta, að sökum harðúðar laganna við húsmenn og þurrabúðarmenn, hættir mörgum við að þrengja merking þeirra orða, en rýmka að sama skapi þýðingu orðsins lausamaðr.¹

Arnlfjótur hvetur síðan til þess að sveitarstjórnir styrki þá sem illa eru staddir þar sem samfélagið beri að hluta ábyrgð á því hvernig komið er fyrir fólki. „Mannfélagið ber oftast mikinn hluta ábyrgðarinnar. Um það sannfærumst vér bezt, ef vér athugum á eina hönd uppeldi mýmargra barna, og á aðra hönd hið lága iðnaðarstig og framfarastig atvinnuveganna, er þjóðfélag vort hefir enn náð í flestu, en þó engan veginn í öllum greinum.“² En Arnlfjótur gerir afar skýran greinarmun á ástæðum sveitaþyngslanna, rétt eins og Páll Briem átti eftir að gera ári síðar á sama vettvangi. Hann vildi styrkja þá sem legðu sig alla fram en hefðu orðið fyrir ófyrirséðum áföllum en hinum ætti að refsa, svo að „... þessir lettingjar og eyðslubelgir hitti sjálfa sig fyrir og reki sig á, því ganga má að því vísu, að hvar sem sjálfsbjargaráhuginn er farinn og sjálfsdáðin dofnuð, þar er það neyðin ein sem fær kent

1 Arnlfjótur Ólafsson, „Um ómagaframfærslu“, bls. 198–199.

2 Arnlfjótur Ólafsson, „Um ómagaframfærslu“, bls. 213.

þeim að vinna sem naktri konu að spinna.“¹ Hann telur að meðalhófið geti verið erfitt að finna en mikilvægt sé að skoða tilefni þess að óskað er eftir fjárstyrk frá sveitarfélaginu. Þar muni sveitarstjórnir finna leið að réttlátri aðstoð við þá sem raunverulega þurfi á henni að halda.

Í upphafi níunda áratugar nítjándu aldar ritaði Arnljótur aðra grein sem einnig birtist í *Andvara* og fjallaði um sveitamál. Hann beinir þar sjónum sínum að hinu svonefnda „hreppstjóra instrúxi“, sem áður hefur komið til tals í þessari bók, erindisbréfi frá árinu 1808 sem hann telur að hafi aukið allverulega sveitaþyngslin í landinu. Arnljótur vinnur þar úr tölfræði sem er ætlað að styðja hans mál. Og hann ræðir innihald „instrúxins“ með eftirfarandi hætti: „Hreppstjóri skyldi skýra sýslumanni frá öllu, bera honum allar sögur og tjá honum frá hverri óreglu og óhlýðni. Skylduverk hreppstjóra voru óteljandi. Hann skyldi eigi aðeins vera lögreglupjónn, gætir almenns friðar, reglu og heilbrigði, heldr skyldi hann og hlutast í alt slíkt og annað fleira á heimili hverju. Skyldi hreppstjóri áminna iðulega um þrifnað og hreinlæti í matargjörð og klæðnaði, í hlandforum og hrossaslátri; hann skyldi kenna mönnum búskap á heimilum og því flestar búmannsdyggðir (12. gr).“² Arnljótur er mjög nákvæmur í greiningu sinni og leggur fyrst og fremst áherslu á að þessar kvaðir hafi áhrif á alla búandi menn þó svo að vinnan leggist á hreppstjórana. Arnljótur bendir á tvennt sem þessi tilhögun hafi haft í för með sér, nefnilega að hún „... sviftir hvern mann sjálfsforræði sínu, það er, sjálfshugsun og sjálfsdáð.“ Þannig beri mönnum að hlýða öllu því sem hreppstjórinn segi, hvort sem það á við á hinu opinbera sviði eða inni á heimilunum. Í öðru lagi telur Arnljótur að þessi ákvæði taki af mönnum ábyrgðina sem þeir annars tækju á eigin lífi. „Leti og alskonar menningarleysi til munns og handa, til lífs og sálar sem og eyðslusemi og enda óknyttir urðu nú sem sjálfsgert heimildarskjal til að lifa á sveita náungans og sitja til borðs með börnum foreldra og hjúa“ að því að Arnljótur telur.³

Höfundur greinarinnar heldur því fram að „instrúxinu“ hafi verið þokað til hliðar af þorra valdsmanna upp úr 1830 og alveg gleymst eftir 1845. Hugsunarháttur landsmanna hafi þó ekki breyst: „Vaninn er jafnan ríkr og næsta langlífir, hann lifir einlægt þar til menn vísvitandi eðr óvitandi samfærast um að vaninn sé óvani, siðirnir ósiðr, reglurnar óreglur, lögin ólög.“⁴ Greinin er að þessu leyti greining á hinum andlegu afleiðingum svona reglugerðar; hvaða áhrif hún hefur haft á skilning fólks á sjálfru sér

1 Arnljótur Ólafsson, „Um ómagaframfærslu“, bls. 214.

2 Arnljótur Ólafsson, „Um nokkrar greinar sveitamála“. *Andvari* 7 (1881), bls. 66.

3 Arnljótur Ólafsson, „Um nokkrar greinar sveitamála“, bls. 68–69.

4 Arnljótur Ólafsson, „Um nokkrar greinar sveitamála“, bls. 71.

og hvernig það nálgast verkefni líðandi stundar. Arnljótur skýrir hugsun sína tæpitungulaust með því að benda á að ástandið sem skapast komi hugmyndum inn í hugsun fólks um „... átrúnaðr á fjárstyrk og hjálp frá öðrum, enn eigi á eigin dugnaði, útsjón og framkvæmdum.“ Og hann andvarpar: „Hvað er þetta hugarfar og háttalag, má spyrja, annað en að vilja vera og vera í rauninni einlægt á hreppnum, að lifa á öðrum en eigi á sjálfum sér, eigi sínu viti og vilja, á sinni kunnáttu, iðni og sparsemi?“¹ Hér er Arnljótur því að halda fram þeirri skoðun að samfélagið allt sé ofurselt hugmyndinni um að þiggja af öðrum, en slík sjónarmið voru algeng á þessum tíma.

Fulltrúar yfirstéttarinnar, eins og þeir sem hér hafa komið til tals – Arnljótur Ólafsson og Páll Briem – fjölluðu jafnan um málefni þurfalunga og fátæktar út frá hagsmunum sinnar stéttar, rétt eins og eðlilegt verður að teljast. Samtímaheimildir greina einnig frá sjónarhorni annarra þegna landsins, jafnvel þeirra sem voru af lægri stígum. Þannig hafði nafnlaus maður sig í frammi í blaðinu *Ísafold* árið 1880 og gagnrýndi þar meðferðina á fólki: „Vjer eigum hjer við þá meðferð, sem hreppstjórar og fátæktarstjórar hafa á stundum á fátæku fólki, sem þiggur af sveit, eða er *rekið* á sína sveit. Það má sannarlega segja, að fólkið sje rekið, því það er farið með það ver en dýr. Fleiri dæmi en eitt munum vjer geta talið, þar sem kvennmaður með fárra vikna gamalt barn á brjósti hefir verið rekin með barnið út í illviðri og ókjör, soltin og fáklædd; flutningurinn gengur hreppstjóra frá hreppstjóra, á sjó og landi, auminginn má hvergi standa við, ekki tala við neinn, það er farið með hann eins og óbótamann, þó fátæktin sje eina afbrotið.“² Höfundur bendir á að lögin kveði á um þessa flutninga en aftekur að þar sé gert ráð fyrir misþyrmingum á fólki. Hann skrifar undir: ABCDEFG.

Jafnvel fólk sem tilheyrði efri stéttinni gat látið í sér heyra með gagnrýnum hætti. Schierbeck landlæknir skrifaði til dæmis grein í *Ísafold* árið 1885 þar sem hann kemur með breytingartillögur um skipan fátækramála og ræðir ástæður ástandsins í þessum málaflokki. Hann telur fátækramálin einn versta dragbít á framfarir þjóðarinnar. Landlæknir vill breyta styrknum í vinnustyrk – að tryggja að fólkið sem fái greiðsluna vinni fyrir samfélagið. Þannig muni draga „úr tilhneigingu manna til iðjuleysis og þeim hugsunarhætti, að láta sig nærri því einu gilda, þótt mann beri upp á sveitina, sem nú mun vera helzt til algengur,“ eins og þar segir.³ Hann telur að ónotaður vinnutími sé ástæða fátæktar. „Það er að skilja, að þó að sumir

1 Arnljótur Ólafsson, „Um nokkrar greinar sveitamála“, bls. 72.

2 „Meðferð á mönnum.“ *Ísafold* 7. ár, 6 (13. mars 1880), bls. 22.

3 Schierbeck landlæknir, „Nokkur orð um fátækramálefni og framfarir landsins“. *Ísafold* 12. ár, 24 (3. júní 1885), bls. 93.

sjeu sívinnandi árið um kring, eins og á að vera, að helgidögum undanskildum, þá er hjer mesti fjöldi fólks, sem feykimikill vinnutími fellur úr fyrir á hverju ári. Allur sá mikli ónotaði vinnutími er samanlagður ígildi ógrynni fjár, sem þannig er varpað á glæ. Og hversu mikið af frjósamri jörð liggur eigi alveg óræktað hjer á landi; hveru mikið land mætti eigi gera að fögrum engjum, með fremur lítilli fyrirhöfn til þess að gera ...“¹

Höfundur hefur ekki mikla trú á fiskveiðum, sér þær sem sóun á tíma og líkir þeim við fjárhættuspil sem engum sé hollt að stunda. Vegna ástandsins er að áliti höfundar allt athafnalíf í lágmarki. Ástæðurnar eru þrennskonar: Í fyrsta lagi kunnáttuleysi landsmanna, í öðru lagi fjármagnsleysi og loks atorkuleysi; vilji almennings til að vinna sé lítill sem enginn. Mikilvægt sé að koma í veg fyrir að vinnufærir menn segi sig til sveitar og að þeim sé í staðinn útvegð vinna á vegum hreppsins. Ekki verði hjá því komist að styrkja veikt fólk og gamalmenni en öðrum eigi að koma til vinnu. Svipaðan tón kvað reyndar við hjá ýmsum öðrum sem létu í sér heyra á þessum árum; almenningur var álitinn latur og hirðulaus og sveitarstjórnir ekki nægilega einbeittar að taka af ákveðni á málefnum hans.²

Nokkrum árum síðar, eða árið 1889, skrifaði Schierbeck landlæknir aðra grein í *Ísafold* sem fjallaði um framfarir á Íslandi. Hann er viss í sinni sök; leti og iðjuleysi standi öllum þjóðþrifamálum fyrir þrifum: „Hjer er raunar nálega alls ekkert unnið,“ segir landlæknir, „svo vinna geti heitið, í samanburði við það sem annarsstaðar gjörist, nema rjett með höppum og glöppum.“³ Ástæða letinnar er hinn greiði aðgangur að sveitarstyrkjum, að áliti höfundar. Vegna þeirra tæmist allir sjóðir sveitarfélagsins sem þýði að engu sé hægt að hrinda í framkvæmd. „Í þessum fátækra styrk lenda efni landsins; hið viðbjóðslega átumein, letin og iðjuleysið, sýgur merg þess og blóð ár eptir ár. Þetta átumein ætti að skera burt úr þjóðlíkamanum hið allra bráðast.“⁴ Landlæknir slær svo stéttartóninn í þessari grein sinni: „Ef vér afnemum allan þurfamannastyrk, þá mun bráðlega koma fram hæfilegur munur á stöðu manna og lífskjörum. Þá koma upp hús-

1 Schierbeck landlæknir, „Nokkur orð um fátækramálefni og framfarir landsins“, bls. 93.

2 Sjá til dæmis: „Um sveitastjórn og fátækralöggjöf“, *Ísafold* 12. ár, 4 (28. janúar 1885), bls. 13–14; 12. ár, 5 (30. janúar 1885), bls. 19–20. Einnig: „Atvinnubrestur og tómthúsmenn“, *Ísafold* 14. ár, 11 (9. mars 1887), bls. 42–45; „Fátækra stjórn og sveitarþyngsli“, *Ísafold* 14. ár, 58 (14. desember 1887), bls. 229–230.

3 Schierbeck landlæknir, „Fáein orð um framfarir á Íslandi“, *Ísafold* 16. ár, 21 (13. mars 1889), bls. 81.

4 Schierbeck landlæknir, „Fáein orð um framfarir á Íslandi“, bls. 81.

bændur og þjónar, vinnuveitendur og vinnuþiggjendur. Þá mun framleiðslan aukast stórkostlega. Þá mun plógi beitt um víða völlu og eptir 20 ár verður velmegun orðin svo mikil hjer á landi, að þá má leggja akveg, austur eptir Fjall ...“¹

Í sama blaði svaraði landlækni maður sem titlaði sig sveitamann. Í stuttu máli er sá þeirrar skoðunar að landlæknir þekki ekki til hér á landi og neitar þeirri sök að vinnulýðurinn sé bæði latur og óhlýðinn. Höfundurinn telur þvert á móti að mikil eining ríki á milli húsbænda og hjúa.²

Almennt má segja að þeir sem tjá sig um málefni fátæktar telji að uppsprettu hennar sé að finna í leti alþýðumanna. Ónefndur höfundur greinir í *Ísafold* frá árinu 1888 ræðir einmitt þessa hlið málsins af töluverðri mælsku:

Lögin um sveitarstyrk og fúlgu eru ávöxtur af ítrekaðri viðleitni þingsins til að auka vald og rjett sveitarstjórna gagnvart þrjózkum og heimtufrekum eða kærulausum þurfamönnum. Þingið hafði meðal annars viljað ganga svo hart að þeim, að það mætti þröngva þeim til að vinna af sjer þeginn sveitarstyrk. Það þótti stjórninni of nærri gengið persónulegu frelsi manna og koma í bága við hugsunarhátt vorra tíma. Á það sanzaðist og þingið nú síðast, með því líka að stjórnin var stefnu þingsins í þessu máli fyllilega sinnandi að öðru leyti; hún var meira að segja á því, að beita fátíðri hegningu til að þröngva þurfamanninum til hlýðni við sveitarstjórnina, *meðan* hann þiggur af sveit, sem sje líkamlegri refsingu; en þau skákaði meiri hluti þingsins stjórnina aptur frá með sama leik og hún hafði við vinnuþvingunaruppástunguna: sagði, að það væri þó hálfu andstæðara mannúðar – hugsunarhætti tímans, að beita líkamlegri refsingu við fullorðna menn, fyrir óhlýðnisbrot við sveitarstjórnir, þar sem slík hegning væri úr lögum numin jafnvel fyrir svívirðilegustu glæpi.³

Þannig tóku menn djúpt í árinna þegar málefni fátæks fólks bar á góma í blöðum og tímaritum landsins á níunda áratug nítjándu aldar.

Undir aldamótin 1900 fór gagnrýnin á lögin að herðast. Í blaðinu *Fjóð-ófi* birtist til dæmis grein þar sem vakið var máls á þeirri óhæfu sem víða væri að finna í fátækralögum í garð alþýðumanna og einnig því að lögum hafði lítið sem ekkert verið breytt frá 1834 þrátt fyrir augljósa stórgalla: „Það eru sérstaklega 3 atriði, byggð á hinum núgildandi fátækralögum, sem eru alveg óhafandi sem sé: fátækraflutningarnir, ömun

1 Schierbeck landlæknir, „Fáein orð um framfarir á Íslandi“, bls. 82.

2 „Svar sveitabónda.“ *Ísafold* 16. ár, 34 (27. apríl 1889), bls. 136.

3 „Nýmæli um þurfamenn og þurraþúðarmenn.“ *Ísafold* 14. ár, 22 (9. maí 1888), bls. 85–86.

við fátækrafjölskyldum af ótta fyrir því, að þær verði sveitlægar, og hin tíðu umfangsmiklu, og opt langdregnu málaferli út af sveitfesti þurfalinga. Þetta þrennt er alveg ósamrýmlegt því menningarstigi, sem þjóðin nú í ýmsum greinum er komin á; það er með öllu óalandi og óferjandi lengur.“¹ Höfundur leggur til að búinn verði til jöfnunarsjóður í hverri sýslu sem greiddur verði út til hreppa eftir þörfum. Þannig megi koma í veg fyrir þessar eilífu deilur milli einstakra hreppa um þurfalingana og hvar þeir eigi að vera niðurkomnir. Almennt virðist fólk vera því sammála að hrakningar fátæks fólks milli byggðarlaga gangi ekki lengur.² Síðar komu jafnvel fram þær hugmyndir að þurfalingar ættu að vera á sameiginlega ábyrgð samfélagsins alls, rétt eins og Einar Benediktsson lagði til á öðrum áratug tuttugustu aldar.³

Þegar betur er skyggst um bekkir verður að draga þá ályktun að viðhorfin sem Þórður Guðmundsson hreppstjóri reifaði í blaðagrein í *Suðra* árið 1884 hafi verið ríkjandi hjá stórum hluta bænda þó svo að frjálslýndari öfl hafi látið á sér kræla undir lok aldarinnar. Þórður dregur saman rök sín með eftirfarandi hætti:

Það er næsta algengt að hjú, undir eins og þau eru almennilega vistgeng, ráðast í hjúskap og búskap eða einhvernvegin sjálfsmennsku, án þess að þau eigi nokkuð til. Af þessu leiðir að vinnukraptarnir verða of dreifðir, bændur skortir hjú til að yrkja jarðir sínar, verða því að minnka bú sitt, gjaldþolið minnkar, og fátækraskatturinn vex, af því að sumt þessa fólks megnar ekki í hinni nýju stöðu sinni að afkasta öðrum skyldustörfum en þeim, að aukast og margfaldast, og verða því börn þeirra að fara á hreppinn, stundum á öðru eða þriðja hjúskaparárinu, eða jafnvel á því fyrsta.⁴

Hafa verður í huga að hér hefur aðeins verið tæpt á því helsta sem fram hefur komið á opinberum vettvangi og tengist beinlínis fátækramálum.⁵ Mikið meira var ritað um málefni eins og leti og iðjuleysi, siðleysi hjúa og

1 „Fátækralögin.“ *Fjóðdófur* 52. ár, 10 (2. mars 1900), bls. 37.

2 Sjá til dæmis: Jóhann Eyjólfsson, „Um hreppshelgina og fátækraflutninginn“. *Fjóðdófur* 51. ár, 19 (21. apríl 1899), bls. 73–74; *Fjóðdófur* 51. ár, 21 (2. maí 1899), bls. 81.

3 Einar Benediktsson, „Fátækralöggjöfin“. *Ingófur* 12. ár, 48 (4. desember 1914), bls. 189; *Ingófur* 12. ár, 48 (4. desember 1914), bls. 197.

4 Þórður Guðmundsson, „Um þurfamenn og öreigagiptingu“. *Suðri* 2. ár, 17 (7. júlí 1884), bls. 69. Áður hafði fyrri hluti greinarinnar birst á sama stað: *Suðri* 2. ár, 16 (28. júní 1884), bls. 63.

5 Sjá góða yfirlitsgrein Klemensar Jónssonar í tveimur hlutum um fátækramálin og almenn lög um þau sem hann nefndi: „Handbók fyrir hreppsnéfundarmenn“. *Lögfræðingur* 1–2. árg. (1897–98), bls. 67–102; 84–119.

þurfalinga, öreigagiftingar, húsbóndavald, vinnu almennt og vinnusemi, uppeldi barna og menntun, lausamennsku, stöðu vinnuhjúa, þurrabúðarfólks og tómthúsmanna – allt málefni sem koma inn á stöðu fátækra og almenna hagi í landinu.

Í upphafi tuttugustu aldar var svo komið að alþingismönnum þótti mikilvægt að ráðast í umfangsmikla gagnasöfnun um stöðu þurfalinga með það í huga að taka málaflokkinn til gagn Gerrar endurskoðunar. Sú ákvörðun var ein sú mikilvægasta sem alþingismenn tóku á þessum tíma.

F. Þurfalingarnir 1902 – gagnagrunnurinn

Hugsun fólks og samspil við umhverfið skapar óvenjulegt yfirbragð sjálfstjánningar sem kemur meðal annars fram í þeim sjálfsævisögum sem hér hafa verið dregnar fram í dagsljósið sem heimildir um daglegt líferni fólks. Ég held því fram að íslenskar aðstæður nítjándu aldarinnar hafi styrkt til muna hugmyndir fólks um sjálft sig – hvernig það mat eigin stöðu í samanburði við aðra í samfélaginu – og þar af leiðandi gerð og stöðu sjálfsævisagna sem bókmenntalegrar tjánningar og sagnfræðilegrar heimildar. Í stuttu máli met ég sjálfsbókmenntir sem mikilvægar sagnfræðilegar heimildir.

Sá grunnur sem lagður var á hverju heimili í landinu fyrir uppeldi og mótun einstaklinga var þýðingarmikill fyrir þróun sjálfsævisögunnar og almennrar bókmenningar. Það eitt að læsi var almennt meðal allrar alþýðu hafði mikil áhrif á orðræðuna í töluðu og rituðu máli. Menntun almennings var reyndar forsenda þess að fólk af öllum stigum treysti sér til að tjá sig um málefni liðandi stundar. Án þessa grundvallar hefði sjálfsbókmenntahefðin íslenska staðið á mikið veikari fótum en ella.

Margt annað gerði það að verkum að sjálfsævisagan náði því flugi sem raun ber vitni hér á landi og skapaði henni sérstöðu í samanburði við önnur lönd. Í þessu samhengi verður fyrst að hafa í huga að þjóðin var afar fámenn á nítjándu öld og lítill munur á almennum siðum og háttum fólks milli byggðarlaga. Þótt efnahagur fólks hafi verið mismunandi voru daglegir hættir líkir. Kvöldvakan réð miklu um þann menningarlega jöfnuð sem ríkti í landinu.¹

Fólk á nítjándu öld þekkti einstaka þætti hversdagslífsins þegar frá þeim var greint. Smæð samfélagsins gerði það meðal annars að verkum að fólk myndaði auðveldlega tengsl við einstaklinga og jafnvel atburði sem áttu sér rætur langt fyrir utan nánasta umhverfi þess og reynslusvið. Það komst til

1 Um þetta hef ég rætt í grein minni „Alþýðumenning á Íslandi 1850–1940“ og einnig í doktorsritgerð minni, *The Continuity of Everyday Life*.

dæmis í kynni við „frægt fólk“ eða tengdist því á einn eða annan hátt einhvern tíma á æviferlinum. Þeir sem töldust frægir voru skáldin, stjórnmála- og embættismenn og flakkarar. Það að komast í kynni við fólk af þessum toga hvatti menn óbeint til að setjast niður og segja sögu sína. Áberandi eru til dæmis ítarlegar frásagnir í sjálfsævisögum af háttum og hegðun flakkara sem koma illa saman við áhyggjur yfirvalda af þessum hópi fólks.

Þessi samhljómur umhverfis og lífshátta er afar þýðingarmikill þegar meta á gildi sjálfsævisagna sem sagnfræðilegrar heimildar á Íslandi þar sem tengslin minnkuðu mjög líkurnar á að sjálfsævisöguritarar tækju sér það bessaleyfi að færa í stílinn. Áhættan var hreinlega of mikil því að góðar líkur voru á að lesendur bæru kennsl á spuna og verkið yrði fordæmt fyrir bragðið. Sama má einnig segja um þá ákvörðun að sleppa þýðingarmiklum atriðum úr sjálfsævisögu. Ef það gerðist var hætta á að verkið væri dæmt ómerkt af samtíðarmönnum og almannarómi. Í báðum tilfellum gátu viðbrögðin orðið tvenns konar: Annars vegar kom það fyrir, sem gerist reyndar enn, að fólk kveddi sér hljóðs opinberlega og mótmælti því sem fram hafði komið í einhverri ákveðinni sjálfsævisögu.¹ Hins vegar gátu hörð ummæli hneppt verk í þá hlekki að það bæri þess aldrei bætur. Þetta óhlutbundna afl „almannarómur“ gat verið býsna öflugt tæki til að leiðrétta það sem rangt var með farið. Vísuþrot eða hnyttin hæðnisglósa gat fellt það af stalli og ómerkt öll orð höfundar.

Eitt frægasta dæmið sem kallaði á mjög eindregin viðbrögð við minningaskrifum var samræða Ólafs Sigurðssonar dannebrogsmanns og Þorkels Bjarnasonar alþingismanns, sem áður hefur verið vitnað til í þessari bók, vegna greinar þess síðarnefnda sem hét „Fyrir 40 árum“ og fjallaði um almenn kjör fólks á nítjándu öld í heimahéraði beggja höfunda – Skagafirði. Þorkell birti grein sína í *Tímariti hins íslenska bókmenntafélags* í lok nítjándu aldar en í henni fjallaði hann á óvenju opinskáan hátt um aðstæður fólks í Skagafirði á fyrri tíð. Greinin er bæði löng og mjög ítarleg og frábær heimild um efnahagslega stöðu fólks um miðja öldina.² Ólafur Sigurðsson, sveitungi Þorkels, var mjög ósáttur við lýsingarnar á lífinu í Skagafirði og

1 Hér má til dæmis vísa í umræðu sem spratt fram í kjölfar útgáfu sjálfsævisögu Jóhönnu Kristjónsdóttur, *Perlur og steinar – árin með Jökli* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1993).

2 Þorkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum“. *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 13 (1892), bls. 170–258; Ólafur Sigurðsson, „Fyrir 40 árum“. *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 15 (1894), bls. 198–246. Þorkell svaraði grein Ólafs með tveimur greinum sem báru sama heiti og hin fyrri: „Fyrir 40 árum“. *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 16 (1895), bls. 204–229; „Fyrir 40 árum“. *Fjóðdóttur* 46. árg., 5. október 1894, bls. 186–187. Ólafur átti síðasta orðið í þessari orðasennu. Sjá Ólaf Sigurðsson, „Svar til síra Þorkels Bjarnasonar“. *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 17 (1896), bls. 159–165.

settist niður og skrifaði svargrein sem lýsti allt öðrum aðstæðum en Þorkell hafði gert að umtalsefni.

Segja má að Ólafur opinberi strax í upphafi greinar sinnar að aðstæðurnar sem deilt sé um hafi verið raunverulegar þegar hann viðurkennir að Þorkell lýsi „... mörgu því lakasta, nefnilega hinum mesta kotungsskap og óþrifnaði, sem hann hefur annaðhvort heyrt um getið, eða sjeð á einstaka kotbæ, þegar hann var ungur, og þessu líkt er fleira í ritgjörðinni, sem eigi getur álitizt foreldrum okkar eldra fólksins til mikils heiðurs.“¹ Hann er þeirrar skoðunar að betur hefði farið á því að lýsa meðalbóndanum og bætir síðan við: „En þar að auki var lýtalaust, þó hann hefði hlaupið yfir það allra-ljótasta, sem hann kann að hafa heyrt um getið, því þetta er þó lýsing á háttum hans eigin þjóðar, sjer í lagi Skagfirðinga, sem fleiri fá að lesa en vjer Íslendingar.“² Í huga Ólafs eru lýsingar Þorkels andþjóðfélagslegar og vinna ekki með hugmyndum Íslendinga um sjálfstæði sem byggðust einmitt á þeirri trú að allir þyrftu að standa sína plikt, stíga fetinu framar til að stuðla að framförum.³ Að viðurkenna fátækt og lélegan aðbúnað fólks jaðraði við guðlast.

Ritstjóri *Ejðóðifur* hafði eftir fyrstu hrinu ritdeilnanna vakið athygli lesenda sinna á þeim og dró frekar taum Ólafs, taldi gagnrýni hans réttlætanalega. Í svari sínu til blaðsins segir Þorkell: „Ég hygg, að samkvæmt uppeldi mínu og öllum líf skjörum á þeim árum, hafi ég staðið töluvert nær þeim hluta alþýðunnar, er ég lýsi, en það er hinn fátækari hluti almúgans, og átti því fullt svo góðan kost á að þekkja lífs- og hugsunarhætti hans, sem dannebrogsmaðurinn. Hann var ríkra manna, og sjálfsagt alinn upp við sæld og sólskin lífsins.“⁴

Þessi umræða er stórmerkileg af tveimur ástæðum aðallega: Í fyrsta lagi undirstrikar hún mikilvægi þess að gera tilraun til að nálgast viðhorf fólks sem ólst upp við önnur líf skjör en þeir sem höfðu nóg til hnífs og skeiðar. Í vissum skilningi má halda því fram að höf og álfur hafi skilið að lífssýn þessara tveggja hópa þó að þeir byggju oft í miklu návígi. Það má því segja að gildi sjálfsævisögunnar, og sjálfsbókmennta af hvaða tagi sem er, endurspeglar í þessari ritdeilu þeirra Þorkels og Ólafs. Í öðru lagi dregur

þessi deila fram smæð samfélagsins og nálægð fólks hvert við annað. Ef

1 Ólafur Sigurðsson, „Fyrir 40 árum,“ bls. 199–200.

2 Ólafur Sigurðsson, „Fyrir 40 árum,“ bls. 200.

3 Sjá umfjöllun um þessi viðhorf hjá Sigurði Gylfa Magnússyni, *Menntun, ást og sorg*, bls. 87–120.

4 Þorkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum“. *Ejðóðifur* 5. október 1894, bls. 186.

hallað var réttu máli hikaði fólk ekki við að láta í sér heyra. Þessar aðstæður hafa tvímælalaust hvatt höfunda sem voru vandir að virðingu sinni til að fara með rétt mál. En framhjá álitamálum varð ekki komist, þrátt fyrir allt. Þau voru eðlilega við hvert fót mál.

Samtíðarmenn hafa þekkt vel til aðstæðna fátæks fólks vegna þessara tengsla milli einstaklinga af ólíkum stigum í samfélaginu. Þetta er trúlega ein af ástæðunum fyrir því að um síðir var ráðist í þá efnissöfnun sem millipínganefnd Alþingis stóð fyrir árið 1902 þrátt fyrir mjög strangar hugmyndir manna um aðhald í fjármálum hins opinbera. Hér á eftir mun ég fara ofan í einstaka þætti gagnagrunnsins og draga fram áhugaverð atriði um efnið sem þar er að finna.

Höfundur skýrslunnar, Guðjón Guðlaugsson nefndarmaður, gerði að umtalsefni erfiðleikana við að fá gott yfirlit yfir málaflokkinn með því efni sem fyrir hendi var. Mörg þeirra gagna sem tilheyrðu hreppareikningunum voru bæði sundurlaus og erfið til skipulegrar greiningar. Af þeim ástæðum var ákveðið að ráðast í hina miklu efnissöfnun sem nefndin stóð fyrir árið 1902. Sérstök eyðublöð voru útbúin og þau send út til allra hreppsnefnda og bæjarstjórna landsins. Svörin bárust í öllum tilfellum nema tveimur en sýslumaður á því svæði tók að sér skýrslugerðina í forföllum hreppsnefndarmanna. Spurt var um þrennt: 1) um þurfamenn sem jafnframt voru fjölskyldumenn; 2) um einhleypa þurfamenn og 3) um munaðarlaus börn. Við hvern þátt var síðan óskað eftir frekari upplýsingum sem áttu við í hverju tilfelli. Eins og fram mun koma hér á eftir voru þessi eyðublöð talsvert umfangsmikil.

Athyglisverðar upplýsingar fást þegar aldur þurfamanna er skoðaður. Fjölskylduþurfamenn voru oftast á aldrinum 30–60 ára en um helmingur einhleypa var yfir sjötugt. Fram kemur í skýrslunni að flestir fjöl-



Ástarbrandur

skylduþurfamanna hafi verið á aldrinum 40–50 ára „og fylgir mörgum þeirra sú saga, að þeir hafi kvongast rúmlega þrítugir, byrjað búskap eða tómthúsmennsku efnalausir, svo hafi hlaðizt á þá ómegð, þangað til þeir um fertugsaldurinn hafi orðið að biðja um sveitarstyrk vegna fátæktar og stundum vegna skorts á ráðdeild og dugnaði.“ Hér má heyra óminn af mörgu því sem hreppstjórnir segja í skýrslum sínum sem og því sem fram kom í opinberri umræðu. Einn lætur þess til dæmis getið að „[þ]urfamaðrinn er fremur lítilmenni til sálar og líkama.“¹ Úr sömu skýrslu og frá Leirár- og Melahreppi, kemur svo þessi lýsing: „Fyrir 10–15 árum voru þau hjón flutt hingað á sveit norðan úr Vindhælishreppi þá með 2 börn í ómegð. Síðan hafa 2 fæðst. 2 af þeim eru nú farin að vinna fyrir sér. Hún er orðin ekkja fyrir nokkrum árum. Var í fyrra með bæði börnin í húsmennsku en lá mestan hluta sumarsins. Hefur ekki ætíð vilja hlýða ráðum hreppsnefndar í öllu.“

Oft eru sagðar furðumiklar sögur í þessum fáu orðum hreppstjóranna í athugasemdunum eins og fram mun koma hér á eftir. En áður en lengra er haldið verður hér nefnt annað tilfelli frá Leirár- og Melahreppi sem lýsir ágætlega gildi þessarar heimildar: „Hún á 2 börn sitt með hvorum, framfærsluhreppar barnsfeðranna borga með börnunum kr. 45,00 + 36,00, annars vinnur hún fyrir þeim, að undanteknum þeim 9,00 sem hér eru taldar.“ Í þessum orðum má greina frekar flókið samspil fólks og hreppa þegar kemur að framfærslu þeirra sem í hlut eiga. Á það er einnig bent í skýrslunni að fólk komist af sveitinni eftir að börnin vaxa úr grasi og nái þá sem einstæðingar eða sem hjón að vinna fyrir sér um tíma en verði að lokum öldruð hjú. Þá bíði þess oft þau örlög að fara öðru sinni á sveit. Þó er bent á að stundum taki börnin þá við foreldrum sínum og sjái þeim farborða „en því miður mun það þó fremur sjálfgæft“, eins og segir í skýrslunni.

Enginn skortur var á áfellsdómum yfir fátæku fólki í þessari skýrslu Guðjóns og athugasemdum hreppstjóranna þó að á stundum örli á samúð og skilningi á högum þess. Höfundur veltir til dæmis fyrir sér hvort það sé snjallt að bíða með að ganga í hjónaband eða hvort rétt sé að gera það á meðan fólk er með mikið starfsþrek og sé viljugt til vinnu. „Þess er minna gætt enn skyldi, að *heiðarlegir* fjölskyldumenn, jafnvel þó þeir þurfi lítilfjörlegs styrks, til þess að geta alið upp mörg börn, leggja drjúgan skerf til þjóðfjelagsins fyrir framtíðina og að barnamennirnir eru að öllu jafnaði mestu gróðamennirnir.“

Hafa verður hugfast að bændur hugsuðu gjarnan um hag sinnar sveitar

1 Ekki einhleypir þurfamenn í Borgarfjarðarsýslu: Innri-Akranesheppi.

út frá ýmsum viðmiðum. Ef bóndi komst í tímabundið þrot eða að heimilum manna stöðjuðu erfiðleikar hefur það oft komið fram að fólk var tilbúið að leggja töluvert á sig til að rétta hlut sveitunga sinna. Jón Ólafur Ísberg sagnfræðingur segir frá einu slíku dæmi í bók sinni *Lif og lækningar*. Þar vitnar hann í frásögn af bónda sem veikist hastarlega og nágranni hans stekkur til og leggur á sig langferð til að komast til læknis. Sögumaðurinn – Pétur Ólafsson (f. 1869) – var einmitt sá sem tók að sér að sækja lækinn inn til Akureyrar. Móttökurnar sem hann fékk hjá læknum voru þær að hann hefði í mörgu að snúast og kæmist því ekki strax til að vitja sjúklingsins. Bóndinn gaf sig ekki og hvatti hann eindregið til að veita sér liðsinni þar sem miklir hagsmunir margra væru í húfi. Læknirinn lét um síðir til leiðast og Jón Ólafur bætir svo við: „Þessi frásögn lýsir vel samhjálpinni og góðmennskunni í garð nábúans en það er meira sem býr undir. Ef einyrkinn hefði misst heilsuna eða jafnvel dáið, þá hefði fjölskyldan kannski farið á hreppinn en það hefði kallað á aukin útgjöld og þess vegna var nauðsynlegt að koma honum til heilsu á ný ... Læknirinn var hér að gegna skyldu sinni sem nokkurs konar samfélagsvörður en hann er ekki síður að sjá til þess að hinn veiki verði aftur frískur svo hann geti unnið fyrir sér og sínum og verði ekki byrði á samfélaginu.“¹

Athygli vekur hve fá munaðarlausu börnin eru í skýrslunni, aðeins 118. Höfundi finnst það vera með miklum ólíkindum að í 192 sveitarfélögum skuli vera tæplega 100 ómagar, þar af ellefu í Reykjavík. Ástæðuna telur Guðjón vera eftirtalda: „Það mun mega telja meðal undantekninga í mörgum sveitum, að börn sem missa foreldra sína, og ekki eru komin á sveitina áður, fari á hreppinn við það tilfelli, heldur munu optast vekjast upp einhverjir, skyldir eða vandalausir, til þess að hjálpa þessum munaðarlausum börnum, og er það mjög gleðilegur vottur um mannúð og kærleika til þeirra sem verða fyrir ástvinamissi og ekki geta sjálfir veitt sjer aðstoð.“ Það er hins vegar útilokað að átta sig á hve sá hópur hefur verið stór sem þannig var ástatt fyrir.

Það er út af fyrir sig mjög merkilegt að sveitasjóðirnir hafi þurft að greiða alls 25.098 kr. til menntamála fyrir árin 1901–1902 en kostnaðurinn við fátækraframfærsluna hafi verið á öllu landinu 167.131 kr. á sama tíma. Þessar tölur gefa til kynna hversu gríðarlegur hlutfallslegur kostnaður var af fátækraframfærslunni í landinu á alla gjaldendur. Óhætt er að tala um talsvert þungan skatt á búandi fólk. Útsvarsupphæð bænda var þannig að stórum hluta varið til fátækra en byrðin var afar misjöfn eftir byggðarlögum og jafnvel landsfjórðungum og gat munurinn verið töluverður eins og

1 Jón Ólafur Ísberg, *Lif og lækningar*, bls. 241.

fram kemur í skýrslunni. Höfundur skýrslunnar bendir á að ein af ástæðunum fyrir þessum mikla mismuni geti legið í margvíslegum aðstæðum og nefnir í því sambandi þætti eins og a) slys og óhöpp sem valda þyngslum, b) heilsubrest sem virðist vera misjafn eftir byggðarlögum, c) aflabrest sem hefur oft áhrif á þeim stöðum sem liggja að sjó, d) þá skoðun höfundar að „metnaður og sjálfsstæðisþrá virðist vera á fremur lágu stígi hjá fátæklingum sumra hjeraða, en vera aptur á miklu hærri stígi hjá öðrum“, e) mismunandi menntunarstig, f) stjórnun fátækramála afar ótraust á vissum stöðum – lausatök allt of algeng að mati höfundar.

Guðjón skýrsluhöfundur telur að færa megi rök fyrir því að upphæðin sem lögð hafi verið til heimila þurfamanna sé of há þegar allt sé skoðað: „Að vísu eykur það tæpast byrðina í svipinn,“ segir Guðjón og heldur áfram, „en hitt er alls ekki ósennilegt, að það haldi við armóði og ósjálfstæði um lengri tíma, og hafi þær afleiðingar fyrir framtíðina, að ósjálfstæðið í þessu efni verði ættgengt í sveitunum, enda virðist reynslan benda á það að svo sje.“ Höfundur varar við þeirri hættu sem stafi af því að börn alist upp á heimilum sem séu á sveitina sett og venjist við alls kyns óreglu og óþrifnað:

... þar sem börnin sjá sjaldan eða aldrei fyrir sér myndarlegann og fjölbreyttann verkshátt, ganga margs góðs á mis og því er fæði og klæðum við kemur og venjast við það frá blautu barnsbeini, að faðirinn sækir aðalbjörgina í sveitarsjóðinn, eyði til þess dýrmætum tíma, sem betur væri varið til annars og gjaldi svo sveitinni eða sveitarstjórninni vanþökk fyrir útlátin og komi þannig inn hjá börnunum betlarahugsun og öfund og kala til þeirra, er veita þeim. Loka þannig augum þeirra fyrir öllu, sem aukið gæti sjálfstæði þeirra og metnað, eða flestu því, sem getur verið þeim til uppbyggingar fyrir lífið.

Hér má sjá sömu rök og víða er að finna í almennum umræðum í blöðum og tímaritum á tímabilinu og drepist hefur verið á hér að framan. Höfundur heldur því svo fram í framhaldi af þessari rökræðu að það geti verið nauðsynlegt að fjarlægja börn af heimilum foreldra sinna vegna ofangreindra aðstæðna, til þess að vernda þau fyrir þeim áhrifum sem þau geta orðið fyrir í heimahúsum, en að þessu atriði verður vikið á ný í lok þessa kafla.

Guðjón bendir á að ástæður fyrir styrkþörf telji sveitarstjórnir vera eftirfarandi: „Geðveiki eða brjálsemi, fábjánaskapur, ýmsa aðra sjúkdóma og heilsuleysi, ellilasburði, drykkjuskap, ráðleysi og leti og loks ómegð með ýmsum fleiri ástæðum.“ Eins og sjá má af upplýsingum hreppstjóra eru

helstu ástæður fyrir sveitarstyrkjum veikindi og elli, sem og ómegð. Höfundur dregur því þá ályktun að mikil þörf sé á hælum sem geti hýst sjúka og sérstaklega geðveika. Þá bendir hann á það ömurlega fyrirkomulag að gamalt fólk þurfi að segja sig á sveit, ef til vill eftir farsælt starf í þágu þjóðfélagsins. Við það missi það borgaraleg réttindi og verði annars flokks fólk. Við þetta sé erfitt að una.

Loks vekur athygli að Guðjón Guðlaugsson vildi freista þess að kanna hvað miklum fjármunum væri varið til fátækraflutninga. Niðurstaðan kom á óvart því upphæðin var aðeins kr. 1.422 krónur og 16 aurar að jafnaði á ári, „og verður það ekki sagt, að það sje há upphæð fyrir 192 sveitarfjelög eða 18.086 gjaldendur.“ Það að upphæðin sé ekki hærri telur hann að bendi til þess að ekki hafi verið mikið um fátækraflutninga þessi fimm ár sem hann kannaði. Hann

endar þessa umræðu á eftirfarandi athugasemd: „Að þurfamönnum sje sýnd ómannúðleg meðferð eða viðtökur, þar sem þeir eru fluttir um, er víst mjög fjarri sanni yfirleitt. Sje það nokkursstaðar þá mun það, sem betur fer, vera sjaldgæfar undantekningar; en þó að þurfamönnunum þyki þessi flutningur miður skemmtilegur, þá er ekki gott að gjöra við því.“

Áður var vikið að því að umsagnir hreppstjóranna væru upplýsandi um ríkjandi hugarfar valdhafanna í garð þessa hóps. Óhætt er að skipta athugasemdunum í nokkra flokka sem koma heim og saman við ástæður fátækraframfærslunnar eins og þeim var lýst hér að framan. Tungutak hreppstjóranna vekur hins vegar athygli og hvernig þeir hika lítið við að draga fram viðkvæma þætti í lífi fólks til skýringar á stöðu þess. Hreppstjórinn í Rangárvallahreppi er til dæmis ekki að skafa af hlutunum: „Þurfamaðurinn er sérstakur letingi, hefur nú tvö börn hjá sér með konunni



Audunn sökkull

sem vinnur eingöngu fyrir hyskinu.“ Á öðrum stað segir þessi sami hreppstjóri: „Kvennmaður þessi gefur 20 kr. með 3 ára gömlu barni sínu sem er fábjáni.“ Annar hreppstjóri í nágrenni þess fyrrnefnda í Ásahreppi er stutt-orður í sínum umsögnum: „Er ræfill.“

Sjúkdómar koma auðvitað við sögu, eins og þegar hreppstjórinn í Andakílshreppi segir um einn þurfamanninn að hann sé „[ó]fær til vinnu sökum liðagigtr; getur naumast haft fótavist.“ Parna er lýsingin hrein og bein án nokkurra athugasemda um annarlegt ástand eða tækifærismennsku. Sami hreppstjóri segir reyndar um annan þurfamann: „Þurfamaður þessi hefur allan sinn aldur verið ráðlaus og óduglegur.“ Annar fær mun blíðari afgreiðslu: „Þurfamaðurinn byrjaði búskap bláfátækur fyrir fáum árum og átti þá 3 börn og hafði ofanaf fyrir móður sinni farlama. Þykir duglegur.“ Enn annar fær þessa einkunn hjá hreppstjóranum í Andakílshreppi: „Þurfamaður þessi hefur einatt verið mjög ráðlaus og óráðþægur og hefur í mörg ár haldið sér uppi mestmegnis á óþörfu ferðalagi.“ Frá Eyrarbakkahreppi segir svo af einum þurfamanni: „Gunnar er heilsugóður, drykkfelldur mjög og manna latastur.“ Hreppstjórinn í Árneshreppi á Ströndum segir svo um einn þurfamann: „Þurfamaðurinn er fábjáni, holgóma og mállaus.“

Geðveiki plagaði fólk í sveitum á þessu tímabili. Frásagnir af kostum geðveikra eru oft hryllilegar enda úrræðin fá eða engin. Hreppstjórinn í Hálsahreppi segir svo frá konu sem hafði þegið af sveit: „Hefur alltaf verið í vistum, en lítið kaup fengið og gengið illa út í vistir, nema stutt á hverjum stað vegna vankunnáttu til verka og geðbrests. Með öðru barni hennar er gefið að öllu leyti af sveitinni, hitt annast barnsfaðirinn.“ Hreppstjórinn á Eyrarbakka segir svo um konu í sveitinni: „Þjáist talsvert af ímyndunarveiki, þyrfti að vinna meira.“ Úr Grafningshreppi fylgir einum þurfamanni eftirfarandi umsögn: „Hann hefur jafnan verið ólaginn til allra verka og aldrei getað lært neitt (ófermdur).“ Í Ölfushreppi varð einn „... vitskurtur af drykkju,“ en talsvert er um að þurfalingar séu á sveit vegna ofdrykkju.

Á Stokkseyri eru margir þurfamenn vegna aflaleysis á sjó, eins og það er orðað. Á Eyrarbakka segir um einn að hann sé „[d]auðheilsulaus, það er konan einnig, eitt barna þeirra vanskapaður aumingi. Stokkseyrarhreppur borgar 1/3 af styrknum.“ Frá Sandvíkurhreppi barst þessi lýsing af högum eins þurfamanns: „Þurfamaðurinn undir tölul. 4 en hér við tómtús og er alltaf við vinnu þegar vinnu er að fá, hann giftist stúlku frá sjó, sem lítið kunni fyrir sér til sveitavinnu og sem eftir nokkurn tíma varð geðveik, og veiki þeirri fylgdi lauslæti með óbeit á búskap og ala önn fyrir sér og sínum.“ Frá hreppstjóra Grindavíkurhrepps kemur eftirfarandi lýsing: „Hún

hefur verið galin í mörg ár og nú liggur hún kreppt í kör en er jafngalin og áður.“ Frá Vallahreppi í Suður-Múlasýslu segir svo frá einum þurfamanni: „Hún er alloft bandóð og höfð í virki.“ Þarna er einmitt staðfest að oft var „slegið utan um“ geðveikt fólk og það haft á sérsökum stöðum – á stundum í útihúsum – fjarri öðrum heimilismönnum.

Ekki er óalgengt að hreppstjórar gefi skýringar í talsvert löngu máli og þá birtast oft áhugaverðar sögur. Sem dæmi má nefna að hreppstjóri Biskupstungna er talsvert málgefinn því að hann skrifar nokkrar örsögur af örlögum þurfamanna úr hans heimahögum: „Hann bjó hér í sveit í 10 ár og lék grunur á, að hann væri styrktur til þess af sinni sveit, en landshöfðingi úrskurðaði, að hann skyldi teljast hér sveitlægur. Síðan flosnaði hann upp, stökk frá heimilinu um vor, réðst vestur á fjörðu, þrátt fyrir það, að hreppsnefndin hafði vistað hann í sveitinni, lofaði að senda henni kaup sitt, 130 kr., sveik það að mestu, var á skútu næstliðið sumar, en hvarf í haust vestur án þess að borga neitt. Verustaður nú ókunnur. Konan í vist.“ Annar úr Biskupstungunum fær þennan vitnisburð: „Hann var ginnur til að kvongast sveitarómaga suður á Vatnsleysuströnd og sendur síðan á sína sveit. Vorið 1901 kom hann eigi heim úr verinu, heldur fór í heimildarleysi ásamt konu sinni í svokallaða kaupavinnu og kom hingað allslaus um veturnatur, konan var þunguð og þurfti því meðgjöf fulla með henni yfir veturinn. Næstliðið sumar hefur honum verið ráðstafað og hreppurinn fengið 100 kr. eptir hann.“ Loks segir hreppstjórinn í Biskupstungum sögu af enn einum þurfamanninum með þessum hætti: „Hann kvæntist í Reykjavík og varði eigum sínum í hús ásamt öðrum manni, sá maður fór á laun til Vesturheims og húsið var tekið í skuldir hans, þannig missti Guðmundur aleigu sína. Þá er börnin fjölguðu var hann fluttur í sína sveit og vinna þau hjónin fyrir 4, en sveitin gefur með 5.“ Það er óhætt að segja að þessar sögur gefi vísbendingar um þær sviptingar sem áttu sér stað í lífi fátæks fólks sem og vandamálin sem hreppsnefndarmennirnir glímdu við. Um mann frá Viðvíkurhreppi í Skagafirði segir: „Hefur sífellt verið heilsulítill og átt ca 20 börn, er tvígiftur.“

Einhleypir þurfamenn í Barðastrandarsýslu fá margir stutta en allharkalega dóma: „Orðin ófær til vinnu en á 3 börn á hreppnum“; „Hún er ekki með fullu viti“; „Hún er orðin ónýtt til vinnu og hefur verið vanstillt og geðill“; „Hann er bandóður“; „Á mjög bágt með að fá verustað vegna skaplyndis, heilsulin“; „Hún er lítt fær til vinnu og ákaflega skapvond“; „Hefur verið aumingi til lífs og sálar frá byrjun. Getur ekki þrifið sig, og verður því að gæta hans eins og krakka“; „Hann er veikur af svonefndri „Enkusýki““, en þar var átt við beinkröm; „Hún er alltaf þvínær bandóð“.

Töluvert er um siðferðilegar umvandanir í þessum athugasemdum hreppstjóranna. Hreppstjóri Rauðasandshrepps skrifar til dæmis: „Þurfamaðurinn var húsmaður mörg ár, en safnaði æ skuldum. Kona hans eyðslusöm og bæði ráðleysingjar.“ Frá Seltjarnarnesi kemur þessi lýsing: „Kvenmaður þessi á 5 óskilgetin börn á ómagaaldri og vinna feðurnir fyrir þeim að nokkru.“ Slík lýsing er ekki óalgeng í þessum gögnum, það er að konur eigi nokkur börn sitt með hverjum. Slíkt fær oft þunga dóma hjá hreppstjórunum: „Hefur átt 4 börn í lausaleik. Geðrík mjög og óstýrilát. Hefur stokkið til Reykjavíkur hvað eftir annað og verið rekin aftur hingað á sveit sína barnshafandi og klæðalítill. Hefur nú ungabarn með sér í húsmennsku að vetrinum. Annars 2 á meðgjöf.“ Þessi athugasemd kemur úr gögnum hreppstjórans í Borgarhreppi í Mýrasýslu. Úr Skagafirði, nánar tiltekið úr Haganeshreppi, kemur þessi lýsing: „Hún er lauslætiskvendi sem á víða börn, veit ekki hvað mörg, 2 þeirra hér.“ Úr sömu sveit kemur þessi lýsing: „Hann hefur verið öreigi alla tíð, átt 9 börn. Hann er lítilmenni, konan dugleg en óþríf.“

Svo gripu hreppsnefndirnar til sinna ráða: „Úlfar var kostaður af hreppsfé til Vesturheims því hann var svo latur að hann gat ekki haft ofan af fyrir sér. 1 barn hans varð eftir og er þetta meðlag með því. Hann mun eiga 2 eða 3 börn á ómagaaldri í Ameríku.“ Þessi sending vestur um haf kom frá Vopnafjarðarhreppi. Ég ætla svo að enda þessa umfjöllun á langri frásögn af örlögum fólks úr Norður-Múlasýslu: „Þurfamaðurinn giftist í Norðfirði í Suðurmúlasýslu um 1868, var sjálfur félaus að mestu en fékk dálitlar eignir með konunni. Fyrsta barn þeirra fæddist 1869. Árið 1877–78 var farið að leggja með þeim hér af hrepp og síðan árlega, þangað til þau voru flutt hingað að hreppaflutningi 1882 með 5 börn. Var þeim flutningurinn mjög á móti skapi. Síðan hefur hann búið á parti úr Stóra-Steinsvaði í Hjaltastaðahreppi sem er eign Tunguhrepps og hefur verið lagt þangað árlega meira og minna. Af 9 börnum, sem þau hafa átt, hafa 7 alist upp heima en 2 annars staðar. 1896 fluttist til þeirra berklaveiki með veikum syni þeirra og dó hann þar fyrst og síðan 4 systkini hans, að minnsta kosti 3 af sama sjúkdómi. Árið 1899 fótbrotnaði hann og lá mjög lengi og verður aldrei jafngóður. Hann hefur verið nokkuð drykkfelldur en eigi verður það talin veruleg orsök til þess að hann hefur þurft sveitarstyrk, síðan hann kom að Steinsvaði. Þau hjón eru þrífir og hirðusöm og hafa annast vel uppfræðslu barna sinna.“ Hér eru mikil örlög á ferð og frásögnin alls ekki óvinveitt þessum hjónum og sögu þeirra. Þannig er og oft að finna í athugasemdum hreppstjóranna ákveðna samúð með þeim sem urðu fátæktinni að bráð, ef til vill vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

Óneitanlega ber hreppsflutningana á góma og afleiðingar þeirra: „Hann var fyrir nokkrum árum búsettur í Þóróddsstaðahreppi og bjargaðist vel, var drifinn þaðan svo hann yrði ekki sveitlægur. Hér var svo byggt hreisi ofan yfir þau í vandræðum. Þann kostnað hefur hann ekki getað endurgoldið og orðið því þurfamaður.“ Þessi lýsing er úr Skagafirði, nánar tiltekið frá Haganeshreppi.

Við skrá úr Suður-Píngeyjarsýslu er löng neðanmálsgrein þar sem rökstutt er af hverju börn eru ekki tekin af foreldrum nema í neyðartilfellum:

Athugasemd neðanmáls. Alm. athugas. Sveitarmenn hefur oft greint á um það á hvern hátt helst ætti að styrkja þurfamenn sem eru vinnufærir og sæmilega ráðsettir en komast þó eigi af styrklaust sökum ómegðar. Því hefur verið haldið fram af ýmsum að börnin yrðu nýtir borgarar, síðar meir, væru þau tekin að heiman. Eins og nú er háttað lögum og stofnunum hefur einkum þótt við þetta að athuga: 1. Að engin trygging er fyrir því að slík börn geti fengið fasta samastaði þar sem þau jafnframt njóti foreldralegrar umhyggju og fræðslu eftir föstu viðteknu „Plani“. Börnin lenda því stundum á hrakningi og er þá vandséð hvernig hinir borgaralegu hæfileikar proskast. Sveitarstjórnin getur ekki neytt viss heimili til að upp ala sama barnið „fram úr“ meðan fást staðir sem taldir eru „forsvaranlegir“. Hagfelldar uppeldisstofnanir svo sem í hverri sýslu eru ekki til enn þá hvað sem verða kann eftir nokkurn tíma. 2. Þegar fjölskyldur hafa verið leystar upp eða mörg börn tekin af foreldrum þá hefur slíkt fyrirkomulag nær því undantekningarlaust reynst dýrara fyrir sveitarsjóðinn. Tíðast hefur sú aðferð verið viðhöfð að leggja styrkinn heim til þurfamannsins hafi hann haft viðunanlegt hæli og hafi bæði hjónin verið vinnufær, þrífir og reglusöm og jafnframt getað veitt börnunum nokkra fræðslu. Hafi verið verulegir misbrestir á þessum skilyrðum þá hefur börnunum verið komið fyrir í öðrum stöðum, einkum þegar þau fóru að þarfnast fræðslu. Venjulega má koma efnilegum börnum fyrir án meðgjafar frá því þau eru 11–12 ára.

Skýrsla Guðjóns og gögn hreppstjóranna sem hér hefur verið tæpt á og eru birt í heild sinni hér aftur í bókinni eru afskaplega merkilegar heimildir um aðstæður fátæks fólks. Margar ályktanirnar sem höfundar draga af lífi fólks eru forvitnilegar og vekja upp spurningar eins og þá sem nefnd var hér að framan um það hvort fátæktin hafi legið í áttum. Það er vissulega athugunarvert að kanna hvort sú fullyrðing fái staðist en það verður einmitt gert í næsta kafla.

G. Snara fátæktarinnar?

Hér á eftir verður rætt um örlög nokkurra einstaklinga sem koma við sögu með einum eða öðrum hætti í skrá millipinganefndar Alþingis frá 1902 og farið ofan í hvaðan þeir komu og hvert þeirra hlutskipti var sem og áa þeirra á nítjándu öld. Það er sannarlega mjög verðugt verkefni að kanna sannleiksgildi þeirrar fullyrðingar margra þátttakenda í hinni opinberu umræðu á síðari hluta nítjándu aldar að fátækt fylgdi fjölskyldum mann fram af manni; að fátækraframfærslan „kenndi“ einstaklingunum að þiggja sveitarstyrki sem þannig festu í sessi þess konar hugarfar í sömu ættum, marga ættliði. Ekki verður þó hægt að gera þessu flókna efni fyllileg skil hér í þessum kafla. Ég mun þess í stað skoða tvö dæmi og rekja sögu nokkurra einstaklinga sem koma fyrir í ættarsögu fólks frá nítjándu öld og afkomenda þeirra fram á tuttugustu öld.¹ Hugmyndin er að draga upp mynd af lífi fólksins sem þáði af sveit á þessu tímabili og kanna hvernig það náði að koma ár sinni fyrir borð. Valið á þessum tveimur sögum markaðist af því að fólkið sem kæmi við sögu hefði ekki neyðst til að þiggja af sveit vegna heilsuleysis, slysa eða elli heldur fyrst og fremst vegna lélegra efnahagslegra skilyrða. Þá var einnig reynt að velja bæði sögur sem áttu sér stað í strandbyggðum sem og inni í landi í hefðbundnum landbúnaðarhéruðum. Tengslin á milli fólks eru með þeim hætti að það kemur allt fyrir með einu eða öðru móti í skránni yfir þurfamenn árið 1902.

Fyrst koma við sögu hjónin Guðrún Björnsdóttir og Jóhann Jónsson sem búsett voru víða í Borgarfirði á síðari hluta nítjándu aldar. Oftast voru þau í vinnumennsku en voru þó búandi á Laxfossi í Stafholtstungum í allnokkur ár. Saman áttu þau átta börn sem komust á legg; sex dætur og tvo drengi. Dætur þeirra Ingibjörg (f. 1850), Halldóra (f. 1856) og Helga (f. 1861) voru dregnar fyrir dóm ásamt foreldrum sínum á áttunda áratug nítjándu aldar.² Í desembermánuði árið 1877 var haldinn aukaréttardómur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu þar sem systurnar og foreldrar þeirra voru dæmd í fangelsi (mislangt þó) fyrir sauðabjófnað og hlutdeild í þeim glæp.³ Í þinghaldi fyrir Landsyfirrétti ári síðar kom fram að elsta systirin Ingibjörg játaði glæpin og vitnaði gegn foreldrum sínum sem neituðu staðfastlega. Ingibjörg sagði að skepnurnar hefðu verið skornar eftir skipun föður hennar og móður og

- 1 Langstærsti hluti efnis í þessum undirkafla (*G. Snara fátæktarinnar?*) er unnið af Sólveigu Ólafsdóttur sagnfræðingi og aðstoðarmanni mínum í þessu verkefni.
- 2 *Borgfirzkar æviskrár*, 5. bindi. Aðalsteinn Halldórsson, Ari Gíslason og Guðmundur Illugason söfnuðu og skráðu (Sögufélag Borgarfjarðar, 1978), bls. 165.
- 3 *Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum*, I. bindi frá 1875–1880 (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1911), bls. 410.

hún hafi ekki þorað öðru en að taka þátt í glæpum af því að Jóhann faðir hennar hafi verið svo harður við sig.¹ Yngri systurnar játuðu aðkomu að málinu og að hafa aðstoðað Ingibjörgu. Þær báru líka fyrir sig skipun föðurins. Helga, sem var unglingur á sextánda eða sautjándra ári þegar atburðirnir gerðust, gat skýlt sér á bak við æsku sína. Málið fór alla leið í Hæstarétt. Þar voru hjónin dæmd til „4x5 daga“ [20 daga] fangelsisvistar upp á vatn og brauð en Ingibjörg var dæmd í eins árs betrunarhússvinnu. Halldóra fékk „2x4 daga“ [átta daga] vatn og brauð í fangelsi en Helga var sýknuð.²

Dómurinn féll miðvikudaginn 5. október 1879 og 21. febrúar 1880 sendi sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslum bréf til stefnuvotta sinna í Pverárhlíð og bað þá um að lesa íslenska þýðingu hæstaréttardómsins yfir hinum seku, Jóhanni, Guðríði og Ingibjörgu á Laxfossi, Halldóru á Veiðilæk og Helgu í Höll.³ Sama dag skipulagði sýslumaður flutning fanganna í hegningarhúsið í Reykjavík. Fyrst átti að flytja þá suður á Akranes og þaðan sjóleiðina til Reykjavíkur. Í bréfi sýslumanns til amtmannsins í Suður- og Vesturamti kemur þó fram að sýslumaður hafi heyrt ávæning af því að Ingibjörg væri þunguð og að það muni hafa áhrif á „fullnægjugjörð dómsins“ hvað hana varðaði.⁴

Sýslumaður hafði augljóslega töluverðar áhyggjur af fangaflutningunum og brýndi fyrir hreppstjóranum í Stafholtstungum að hafa með sér nægan mannskap ef „hin dæmdu kynnu að mæla á móti“ flutningum og að þeir menn sem hreppstjórinn kveddi til þessa starfs ættu að hlýða honum skilyrðislaust, annars yrðu þeir látnir sæta ábyrgð að lögum. Ef „persónurnar“ Jóhann og Guðríður kynnu að bera fyrir sig heilsuleysi átti hreppstjórinn að senda hraðboða til héraðslæknisins og fá hann til að lýsa álitinu á því „hvort þau sjeu ferðafær eða ekki“.⁵

Það fór engum sögum af vist Jóhanns, Guðríðar og Halldóru í hegningarhúsinu en samkvæmt *Borgfirzku æviskrám* druknaði Jóhann fyrir

1 *Landsfyriréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum*, I. bindi frá 1875–1880, bls. 302.

2 *Landsfyriréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum*, I. bindi frá 1875–1880, bls. 413.

3 ÞÍ – Sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu. C2/8 Bréfabók 1880–1881.

4 ÞÍ – Sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu. C2/8 Bréfabók 1880–1881. Þetta reyndist rétt. Ingibjörg eignaðist sitt annað barn í lausaleik í apríl 1880. Þetta var drengur sem var skírður Tryggvi og var tökubarn á Grímsstöðum í Reykholtssókn í manntalinu 1880. Tryggvi lést innan við ársgamall. ÞÍ – Skjalasafn presta. Reykholt í Reykholtssdal. BA/9 Prestþjónustubók 1843–1889. Manntalið 1880, sótt á www.manntal.is.

5 ÞÍ – Sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu. C2/8 Bréfabók 1880–1881.

utan Akranes og í manntalinu 1880 var Guðríður skráð húskona og ekkja sem lifir af eigum sínum á Laxfossi með einn son sinn hjá sér.¹ Ingibjörg var á sama tíma í hegningarhúsinu í Reykjavík og þær systur Halldóra og Helga komnar sín í hvora vistina sem vinnukonur; Halldóra á Veiðilæk og Helga í Höll í Hjarðarholtssókn, á sömu stöðum og þeim var lesinn hæstaréttardómurinn.²

Víkur nú sögunni að dótturinni Helgu, þeirri sem var sýknuð af öllum ákærum. Þó svo að hún hafi sloppið við dóm í sínu máli þá reyndist líf hennar enginn dans á rósum. Hún eignaðist barn með bóndasyninum á Dýrastöðum í Norðurárdal árið 1885 en hraktist þaðan í burtu mjög fljótlega án drengsins.³ Hún eignaðist annan dreng sem Jón var nefndur þremur árum síðar, en barnið var krypplingur.⁴ Faðir þess var úr Mosfellssveit og af mjög snauðu fólki kominn. Hann varð síðar sjómaður í Reykjavík og eignaðist stóra fjölskyldu.⁵

Ekki liggur fyrir hvar Helga ól manninn upp úr þessu fyrr en árið 1890 að hún var komin til Reykjavíkur í fyrsta skipti og þá skráð þar. Helga var þá orðin bústýra hjá Hans nokkrum Jónssyni sem var tæplega 30 árum eldri en hún.⁶ Hans þessi hafði misst eiginkonu sína af barnsförum frá fjórum börnum en ekkert þeirra var hjá Hans og Helgu í Hansbæ árið 1890.⁷ Hins vegar var Jón, fatlaði sonur Helgu, hjá móður sinni á þessum tíma.⁸ Um Hans Jónsson segir í heimildum að hann hafi unnið „fyrir móður sinni frá níu ára aldri“.⁹

Árið 1891 eignaðist Helga tvíburadrenge uppi í Reykholtssókn og kenndi Hans Jónsson föður þeirra.¹⁰ Árið 1893 var hún komin aftur heim í Stafholtstungur og var þar vistráðin sem vinnukona í Jafnarskarði þegar hún eignaðist fyrstu dóttur sína og fimmta barnið með vinnumanni á staðn-

1 *Borgfirzkar æviskrár*, 5. bindi, bls. 165. Í þessari heimild segir að Jóhann hafi druknað árið 1879 en það stenst ekki. Hann var á lífi í fangaflutningunum í febrúar 1880. Þrátt fyrir lúsaleit í kirkjubókum Gardasóknar, Reykjavíkur og Stafholtstungna er hvergi staf að finna um andlát hans. Það er eins og maðurinn hafi gufað þarna upp.

2 ÞÍ – Manntal 1880, sótt á manntal.is.

3 ÞÍ – Skjalasafn presta, Hvammur í Norðurárdal. BA/4. Prestþjónustubók 1868–1936.

4 ÞÍ – Skjalasafn presta. Hvammur í Norðurárdal. BA/4. Prestþjónustubók 1868–1936. ÞÍ – Skjalasafn presta. Stafholt í Stafholtstungum. BA/10 Prestþjónustubók 1863–1900.

5 Íslendingabók, sótt á www.islendingsbok.is, samstarfsverkefni Friðriks Skúlasonar ehf. og Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

6 ÞÍ – Manntal 1890, sótt á www.manntal.is.

7 ÞÍ – Skjalasafn presta. Dómkirkjan í Reykjavík. BA/10 Prestþjónustubók 1881–1898.

8 ÞÍ – Manntal 1890, sótt á manntal.is.

9 Þorsteinn Jónsson og Guðjón Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi: Stéttartal og saga* (Reykjavík: Byggðir og bú, 1997), bls. 176.

10 ÞÍ – Skjalasafn presta. Reykholt í Reykholtssdal. BA/9 Prestþjónustubók 1843–1889.

um.¹ Hún hafði svo stúlkuna Guðleifu með sér í Borgarsókn þar sem hún var vinnukona á Ferjubakka. Þar fæddist Helgu dóttirin Guðríður og var Jón Jónsson vinnumaður og bóndasonur á staðnum lýstur faðir stúlkubarnsins.² Guðríður var hins vegar hálfgerð huldukona því heimildir finnast ekki um hana. Í *Borgfirzkar æviskrám* er sagt að hún hafi verið saumakona í Reykjavík, ógift og barnlaus, en hvorki finnst haus né sporður af henni í heimildum.³

Eldri dóttir Helgu virðist hins vegar hafa verið mjög gæfusöm stúlka. Hún var tekin í fóstur og skráð uppeldisdóttir Kristínar Guðmundsdóttur, sextugrar ekkju Jóns Tómassonar bónda á Ferjubakka, pabba Jóns sem var barnsfaðir Helgu.⁴ Mikilvægt er að hafa í huga í þessu sambandi að það sést á kirkjubókum og manntölum að mikill greinarmunur er gerður á fóstur börnum, tókubörnum og niðursetningum, sérstaklega hvað varðar orðalag á umsögnum, einkum í sambandi við fermingar.⁵

Á Hvítárvöllum, á dögum barónsins ógæfusama Charles Gauldrée-Boilleau, eignaðist Helga sitt sjötta og síðasta barn hinn 5. apríl árið 1900.⁶ Þetta var dóttir og var hún borin til skírnar í Fríkirkjunni í Reykjavík í október sama ár. Þar fékk hún nafnið Lilja og var faðirinn nefndur Árni Grímsson, Vesturheimi. Yfir nafn Árna var svo strikað í kirkjubókinni og nafn Guðmundar Þórðarsonar frá Hálsi í Kjós fært inn í staðinn.⁷ Lilja þessi var hins vegar Hansdóttir í manntalinu 1901 og var þá tókubarn hjá snauðum hjónum í Reykjavík, þeim Jóni Þórðarsyni og Alfífu Tómasdóttur, og í manntalinu 1910 var hún enn búsett hjá Alfífu, þá ekkju.⁸

Synir Helgu, Jón og tvíburarnir báðir, voru eins og áður segir í þurfa-mannaskránni frá 1902 niðursetningar í Borgarfirði. Jón dó síðan sem niðursetningur í Stafholtssókn árið 1907.⁹ Hægt er að fylgja tvíburunum, Guðbirni og Lárusi, rækilega eftir í heimildum fram eftir tuttugustu öldinni. Lárus vann sem innheimtumaður fyrir bæjargjaldkera Reykjavíkur alla

1 ÞÍ – Skjalasafn presta. Stafholt í Stafholtstungum. BA/10 Prestþjónustubók 1863–1900.

2 ÞÍ – Skjalasafn presta. Borgarþing/Borg á Mýrum. BA/5 Prestþjónustubók 1887–1925.

3 *Borgfirzkar æviskrár*, 4. bindi. Aðalsteinn Halldórsson, Ari Gíslason og Guðmundur Illugason söfnuðu og skráðu (Reykjavík: Sögufélag Borgarfjarðar, 1975), bls. 307–308.

4 ÞÍ – Manntalið 1901, sótt á manntal.is. *Borgfirzkar æviskrár*, 6. bindi. Aðalsteinn Halldórsson, Ari Gíslason og Guðmundur Illugason söfnuðu og skráðu (Reykjavík: Sögufélag Borgarfjarðar, 1979), bls. 287.

5 ÞÍ – Skjalasafn presta. Stafholt í Stafholtstungum. BA/10 Prestþjónustubók 1863–1900.

6 ÞÍ – Skjalasafn presta. Hvanneyri. BA/8. Prestþjónustubók 1885–1927.

7 ÞÍ – Skjalasafn presta. Fríkirkjan í Reykjavík. BA/1 Prestþjónustubók 1899–1908.

8 ÞÍ – Manntölin 1901 og 1910, sótt á www.manntal.is.

9 ÞÍ – Skjalasafn presta. Stafholt í Stafholtstungum. BA/10 Prestþjónustubók 1863–1900.



Dabbi í Nesi

sína starfsævi. Guðbjörn hafði hug á að gerast sjómaður og komast í Sjómannaskólann í Reykjavík en varð að hætta við skólagöngu vegna féleysis. Hann gerðist lögreglumaður og var fyrstu tíu ár starfsins næturvörður í Reykjavík. Í afmælisgrein um þá bræður sem birtist í *Morgunblaðinu* hinn 16. desember 1951 segir Erlingur Pálsson lögreglustjóri um starfsaðstæður Guðbjörns á næturvöktunum: „Næturvaktin var 11 klst. löng, frá kl. 8 síðd. til 7 árd. og fyrstu árin var lögregluvarðstofan ekki opin á nóttunni. Var varðbjónustan því óslitin alla nóttina, enda ekki tími til hvíldar þar sem næturverðirnir voru sárafáir og áttu oft við hið mesta ofurefli að etja einir síns liðs. Má geta sér nærri um það hvernig líðan næturvarðanna hefir verið þá, einkum í skammdeginu, einnig með tilliti til þess að bærinn var þá miklu verr upplýstur en nú er.“¹

Guðbjörn og Lárus voru giftir systur, þeim Guðfinnu og Jónínu Guðlaugsdætrum, og átti Helga móðir þeirra heimili hjá Guðbirni síðustu ár ævi sinnar en hún lést í september 1944. Í minningargrein um Guðbjörn 1978 segir Gunnlaugur sonur Lárusar eftirfarandi um samband þeirra bræðra: „Voru þeir mjög samrýmdir og leið enginn dagur svo að þeir ekki töluðu saman og ræddu sín áhugamál ... Sérlega er mér hugljúft að minnast hins góða anda sem ávallt ríkti milli fjölskyldna okkar og þá alveg sérstaklega milli fjölskyldu Guðbjörns, Lárusar föður míns og Guðleifar systur þeirra, en hún var gift Jóni Pálssyni. Oft var komið saman og var þá ævinlega glatt á hjalla, spilað, sungið og gert að gamni sínu. Var oftast kátína mikil í þessum vinahópi.“²

1 Erlingur Pálsson, „Guðbjörn og Lárus Hanssynir sextugir í dag“. *Morgunblaðið* 38. árg. (16. desember), bls. 8.

2 Gunnlaugur Lárusson, „Guðbjörn Hansson, yfirvarðstjóri – minning“. *Morgunblaðið* 65. árg. (29. desember 1878), bls. 22.

Um móður þeirra segir í *Borgfirzkar æviskrám*: „Harðdugleg til allra verka úti sem inni, en átti lengi erfiða ævi.“¹ Helga hvílir við hlið systur sinnar Ingibjargar í reit s-133 í Hólavallagarði, gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu og er ekki langt í leiði Halldóru systur þeirra sem hvílir í reit V-104 í sama garði.²

Eins og sést af lýsingunum að framan þá gekk þessi fjölskylda í gegnum miklar þrengingar vegna fátæktar og aðstöðuleysis. Foreldrarnir áttu greinilega erfitt með að brauðfæða fjölskylduna og fyrir bragðið lenti stór hluti hópsins hjá vandalausum. Og sagan heldur áfram hjá næstu kynslóðum. Sumir ná að vega sig út úr fátæktinni með dugnaði og ef til vill heppni þegar þeir komast í kynni við fólk sem lætur sér annt um þá, en aðrir sitja fastir áfram í fátæktargildrunni.

Ágætt dæmi um þetta er langyngsta dóttir þeirra Guðríðar og Jóhanns, Guðrún sem var fædd á Laxfossi, Stafholtssókn, Mýrasýslu 29. júní 1867.³ Árið 1870 var hún skráð á Laxfossi.⁴ Hún var skráð tökubarn á Stóruskógum, Stafholtssókn, Mýrasýslu.⁵ Fermd var hún ári síðar í Stafholtssókn frá Þuríði Guðmundsdóttur húsmóður sinni á Stóruskógum með sérstöku leyfi biskups. Þá hafði verið sótt um undanþágu fyrir hana til þess að hún gæti farið að vinna fyrir sér fyrr en ella. Umsögnin í tilefni af fermingunni er eftirfarandi: „Kann vel, les vel, skikkanl. í framferði, skrifar lítið.“⁶

Bréf prófastsins í Mýraprófastsdæmi til biskupsins yfir Íslandi varðandi Guðrúnu (og aðra stúlku) er eftirfarandi:

Fósturforeldrar eða húsbændur stúlkunnar Sigríðar Guðmundsdóttur á Valbjarnarvöllum hjer í sókn hafa mælt til þess af mjer að ég vildi frambera þá ósk sína við yður, háærðuverðugi herra biskup að þjer vildur náðuglega gefa leifi yðar til þess að ferma megí á þessu vori tjeða stúlku sem á enum fyrirhugaða fermíngar degi vantar aðens tæpann 4ra vikna tíma uppá 14 ára aldur. Stúlka þess er vel greind og skynsöm, kann dável kristin dóm-inn (Ballo með skíringargreinum) er dável lesandi, og skrifa alllæsilega, en reikna lítið eða ekki, hún er og ágætlega siðferðisgóð; – en foreldrar hennar eru bláfátæk vinnuhjú hjá öðrum og langar þau til að hún nú komist á framfæri, sjerílagi í því tilliti, að hún missi ekki af góðum verustað, sem hún nú er í.

1 *Borgfirzkar æviskrár*, 6. bindi, bls. 287.

2 Legstaðaskrá, sótt á www.gardur.is.

3 Þf – Skjalasafn presta. Stafholt í Stafholtstungum. BA/10 Prestþjónustubók 1863–1900.

4 Þf – Manntal 1870, sótt af www.manntal.is.

5 Þf – Manntal 1880, sótt af www.manntal.is.

6 Þf – Skjalasafn presta. Stafholt í Stafholtstungum. BA/10 Prestþjónustubók 1863–1900.

Ennfremur er og annað úngmenni hjer í sókn sem jeg af eigin hvöt jafnframt leifi mjer að bera fram fyrir yður háæruverðugi herra, – með þeirri ósk að þér náðuglega vilduð gefa yðar leifi til að ferma megi úngmennið, stúlkuna Guðrúnu Jóhannsdóttur á Stóruskógum hjer í sókn, sem nú er í dvöl hjá fátækri ekkju þar, sem hún hefi í huga að bregða búi. Stúlka þessi er munaðarlaus þó hún eigi á lífi fátæka móður sem er ekkja og orðin mjög þreytt og heilsulaus hefir því fullt í fangi með að annast sjálfa sig; en ekkjan, húsmóðir stúlkunn hefir laungun til að gjöra ekki góðverk sitt endasleppt, – reina að koma þessu munaðarlausu úngmenni til framfæris áður enn hún sleppir algjörlega bús-umráðum; tjeð stúlka Guðrún Jóhannsdóttir er fædd 29. júní 1867 og mundi hana þá á enum ákveðna fermingar degi vanta aðeins 10 daga uppá fullann 14 ára aldur. Hún er vel lesandi kann dável kristin dóminn (Balskov) bænir og sálma og er skikkanleg í fram ferði – vil jeg því auðmjúklega leggja það til að þjer náðuglega vilduð veita leifi til að ferma meigi báðar þessar stúlkur.

Stafholti 3. júní 1881 – Stephán Þorvaldsson
(Skrifað með annarri skrift: Veitt 8. júní leyfið)
Til biskupsins yfir Íslandi.¹

Segir lítið af Guðrúnu eftir þetta annað en að hún eignaðist dóttur, Jónínu að nafni, í Stafholti, Stafholtssókn, Mýrasýslu hinn 4. apríl 1894. Barnsfaðir var Jón Einarsson í Nesi, Seltjarnarnesi.² Jónína var sveitarómagi á Litlafjalli, Stafholtssókn í Mýrasýslu árið 1901 og var skráð þar til heimilis á Ánabrekku í þurfamannaskránni fyrir Borgarfjarðarsýslu.³ Guðrún fór 1898 frá Laxholti til Reykjavíkur.⁴ Hún var vinnukona í Hallsbæ í Reykjavík árið 1899.⁵ Hún giftist Guðmundi Guðmundssyni, vinnumanni í Hallsbæ, sama ár, hinn 27. febrúar. Guðrún var skráð húsfreyja í Valgarðsbæ í Reykjavík þegar hún lést, hinn 17. ágúst 1901.⁶ Vera má að skuggi sauðapjófnadarins á áttunda áratug nítjándu aldar hafi fylgt systrunum frá Laxfossi og afkomendum þeirra. Eitt er víst að þær, og þá sérstaklega Helga, hrekjast úr einum stað í annan meira og minna alla sína ævi.

Næsta dæmi kemur úr Selárdal. Um er að ræða afdrif hjónanna Guðbjarts Sigurðssonar (1861–1933) og Sólveigar Kristjánsdóttur (1860–1937)

- 1 Þí – Biskupsskjalasafn, C.V, 100 A Bréf til biskups úr Mýraprófastsdæmi 1873–1885. Bréfið er birt orðrétt til að gefa dæmi um undanþágubréf af þessu tagi.
- 2 Þí – Skjalasafn presta. Stafholt í Stafholtstungum. BA/10 Prestþjónustubók 1863–1900.
- 3 Þí – Manntal 1901, sótt af www.manntal.is.
- 4 Þí – Skjalasafn presta. Stafholt í Stafholtstungum. BA/10 Prestþjónustubók 1863–1900.
- 5 Þí – Skjalasafn presta. Dómkirkjan í Reykjavík. BA/11 Prestþjónustubók 1899–1909.
- 6 Þí – Skjalasafn presta. Dómkirkjan í Reykjavík. BA/11 Prestþjónustubók 1899–1909.

og fjórtán barna þeirra. Sólveig fæddist á Melgraseyri, Nauteyrarhreppi, N.-Ísafjarðarsýslu, hinn 18. júlí 1860 og lést hinn 27. júlí 1937 í Stóru-Laugardalssókn í V.-Barðastrandarsýslu.¹ Hún var tókubarn í Múla í Kirkjubólssókn, Ísafirði, í manntalinu 1860, þá nýorðin föðurlaus en móðir hennar, Björg Árnadóttir (1830–1921), var ávallt skráð vinnukona í manntölum. Í manntalinu 1901 var Björg niðursetningur í Efra-Skakkanesi í Skutulsfirði og er í þurfamannaskrá frá Ísafjarðarsýslu. Enn var Sólveig skráð ómági í Dalshúsum, Kirkjubólssókn, N.-Ísafjarðarsýslu, árið 1870 en vinnukona í Tungu í Eyrarsókn í Skutulsfirði í manntalinu 1880.² Árið 1881 fæddist og dó fyrsta barn Sólveigar og Guðbjarts Sigurðssonar, Kristján Friðrik, í Eyrarsókn í Skutulsfirði, N.-Ísafjarðarsýslu.³

Guðbjartur fæddist í Selárdalssókn, V.-Barðastrandarsýslu, hinn 31. maí 1861 og lést hinn 4. ágúst 1933 í Stóru-Laugardalssókn, V.-Barðastrandarsýslu.⁴ Guðbjartur var skráður á „sveit“ í manntalinu 1870 og þá var Guðríður Jónsdóttir (1827–1903) móðir hans skráð vinnukona og Sigurður Gíslason (1827–1903) faðir hans skráður „við sjóróðra“. ⁵ Bæði Sigurður og Guðríður voru skráð niðursetningar í manntalinu 1845. Þau voru einnig í þurfamannaskránni í Barðastrandarsýslu, hann sagður blindur og hún oftast rúmliggjandi.

Sólveig og Guðbjartur bjuggu á Ísafirði fram eftir níunda áratug nítjándu aldar og eignuðust þar þrjú börn til viðbótar, Marías Guðbjart (f. 1883) Margréti Jónu (f. 1884) og Kristján Jónas (f. 1886).⁶ Þegar fimmta barnið, Guðjón Ágúst, fæddist voru hjónin komin í fæðingarhrepp Guðbjarts og var Sólveig í vinnumennsku á Bakka en Guðbjartur lausamaður í Neðrihvestu. Í manntalinu sem tekið var árið eftir eða 1890 var Sólveig enn í vinnumennsku á Bakka og þar var dóttir hennar, Margrét sex ára, skráð niðursetningur. Guðbjartur var í sama manntali enn lausamaður í Neðrihvestu og þar var sonurinn, Marías Guðbjartur átta ára, niðursetningur. Af hinum nýfædda Guðjóni Ágústi er það að segja að í manntalinu er hann kominn í Klúku og er þar skráður niðursetningur. Fjórða barn þeirra hjóna, Kristján Jónas, var skráður niðursetningur í sama manntali.⁷

1 ÞÍ – Skjalasafn presta. Eyrarsókn í Skutulsfirði. BA/2 Prestþjónustubók 1816–1876; ÞÍ – Skjalasafn presta. Eyrarprestakall/Patreksfjörður BA/1 Prestþjónustubók 1907–1938.

2 ÞÍ – Manntöl 1860, 1870, 1880, 1890, 1901, sótt á www.manntal.is.

3 ÞÍ – Skjalasafn presta. Eyrarsókn í Skutulsfirði. BA/2 Prestþjónustubók 1816–1876.

4 ÞÍ – Skjalasafn presta. Selárdalur í Arnarfirði. BA/3 Prestþjónustubók 1816–1872; ÞÍ Skjalasafn presta. Eyrarprestakall/Patreksfjörður BA/1 Prestþjónustubók 1907–1938.

5 ÞÍ – Manntalið 1870, sótt á www.manntal.is.

6 ÞÍ – Skjalasafn presta. Eyrarsókn í Skutulsfirði. BA/3 Prestþjónustubók 1877–1897.

7 ÞÍ – Manntalið 1890, sótt á www.manntal.is.

Eilítið virðist hagr þeirra hjóna vænkast í kjölfar þessa. Á tímabilinu 1892–1897 voru þau skráð hjón á Neðrabæ og þar fæddust næstu sjö börn; Sigurveig (f. 1892), tvíburarnir Árni og Gísli (f. 1893), Valdimar (f. 1895), Guðbjörg Oktavía (f. 1896) og síðastur í þessari röð var Marías Guðbjartur sem fæddist í Neðrabæ 22. júní 1899 og lést sem niðursetningur á Uppsölum í sömu sókn hinn 7. júlí árið eftir. Tveimur mánuðum eftir að Marías Guðbjartur dó fæddist þeim hjónum tíunda barnið er var skírt eftir nýlátnum bróður sínum, Maríasi Guðbjarti. Þá voru hjónin Sólveig og Guðbjartur skráð á Rima.¹

Ekki leið á löngu þar til fjölskyldan tvístraðist. Í manntalinu 1901, ári áður en þurfamannaskráin var tekin saman, kemur fram að fjölskyldan reyndi greinilega sitt til að halda saman hópnum með því að taka sér bólfestu á sama svæði. Sólveig var vinnukona á Görðum, Selárdalssókn og þar voru með henni dæturnar Guðbjörg og Sigríður. Sonurinn Kristján Jónas var þar fimmtán ára vinnumaður. Hann á eftir að koma við sögu síðar. Guðbjartur var kominn að Glaumbæ í Otradalssókn en ekki sést hvort hann var þar búsettur eða aðkomumaður tímabundið. Elsta dóttirin Margrét var farin að sjá um sig sjálf og var orðin vinnukona á Klúku í Selárdalssókn enda þá orðin sautján ára. Drengurinn Guðjón Ágúst var skráður tókubarn í Krossadal í Stóru-Laugardalssókn en systkinin Sigurveig, tvíburarnir Árni og Gísli, Valdimar, Guðbjörg Oktavía og Marías voru sveitarómagar í Selárdalssókn og þar með tilgreind í þurfamannaskránni.² Faðirinn Guðbjartur var einnig í þurfamannaskránni skráður að Kirkjubóli í Ketildalahreppi og var þar sagt að hann gæti ekki án sveitarstyrks unnið fyrir ómegð sinni. Árið 1903 fæddist svo fjórtánda og síðasta barn þeirra hjóna, Aðalheiður. Þegar hún fæddist var Sólveig móðir hennar vinnukona á Görðum en Guðbjartur var enn á Kirkjubóli.³

Þegar þarna var komið sögu var búið að leysa upp það af systkinahópnum sem þó hafði fengið að fylgjast að og þegar farið var að ferma Guðbjartsbörn í Selárdalssókn voru þau sem fundist hafa öll fermd frá húsbændum sínum nema Aðalheiður sem ein barna Guðbjarts og Sólveigar var fermd frá foreldrum sínum. Vorið 1904 voru bræðurnir Guðjón Ágúst og Kristján Jónas fermdir hvor í sinni fermingarmessunni; Guðjón var fermdur í Laugardalskirkju hinn 23. maí frá Gísla Sveinssyni og konu hans Ólínu Ólafsdóttur, húsbændum sínum sem bjuggu í Krossadal. Umsögn prests-

1 ÞÍ – Skjalasafn presta. Selárdalur í Arnarfirði. BA/6 Prestþjónustubók 1876–1906.

2 ÞÍ – Manntalið 1901, sótt á www.manntal.is.

3 ÞÍ – Skjalasafn presta. Selárdalur í Arnarfirði. BA/6 Prestþjónustubók 1876–1906; ÞÍ – Skjalasafn presta. Kirkjubók Selárdalssóknar.

ins er eftirfarandi: „Kann, les og skrifar vel til reikningsnáms óhæfur.“¹ Kristján Jónas þurfti aftur á móti sérstakt biskupsleyfi til að fá að fermast þó að hann væri átján ára. Bréfið til biskups varðandi ósk um leyfið fylgir hér með orðrétt:

15/3 Hjer með leyfi jeg mjer að fara þess á leit við yður háæruverugi herra biskup, að þjer veitið mjer leyfi til að ferma á komandi vori tvö ungmenni, sem eigi fullnægja hinum venjulegu skilyrðum fyrir fermingu. Þessi tvö ungmenni eru:

1. Kristján Guðbjartsson frá Hringsdal. Hann er fæddur á öndverðu ári 1886 og er því kominn yfir venjulegan fermingaraldur verður rúmlega 18 ára næstkomnadi vor. Drengur þessi er mjög treggáfaður og skilningslítill, en hefur þó fulla meðvitund um gott og illt og er sjerstaklega vandaður í allri hegðun. Hann hefur tvo síðastliðna vetur verið í kennslu hjá guðhræddri konu og hefur á þeim tíma tekið talsverðum framförum. Hjá henni hefur hann lært fræðin og fyrri partinn í kveri rektors Helga Hálfðánarsonar og kann þetta nokkurn veginn viðunanlega. Enda þótt skilningur þess drengs sje mjög ófullkominn þá þykist jeg þó hafa fyllilega gengið úr skugga um það, að hann hafi nokkurn veginn skilning á höfuðatriðum trúarinnar og þýðingu fermingarinnar. Hann hefur auk þess mjög mikla löngun til þess, að fá að staðfesta skírnarheit sitt, og hefi jeg eigi getað orðið annars var, hvorki af viðtali við drenginn sjálfan né af viðtali við aðra sem bezt þekkja hann, en að sú löngun sje spröttin af hreinum hvötum.
2. Jónína Guðrún Ólafsdóttir frá Kvígindisfelli. Hún er fædd 14. d. ágúst 1890 og verður því hjer um bil 13 9/12 ára á fermingardegi. Ástæðan til þess, að jeg fer þess á leit að fá að ferma þessa stúlku núna er sú, að fósturfaðir hennar, sem hefur annast hana frá byrjun dó sumarið 1902 og fósturmóðir hennar fór þá til sonars síns og getur því eigi lengur annast hana, eða sjeð henni fyrir kennslu. Hún á að vísu föður á lífi, en hann er svo efnun búinn, að hann getur engan veginn styrkt hana. Stúlka þessi hefur því brýna þörf á því, að hún geti farið að vinna fyrir sjer sjálf og lítil líkindi til þess, að henni fari fram þótt hún bíði eitt ár enn ófermd. Hún hefur notið góðrar fræðzlu og er því í alla staði hæf til þess að fermast þess vegna. Selárdal 10 febrúar 1904. Virðingarfyllost. Magnús Þorsteinsson.²

1 ÞÍ – Skjalasafn presta. Selárdalur í Arnarfirði. BA/6 Prestþjónustubók 1876–1906.

2 ÞÍ – Skjalasafn Biskups, C, V 131 Bréf til biskups úr Barðastrandarprófastsdæmi 1886–1904. Bréfið er birt orðrétt til að gefa dæmi um undanþágubréf af þessu tagi.

Kristján var svo fermdur í Selárdalskirkju hinn 15. maí. Hann fermist frá Kristínu Árnadóttur, húsmóður sinni sem var ekkja í Hringsdal. Umsögnin er eftirfarandi: „Kann sæmil. 1. partinn í kverinu sr. Helga. Les vel, skrifar lakl. óhæfur til reiknings, hegðun ágæt.“¹

Hjónin Sólveig og Guðbjartur komust í skjól til elstu dóttur sinnar, Margrétar Jónu, og tengdasonar og voru þau öll búsett í Tannarnesi, Stóru-Laugardalssókn, í manntalinu 1910. Áratug síðar voru þau í Hringsdal og árið 1930 bjuggu þau svo í Eyrarhúsum.²

Af börnunum er það að segja að Margrét Jóna eignaðist tíu börn með eiginmanni sínum og bjó lengst af á Tannarnesi og síðar á Lambeyri.³ Kristján Jónas var alla tíð svo vitað sé í Hringsdal í Selárdalssókn og fór engum sögum af honum meir nema að hann dó á Sólvangi í Hafnarfirði samkvæmt legstaðaskrá 2. desember 1961.⁴ Í Hafnarfirði bjuggu þá systur hans tvær, Sigríður og Sigurveig. Guðjón Jónas var vinnumaður alla sína tíð og bjó síðast á Tálknafirði. Þar bjó einnig Gísli og var þar daglaunamaður í manntalinu 1930.

Árni tvíburabróðir Gísla var kominn til Reykjavíkur árið 1920 og var í manntalinu sagður lærlingur á Rafmagnsstöð Nathans og Olsens og búsettur á Stýrimannastíg 3 í Reykjavík. Systur hans, Guðbjörg Oktavía og Sigríður, voru einnig í Reykjavík í sama manntali og voru búsettar á Njálsgötu 29. Þar til heimilis var einnig Tryggvi Ásgrímsson nokkur. Það vekur athygli að Sigríður var einnig skráð sjúklingur á Vífilsstöðum árið 1920 og var það hið sama og gekk og gerðist meðal annarra sjúklinga á berklahælinu.⁵ Hinn 21. júlí árið 1927 giftust þau Guðbjörg Oktavía og Tryggvi Ásgrímsson í Fríkirkjunni í Reykjavík og var heimilisfang þeirra skráð Njálsgata 29 í kirkjubókum.⁶ Hinn 3. janúar ári síðar tilkynna Tryggvi, Árni og Sigríður lát Guðbjargar í *Morgunblaðinu*.⁷ Árni dó svo sjálfur í júlí 1929, þá enn búsettur á Njálsgötu 29.⁸ Í *Alþýðublaðinu* hinn 25. febrúar 1932 greindi Hédinn Valdimarsson frá því í skýrslu stjórnar verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar að Árni hefði látist úr lungnatæringu.⁹ Árni hefur sem sagt verið félagi í Dagsbrún.

1 ÞÍ – Skjalasafn presta. Selárdalur í Arnarfirði. BA/6 Prestþjónustubók 1876–1906.

2 ÞÍ – Manntölin 1910, 1920, 1930, sótt á www.manntal.is.

3 ÞÍ – Manntölin 1910, 1920, 1930, sótt á www.manntal.is.

4 Legstaðaskrá, sótt á www.gardur.is.

5 ÞÍ – Manntalið 1920, sótt á www.manntal.is.

6 ÞÍ – Skjalasafn presta. Fríkirkjan í Reykjavík. BA/5 Prestþjónustubók 1924–1936.

7 *Morgunblaðið* 12. árg. (3. janúar 1925), bls. 1.

8 Legstaðaskrár, sótt á www.gardur.is.

9 *Alþýðublaðið* 18. árg. (25. febrúar 1932), bls. 3.

Það er af Valdimar að segja að hann var giftur daglaunamaður við eyrarvinnu í Glaumbæ, Suðurfjarðarhreppi, V.-Barðastrandarsýslu í manntalinu 1920. Þar var hann sagður með konu og tvö börn.¹ Árið 1928 missti hann Bjarnfríði – sem var tökubarn í manntalinu 1901 – eiginkonu sína frá fimm börnum og áttu þau öll eftir að alast upp hjá vandalausum.² Valdimar varð síðar trésmiður í Reykjavík og í *Þjóðviljanum* hinn 3. maí 1951 auglýsir hann: „Tek allskonar trérennismíði.“³

Yngstu systkinin tvö, Marías Guðbjartur og Aðalheiður, bjuggu við meiri ístöðu og nær foreldrum sínum en eldri systkinin. Marías var aldrei langt frá foreldrum sínum í manntölum og Aðalheiður beinlínis hjá þeim. Hún var fermd frá Selárdalskirkju, frá foreldrum sínum, með góðum vitnisburði árið 1918 en þar sagði: „Les vel. Kann dáv. Hegðun ágæt.“⁴ Hún var vinnuhjú í Hringsdal, Ketildalahreppi, V.-Barðastrandarsýslu, árið 1920 og þar í öðru heimilishaldi voru foreldrarnir Guðbjartur og Sólveig.⁵ Árið 1929 giftist Aðalheiður Bjarna Guðmundi Sveinssyni, sjómanni frá Tálknafirði, en lést hinn 23. júní árið eftir.⁶ Þær voru því tvær systurnar sem dóu innan árs eftir að þær giftu sig og mágkona þeirra dó frá fimm börnum sem öll fóru á vergang og til vandalausra.

Systurnar tvær sem eftir er að nefna, Sigurveig og Sigríður, áttu mjög samtvinnnaða ævi. Í minningargrein um Sigurveigu í *Morgunblaðinu* hinn 28. október 1988, sem skrifuð var af systrabörnum hennar, kemur fram að hún hafi flutt með Sigríði systur sinni og eiginmanni hennar til Tálknafjarðar



Gvendur dúllari

1 ÞÍ – Manntalið 1920, sótt á www.manntal.is.

2 DV 23. árg. (9. apríl 1997), bls. 50.

3 *Þjóðviljinn* 16. árg. (3. maí 1951), bls. 7.

4 ÞÍ – Skjalasafn presta. Selárdalur í Arnarfirði. BA/6 Prestþjónustubók 1876–1906.

5 ÞÍ – Manntalið 1920, sótt á www.manntal.is.

6 ÞÍ – Skjalasafn presta. Selárdalur í Arnarfirði. BA/6 Prestþjónustubók 1876–1906.

árið 1932. Síðar flutti hún með þeim til Hafnarfjarðar og bjó með þeim allt til ársins 1970 þegar hún, 78 ára gömul, fluttist á Sólvang. Hún vann við húshjálp og ræstingar alla sína vinnuævi í Hafnarfirði og var ógift og barnlaus. Sigríður missti eiginmann sinn til 46 ára árið 1977 og þær systur létust í Hafnarfirði með fimm mánaða millibili árið 1988 eftir meira en hálfrar aldar samfylgd.¹

Sögurnar sem hafa verið raktar í þessum kafla af fjölskyldunum tveimur úr Borgarfirði og Selárdal eru mjög sláandi. Þær opinbera fyrst og fremst hve lífið reyndist mörgum erfitt og hve gríðarlegur baggi barnalán gat verið á fólki sem og skattgreiðendum í hreppunum sem hýstu fjölskyldurnar. Eins og sjá má af þessum sögum reyndist fólki erfitt að koma sér út úr hreinni fátækt, nema til kæmi heppni sem fólst í því að einstaklingar sem teknir voru í fóstur lentu hjá fósturforeldrum sem gátu stutt þá til tryggara lífs. Aðrir glímdu við fátæktina alla sína tíð sem og börn þeirra sem á eftir komu. Þannig lá fátæktin oft í ættum, mann fram af manni, án þess þó að hægt sé að tala um að fólk hafi setið í fátæktargildru. Það er ef til vill of mikið sagt.

Það sem er hvað athyglisverðast við þessar tvær sögur er að oft náði barnahópur sem var fæddur inn í erfiðar aðstæður, þar sem honum hafði á stundum verið tvístrað, að ná saman síðar á ævinni og styðja þannig hvert annað. Í sumum tilfellum er hér hægt að greina fjórar kynslóðir sem alast upp hjá vandalausum án þess þó að missa sjónar á sínum nánustu. Þegar þetta fólk flytur á mölina á tuttugustu öld virðist það leita eftir stuðningi hvert frá öðru, þá sem fullorðið fólk.

H. Niðurstöður – Fátækt land

Fátækramálin voru ofarlega á baugi á síðari hluta nítjándu aldar og vel fram á þá tuttugustu – og eru það enn á tuttugustu og fyrstu öldinni. Enda engin furða, svo fyrirferðarmikið var umfang fátækraaðstodarinnar í hverjum hreppi í landinu að langstærsti hluti útsvarstekna fór í málaflokkinn. Fyrirkomulag aðstodarinnar var eilíft þrætuepli og sitt sýndist hverjum.

Guðmundur Jónsson benti á í grein sinni um fátæktarmálin að lögd hefði verið áhersla á vinnusemi og nýtni í gamla bændasamfélaginu og að fólk tækist á við ábyrgð sína sem búandi fólk. „Engu að síður,“ segir Guðmundur, „veitti samfélagið fátæku fólki aðstoð sem frá ómunatíð beindist að þeim sem ekki gátu framfleytt sér vegna sjúkdóma, slysa, afkomubrests eða

1 Guðmundur, Sólveig, Aðalheiður og Guðríður, „Systraminning: Sigríður Guðbjartsdóttir – Sigurveig Guðbjartsdóttir“. *Morgunblaðið* 76. árg. (28. október 1988), bls. 34.

annarra áfalla. Bændasamfélagið þróaði með sér aðferðir og jafnvel eins konar „tryggingarstofnanir“ til að draga úr áhættu og bregðast við óvæntum áföllum. Hreppurinn kom til hjálpar þegar bændur urðu fyrir áföllum, t.d. við skepnufelli eða húsbruna, eða efnt var til samskota meðal sveitunga.“¹

Vandamál hreppstjóranna voru oft nær óyffirstíganleg. Ágætt dæmi um slíkt ástand er að finna í verki Yngva Leifssonar sagnfræðings um ævikjör flökkukonunnar Ingiríðar Eiríksdóttur frá Haga í Þingeyjarsýslu sem var uppi á árunum 1777–1857. Á þrítugsaldri lagðist Ingiríður í flakk án þess að hægt væri að finna á því einhverjar eðlilegar skýringar þar sem hún virtist vera ósköp venjuleg íslensk stúlka á þeirra tíma mælikvarða. Eitt er þó víst að hún var eins og margir fátæklingar á þessum tíma á miklum flæk- ingi milli bæja á ungdomsárum sínum. Á flakki sínu eignaðist hún mörg börn með fjórum mönnum sem öll lentu á heimahreppi hennar. Þar að auki var Ingiríður þrífaldlega dæmd fyrir þjófnað – oft minniháttar gripdeildir – og var refsað með vandarhöggum og jafnvel tukhúsvist. Niðurstaðan var sú að enginn vildi hýsa hana og var hún því oft send á milli bæja þar sem bændur skiptust á að ala önn fyrir henni tímabundið.² Á vissan hátt stóð heimabyggð hennar frammi fyrir vandamáli sem virtist ógerningur að leysa með góðu móti, svo einbeitt virtist Ingiríður vera í sínum aðgerðum.

Annað dæmi má taka af fátækri konu sem þurfti sannarlega að hafa fyrir lífinu. Þrátt fyrir þjóðfélagsstöðu sína náði hún að koma ár sinni ágætlega fyrir borð lengstan hluta ævi sinnar. Hér er verið að vísa til Guðrúnar Ketilsdóttur (f. 1759) sem Guðný Hallgrímsdóttir sagnfræðingur skrifaði bók um nýlega. Guðrún var harðdugleg vinnukona af alþýðustétt sem var eftirsótt fyrir eljusemi sína og kraft. Hún gekk í hjónaband með manni sem var ekki upp á marga fiska og hann endaði á að kasta eigum þeirra (aðallega hennar) á glæ með illri hegðun eftir að þau höfðu eignast eitt barn. Guðrún skildi við mann sinn og stóð eftir á miðjum aldri með tvær hendur tómar. Við tók líf sem reyndist henni erfitt og hún endaði sem niðursetningur, háöldruð konan.³ Hér eru því tvær sögur um örlög tveggja alþýðukvenna sem nýlega hafa verið raktar í áhugaverðum sagnfræðirannsóknum. Báðar sögurnar draga fram ólíka stöðu kvenna í þessu sveitarsamfélagi nítjándu aldar en sýna jafnframt þann vanda sem yfirvöld stóðu frammi fyrir þegar glíma þurfti við fólk sem erfitt var að koma á rétta braut.

1 Guðmundur Jónsson, „Hjálp til sjálfshjálpar“, bls. 373.

2 Yngvi Leifsson, *Með álfum. Ævisaga Ingiríðar Eiríksdóttur frá Haga í Þingeyjarsýslu 1777–1857* (Reykjavík: Sögufélag, 2015).

3 Guðný Hallgrímsdóttir, *Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 16 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2012).

Þegar leið fram á nítjándu öldina tók að bera á nýjum sjónarmiðum í sambandi við fátækraaðstöðina. Utan úr heimi bárust nefnilega nýir straumar sem gerðu ráð fyrir að tekið yrði meira tillit til þarfa og stöðu fátæks fólks. Gengið var út frá því að fátæklingar ættu með sannri fullan rétt á að búa mannsæmandi lífi og það væri þjóðhagslega hagkvæmt að virkja krafta þeirra. Þeir sem kynntu þessi sjónarmið voru helst menntamenn sem höfðu dvalið við nám í Kaupmannahöfn, eins og áður hefur komið fram, og töldu mikilvægt að Íslendingar tileinkuðu sér nýja siði, bæði í mennta- og fátækramálum. Hópurinn lét talsvert að sér kveða í blöðum og tímaritum og skrifaði ítarlegar greinar máli sínu til stuðnings. Hluti af rökum hans byggðist einnig á þeirri skoðun að samfélagið allt bæri nokkra ábyrgð á stöðu fátæks fólks þar sem framkvæmdir væru litlar og tekjumöguleikar fáir.

Á hinn bóginn sátu mjög margir fastir við sinn keip, vildu fáu eða engu breyta í sambandi við fátækraframfærsluna. Sumir vildu heldur herða tókin en að slaka á þeim og rödd þeirra var sterk, bæði innan veggja Alþingis sem og á hinum almenna opinbera vettvangi. Ástæðan fyrir afstöðu þessa hóps byggðist að öllum líkindum á hræðslunni við þær breytingar sem þá þegar höfðu orðið í samfélaginu, bæði með þéttbýlismyndun og Vesturheimsferðum. Hvort tveggja losaði um ýmsar hömlur sem áður þóttu sjálfsgæðar. Sauðasalan til Bretlands upp úr 1870 gerði fólki til dæmis kleift að haga málum sínum á annan hátt en áður hafði verið, skapa sér sjálfstæði gagnvart hinni formlegu umgjörð samfélagsins vegna þess að þá komst lausafé í umferð.¹ Margir ráðamenn sáu fram á upplausn þeirra gilda sem að framan voru rakin og vildu fara hægt í sakirnar hvað allar breytingar varðaði. Þó svo að hugtakið *framfarir* hafi víða verið haft í flimtingum þá er því haldið fram í þessum kafla að langflestir hafi hallast undir það sem hér hefur verið nefnt „skilyrt framfarastefna“. Hún byggðist á þeirri hugsun að hlutirnir mættu helst ekkert kosta ef ráðist var í breytingar. Þessi hugmyndafræði kæfði í raun allt annað sem komst á dagskrá þeirra sem numið höfðu sín fræði í útlöndum og kynnst nýjum hugmyndastraumum þar.

Í þessum hluta bókarinnar hefur verið reynt að rýna í málefni fátæks fólks frá ýmsum hliðum. Hin opinbera umræða hefur fengið sitt pláss en einnig frásagnir einstaklinganna sjálfra sem lentu í fátækt og basli á lífsferlinum. Þau nýmæli voru einnig tekin upp að fylgja eftir slíkum frásögnum í opinberum gögnum sýslumanna þegar heimili fólks voru gerð upp vegna skulda við hreppinn eða byggðarlagið. Óhætt er að segja að sú nálgun hafi opnað alveg nýja sýn á fátæktarmálin, bæði hve valdhafarnir – búandi menn – gengu hart fram við að endurheimta sveitaskuldirnar og hve fábreyttur

1 Sveinbjörn Blöndal, *Sauðasalan til Bretlands* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 1982).

efnisheimur fólksins í landinu var. Það er ekki ofsögum sagt að íslensk alþýða hafi verið sárafátæk.

Gagnasöfnun millipínganefndar Alþingis 1902 um þurfalingana í samfélaginu olli straumhvörfum. Það má líkja henni við hina miklu gagnasöfnun sem fram fór um líkt leyti á vegum Alþingis um barnafræðsluna og framkvæmd var af Guðmundi Finnbogasyni. Sama ár voru nefnilega sett lög frá Alþingi sem byggðust á nýjum upplýsingum um stöðu mála.¹ Í kjölfar gagnasöfnunar millipínganefndar um fátækramál voru samdar tillögur um lífsábyrgðir fiskimanna á þilskipum. Þær urðu að lögum 1903 sem telja má mikilvæga vörðu í sögu slysatrygginga í landinu. Kleppsspítali var stofnaður 1907 út

frá tillögum nefndarinnar enda kom það mjög berlega í ljós að stór hluti þurfamanna átti við geðræn vandamál að stríða. Örorkulífeyrir (ellistyrkur) var sömuleiðis ein af tillögum nefndarinnar, eða réttara sagt formanns hennar Páls Briem, og var hrundið í framkvæmd í lok fyrsta áratugar nýrrar aldar. Staða aldraðra var einmitt áberandi í skýrslum hreppstjóranna og ljóst var að grípa þurfti til úrræða til að létta þeim lífið á síðustu árum ævinnar. Þannig má segja að störf nefndarinnar hafi verið mikilvæg frá ýmsum hliðum séð.

Það sem sætti mestu tíðindum í þessari vinnu allri var sjálf efnisöfnunin, þessi nákvæma tilraun til að fá yfirsýn yfir málaflokkinn sem svo lengi hafði verið tekist á um. Gögn nefndarinnar sem hreppstjórnir í landinu lögðu henni til verða birt hér á eftir enda verða þau að teljast með mikilvægustu frumgögnum um sögu nútímaríkisins íslenska. Þótt þau segi ekki alla sögu þessa málaflokks er hægt að fá gríðarlega þýðingarmikla vitneskju um stöðu þessa efnis í upphafi tuttugustu aldar með rannsóknum á þeim. Athugasemdir hreppstjóranna eru svo kapituli út af fyrir sig eins og að framan greinir.

1 *Almenningsfræðslan á Íslandi, 1880–2007*, bindi I–II. Ritstjóri Loftur Guttormsson (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008).



Eyjólfur Ljóstollur



Ingimundur fiðla

Í umfjöllun þessa kafla hefur verið leitað við að varpa ljósi á þróun fátæktarmála frá mörgum hliðum. Ein af spurningunum sem reynt hefur verið að svara er hvort fátækt hafi legið í ættum. Af gögnum málsins má sjá að þessu var reglulega haldið fram í opinberri umræðu og mörg úrræðin sem gripið var til byggðust á þeim ótta að verið væri að ala upp börn sem kynnu ekkert annað en að leita eftir hjálp sveitarinnar. Það sem verra var, þau áttu ekki að skammast sín fyrir það. Niðurstaða þessarar rannsóknar er hins vegar sú að ekki sé hægt að sjá að fátækt hafi beinlínis legið í ættum. Ástæðan er nefnilega sú að svo stór hluti landsmanna lifði á fátæktarmörkum; sveiflaðist á milli ágætrar afkomu og afhroðs sem þýddi aðeins eitt; upplausn fjölskyldunnar og fátækraframfærslu. Jafnvel ágætlega stöndugir bændur gátu átt það á hættu að missa allt sitt ef illa áraði nokkur ár í röð.¹ Hins

vegar liggur jafnframt fyrir að þeir sem töldust til fátæklinga á síðari hluta nítjándu aldar gátu átt erfitt með að koma sér út úr fátæktarbaslinu vegna ómegðar og óáranar. Börn þeirra lentu svo gjarnan á sveitinni þar sem þeirra hlutskipti varð síðan að feta svipaða slóð og foreldrarnir. Í þeim skilningi má segja að fátækt hafi fylgt sömu fjölskyldunum áratugum saman.

Þegar allt kemur til alls má því segja að fátækt hafi frekar verið þjóðarböl en ættarbyrðar.

1 Um þetta má fræðast í óbirtum fyrirlestri Mús Jónssonar sem hann hélt á hádegisfundi Sagnfræðingafélags Íslands árið 2012, eins og áður var getið, og nefndist „„Þeim eru mislagðar höndur þeim herrum“““.

I. Eftirmáli – Ferðalag tilfinninganna

Eitt af því sem millipinganefndin 1902 hugleiddi var að koma á fót „vinnuhúsum“ fyrir lata og iðjulausa þurfalanga; nokkurs konar nauðungarvinnuhúsum. Margir hreppstjórar gerðu því skóna að þeir sem þæðu styrki frá sveitinni væri fólk sem hreinlega nennti ekki að vinna. Oft komu svipuð sjónarmið fram í hinni opinberu umræðu eins og áður hefur verið rakið í þessari bók; að fólkið sem varð fátæktinni að bráð kynni hreinlega ekki fótum sínum forráð. Sá tónn var sleginn í miklum fjölda blaðagreina sem tengdust ólíkum viðfangsefnum á borð við menntun, stöðu kynjanna, ábyrgð húsbænda, kröfu vinnulýðsins og yfirgangi sem og öreigagiftingar, stöðu lausamanna, tómthúsmanna og húsfólks – allt efni sem þótti draga fram þá lausung sem almennt ríkti í samfélaginu. Því gæti ein lausnin verið sú að stofna vinnuhús sem beinlínis ræktaði upp góða siði hjá fólki. Þessi hugmynd átti rætur sínar að rekja til sjónarmiða sem höfðu verið ofarlega á baugi víða erlendis og snerist náttúrulega um einhvers konar betrunarhús þó svo að ekki væri um eiginlegt fangelsi að ræða. Það má því telja líklegt að af þessum ástæðum sé að finna í fornum millipinganefndar lista yfir förumenn sem nefndin hafði safnað en var aldrei notaður eða birtur. Þar var meðal annars spurt hvort þessir förumenn myndu hugsanlega hafa gott af veru í vinnuhúsum. Nefndin gerði aldrei tillögu um stofnun vinnuhúsa en hugmyndin var sannarlega á dagskrá hennar. Hér er birtur listinn sem fannst í gögnum millipinganefndarinnar frá 1902 yfir 17 förumenn og hvernig þeir voru flokkaðir:

Það vekur sannarlega athygli hve fáir förumenn eða flakkarar eru á þessum lista hreppstjóranna, aðeins 17 einstaklingar. Vitað er að þeir voru miklum mun fleiri á þessum tíma og margir þeirra þjóðkunnir. Í nýrri bók þeirra Halldóru Kristinsdóttur og Sigríðar Hjördísar Jörundsóttur sem nefnist *Utangarðs? Ferðalag til fortíðar* kemur einmitt fram að við upphaf vinnslu rannsóknar þeirra hafi þær búið til skrá yfir um það bil 500 förumenn og konur sem hægt hafi verið að skilgreina svo.¹ Þær lýsa því jafnframt yfir að trúlega sé hópurinn mun stærri. Þær tóku þann kostinn að fjalla um eitt hundrað einstaklinga sem allir tengdust Vesturlandi og Vestfjörðum á níttjándu öld og fram á þá tuttugustu, en þær hafa í hyggju að fjalla um aðra landshluta með líku sniði síðar.

Það má hins vegar ætla að ástæðurnar fyrir því hve fáir förumenn voru á lista hreppstjóranna séu líklega tvær: Í fyrsta lagi hefur verið erfitt að negla

1 Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörundsóttir, *Utangarðs? Ferðalag til fortíðar* (Reykjavík: Ugla, 2015), bls. 9.

Skrá yfir flækinga og vinnufæra þurfamenn (karlar og konur) sem vegna

Nöfn þurfamanna og flækinga	Sýsla	Aldur	Meðlag eða styrkur kr.
Einar Jónsson	Reykjavík	36	140
Gísli Kristjánsson	Reykjavík	34	120
Diðrika Hölter	Reykjavík	49	120
Guðmundur Guðmundsson	Reykjavík	25	33
Magnús Sigurðsson	Reykjavík	48	100
Páll Sigurðsson	Reykjavík	37	80
Sigurður Hannesson	Reykjavík	40	180
Einar Filippusson	Rangárvalla	70	85
Einar Jónsson	Rangárvalla	50	37
Valdimar Arnfinnsson	Eyjafjarðar	36	Meðlag með barni 30
Ingimundur Árnason	Vestmannaeyjar	44	100 kr. á ári með lausaleiksbörnum
Páll Hanson	A-Skaftafells		85
Guðbjartur Árnason, 4 börn hans í ómegð á 1., 5., 8. og 9. ári	Barðastrandar		160 kr. ársstyrkur
Steindór Sigurðsson	Ísafjarðar	37	Gengur á milli bæja án þess tjónkast geti við hann neinstaðar

niður hvaðan maður eins og Gvendur dúllari var eða einhver hans líkur þar sem slíkir menn höfðu verið landshornaflakkarar árum saman. Í öðru lagi hafa hreppstjórnarnir ekki viljað vekja athygli á þeirri staðreynd að einhverjir hinna þekktu landshornaflakkara hafi átt rétt sinn að sækja til þeirra byggðarlags. Fyrir bragðið er þessi listi langt frá því að vera tæmandi; utangarðs – í bókstaflegri merkingu – liggja flakkarar og förumenn sem

leti, þrjósku, o.s.frv. þurfa meðgjafar eða sveitarstyrks handa sér

Hvers vegna þarf maðurinn meðlagið eða styrkinn?	Myndi sveitin eða bærinn vilja losna við manninn	Myndi vera heppilegt að setja þurfa-manninn í vinnuhús, ef það væri til
Ofdrykkja	Ekki að öllu leyti	Þessir menn vinna að miklu leyti fyrir fjöl-skyldum sínum vor og sumar, en við vetrinum væri gott að geta látið þá í vinnuhús (þ.e. Einar og Gísli).
Ofdrykkja	Ekki að öllu leyti	Sjá ofar
Ósiðlæti, þrjóska	Já	Já
Ofdrykkja	Ekki að öllu leyti	Sama og hjá Einari og Gísla
Ofdrykkja, þrjóska	Ekki að öllu leyti	Sama og hjá Einari og Gísla
Ofdrykkja	Ekki að öllu leyti	Er nú bindindismaður og meðan svo stendur ekki ástæða til að senda hana í vinnuhús
Ofdrykkja, þrjóska	Ekki að öllu leyti	Sama og hjá Einari og Gísla
Af leti og þrjósku	Já	Já
Af leti og þrjósku	Já	Já
Vegna eyðslusemi og ráðleysis	Já	Já
Á 4 lausaleiksbörn að hálfu á þessari sveit; er latur og óhófsmaður með víni og einkum með tóbaki.	Já	Já
Af leti og þrjósku	Já	Já
Meðfram af leti og þrjósku	Já við hann og ómegð hans	Já
Þráa, leti, stíðra og óviðkvæmilegra geðsmuna	Já, mjög fegins-lega	Já, það væri reynandi

löngu voru orðnir landspekktir. Þessi hópur var vissulega einn hluti þeirra fátæklinga sem fylltu raðir einstaklinga sem áttu erfitt með að sjá sjálfum sér farborða. Þó er ljóst að fæstir flakkaranna nutu nokkurra styrkja og hafa því ekki verið taldir upp í skrá hreppstjóranna nema í örfáum tilfellum.

Áður var vitnað í nýlega bók þeirra Halldóru og Sigríðar Hjördísar um hóp utangarðsfólks frá níttjándu öld. Nokkuð hefur verið fjallað um það með

Oddur Sigurðsson.



Oddur sterki

einum eða öðrum hætti á síðustu árum og áratugum. Til dæmis má minna á hið magnaða verk Birgis heitins Andrússonar listamanns sem nefnist „Annars vegar fólk“ en Birgir var mikill áhugamaður um örlög flakkara og annarra utangarðsmanna.¹ Sjálfur gaf ég út bók árið 2004 sem nefnist *Snöggir blettir* þar sem ég birti að stofni til myndaalbúm afa míns, Helga Magnússonar járnsmíðs og kaupmanns í Reykjavík, en hann safnaði árum saman myndum af flokkurum sem hann naut að skoða við hátíðleg tækifæri.²

Hugmyndin með bókinni *Snöggir blettir*, fyrir utan augljósa persónulega sýn á þetta safn afa míns, var einfaldlega sú að kanna hvers konar þekkingu væri hægt að vinna með þegar ein heimild – skjal, bréf, myndverk, ljósmynd og svo framvegis – er til skoðunar og hvort sú þekking sé ekki jafngóð í sínu eigin samhengi og í tengslum við stærri heild. Þessar hugmyndafræðilegu tilraunir bókarinnar voru vissulega hluti af einsögupælingum mínum, einkum þeim sem knýja fræðimanninn til að rýna í huglægt samhengi hlutanna, að lækka flug rannsakandans, hægja ferðina á rann-

1 Próstur Helgason, *Birgir Andrússon. Í íslenskum litum* (Reykjavík: Crymogea. 2010), bls. 115–117.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, *Snöggir blettir* (Reykjavík: Ljósmyndasafn Íslands og Miðstöð einsögurannsóknna, 2004).

sóknarfleyinu og gefa sér tíma til að velta fyrir sér atriðum sem vanalega komast ekki inn í vitund þess sem greinir og skoðar. Ég nefni þessa texta *huganir*, rétt eins og Guðmundur Finnbogason fyrrum landsbókavörður nefndi ritsmíðar sem ekki voru byggðar á beinhörðum röklegum tengslum við umhverfi sitt. Í þeim skilningi er textinn spuni sem byggist á hlutgervingu ljósmyndanna og þeim áhrifum sem þær kalla fram. Með þessar hugmyndir að leiðarljósi vann ég bókina og staðsetti sjálfan mig innan þeirrar heildar sem þar er mörkuð.

Snöggir blettir er óður til tiltekinna aðstæðna sem skapa heiminn – hugsanlega jaðarmenningar eða þeirra skila sem eru á milli tveggja heima. Hverjir lenda utangátta og hvert er framlag þeirra sem þannig er ástatt um til samfélags sem hafnar tilvist þeirra? Hvert er samspil fræða og fólks í þessu sambandi, hvaða áhrif hafa rannsóknaráherslur vísindanna á sýn okkar á mannlífið? Ég áttaði mig á að þetta myndasafn gæfi mér tækifæri til að hugleidda ofangreindar spurningar og þá á allt öðrum forsendum en ég hafði nálgast viðfangsefni mín áður.

Hverju hefur samtíminn glatað af sýn þessa fólks sem ferðaðist á milli ólíkra heima menningarinnar?¹ Hún var greinilega önnur en flestra samferðamanna og skilningurinn á hugtökum eins og frelsi, réttlæti, tíma og hraða af öðrum toga en hinna sem fetuðu þekktu og dyggðuga slóð hins viðurkennda lífs – þeirra sem voru, þegar nútíminn hafði náð heljartökum á Íslendingum, sífellt á sprettinum milli tveggja punkta í tilverunni og skópu líf sem færði heiminum skyndibita, hraðbrautir og neysluhyggju samtímans. Eitthvað af þessu virðist afi minn, góðborgarinn, hafa numið og velt fyrir sér á sinn hljóðláta hátt. Ég aftur á móti gerði mér ekki almennilega grein fyrir mikilvægi þessara mynda fyrr en ég gekk einn góðan veðurdag inn gang ReykjavíkurAkademiunnar þar sem ég starfaði í rúman áratug og virti fyrir mér stórar myndir af flökkurum sem Birgir Andrésen hafði raðað upp á veggina. Birgir vann sína list út frá viðmiðum viðfangsefna sinna. Á göngu inn 78 metra langan gang ReykjavíkurAkademiunnar í JL-húsinu í Vesturbæ Reykjavíkur áttaði ég mig fyrst fyrir alvöru á þýðingu þessa fólks og þeim tómleika sem hraða lífsins hættir til að kalla fram í nútímanum. Ástæðan fyrir því að ég kom ekki auga á mikilvægi þess er sú að hugmyndin um snögga bletti hefur sjaldnast komist á dagskrá hinnar akademísku

1 Ég spyr sjálfan mig hvort sýn þessa hóps sé glötuð, ef til vill koma aðeins breyttar forsendur í veg fyrir að ég sjái hvar hana er að finna. Zygmunt Bauman bendir í það minnsta á að „... the tourists travel because they want to, the vagabonds because they have no other bearable choice.“ Zygmunt Bauman, *Globalization: The Human Consequences* (Cambridge: Polity Press, 1998), bls. 94. Hér er það ferðalagið milli heilda sem skiptir máli; ég í mínum heimi, þeir í sínum – *liquid modernity*.

nálgunar. Bókin *Snöggir blettir* er tilraun til að fanga þetta ferðalag tilfinninga í texta og mynd. Bókin byggist á hugsun slow-hugtaksins, að leyfa sér þann munad að skoða molana sem fallið hafa af borði fræðanna sem eru oftast upptekin við að skerpa hinar stóru þekkingarlínur vísindanna.

Slow kallar á sköpun; nærfærna og hugmyndaríka íhugun hlutanna sem tengjast hversdagslífi fólks. Slow er lykilorð margvíslegra hreyfinga í listum, byggingarfræðum, rýmispælingum og tímarannsóknum sem eru hluti hugmynda einstaklinga og hópa um gæði lífsins; hugmynda um hvernig megi sporna gegn þeirri sýn á veruleikann sem kallar á skjót viðbrögð, áreynslulausar og umhugsunarlitlar yfirlýsingar sem oftast eru byggðar á tilfinningu augnabliksins, beina línu milli tveggja staða, neyslu sem hvílir á hugmyndinni um hraða afgreiðslu og hámarksnæringargildi á sem skemmstum tíma, rými sem treysta á þægindi án fyrirhafnar og útlit sem breiðir yfir snögga bletti.¹

Slow-hugmyndafræðin gengur einmitt út á það að strauja ekki yfir misfellurnar í fari fólks heldur sæta færiss að draga fram kosti þess að heimurinn líti ekki allur eins út. Mikilvægt er að gefa sér tíma, rétt eins og af minn gerði forðum daga, til að hugleiða hvaða eiginleikar búa í fólki sem hefur orðið útundan í lífinu, ekki síður en hinna sem feta vegferð sína á sléttu og felldu yfirbörðinu. Í fasi allra manna og látbragði eru kostir sem gefa lífinu gildi, en þeir verða aðeins ljósir ef smáatriðunum sem tengjast hverju viðfangsefni er gefinn gaumur, rétt eins og reynt hefur verið að gera í umfjölluninni í þessari bók um hugtakið *fátækt*. Þessi hugmyndafræði opnar fyrir fræðimönnum samtímans tækifæri til að grandskoða lífið og tilveruna. Til þess að ná tökum á viðfangsefnum tengdum fólki sem á einhvern hátt var talið utangarðs hafa fræðimenn í hugleiðingum af því tagi beitt því sem nefnist á ensku „practice theory“. Spurningar sem upp koma í þessu samhengi tengjast meðal annars stöðu og mikilvægi formgerðar samfélagsins, merkingu og mikilvægi tákna og ímynda í lokuðum kerfum og framkvæmdum sem hafa áhrif á hegðun fólks – allt í samhengi

1 Sjá áhugaverðar umfjallanir um slow hugtakið í eftirtöldum bókum: *Slow Space*. Ritstjórar Michael Bell og Sze Tsung Leong (New York: The Monacelli Press, 1998); Robert Levine, *A Geography of Time. The Temporal Misadventures of a Social Psychologist, or How Every Culture Keeps Time Just a Little Bit Differently* (New York: Basic Books, 1997). Sjá einnig athyglisverða heimasíðu sem er helguð „slow“-hugmyndinni og er kennd við „slowlab“: www.slowlab.net/. Einn af forsvarsmönnum þessarar hreyfingar er Carolyn F. Strauss en hún hefur meðal annars verið kennari við Yale-háskóla í Bandaríkjunum og Listaháskóla Íslands. Hún tók þátt í rýmisráðstefnu sem haldin var hér á landi á vegum ReykjavíkurAkademíunnar og nefndist: „Verðandi rými: Hugmyndafræði, sköpun og ívera í manngerðu umhverfi. Ráðstefna um „atburðarými“ 25. október 2003.“

tungumáls (sem hluti þess eða fyrir utan það). Hvernig geta fræðimenn haldið áfram rannsóknum og horfst um leið í augu við það að þeir eiga tæplega möguleika á að draga fram skiljanlega mynd af viðfangsefnum sínum vegna dýnamískrar og óendanlega flókinnar stöðu tímans, einstaklinga og samfélaga sem þá hýsa? Og hvernig getur slíkur fræðimaður samið sátt við hefðbundna sagnfræðinga, sem leggja áherslu á að fortíðin sé kynnt með röklegum hætti og í samræmi við heimssýn sína?¹

Hvernig skilur einstaklingurinn heiminn? Þessari spurningu mætti svara með því að vísa í reynslu fólks og gjörðir eins og þær liggja fyrir í varðveittum heimildum. Þá er átt við að sérhver einstaklingur sem er hluti af táknrænu mál-samfélagi geti ekki aðeins skilið

merkingar og tákn slíkra samfélaga heldur einnig notað þau til að gera sig skiljanlegan. Gjörðir hans eða hennar eru þannig mótaðar af óhlutbundnum táknum og merkingum sem einstaklingurinn er síðan fær um að nýta við raunverulegar aðstæður. En merkingunni sjálfri er ekki hægt að endurvarpa til næsta manns eins og ekkert hafi í skorist, hún er meðtekin og mótuð af öðrum einstaklingum út frá algjörlega nýjum viðmiðum. Á þennan hátt verður að ætla að menning verði aðeins skiljanleg í tvíræðu samhengi kerfa samfélagsins og gjörða einstaklingsins. Til verður rannsóknarmódel sem ég hef kosið að vísa til sem „hugmyndafræði hversdagslífsins“ (e. *the ideology of the everyday life*) og því er best að beita á afmarkaðar einingar til þess



Stutta Sigga

1 Gabrielle M. Spiegel, „Introduction.“ *Practicing History. New Directions in Historical Writing after the Linguistic Turn*. Ritstjóri Gabrielle M. Spiegel (London: Routledge, 2005), bls. 1–31. Sjá einnig: Andreas Reckwitz, „Toward a Theory of Social Practices: A Development in Culturalist Theorizing.“ *European Journal of Social Theory* 5 (2002), bls. 243–263; Richard Biernacki, „Language and the Shift from Signs to Practices in Cultural Inquiry.“ *History and Theory* 39 (2000), bls. 289–310.

að öðlast færi á að gefa fortíð eða fyrirbærum merkingarbæra mynd.¹ Sú leið hefur meðal annars verið farin í þessari bók í bland við hefðbundnar leiðir sagnfræðinnar þar sem lögð er áhersla á að gefa skiljanlegt yfirlit yfir ákveðna málaflokka.

Það er von mín að þessi „andlit fátæktarinnar“, sem birtast í þessari bók, auðgi hana og gefi lesendum fyllri skilning á þeim hópi fólks sem batt bagga sínum öðrum hnútum en samferðamennirnir. Birgir Andrésson skildi þýðingu þessara einstaklinga fyrir samfélagið og fjölmargir samferðamenn þeirra á sínum tíma, en það fólk lagði ekki á gjörðir þeirra og tilveru hefðbundnar mælistikur vísindanna, heldur tilfinningu sína og listrænt innsæi fyrir viðfangsefni sem það taldi að skipti máli að huga vel að. Undir þá skoðun er tekið í þessari bók.

1 Í svipaðar hugmyndir er vísað með notkun hugtaksins „umhverfi textaheildar“. Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, „Að kasta ellibelgnum. Hugmyndafræði sagnfræðilegrar heimildaútgáfu“. 2. Íslenska söguþingið 30. maí – 1. júní 2002. *Ráðstefnurnir* II. Ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir (Reykjavík, 2002), bls. 144–159. Sjá einnig: Sigurður Gylfi Magnússon, „Tales of the Unexpected: The ‘Textual Environment’, Ego-Documents and a Nineteenth-Century Icelandic Love Story – An Approach in Microhistory.“ *Cultural and Social History* 12:1 (2015), bls. 77–94.

III. hluti

Einhleypir þurfamenn í Reykjavíkur kaupstað											
				Upphæð meðlags eða styrks		Ástæður þess að þurfamaður er á sveitinni					
Nafn	Heimili	Hreppur	Aldur	Þurfamaður	Óskilgetin börn hans	Æðveiki	Sjúkdómur	Ráðleysi	Drykkja	Annað	Athugasemdir
Margrét Gísladóttir		Reykjavík	57	125		nei	já	nei	nei	nei	
Jón Jóhannsson		Reykjavík	76	175	30	nei	já	nei	nei	nei	
Ásdís Daðadóttir		Reykjavík	68	181,97		já	já	nei	nei	nei	
Hans Jónsson		Reykjavík	67		70	nei	já	nei	nei	nei	
Sigríður Jónsdóttir		Reykjavík	71	161,2		nei	já	nei	nei	nei	
Sigríður Björg Jónsdóttir		Reykjavík	20	75		nei	nei	nei	nei	já	Fáræðlingur, vinnur ekki fyrir sér.
Jóhanna Guðmundsdóttir		Reykjavík	63	50		nei		nei	nei	nei	
Lýður Magnússon		Reykjavík	83	120		nei		nei	nei	já	Ellihrumiðki.
Sigríður Magnúsdóttir		Reykjavík	67	100		nei	já	nei	nei	nei	Blind.
Ragnhildur Hjálmarsdóttir		Reykjavík	36	208		já	já	nei	nei	nei	
Guðrún Ófeigsdóttir		Reykjavík	68	60		nei	já	nei	nei	nei	
Margrét Pálsdóttir		Reykjavík	72	120		já	já	nei	nei	nei	
Jón Jónsson		Reykjavík	70	120		nei	já	nei	nei	nei	
Guðmundur Erlendsson		Reykjavík	76	126		nei	já	nei	já	já	Ellihrumiðki.
Birgitta Þorvarðardóttir		Reykjavík	69	50		nei	já	nei	nei	nei	
Guðrún Þorkeisdóttir		Reykjavík	43	84		nei	já	nei	nei	nei	
Snorri Stefánsson		Reykjavík	65	114		já	já	nei	nei	nei	Lá á sjúkrahúsi allt árið.
Valdimar Finnsson		Reykjavík	19	415,27		nei	já	nei	nei	nei	
Halldór Jónsson		Reykjavík	63	64		nei	já	nei	nei	nei	

Gissur Guðmúncsson	Reykjavík	78	60		nei	nei	nei	nei	já	Elíthrumleiki.
Sigrún Guðlaugsdóttir	Reykjavík	84	84		nei	nei	nei	nei	já	Elíthrumleiki.
Guðrún Árnadóttir	Reykjavík	71	28		nei	já	nei	nei	já	Elíthrumleiki.
Dóróthea Jónsdóttir	Reykjavík	64	29		nei	já	nei	nei	nei	
Katrín Árnadóttir	Reykjavík	68	18		nei	já	nei	nei	nei	
Marta Markúsdóttir	Reykjavík	67	24		nei	já	nei	nei	nei	
Hallcór Jónsson	Reykjavík	76	24				nei	nei	nei	
Guðrún Jónsdóttir	Reykjavík	66	40		nei	já	nei	nei	nei	
Margrét Guðmúncsdóttir	Reykjavík	66	24		nei	já	nei	nei	nei	
Helga Pálsdóttir	Reykjavík	62	15		nei	já	nei	nei	nei	
Hercís Guðjónsdóttir	Reykjavík	39	18		nei	já	nei	nei	nei	
Guðný Jónsdóttir	Reykjavík	64	58		nei	já	nei	nei	nei	
Sigríður Hjálmarsdóttir	Reykjavík	51	24		nei	já	nei	nei	nei	
Guðrún Steinsdóttir	Reykjavík	66	24		nei	já	nei	nei	nei	
Jórunn Bjarnadóttir	Reykjavík	74	24		nei	já	nei	nei	nei	
Hallbera Þorkelsdóttir	Reykjavík	66	24		nei	já	nei	nei	nei	
Ingileif Magnúsdóttir	Reykjavík	57	20,25		nei	já	nei	nei	nei	
Þóra Brynjólfssdóttir	Reykjavík	72	76		nei	já	nei	nei	já	Elíthrumleiki.
Guðrún Guðbrandsdóttir	Reykjavík	63	24		nei	já	nei	nei	nei	Húsaleigustyrkur.
Hallný Jónsdóttir	Reykjavík	67	24		nei	já	nei	nei	nei	Húsaleigustyrkur.
Sigríður Jónsdóttir	Reykjavík	64	28		nei	já	nei	nei	nei	Húsaleigustyrkur.
Samson Ingimundarson	Reykjavík	71	22,5		nei	já	nei	nei	nei	Húsaleigustyrkur.
Níelsína Hansdóttir	Reykjavík	63	76		nei	já	nei	nei	nei	
Ólafur Guðnason	Reykjavík	24	18		nei	nei	já	já	nei	Farinn af landi burt.
Guðrún Benediktssdóttir	Reykjavík	71	30		nei	nei	nei	nei	já	Þrotið vinnuþol.
Kristín Magnúsdóttir	Reykjavík	57	101		nei	já	nei	nei	nei	Meðlag með óskilgetnu barni.

Einhleypir þurfamenn í Reykjavíkur kaupstað											
				Upphæð meðlags eða styrks		Ástæður þess að þurfamaður er á sveitinni					
Nafn	Heimili	Hreppur	Aldur	þurfamaður	Óskilgetin börn hans	Gæðveiki	Sjúkdómur	Þaðleysi	Drykkja	Annað	Athugasemdir
Páll Sigurðsson		Reykjavík	37		80	nei	nei	já	já	nei	
Ólafur Jónsson		Reykjavík	25		88	nei	nei	já?	já?	nei	Farinn at landi burt.
Ólafur Þórðarson		Reykjavík	31		150	nei	nei	já	já?	nei	
Tómas Sigurðsson		Reykjavík	49		116	nei	nei	já	já	nei	
Rakel Guðmundsdóttir		Reykjavík	23	128,79		nei	já	nei	nei	nei	
Oddur Siggeirsson		Reykjavík	22	41,1		nei	nei	nei	nei	já	Heymaritill, vandgæfur að skapmununum.
Diðrika Höltér		Reykjavík	49	120		nei	já	já	já	nei	Er flogaveik.
Helga Emillía Höltér		Reykjavík	22	60		nei	já	nei	nei	nei	Er flogaveik.
Guðrún Þórðardóttir		Reykjavík	54		80	nei	nei	nei	nei	já	Vinnur tæplega fyrir sér sjálf.
Sigurður Þorkelsson		Reykjavík	67	32,25		nei	já	nei	nei	nei	Holdsveikur.
Guðmundur Jónsson	frá Hlíði	Reykjavík	56	120		nei	já	nei	nei	nei	
Hermann Eiríksson		Reykjavík	36		153,34	nei	nei	nei	nei	já	Farinn at landi burt fyrir mörgum árum.
Sigurlína Vigfúsdóttir		Reykjavík	39	8	130	nei	já	nei	nei	já	
Guðrún Högnadóttir	Keflavík	Reykjavík	65?	60		nei	já	nei	nei	já	Gamalmenni vinnur ekki fyrir sér.
Pétur Friðriksson		Reykjavík	19	80		nei	já	nei	nei	já	Faráðlingur, vinnur ekki fyrir sér.
Guðrún Friðriksdóttir		Reykjavík	17	80		nei	já	nei	nei	já	Faráðlingur, vinnur ekki fyrir sér.
Vilborg Sigurðardóttir		Reykjavík	25	109,2		nei	já	nei	nei	nei	
Ragnhildur Einarsdóttir		Reykjavík	73	60		nei	já	nei	nei	nei	
Þóris Bjarnadóttir		Reykjavík	63	96		nei	já	nei	nei	nei	

Magnús Magnússon		Reykjavík	17	150		já	já	nei	nei	nei	
Hildur Bergsdóttir		Reykjavík	40		90	nei	nei	nei	nei	já	Á 2 börn, annar faðinninn dæinn, hinn farinn af landi burt.
Sören Sörensen		Reykjavík	31		120	nei	nei	já	já	já	Þau (SS og KO) eiga 3 börn, hann bakari, atvinnuleus sakir drykkju- skapar; bæði farin af landi burtu.
Kristín Oddgeirsdóttir		Reykjavík	36		120	nei	já	já	já	já	Þau (SS og KO) eiga 3 börn, hann bakari, atvinnuleus sakir drykkju- skapar; bæði farin af landi burtu.

Ekki einhleypir þurfamenn í Reykjavíkur kaupstað															
							Styrkuppþæð og notkun			Ástæður þess að þurfa- maður er á sveitinni					
Nafn	Heimili	Hreppur	Aldur og hjú- skapur	Hjónskaparstaða	Fjöldi ómaga- barna	Fæðingarthreppur eða unnin sveit	Styrkur eða lán	Styrkur til heimilis	Styrkur sem með- lag eða annars	Gæðveiki	Sjúkdóm	Ráðleysi	Drykkja	Annað	Athugasemdir
Einar Eyjólfsson		Reykjavík	53	g	5	fh	212	52	160	nei	nei	já	já	já	Er bæklaður, getur ekki gengið að stritvinnu.
Vilborg Sigurðardóttir		Reykjavík	42	e	4	fh	300	60	240	nei	nei	nei	nei	já	Hefur í eftirdragi son sinn slagaveikan.
Sigríður Bjarnadóttir		Reykjavík	35	e	4	us	286,2	175,09	111,11	nei	nei	nei	nei	já	Helði 3 börn heima, gat eigi stundað aðra vinnu.
Þorsteinn Jónsson		Reykjavík	54	g	1	fh	49	49		nei	nei	já	já	já	Bæklaður á báðum fótum eftir kal.
Guðrún Sigurðardóttir	Frá Guðnaðæ	Reykjavík	51	e		us	56	56		nei	já	nei	nei	nei	Hefur ætíð verið heilsutæg og þreklaus.
Sigurður Eiríksson		Reykjavík	62	g		us	146,39	146,39		nei	já	nei	nei	nei	
Sigurður Hansson		Reykjavík	42	g	2	us	192	192		nei	nei	já	já	já	Stökk frá heimilinu af landi burt.
Ólafur Jónsson		Reykjavík	62	g	1	us	24	24		nei	nei	nei	nei	já	Blíð vinnuþrek.

Ekki einhleypir þurfamenn í Reykjavíkur kaupstað															
						Styrkuppþæð og notkun			Ástæður þess að þurfa- maður er á sveitinni						
Nafn	Heimili	Hreppur	Aldur og hjú- skapur	Hjúskaþaræða	Fjöldi ómaga- barna	Fæðingartreppur eða unnin sveit	Styrkur eða lán	Styrkur til heimilis	Styrkur sem með- lag eða annars	Gæðveiki	Sjúkdóm	Raðleysi	Drykkja	Annað	Athugasemdir
Hallcór Þórðarson		Reykjavík	48	g	2	us	24	24		nei	nei	já	nei	nei	Húsaleigustyrkur.
Magnús Jónsson		Reykjavík	55	g	3	us	30	30		nei	nei	nei	nei	já	Hrökkur eigi til að vinna fyrir heimilinu.
Árni Árnason		Reykjavík	46	g	7	us	87	87		nei	nei	nei	nei	já	Hrökkur eigi til að vinna fyrir heimilinu.
Þórdís Þórólfsdóttir		Reykjavík	47	e	1	us	24	24		nei	nei	nei	nei	já	Vinnubrek bílað.
Gísli Kristjánsson		Reykjavík	40	g	5	fh	185	125	60	nei	nei	já	já	nei	
Ragnheiður Vigfúsdóttir		Reykjavík	47	e	4	us	192	32	160	nei	nei	nei	nei	já	Hefur 2 börn hjá sér, fær styrk með öðru.
Þórður Stefánsson		Reykjavík	68	e		us	24	24		nei	nei	nei	nei	já	Vinnubrek bílað.
Sigurður Frímann Guð- mundsson		Reykjavík	44	g	4	us	118	118		nei	já	nei	nei	já	Því nær heymarlaus: ónógur að vinna fyrir heimilinu.
Árni H. Hannesson		Reykjavík	57	g		us	23,31	23,31		nei	já	nei	nei	nei	Brjóstveitur.
Egill Jónsson		Reykjavík	42	g	3	us	98	98		nei	já	nei	nei	nei	Þeir ekki stritvinnu.
Málfriður Jóhannsdóttir		Reykjavík	34	e	3	us	44,5	44,5		nei	nei	nei	nei	já	Ekki einhlit að vinna fyrir börnunum.
Jón Jónsson Austmann		Reykjavík	54	óg	2	us	23	23		nei	já	nei	nei	nei	Því nær blindur.
Guðmundur Sigurðsson		Reykjavík	46	g	4	us	35	35		nei	nei	nei	nei	já	Gat ekki kostað lækning á barni sínu.
Jón Magnússon skóari		Reykjavík	36	g	2	us	65	65		nei	nei	já	já	nei	Réðist á skip til útlanda: kom ekki aftur.
Guðmundur Jónsson	Hábæ	Reykjavík	50	g	4	fh	157,37	157,37		nei	nei	já	já	nei	Óþjáll og illur að tjónka við.
Magnús Egilsson		Reykjavík	45	e	4	us	48	48		nei	nei	nei	nei	já	Hrökkur ekki til að vinna fyrir börnunum.
Árni Jóhannesson		Reykjavík	34	g	5	us	159,57	159,57		nei	nei	nei	nei	já	Veikindi konunnar.

Ragnheiður Sigurðardóttir	Reykjavík	44	e	2	fh	60	60		nei	já	nei	nei	já	Helisan bíluð og vinnuþoli þrotið.
Tómas Halldórsson	Reykjavík	42	g	4	fh	226,7	226,7		nei	já	nei	nei	já	Lá veður hvað eftir annað.
Sveinn Guðmundsson	Reykjavík	53	g	6	us	84,5	84,5		nei	nei	nei	nei	já	Farinn að hjást; ónógur að framtæra heimilið.
Hallgrímur Sveinbjarnarson	Reykjavík	37	g	3	fh	151,58	151,58		nei	nei	já	já	já	Lélegur verkmaður.
Ástríður Sigurðardóttir	Reykjavík	40	óg	4	fh	106,4	106,4		nei	nei	nei	nei	já	Vinnur ekki fyrir börnunum að sinu leyti; fær með'ag frá föður 3ja.
Ólafur Björnsson	Reykjavík	47	g	7	us	112	112		nei	nei	nei	nei	já	Ónógur til að vinna fyrir fjölskyldunni.
Brynjólfur Eiríksson	Reykjavík	43	g	5	fh	57,17	57,17		nei	nei	já	já	nei	
Sveinn Ólafsson	Reykjavík	54	g	6	us	75,45	75,45		nei	nei	nei	nei	já	Velkindi á heimilinu; ómegð.
Grímur Ólafsson	Reykjavík	39	g	6	fh	99,4	99,4		nei	nei	já	já	já	Konan líka ráðleysingi.
Þorkell Sigurðsson	Reykjavík	47	g	5	fh	85,46	85,46		nei	nei	nei	nei	nei	
Jón Arnljótsson	Reykjavík	64	g		us	26	26		nei	já	nei	nei	nei	
Einar Guðmundsson	Reykjavík	78	g		us	38	38		nei	já	nei	nei	já	Lá í kór af eilífrumleika; konan um áttírett.
Þóra Andrésdóttir	Reykjavík	22	óg	1	fh	30	30		nei	nei	nei	nei	já	Ekki einfær að annast barnið; faðirinn stökinn af landi.
Magnús Pálsson	Reykjavík	62	g	1	fh	17	17		nei	nei	nei	nei	nei	Því nær blindur; konan heilsulitil.
Oddur Tómasson	Reykjavík	49	g	5	us	22,22	22,22		nei	nei	nei	nei	já	Hrökkur eigi til að vinna fyrir heimilinu.
Einar Ólafsson	Reykjavík	50	g	2	us	70	70		nei	já	já	já	nei	Fékk örykkjuflog.
Sigríður Þorláksdóttir	Reykjavík	42	óg	7	fh	134	134		nei	nei	nei	nei	já	Ómegð; barnstaðir hjá henni en, drykkeldur og stopull til vinnu.
Marteinn Finnbogason	Reykjavík	44	g	5	fh	56	56		nei	já	nei	nei	nei	
Gróa Guðmundsdóttir	Reykjavík	42	g	2	us	88	88		nei	nei	nei	nei	nei	Meðurinn stökinn frá henni til útlanda.
Jóhannes Sigurðsson	Reykjavík	40	g	6	fh	55	55		nei	já	nei	nei	nei	
Jón Guðmundsson	Reykjavík	68	g	2	us	111,55	111,55		nei	nei	nei	nei	já	Ónytur til vinnu; giftur heilsulausri konu.
Þórður Sigurðsson	Reykjavík	35	g	2	fh	80		80	nei	nei	já	nei	já	Konan líka ráðleysingi.
Vilborg Pétursdóttir	Reykjavík	46	e	3	us	156	156		nei	nei	nei	nei	já	Vinnubrek bílað; ónógur að vinna fyrir börnunum.
Þorvaldur Einarsson	Reykjavík	45	g	2	fh	20		20	nei	já	já	nei	nei	Fúgan greidd með sljúpbami þarlamanns.
Þorkell Eiríksson	Reykjavík	54	g	3	fh	80		80	nei	nei	já	já	nei	

Ekki einhleypir þurfamenn í Reykjavíkur kaupstað														
							Styrkuppðæð og notkun			Ástæður þess að þurfa- maður er á sveitinni				
Nafn	Heimili	Hreppur	Aldur og hjú- skapur	Hjúskaþaræða	Fjöldi ómaga- barna	Fæðingartreppur eða unnin sveit	Styrkur eða lán	Styrkur til heimilis	Styrkur sem með- lag eða annars	Gæðveiki	Sjúkdóm	Ráðleysi	Drykkia	Annað
														Athugasemdir
Andrés Davíðsson		Reykjavík	45	e	3	us	80		80	nei	nei	já	nei	nei
Magnús Jónsson		Reykjavík	54	g	3	us	30	30		nei	nei	nei	nei	já
Magnús Þórðarson		Reykjavík	49	g	2	fh	80		80	nei	nei	já	já	nei
Sigríður Ásbjarnardóttir		Reykjavík	41	óg	5	us	160		160	nei	nei	nei	nei	já
Sigurður Björnsson		Reykjavík	79	g		us	240	240		nei	nei	nei	nei	já
Þorbergur Eiríksson		Reykjavík	36	g	2	us	240		240	já	já	nei	nei	nei
Kristján Hróbjartsson		Reykjavík	73	óg		fh	96	96		nei	já	nei	nei	já
Sigríður Helga Auðuns- dóttir		Reykjavík	50	e	2	us	90	90		nei	nei	nei	nei	já
Pálína Oddsóttir		Reykjavík	59	óg	1	us	18	18		nei	nei	nei	nei	já
Rannveig Torfadóttir		Reykjavík	43	e	3	us	105	105		nei	nei	nei	nei	já
Guðrún Sigurðardóttir		Reykjavík	49	óg	1	us	72	72		nei	nei	nei	nei	já
Þóroddur Bjarnason		Reykjavík	42	g	2	us	126	126		nei	já	nei	nei	já
Ólafur Sigurðsson		Reykjavík	42	e		fh	240	240		nei	já	nei	nei	já
Guðríður Einaradóttir		Reykjavík	41	e	5	us	320		320	nei	nei	nei	nei	já
Kristbjörg Þórðardóttir		Reykjavík	48	e	6	us	348,5	348,5		nei	nei	nei	nei	já
Guðni Sveinsson		Reykjavík	47	g	2	us	162	162		nei	já	nei	nei	nei
Margrét Oddsóttir		Reykjavík	39	óg	3	fh	142	142		nei	nei	nei	nei	já

Elínborg Pétursdóttir		Reykjavík	36	óg	4	us	124	124		nei	nei	nei	nei	já	Faðir barnanna farinn til Vesturheims.
Guðrún Þórðardóttir		Reykjavík	43	óg	2	fn	51	51		nei	nei	nei	nei	já	Faðir barnanna ólæknandi drykkjumaður.
N.S. Bertelsen		Reykjavík	52	g	3	us	20	20		nei	já	nei	nei	nei	

Börn þurfamanna í Reykjavíkur kaupstað						
Nafn	Heimili	Hreppur	Foreldri	Aldur	Upphæð	Athugasemdir
Ólafía Sigríður Einarisdóttir		Reykjavík	EE	9	80	
Þorsteinn Lárus Einarsson		Reykjavík	EE	7	80	
Rannveig Sigurðardóttir		Reykjavík	VS	11	80	
Sigurður Sigurðsson		Reykjavík	VS	9	80	
Sigurður Vilberg Sigurðsson		Reykjavík	VS	7	80	
Ása Ásgrímsdóttir		Reykjavík	SB	2	80	2 systkinum hennar komið fyrir 2-3 mán. tíma fyrir kr. 31,11.
Kristjana Gísladóttir		Reykjavík	GK	11	60	
Jón Jónsson		Reykjavík	RV	13	80	
Jón Kristján Jónsson		Reykjavík	RV	12	80	
Hólmfríður Þórðardóttir		Reykjavík	ÞS	6	80	
Guðrún Aðalbjörg Ingimundsdóttir		Reykjavík	ÞE	8	20	
Erika Þorkelsdóttir		Reykjavík	ÞE	12	80	
Guðrún Andréasdóttir		Reykjavík	AD	7	80	
Helga Henrietta Magnúsdóttir		Reykjavík	MP	7	80	
Elísabet Jónsdóttir Coghill		Reykjavík	SÁ	13	80	

Börn þurfamanna í Reykjavíkur kaupstað						
Nafn	Heimili	Hreppur	Foreldri	Aldur	Upphæð	Athugasemdir
Karl Bjarnason		Reykjavík	SÁ	8	80	
Sæmundur Gíslason		Reykjavík	KP	11	55	
Guðrún Gísladóttir		Reykjavík	KP	9	80	
Lára Kristín Gísladóttir		Reykjavík	KP	6	80	
Málfríður Helga Gísladóttir		Reykjavík	KP	5	80	

Munaðarlaus börn yngri en 16 ára á sveitarframsæri í Reykjavíkur kaupstað							
Nafn	Heimili	Hreppur	Aldur	Skilgetið	Óskilgetið	Upphæð	Athugasemd
Pétur Gunnarsson		Reykjavík	12		já	60	
Haraldur Jóhannesson		Reykjavík	14		já	19,8	
Sigurjón Ólafsson		Reykjavík	12		já	50	
Guðmundína Oddscóttir		Reykjavík	13		já	80	
Málfríður Bjarnadóttir		Reykjavík	14		já	40	
Jóhanna Friðrika Kristjánsdóttir		Reykjavík	7		já	80	
Jón Rósant Jónsson		Reykjavík	12		já	30	
Helga Guðmundsdóttir		Reykjavík	8		já	60	
Jósefína Jósefsdóttir		Reykjavík	10		já	25	
Ingimar Finnbogi Jónsson		Reykjavík	5		já	80	
Gísli Guðmundsson		Reykjavík	6	já		27,5	

Einhleypir þurfamenn í Gullbringu- og Kjósarsýslu

				Upphæð meðlags eða styrks		Ástæður þess að þurfamaður er á sveitinni					
Nafn	Heimili	Hreppur	Aldur	Þurfa- maður	Óskil- getin börn hans	Geðveiki	Sjúkdómur	Raðleysi	Drökkla	Annað	Athugasemdir
Guðrún Jónsdóttir	Bollagöðum	Seltjarnarnes	88	60						já	Ellilasleiki.
Anna Þorleiksdóttir	Lambastöðum	Seltjarnarnes	73	40						já	Ellilasleiki.
Magnús Guðmundsson	Vatnsenda	Seltjarnarnes	63	40		já					Auk þess meðlags 60 kr. annars staðar frá.
Guðrún Sigurðardóttir	Bústöðum	Seltjarnarnes	59	35						já	Ellilasleiki.
Arngrímur Oddsson	Nýborg	Seltjarnarnes	67	30					með- fram	já	Blindur.
Guðrún Einarsdóttir	Melshúsum	Seltjarnarnes	31	365		já					
Guðjón Árnason	Reykjavík	Seltjarnarnes	20	144,67			já				
Sigríður Grímsdóttir	Vilborgarkoti	Seltjarnarnes	32	64,8			já				
Guðfinna Bjarnadóttir	Hlaðgerðarkoti	Mosfells	44	104			já				Hún er slagaveik.
Ólöf Vigfúsdóttir	Gufunesi	Mosfells	42	144		já					Hún tollir sjáldan á sama bæ til lengdar.
Alcis Egilsdóttir	Úlfarsfelli	Mosfells	82	60						já	Hún er orðin ónýt til vinnu.
Jóhann Nielsson	Reykjavík	Mosfells	49	13			já (að nokkru)		já (að nokkru)		Hann drekkur talsvert mikið; varð handlama nokkuð langan tíma.
Pétur Klemensson	Skrauthólum	Kjalarnes	27	182		já					
Sveinn Guðmundsson	Ánanaustum	Kjalarnes	51	40			já			já	Hann er sjónlæill.
Kristín Guðmundsdóttir	Borg	Kjalarnes	80	30						já	Hún er orðin ónýt til vinnu.
Margrét Bjarnadóttir	Saltvík	Kjalarnes	79	60						já	Hún er orðin ónýt til vinnu.
Steinnun Jónsdóttir	Reykjavík	Kjalarnes	78	42						já	Orðin ónýt til vinnu.

Einhleypir þurfamenn í Gullbringu- og Kjósarsýslu											
				Upphæð meðlags eða styrks		Ástæður þess að þurfamaður er á sveitinni					
Nafn	Heimili	Hreppur	Aldur	Þurfa- maður	Óskil- getin börn hans	Geðveiki	Sjúkdómur	Ráðleysi	Drykkja	Annad	Athugasemdir
Guðrún Hallgrásdóttir	Miðdalskoti	Kjósar	66	120		já					Hún liggur í rúminu vegna geðveiki.
Þorgerður Stefánsdóttir	Elfsdal	Kjósar	55	80							Hefur ávallt vantað vinnubrek og fulla skynsemi.
Gróa Jónsdóttir	Elfsdal	Kjósar	73	60		já					Hún er ósjálfbjarga fyrir aldurs sakir.
Ásgrímur Bjarnason	Írafelli	Kjósar	45	130		já					Hann er brjóstveikur.
Sæmundur Jónsson	Möðruvöllum	Kjósar	72	72		já					Ekki fær til vinnu fyrir aldurs sakir.
Þórey Guðmundsdóttir	Reykjavík	Kjósar	90?	60						já	Ekki fær til vinnu fyrir aldurs sakir.
Ódður Jónsson	Hópi	Grindavík	79	150			já				Hann er karkægur aumingi.
Guðrún Sigurðardóttir	Hrauni	Grindavík	61	155		já					Hún hefur verið galin í mörg ár og nú liggur hún kreppt í kór en er jafngalin og áður.
Magnús Guðmundsson	Þórkötlu- stöðum	Grindavík	77	100			já				Hann var límatelssjúkur og hafði misst framan af tām og fingrum.
Kristrún Jónsdóttir	Bergskoti	Grindavík	77	50			já				Hún er ófær til vinnu sökum elli lasleika.
Sólveig Friðriksdóttir	Garðhúsum	Grindavík	62	15			já				Hún er léleg til vinnu vegna elli og lúða.
